















# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

29. maí 2010 — 124. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Laurie Anderson**

*Fjöllistakona föst í ísnum.*

**menning 1**

**Litrík saga**

*Reglulega hefur verið leitað að gulli á Íslandi.*

**gull 40**



**Enginn bilbugur á Bifrestingum**

*Magnús Árni Magnússon tekur við sem rektor á Bifröst eftir viku.*

**menntun 26**

**4 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Menning | Vín & Veisla

Allt | Allt atvinna







**KOSNINGAR UNDIRBÚNAR** Pálmi Ágústsson, starfsmaður framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, fékk það hlutverk að setja upp kjördeildir á Kjarvalsstöðum í gær. Vísbendingar eru um spennandi kosninganótt og óvænt úrslit um allt land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ný framboð skapa óvissu

## Tugþúsundir óákveðinna kjósenda munu gera upp hug sinn í dag. Mikið fylgi nýrra framboða í könnunum eru skilaboð um óánægju kjósenda.

**KOSNINGAR** Fólk vill breytingar í kosningunum, ný framboð skapa óvissu og forspárgildi skoðanakannana er lítið að mati stjórnmálafræðinga.

„Þar sem ný framboð bjóða fram fá þau fylgi. Annars staðar eru það flokkar sem eru í minnihluta, hvort sem þeir eru vinstri flokkar eða hægri, sem virðast verða sigurvegarar kosninganna," segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur.

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins er meirihluti fallinn í sjö af níu stærstu sveitarfélögum landsins. Einar Mar segir hátt hlutfall óákveðinna í nýjustu skoðanakönnun Fréttablaðsins vísbendingu um að fleiri eigi eftir að gera upp hug sinn en vanalega. Íslenskar kosningarannsóknir hafa sýnt að um 15 prósent kjósenda gera upp hug sinn á kjördag. Hið minnsta munu því 34 þúsund kjósendur gera upp hug sinn í dag en tæplega 226 þúsund eru á kjörskrá. Í Reykjavík eru tæplega 86 þúsund á kjörskrá og því hið minnsta tæp þrettán þúsund sem gera upp hug sinn í dag.

Um 7.600 manns höfðu kosið utankjörfundar í Reykjavík um kvöldmatarleytið í gær en tæplega 12 þúsund fyrir fjórum árum. Lítil þátttaka í utankjörfundaratkvæðagreiðslu og daufleg kosningabarátta eru vísbendingar um að kjörsókn verði minni en áður. Stjórnmálafræðingar sem Fréttablaðið ræddi við telja erfitt að spá um niðurstöðurnar ekki síst í Reykjavík.

„Nú getur maður ekkert sagt um forspárgildi [skoðanakannana] því Besti flokkurinn er svo sérstakur. Við höfum enga reynslu af sambærilegum flokkum, það að hann mælist með tæplega 40 prósenta fylgi rétt fyrir kosningar eru augljós skilaboð um mótmæli kjósenda gegn fjórflokknum en hvort að þau skili sér alla leið í kjörklefann er ómögulegt að segja. Það ræðst af því hversu reiðir kjósendur eru, hvort þeir fara í kjörklefann og kjósa Besta flokkinn, skipta yfir í þann flokk sem þeir hefðu kosið annars, eða sitja heima," segir Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði. Fyrir fjórum árum var meðalfrávik síðustu Fréttablaðskönnunar í Reykjavík fyrir kosningar tæp tvö prósent.

Alls eru 2.846 í framboði í dag. Kosið verður í 72 af 76 sveitarfélögum landsins, sjálfkjörið er í fjórum. Kjörfundur hefst víðast hvar klukkan níu.

- sbt sjá síður 6, 10 og 16.

Þeir sem sátu í ríkisstjórn 2007 og 2008 skýri mál sitt:

# Nítjan ráðherrar svari

**ALÞINGI** Þingmannanefnd um rannsóknarskýrslu hefur sent öllum ráðherrum sem sátu í ríkisstjórn frá 1. janúar 2007 fram að hruni bréf. Alls eru það nítján manns sem fá færi á að skýra sinn málstað fyrir nefndinni.

Miðað er við 1. janúar þar sem verk fyrir þann tíma eru fyrnd gagnvart Landsdómi. Nefndin leggur mikla áherslu á að klára þau mál sem að Landsdómi snúa. Þegar því er lokið verður sjónum beint að ríkisstjórnum frá því fyrir 2007. Verk þeirra fara hins vegar ekki í Landsdóm.

- kóp / sjá síðu 4









## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, gekkstu þá ljósum logum?*

„Jú, það logar alveg úr mér!“

Þorsteinn Jakobsson göngugarpur eyddi í gær um þrettán tímum til að ganga á tíu tinda. Tilgangurinn var að safna áheitum fyrir endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðina Ljósið.

Íslandsbanki knýr í þrot félög starfsmanna sem fengu há lán til hlutabréfakaupa:

# Hlutafélög starfsmanna í þrot

**VIÐSKIPTI** Stjórn Íslandsbanka hefur ákveðið að knýja í þrot eignarhaldsfélög í eigu níu núverandi starfsmanna sinna sem fengu samtals 4,2 milljarða að láni frá Glitni fyrir hrun til að kaupa bréf í bankanum.

Stjórn Íslandsbanka sendi frá sér tilkynningu um málið í gær. Í henni segir að einkafélögin hafi öll verið stofnuð fyrir tilstilli Glitnis og hafi verið hluti af hvata- og tryggðarkerfi bankans. Stjórnin beinir því nú til starfsmannanna að félögin verði gefin upp til gjaldþrotaskipta.



**AF AÐALFUNDI ÍSLANDSBANKA** Varaformaður stjórnar segir hvatakerfið hafa verið gagnrýnivert. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Fyrirkomulagið var kynnt starfsmönnum árið 2008 sem eins konar kaupréttur. Hlutabréfin sem félögin keyptu mátti ekki selja næstu þrjú ár. Kaupin voru tilkynnt til regluvarðar Glitnis og samkvæmt upplýsingum stjórnarinnar var enginn arður greiddur út úr félögunum. Fjárhagslegur ávinningu starfsmannanna var því enginn.

„Stjórn Íslandsbanka telur þessa tegund hvatakerfis gagnrýniverða,“ er haft eftir John E. Mack, varaformanni stjórnar Íslandsbanka, í tilkynningunni. Niðurstaðan hafi þó ekki áhrif á störf nímenninganna í bankanum. - sh

Stuðullin farinn úr 10 í 2.35:

# Betsson telur að Jón fái stólinn

**KOSNINGAR Veðmálasíðan Betsson telur líklegast að Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins, verði næsti borgarstjóri í Reykjavík. Jóni Gnarr er gefinn stuðullinn 2,35 en ekki fyrir svo löngu hafði hann stuðulinn 10. Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eru taldir hafa jafna möguleika á að hreppa hnossið með stuðulinn 4.**

**Betsson telur mun líklegra að ópólitískur borgarstjóri verði ráðinn af næsta meirihluta en að Sóley Tómasdóttir gegni embættinu. Sóley hefur stuðulinn 15.** - shá



**HVALVEIÐAR Í SUÐURHÖFUM** Japanar hafa verið stórtækir í vísindaveiðum sínum og eru gagnrýndir fyrir vikið. NORDICPHOTOS/AFP

Hvalveiðar í Suðurhöfum:

# Ástralir í mál við Japana

**ÁSTRALÍA** Áströlsk stjórnvöld undirbúa málsókn gegn Japan vegna hvalveiða þeirra í Suðurhöfum. Rökin fyrir málsókninni eru að veiðarnar gangi gegn alþjóðabanni við veiðum í atvinnuskyni en Japanar halda því fram að um vísindaveiðar sé að ræða. .

Þessi ákvörðun Ástrala er fram komin vegna hugmynda innan Alþjóða hvalveiðiráðsins um að leyfa atvinnuveiðar með ströngum skilyrðum, þvert á þá stefnu sem hefur verið tekin á undanförnum árum. Ástralir hyggjast leggja fram kæru sína fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag í næstu viku. - shá

Refsingin var milduð:

# Skar á slagæð

**DÓMSMÁL Refsing yfir manni sem sló annan mann með glerglasi í höfuðið með þeim afleiðingum að skurður kom á slagæð, hefur verið milduð í Hæstarétti.**

**Héraðsdómur dæmdi manninn í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá á skilorði. Hæstiréttur skilorðsbatt alla refsinguna, bæði með vísan til þess að dregist hafði um eitt ár að gefa úr ákæru, en einkum í ljósi ungs aldurs brotamannsins. Hann var nítján ára þegar brotið var framið.** -jss

# Kvenfélög vilja verja orlofsfé húsmæðra

**Forseti Kvenfélagasambandsins segir húsmæðraorlof mikils virði fyrir konur sem ekki eigi digra sjóði. Bæjarstjóri Hveragerðis segir orlofið tímaskekkju sem brjóti gegn jafnrétti. En jafnrétti er einmitt ekki náð, segir kvenfélagaforsetinn.**

**FÉLAGSMÁL** Sigurlaug Viborg, forseti Kvenfélagasambands Íslands, segir sambandið leggjast gegn frumvarpi um afnám húsmæðraorlofs.

„Þetta er sérstaklega mikils virði fyrir fullorðnar konur sem ekki eru með neina digra sjóði á bak við sig. Félagslegi þátturinn er ekki síður mikilvægur því sumar konur hafa ekki aðstöðu til að ferðast nema í svona hóp,“ segir Sigurlaug.

Að upphaflegu frumkvæði bæjarstjórnar Hveragerðis ályktaði Samband sveitarfélaga um að afnema ætti húsmæðraorlof og liggur nú fyrir á Alþingi frumvarp þessa efnis. Eins og lögin eru í dag greiðir hvert sveitarfélag eitt hundrað krónur á hvern íbúa til orlofsnefnda í sínu héraði. Þannig á Hveragerði að greiða um 210 þúsund krónur á þessu ári. Sveitarfélögin í heild greiða ríflega 30 milljónir á ári.

„Þessar greiðslur frá sveitarfélögunum eru ekki það háar að það skipti öllu máli fyrir þau en skipta máli fyrir konurnar sem fá örlitla niðurgreiðslu á orlofsferðir,“ segir Sigurlaug.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir hins vegar að húsmæðraorlofið sé arfur fortíðar og frá þeim tíma þegar fólk hafi yfirleitt ekki farið í ferðalög. Furðuleg sé að skikka sveitarfélög til að borga í orlofið.

„Bæjarstjórnin hér er einhuga í því að lög um húsmæðraorlof séu algjör tímaskekkja, út frá jafnréttis- og jafnræðissjónarmiðum. Með sama hætti mætti segja að það ætti að vera orlof fyrir námsmenn, þeir eru líka blönk stétt,“ segir Aldís.



**SIGURLAUG VIBORG** Rekstur á heimilum er enn að mestu leyti í höndum kvenna og þær hafa lægri laun, segir forseti Kvenfélagasambands Íslands sem kveður alls ekki rétt að jafnrétti sé náð og finnst að húsmæður eigi enn skilið að fá húsmæðraorlof. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurlaug Viborg segir Kvenfélagasambandið skila Alþingi umsögn um frumvarpið í júní. „Mér skilst að þetta frumvarp byggi á því að nú sé jafnrétti náð og því sé ástæða til að fella þetta niður. Ég er algjörlega ósammála því vegna þess að það er svo fjarri því að jafnrétti sé náð. Konur eru ennþá með miklu lægri laun en karlar og hafa þar af leiðandi miklu minni lífeyrissjóði og annað upp á að hlaupa í sambandi við orlof,“ segir Sigurlaug og bætir við að rekstur á heimilum sé ennþá að mestu í höndum kvenna.

„Hver hugsar um matinn á hátíðum til þess að öll fjölskyldan geti haft það yndislegt? Það eru náttúrulega yfirleitt húsmæðurnar. Þær eiga það fyllilega skilið að húsmæðraorlofið sé ekki fellt niður.“ gar@frettabladid.is

Konur á Tengslaneti V:

# Vilja kvennaframboð næst

**SAMFÉLAGSMÁL Rúmlega 300 konur sátu ráðstefnuna Tengslanet V - Völd til kvenna í háskólanum á Bifröst í gær.**

**Tvær formlega ályktanir voru samþykktar á ráðstefnunni. Í þeirri fyrri var skorað á stjórnvöld að útrýma fátækt á Íslandi. Í þeirri síðari var hvatt til að tekin yrði upp kennsla í mannréttindum í grunnskólum landsins og áhersla lögð á mikilvægi jafnréttis kynjanna.**

**Þá kom fram tillaga úr sal um að ráðstefnan hvetti til þess að boðinn yrði fram kvennalisti í næstu Alþingiskosningum. Sú tillaga var einnig samþykkt af þorra kvenna í salnum.**

**Þetta er í fimmta sinn sem Dr. Herdís Þorgeirsdóttir prófessor á Bifröst gengst fyrir Tengslanetsráðstefnu sem í ár var haldin undir yfirskriftinni Sinnaskipti, samskipti & hugrekki.** - ss

Kosningavaka eftir Evróvisjón:

# Fyrstu tölur úr Hafnarfirði

**KOSNINGAR** Kosningavaka Ríkissjónvarpsins hefst klukkan tíu í kvöld og er búist við því að fyrstu tölur verði lesnar þá þegar. Gert er ráð fyrir að þær komi úr Hafnarfirði, þá úr Kópavogi og svo Reykjavík.

Evróvisjón söngvakeppninni á að ljúka rétt um tíu en dragist hún um einhverjar mínútur þurfa aðdáendur ekki að hafa áhyggjur af því að klippt verði á spennandi atkvæðagreiðslu. Að sögn Sigríðar Hagalín Björnsdóttur ritstjóra kosningasjónvarps RÚV verður fylgst með til enda ef Hera Björk verður í toppbaráttunni.

Oddvitar framboðanna í Reykjavík verða í viðtali í sjónvarpssal um hálftólf og formenn flokkanna um miðnæturbil. Aðrir oddvitar verða teknir tali heima í héraði. - sbt




Hryðjuverkamenn beittu handsprengjum og hríðskotarifflum gegn fólki á bæn:

# Tugir myrtir í árás á moskur

**PAKISTAN** Minnst 80 manns létust og fjöldi særðist í árás á tvær moskur Ahmati múslíma í borginni Lahore í Pakistan í gær. Í gærkvöldi var ekki vitað hverjir stóðu fyrir ódæðinu eða hversu margir árásar-mennirnir voru. Þeir beittu bæði hríðskotarifflum og handsprengjum áður en þrír þeirra sprengdu sprengjur sem þeir báru innanklæða.

Samkvæmt fréttum BBC hafa Alþjóðlegu mannréttindasamtökin Human Rights Watch upplýsingar um að árásin sé sprottin undan rifjum pakistanskra talibana. Ahmati múslímar eru í miklum minnihluta í landinu og sæta ofsóknum af hálfu bókstafstrúaðra múslíma sem saka þá um guðlast. Trúarhópnum var bannað að kalla sig múslíma af pakistönskum stjórnvöldum árið 1973 og árið 1984 var bannið lögfest.

BBC hefur eftir sjónarvottum að nokkrir árásarmenn hafi gert árás úr turnum bænahúsanna á sama tíma og aðrir héldu hópum fólks föngnum innandyra. Skotbardagar brutust út þegar lögregla og hermenn komu að byggingunum skömmu eftir að árásin hófst.

Árásin í gær er ekki sú fyrsta gegn Ahmati múslímum í Pakistan. Um áratugaskeið hefur reglulega verið ráðist gegn þeim en árásin í gær er sú langalvarlegasta til þessa. - shá



**LAHORE Í GÆR** Almennir borgarar voru skelfingu lostnir eftir blóðbaðið en árásin og skotbardagar stóðu klukkustundum saman. NORDICPHOTOS/AFP



Fjólur
10 stk
999kr

Margarita
599kr
~~990~~

Sýpris
999kr

# ÁFRAM ÍSLAND!

## BRJÁLUÐ TILBOÐ Í BLÓMAVALI OG HÚSASMIÐJUNNI




**Gæða gasgrill**
**Burny Sizzler 200**
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
**Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**
3000272

- **Hitnar fljótt.**
- **Heldur vel hita.**
- **2 ryðfríir brennarar.**
- **Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.**

49.900
~~59.900~~




10 ltr.
7.990
~~8.995~~

**Þekur 50m²**
**í tveimur umferðum**

Útimálning 10 ltr.
Á steinsteypta fleti, alkalíþolin með gott veðrunarþol.
7207040




3 ltr.
2.990

Vinsælasta
**pallaolía**
á Íslandi

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

**Rafmagnssláttuvélar**
**verð frá 16.990**

**Bensínsláttuvélar**
**verð frá 39.995**

29.990

Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134

BLACK&
DECKER





99kr

Fánaveifa
30x46 sm,
60 sm prik.
5080013



20%
AF ÖLLUM
BÚSÁHÖLDUM

Látum
verkin tala!



**Tertusneið**
**& kaffi** 190kr

**Kaffi Garður**
**Skútuvogi**

Opið til 21:00
alla daga í
Skútuvogi

blómaval

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**GENGIÐ 28.05.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,65 | 129,27 |
| Sterlingspund | 187,55 | 188,47 |
| Evra | 159,54 | 160,44 |
| Dönsk króna | 21,439 | 21,565 |
| Norsk króna | 20,115 | 20,233 |
| Sænsk króna | 16,514 | 16,61 |
| Japanskt jen | 1,4115 | 1,4197 |
| SDR | 189,56 | 190,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,032

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sérstakur saksóknari segir sakborninga í Kaupþingsmáli hafa veitt svör við spurningum rannsakenda:

# Kaupþingsmenn eru frjálsir ferða sinna

**LÖGREGLUMÁL** Kaupþingsstjórarnir fjórir sem sætt hafa gæsluvarðhaldi og farbanni undanfarnar vikur eru nú lausir úr haldi. Sérstakur saksóknari ákvað í gær að fara ekki fram á framlengingu á farbanni þeirra Hreiðars Más Sigurðssonar, Magnúsar Guðmundssonar, Ingólfs Sigurðssonar og Steingríms P. Kárasonar.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir þetta þýða að búið sé að klára að stórum hluta að spyrja mennina um þeirra þátt í málunum sem eru til rannsóknar. Ekki sé þó útilokað að það þurfi að yfirheyra þá frekar. „Það getur farið svo að það þurfi að bera eitthvað frekar undir þá. En það þykja ekki standa rök til þess að halda þeim áfram í farbanni.“

Mennirnir búa allir í Lúxemborg og Ólafur segist búast við því að þeir snúi nú þangað aftur. „Ég á allt eins von á því en engu að síður þykir ekki ástæða til að standa neitt í vegi fyrir því. Ef svo hefði verið hefðum við náttúrulega óskað eftir framlengingu á farbanninu. Í langflestum tilvikum hafa menn sinnt kvaðningum í skýrslutökur og þó að ákveðin undantekning sé frá því þá á ég ekki von á því að það breytist gegnumsneitt.“

Ólafur segir góðan gang í rannsókninni. Spurður hvort sakborningar hafi verið samvinnuþýðir svarar hann: „Þetta hafa verið þó nokkuð langar yfirheyrslur í sumum tilvikum sem þýðir að menn hafa allavega veitt svör við þeim spurningum sem að þeim var beint.“

Enn hefur ekki tekist að fá Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnarformann Kaupþings, hingað frá London til yfirheyrslu. Staðan í því máli er óbreytt. - sh



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Ólafur Þór Hauksson segir góðan gang í Kaupþingsrannsókninni. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON



**GOSIÐ** Gjóskan á gígbörmum er orðin tugir metra á þykkt.

Staða gossins metin:

## Gjóska 30 til 40 metrar á þykkt

**ELDGOS** Gjóskan á börmum austurgíganna í Eyjafjallajökli mældist í fyrradag 30 til 40 metra þykk. Þá tóku starfsmenn Jarðvísindastofnunar Háskólans stöðu á gosinu.

Miklir gufumekkir stóðu upp úr gígunum og einstaka smáar sprengingar heyrðust, sem í var aska. Mikið hviss var í gígnum sem bendir til hvera eða afgösunarvirkni, að því er kemur fram í stöðuskýrslu Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar. Megn brennisteinsfýla var á gígbörmum og óróinn hafði verið mjög svipaður alla vikuna. - jss

Rannsókn hleypt af stokkunum:

## Áhrif ösku á heilsu metið

**HEILBRIGÐISMÁL Rannsókn á vegum sóttvarnalæknis á heilsufarslegum afleiðingum ösku og annarra efna frá eldgosinu í Eyjafjallajökli hefst um mánaðamótin.**

**Rannsóknin er unnin í samvinnu við sóttvarnalækna og heilbrigðisstarfsmenn á Suðurlandi, lækna og hjúkrunarfræðinga lungnadeildar Landspítala og fleiri. Markmiðið er að meta hugsanleg bráð heilsufarsleg áhrif gjóskunnar, gildi sóttvarnaráðstafana og hvort grípa þurfi til frekari ráðstafana. Einnig er áætlað að meta langtíma áhrif öskufalls á heilsufar.** -jss

# Vilja sjónarmið nítján ráðherra frá 2007

**Allir ráðherrar frá 1. janúar 2007 hafa fengið bréf og verið boðið að skýra mál sitt fyrir þingmannanefnd um rannsóknarskýrslu. Unnið er hratt svo málin fyrnist ekki fyrir Landsdómi. Verk ríkisstjórna fyrir 2007 einnig skoðuð.**

**ALÞINGI** Allir ráðherrar sem sátu í ríkisstjórn frá 1. janúar fram að hruni hafa fengið bréf frá þingmannanefnd um rannsóknarskýrsluna. Þar er þeim gefinn kostur á því að útskýra sitt sjónarmið varðandi aðkomu þeirra að hruninu eða aðgerðaleysi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er tímasetningin miðuð við fyrningarákvæði varðandi Landsdóm. Málum verður ekki vísað til hans vegna gjörða sem fram fóru fyrir 1. janúar 2007.

Þingmannanefndin hefur lagt mikla áherslu á að ljúka þessum þætti rannsóknar sinnar sem fyrst. Óvíst er hvort nefndin mun skoða ráðslag fleiri ráðherra, þó, formsins vegna, ekki verði hægt að vísa þeim málum til Landsdóms. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa ráðherrarnir fyrrverandi frest til 8. júní til að svara erindinu.

Atli Gíslason, formaður nefndarinnar, vildi ekki tjá sig um bréfasendingarnar. Hann sagði í vikunni að nefndin gerði allt sem í hennar valdi stæði til að skila vinnu sinni innan tímamarka. Henni er ætlað að skila tillögum sínum á yfirstandandi þingi, en samkvæmt nýrri starfsáætlun verða þinglok 15. september. Atli sagði þó mögulegt að þingmannanefndin þyrfti lengri tíma.

Nefndin hefur lagt mikla áherslu á að vinna fyrir opnum tjöldum og fundargerðir hennar birtast á Netinu. Atli segir bréfin dæmi um gagnsæja stjórnsýslu nefndarinnar. kolbeinn@frettabladid.is

### Krafin svara

Þingmannanefndin sendir nítján ráðherrum, sem setið hafa frá 1. janúar 2007, bréf og krefur þá um skýringar á þætti þeirra í hruninu.



ÁRNI M. MATHIESEN · BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON · BJÖRN BJARNASON · EINAR K. GUÐFINNSSON · GEIR H. HAARDE · GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON · GUÐNI ÁGÚSTSSON · INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR · JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR · JÓN SIGURÐSSON · JÓNÍNA BJARTMARZ · KRISTJÁN L. MÖLLER · MAGNÚS STEFÁNSSON · SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR · STURLA BÖÐVARSSON · VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR · ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR · ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR · ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Útstrikanir á atkvæðaseðli:

## Hægt að endurraða á listum

**KOSNINGAR Kjósendur geta bæði breytt röð frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa og strikað út frambjóðendur.**

**„Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til. Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans,“ segir á kosningavef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.**

**Á kosningavef ráðuneytisins er ennfremur ítrekað að ekki megi gera breytingar á öðrum listum en þeim sem viðkomandi kjósandi krossi við.** - sbt

Norsk-íslensk síld:

## Vertíðin byrjar rólega á síldinni

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiðar íslenskra skipa á norsk-íslenskri síld byrja rólega þetta árið. Fimm skip eru á miðunum um 180 sjómílur norðaustur af Vopnafirði, og því innan íslensku landhelginnar. Skipin eru að fá 100 til 200 tonn í holi.

Á heimasíðu HB Granda segir Arnþór Hjörleifsson, skipstjóri á Lundey, að aðstæður á veiðisvæðinu séu mjög svipaðar og við upphaf vertíðar í fyrra. Síldin standi djúpt yfir hádaginn en helst von til að ná sæmilegum afla þegar síldin skýtur sér upp á grynnra vatn um miðnættið.

Ingunn AK átti að láta úr höfn á Akranesi í gær og Faxi RE fer væntanlega til veiða á morgun. - shá






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Fínasta veður á landinu í dag og því upplagt að fara gangandi eða hjólandi á kjörstað. Það munu skiptast á skin og smáskúrir suðvestan- og vestanlands en norðaustanlands ætti að verða bjart með köflum. Litlar breytingar til morguns en birtir til syðra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 19° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 20° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Sumar, sól og samband með meiru!

## Komdu til Nova og fáðu netið og tölvupóstinn í farsímann!




1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

**9.990 kr. útborgun**

**Nokia 5230**

**Netið, tölvupósturinn, MP3, útvarp, GPS og myndavél**

Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

**33.990 kr./stgr.**






1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

**5.990 kr. útborgun**

**LG KU990 Viewty**

**Netið, tölvupósturinn, MP3, útvarp og myndavél**

Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

**29.990 kr./stgr.**

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
Gildir í áskrift og frelsi.

**0 kr. útborgun**

**Huawei U7510**

**Netið, tölvupósturinn og myndavél**

Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

**24.000 kr./stgr.**




DAGUR & STEINI

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú hlynnt(ur) sameiningu háskóla í sparnaðarskyni?*

| | |
|---|---|
| Já | 79% |
| Nei | 21% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú í golf í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Evrópusamtökin harma auglýsingu Samtaka ungra bænda:

# Vara við rangfærslum og hræðsluáróðri

**UTANRÍKISMÁL** Evrópusamtökin mótmæla í yfirlýsingu auglýsingum Samtaka ungra bænda, sem birtust í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu í gær. Samtökin segja umræðu um málefni Evrópusambandsins verða að vera málefnalega, ekki byggða á rangfærslum og hræðsluáróðri.

Í auglýsingunni segir: „Við viljum ekki senda afkomendur okkar í Evrópusambandsherinn.“ Þar var vitnað í orð Angelu Merkel Þýskalandskanslara, þar sem hún sagði lengi hafa staðið til að koma upp Evrópusambandsher.

Evrópusamtökin segja ummæli Merkel slitin úr samhengi og mistúlkuð í auglýsingunni.

„Við hjá Evrópusamtökunum vitum varla hvort við eigum að hlæja eða gráta vegna þessarar auglýsingar. Það er alveg ljóst að engar hugmyndir eru uppi innan Evrópusambandsins um stofnun sameiginlegs hers í líkingu við her einstakra landa,“ segir í yfirlýsingu Evrópusamtakanna.

Þar segir enn fremur að komið hafi verið á laggirnar hraðsveitum skipuðum hermönnum úr herjum aðildarlandanna. Sveitunum sé ætlað að stilla til friðar á átakasvæðum. Hverju aðildarlandi sé það í sjálfsvald sett hvort það sendi hermenn sína í þessar sveitir.

Helgi Haukur Hauksson, formaður Samtaka ungra bænda, segir þetta eitt af þeim málum sem verði að ræða nú þegar Ísland hafi sótt um inngöngu í ESB. Hann segir að þó nú sé stefnt á ákveðið fyrirkomulag segi það ekki til um hvað gerist í framtíðinni. Ungir bændur vilji ekki að íslensk ungmenni deyi í hernaði. **- bj**




**AUGLÝSING** Samtök ungra bænda vöruðu við Evrópusambandsaðild með blaðaauglýsingum í gær.

# Hanna Birna vinnur á meðal kvenna

**Tæplega 40 prósent borgarbúa vilja að Hanna Birna verði borgarstjóri að kosningum loknum samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Dagur B. Eggertsson mælist með helmingi minni stuðning. Þriðjungur segist vilja Jón Gnarr.**

**KÖNNUN** Talsvert fleiri segjast nú vilja að Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, verði borgarstjóri en fyrir viku, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls vilja 39,8 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni, sem gerð var síðastliðinn fimmtudag, að Hanna Birna haldi áfram sem borgarstjóri eftir kosningarnar. Það er 7,4 prósentustiga aukning frá sambærilegri könnun sem gerð var viku fyrr.

Stuðningur við Hönnu Birnu hefur hingað til mælst svipaður hjá báðum kynjum. Síðustu vikuna hefur stuðningur meðal kvenna aukist. Nú sögðust 43,7 prósent kvenna vilja Hönnu Birnu en 33,2 prósent í könnuninni viku fyrr. Munurinn er 10,5 prósentustig.

Hanna Birna hefur verið í forgrunni í kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins í borginni. Hún sendi meðal annars bréf í eigin nafni á stóran hóp kvenna í borginni, þar sem hvorki nafn né merki Sjálfstæðisflokksins kom fyrir. Konur voru þar hvattar til að merkja við D til að styðja Hönnu Birnu.

Stuðningur við Jón Gnarr, oddvita Besta flokksins, sem næsta borgarstjóra dalar í takti við örlítið minnkandi fylgi flokks hans í könnunum. Um 33,5 prósent sögðust vilja Jón sem borgarstjóra nú, en 36,1 prósent fyrir viku.

Færri sögðust vilja Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar, á stóli borgarstjóra nú en fyrir viku. Alls vildu 20,6 prósent Dag nú en 24,1 prósent fyrir viku. Í sambærilegri könnun sem gerð var 29. apríl sagðist 31 prósent vilja Dag sem borgarstjóra.

Hingað til hefur stuðningur við Dag mælst mun meiri meðal kvenna en karla. Nú bregður svo við að stuðningur kvenna við hann hefur dalað umtalsvert milli kannana, mögulega vegna aukins stuðnings kvenna við Hönnu Birnu.

Stuðningur við aðra í stól borgarstjóra mældist mun minni. Alls nefndu 3,4 prósent Sóleyju Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna, og 1,1 prósent Einar Skúlason, oddvita Framsóknarmanna. Sama hlutfall nefndi Ólaf F. Magnússon, oddvita H-lista. **brjann@frettabladid.is**




## Með hverjum vilja þau starfa?

**Útilokum ekki neitt**

„Fyrst verðum við að komast inn, það er ekkert öruggt að við fáum borgarfulltrúa. En við munum standa við okkar stefnu og leita samstarfs við þá sem eru tilbúnir til að vinna að því sem við leggjum áherslur á,“ segir Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins.

**Enginn óskameirihluti**

„Það er enginn óskameirihluti hvað okkur varðar. Ég legg alla áherslu á að við vinnum saman og öxlum þá ábyrgð sem okkur verður færð af hálfu kjósenda um að leita lausna og leiða fyrir Reykvíkinga. Svo kemur það bara upp úr kjörkössunum með hverjum fólk mun starfa. Ég treysti mér til að vinna með öllu þessu fólki,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins.

**Sjálfstæðisflokkur þarf frí**

„Meirihlutasamstarf þarf að snúast um þau verkefni sem við höfum lagt fyrir okkur á næsta kjörtímabili. En Sjálfstæðisflokkurinn þarf á fríi að halda. Hann fékk einstakt tækifæri í kosningunum 2006 sem hann hefur nýtt mjög illa. Það getur beinlínis tafið fyrir leiðinni út úr kreppunni að ætla að grípa til hefðbundinna frjálshyggjumeðala og bíða eftir að markaðurinn leysi málin,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.

**Heillandi að starfa með Besta**

„Það væri mjög heillandi að starfa með Besta flokknum að því að koma á nýjum viðhorfum og nýrri pólitík í Reykjavík,“ segir Baldvin Jónsson, oddviti Reykjavíkurframboðsins.

**Þarf vilja til breytinga**

„Við vonum að við fáum meirihluta, en að því gefnu að það gangi ekki eftir mótast samstarfsaðilar okkar af því hver tekur best í okkar hugmyndir og þær aðferðir sem við viljum nýta. Við útilokum engan, en við viljum miklar breytingar og það þarf framkvæmdavilja og kraft,“ segir Haraldur Baldursson, sem skipar annað sæti F-lista Frjálslyndra.

**Sama hvort ég er í meirihluta**

„Mér er nákvæmlega sama hvort ég er með í meirihluta eða er áfram í minnihluta. Ég stend fyrir mín málefni,“ segir Ólafur F. Magnússon, oddviti H-listans.

**Illsamræmanleg Sjálfstæðisflokki**

„Þetta er mjög snúin staða sem virðist vera að myndast. Við þurfum að setjast niður og ræða það eftir kosningar, hverjir geta unnið saman. Þar verða það stefnumálin okkar sem við höfum til grundvallar og það verður að koma í ljós hverjir vilja vinna með okkur að þeim. Það segir sig þó sjálft að stefna Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna er illsamræmanleg,“ segir Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

**The Wire og Ray Ban skilyrði**

„Við viljum vinna með öllum sem hafa eitthvað til málanna að leggja og eru tilbúnir að leggja hönd á plóg. Við gerum engan greinarmun á pólitískum skoðunum fólks, en við setjum þau ófrávíkjanlegu skilyrði að fólk hafi horft á The Wire og eigi Ray Ban sólgleraugu,“ segir Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins.












# Atvinna er aðalmálið.

Kosningarnar í dag snúast um mjög mikilvæg mál. Ef borgin beitir ekki öllu afli til að skapa fleiri störf þá bitnar það á þjónustunni við börn og eldri borgara og dregur úr öryggi fólksins í borginni. Samfylkingin er eini flokkurinn með vel útfærða áætlun í atvinnumálum í Reykjavík.

Vekjum Reykjavík! xS

**KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL VERKA!**

Kynntu þér aðgerðaáætlunina okkar á **www.xs.is/atvinna**

| AKSTUR Á KJÖRSTAÐ | KOSNINGAKAFFI | KOSNINGAVAKA |
|---|---|---|
| 663 9774<br>663 9775<br>663 9776 | Hótel Borg<br>við Austurvöll<br>kl. 13–18 | Hótel Borg<br>við Austurvöll<br>kl. 21 |

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver vann American Idol-keppnina þetta árið?*
2. *Hvað heitir trommarinn í hljómsveitinni Bermúda?*
3. *Hver leikstýrir nýju leikverki Bergs Ebba Benediktssonar sem nefnist Klæði?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Hundrað starfsmenn Landsbankans hjálpuðu til við hreinsun undir Eyjafjöllum:

# Eins og komið sé í land dauðans

**ELDGOS** „Þar sem þetta er verst er eins og verið sé að koma inn í land dauðans,“ segir Ólafía Aðalsteinsdóttir, starfsmaður útibúaþjónustu Landsbankans, um þær aðstæður sem mættu sjálfboðaliðum í hreinsunarstarfi undir Eyjafjöllum í vikunni. Hún segir að víða megi sjá gras og annan gróður stinga sér upp úr öskunni, en annars staðar sé stemningin eins og eftir kjarnorkusprengingu. Ekki sjáist annað en svart og grátt í umhverfinu.

Ólafía var í um 100 manna hópi starfsmanna Landsbankans sem lagði íbúum svæðisins lið við öskuhreinsun í vikunni. Um tíundi partur starfsmanna bankans fór til þessara starfa, hóf vinnu snemma að morgni og vann fram undir kvöld. Heimildin til þess er sögð í takt við nýja stefnu um sjálfboðastarf starfsmanna, sem sé afrakstur af stefnumótunarvinnu bankans.

Hópurinn gaf sig fram á Heimalandi og laut eftir það verkstjórn heimamanna í hreinsunarstarfinu. Starfsmannafélag Landsbankans, bauð fram aðstoð sína þegar skipulögð öskuhreinsun hófst á svæðinu, en fjölmargir hópar hafa komið að því starfi. - óká



**VIÐ SKÓGA** Um helmingur hópsins tók til hendinni á Skógum en fimm smærri hópar héldu á bæi þar sem hjálpar var þörf, á Hrútafelli, Rauðafelli, Seljavöllum og Þorvaldseyri. MYND/LANDSBANKINN

Forstjóraskipti hjá Valitor:

## Viðar tekur við af Höskuldi

**VIÐSKIPTI** Viðar Þorkelsson hefur verið ráðinn forstjóri greiðslukortafyrirtækisins Valitor. Hann hefur fram til þessa gegnt stöðu forstjóra fasteignafélagsins Reita, áður Landic Property. Hann tekur við af Höskuldi H. Ólafssyni, sem nýverið var ráðinn bankastjóri Arion banka.

Fram kemur í tilkynningu um ráðninguna að Viðar hafi víðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Hann vann hjá Landsbankanum um árabil en gegndi síðan stjórnunarstöðum hjá Vodafone og 365. - jab


**Höfum opnað nýja glæsilega verslun**
**á Grensásvegi 48**

**Tilboð helgarinnar**

Hamborgarar með sérbökuðum hamborgarabrauðum

Grísalundir með sælkerafyllingu

Helgardesertinn: sælkeradraumur

Kjötkompaní

Dalshrauni 13 og Grensásvegi 48, sími 578-9700


Styrkir samstarf HÍ í Kína:

## Rektor sækir kínverja heim

**ALÞJÓÐATENGSL** **Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, tekur ásamt rektorum 25 norrænna háskóla, þátt í stefnumóti við Fudan háskóla í Shanghaí í tilefni 15 ára afmælis Norræns seturs við skólann.**

**Nemendur í kínversku og kínverskum fræðum við Háskóla Íslands taka þriðja námsár sitt við kínverska háskóla sem HÍ hefur gert samstarfssamning við og er Fudan háskóli einn þeirra.**

**Samstarfið nær til rafmagns- og tölvuverkfræði á sviði fjarkönnunar og tölvugreindar og í undirbúningi er samstarf á sviðum eðlisfræði, nanótækni og bókmennta. Kínverskir nemendur stunda hagfræðinám og viðskiptafræði við HÍ og MBA-nemendur fara reglulega í námsferðir til Kína.** - shá



**ÁBYRGÐ** Eitthvað er um að stjórnarmenn reyni að komast úr stjórnum illa staddra félaga áður en þau fara í þrot. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eru hætt í stjórn en bera áfram ábyrgð

**Um 400 íslensk félög eru án skráðra stjórnarmanna. Allt að 200 til viðbótar eru eingöngu með varamenn í stjórn. Talsverður fjöldi fólks áttar sig ekki á að það ber ábyrgð á fyrirtæki eftir úrsögn úr stjórn taki enginn við stjórnartaumum.**

**VIÐSKIPTI** Ríflega 400 íslensk fyrirtæki eru án skráðra stjórnarmanna, samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo. Þetta þýðir að fyrrverandi stjórnarmenn, sem hafa sagt sig úr stjórnum félaganna, bera í raun ábyrgð á þeim þrátt fyrir að telja sig lausa allra mála með úrsögn sinni.

Ef enginn á sæti í stjórn fyrirtækis fellur ábyrgð á fyrirtækinu, lögum samkvæmt, á þá sem áður voru í stjórninni. Því þarf maður sem segir sig úr stjórn félags að gæta að því að stjórn sé enn starfandi í félaginu. Ef aðeins einn stjórnar-maður er í félagi þarf hann að sjá til þess að einhver taki við af honum, slíta félaginu eða setja það í þrot.

„Menn geta ekki hlaupið frá þessu, lögin ganga út frá því að það sé alltaf stjórn í félögum,“ segir Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður. „Ef félag verður stjórnlaust á Hlutafélagaskrá að grípa inn í, aðvara, veita frest og afskrá svo félagið.“

Samkvæmt lögum um einkahlutafélög á Hlutafélagaskrá að grípa inn í séu engir skráðir í stjórn félags. Hlutafélagaskrá á fyrst að aðvara þá sem ætla má að séu í forsvari eða fyrrverandi stjórnarmenn um að til standi að afskrá félagið. Bregðist þeir ekki við innan tilskilins tímafrests ber að afskrá félagið.

Í samantekt Creditinfo kemur fram að ljóst sé að talsverður fjöldi fólks geri sér ekki grein fyrir því að það beri ábyrgð á fyrirtæki þrátt fyrir að það telji sig vera hætt í stjórn. Eftir úrsögn verði að fylgja henni eftir með því að ganga úr skugga um að nýr stjórnarmaður sé skipaður.

Til viðbótar við þau rúmlega 400 félög sem ekki eru með neina skráða stjórnarmenn eru 150 til 200 fyrirtæki bara með varamenn skráða í stjórn.

Algengt er að stjórnarmenn hætti í stjórnum fyrirtækja sem eru á leið í þrot svo nafn þeirra komi ekki fram í rekstrarsögu fyrirtækisins. Lára segir alltaf eitthvað um það að fólk segist í raun hafa verið blekkt til að setjast í stjórn fyrirtækja skömmu fyrir óumflýjanlegt gjaldþrot, til dæmis starfsmenn félagsins.

brjann@frettabladid.is

### Hætta í stjórnum

Óvenjumargir hafa sagt sig úr stjórnum fyrirtækja á undanförnum vikum og mánuðum, samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo.

Fjöldi fyrirtækja þar sem aðeins einn stjórnarmaður á sæti var um 4.100 í maí í fyrra, en er nú tæplega 21 þúsund. Í fyrra voru tæplega 17 þúsund fyrirtæki með tvo stjórnarmenn, en eru um 4.600 í dag.

Fyrirtækjum með fleiri stjórnarmönnum en tveimur fer fækkandi. Í maí í fyrra voru um 9.500 fyrirtæki með þrjá eða fleiri stjórnarmenn, en í ár eru þau tæplega 5.900 talsins.


Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ
VERÐA?

Vertu velkomin/n í Háskólann á Akureyri sem býður fjölbreytt námsframboð á grunnnámsstigi á þremur sviðum.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ
- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfunarfræði

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
- Fjölmiðlafræði
- Heimskautaréttur
- Kennarafræði (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Sálfræði
- Þjóðfélagsfræði

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ
- Líftækni
- Sjávarútvegsfræði
- Umhverfis- og orkufræði
- Viðskiptafræði

Engin skólagjöld, skrásetningargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.
Nánari upplýsingar á www.unak.is eða í síma 460 8000

www.unak.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní

# FYRIR FÓLKIÐ Í BORGINNI

## Kæri Reykvíkingur,

Kosið er til borgarstjórnar Reykjavíkur í dag, til næstu fjögurra ára. Ný hugsun og endurnýjun í íslenskum stjórnmálum er nauðsynleg og heiti ég því að vinna af heiðarleika og ábyrgð fyrir ykkur borgarbúa.

**Ég bið um þinn stuðning. Hvert atkvæði skiptir máli.**

**Einar Skúlason**
oddviti framsóknarmanna í Reykjavík

### Kosningakaffi
Vertu velkomin/n í kosningakaffi á kjördag milli kl. 13 og 17 í kosningamiðstöðina að Hverfisgötu 33.

Kaffi og kræsingar á boðstólum og frambjóðendur verða á staðnum.

### Kosningavaka
Vertu velkomin/n á kosningavöku framsóknarmanna í Reykjavík í Apótekinu, á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis í kvöld 29. maí. Húsið verður opnað kl. 21:30.

### Akstur á kjörstað
Ef þig vantar akstur á kjörstað, hringdu þá í okkur í síma 540 4320 eða sendu tölvupóst á netfangið reykjavik@framsokn.is.

**Framsókn í Reykjavík**

framsokn.is/reykjavik






Risarampur í París Þrjátíu metra hár rampur fyrir hjólabrettafólk hefur verið reistur við Eiffel-turninn. Brettasnillingurinn Taig Kris mun í dag reyna að setja heimsmet í brettalangstökki. NORDICPHOTOS/AFP

Austurbæjarskóli í sparifötin:

## Vorhátíð í dag á 80 ára afmæli

**SKÓLASTARF** Vorhátíð Austurbæjarskóla verður haldin í dag klukkan tíu stundvíslega.

Hátíðin hefst með skrúðgöngu um hverfið líkt og venjulega en að þessu sinni tengist hún 80 ára afmæli skólans. Munu nemendur og foreldrar sem það kjósa, skrýðast fjölbreyttum klæðnaði og flagga ýmsu sem minnir á liðna tíma. Til að minna á gamla tíð verða fornbílar á ferðinni. - shá

UMHVERFISMÁL

### Áætlun gegn utanvegaakstri

Umhverfisráðuneytið hefur unnið aðgerðaáætlun gegn akstri utan vega til þriggja ára. Áætlunin ber heitið Ávallt á vegi. Markmið átaksins er að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaaksturs.

# Fáar skoðanakannanir fyrir kosningarnar í dag

**Óvenju fáar skoðanakannanir hafa verið birtar fyrir sveitastjórnarkosningarnar í dag. Mun fleiri kannanir voru gerðar fyrir sveitastjórnarkosningar árið 2006. Þá komust skoðanakannanir Gallup næst úrslitunum.**

FRÉTTASKÝRING

Hversu nærri úrslitunum fóru skoðanakannanir sem gerðar voru fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006?

Lítið hefur verið um skoðanakannanir fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í dag. Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu samtals 13 kannanir í níu sveitarfélögum. Morgunblaðið lét gera eina könnun í Reykjavík, og Ríkisútvarpið birti könnun fyrir Reykjavík í gærkvöldi. Þá létu einhverjir staðbundnir fjölmiðlar einnig gera kannanir í sínum sveitarfélögum.

Að auki voru niðurstöður einhverra af þeim könnunum sem stjórnmálaflokkarnir fengu könnunarfyrirtæki til að gera fyrir sig birtar í fjölmiðlum.

Talsvert fleiri kannanir voru birtar dagana fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, í maí 2006. Einkum var þar um að ræða kannanir Fréttablaðsins, Gallup og Félagsvísindastofnunar.

Þegar kjörfylgi flokka í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í kosningunum 2006 eru borin saman við síðustu kannanir fyrir kosningar sést að könnun Gallup komst næst úrslitunum. Kannanir Fréttablaðsins og Félagsvísindastofnunar voru heldur fjær niðurstöðum kosninganna.

Gallup var að meðaltali 1,3 prósentustigum frá réttu fylgi flokka.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR
**KANNANIR FYRIR KOSNINGARNAR 2006**

Þrjár kannanir á fylgi flokkanna í Reykjavík voru gerðar skömmu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2006. Hér að má sjá samanburð á könnununum þremur og kjörfylgi flokkanna sem buðu fram í borginni. Eins og sjá má var Gallup að meðaltali næst úrslitum kosninganna, en litlu munaði á niðurstöðum kannana Félagsvísindastofnunar og Fréttablaðsins fyrir kosningarnar.




Kannanir Félagsvísindastofnunar voru að meðaltali 1,8 prósentustigum frá kjörfylgi, og 1,9 prósentustigum munaði að meðaltali hjá Fréttablaðinu.

Raunar komst Gallup næst úrslitunum í könnun sem birt var á fimmtudeginum fyrir kosningar, en aðeins var eins prósentustigs munur á niðurstöðum þeirrar könnunar og kjörfylgi flokkanna. Í síðustu könnuninni, sem birt var daginn eftir, munaði meiru.

Kannanir Gallup, Félagsvísindastofnunar og Fréttablaðsins mældu allar stuðning við framboð Frjálslyndra flokksins í Reykjavík undir kjörfylgi. Flokkurinn fékk 6,3 prósent í kosningunum. Minnstu munaði hjá Gallup, 0,4 prósentustigum, en mestu hjá Fréttablaðinu, 1,8 prósentustigum.

Fréttablaðið var næst fylgi Sjálfstæðisflokksins í könnun sinni, en eins og kannanir Gallup og Félagsvísindastofnunar mældi könnunin fylgi við flokkinn meira en það reyndist vera. Fréttablaðið var 0,3 prósentustigum frá kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins, en Félagsvísindastofnun 4,3 prósentustigum.

Allar kannanir vanmátu stuðning við Frjálslynda flokkinn. Þar var Félagsvísindastofnun næst kjörfylgi, 1,6 prósentustigum undir, en Gallup fjærst, 2,8 prósentustigum undir kjörfylgi.

Könnun Gallup var aðeins 0,1 prósentustigi frá kjörfylgi Samfylkingarinnar. Fréttablaðið ofmældi fylgi flokksins um 4,3 prósentustig, en Félagsvísindastofnun vanmat stuðning við flokkinn um 1,8 prósentustig.

Félagsvísindastofnun komst næst því að spá fyrir um fylgi Vinstri grænna, og mældi stuðning við flokkinn aðeins 0,2 prósentustigum yfir kjörfylgi. Fréttablaðið ofmat fylgi flokksins um eitt prósentustig, en Gallup vanmat fylgið um 0,5 prósentustig.

brjann@frettabladid.is

www.volkswagen.is




Sparar sig vel á Íslandi

Nýr Polo kostar aðeins frá
**2.390.000 kr.**
Eða **25.293 kr. á mánuði** miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 35% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,45%.

Volkswagen Polo er nýkrýndur sigurvegari sparaksturskeppni Atlantsolíu og fór 100 km á aðeins 2,93 lítrum. Þessi nafnbót er skemmtileg viðbót í safnið hjá Polo sem einnig hefur verið valinn Alheimsbíll ársins og Bíll ársins í Evrópu. Nýttu þér hagstætt verð og sparaðu á verðlaunabílnum Polo!

Das Auto.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16 - Komdu og reynsluaktu sparneytnasta bíl landsins

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

TOYOTA

# Þjónustudagur Toyota

## Laugardaginn 29. maí




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 50218 05/10

**Toyota með allt á hreinu**
Í dag gerum við allt glansandi flott fyrir sumarið á Þjónustudegi Toyota. Milli klukkan 11 og 15 bjóðum við öllum eigendum Toyota til sölu- og þjónustuaðila Toyota. Þar verður nóg um að vera.

Komið í heimsókn, haldið upp á Þjónustudaginn með Toyota og akið burt á skínandi hreinum bílum í sönnum Evróvisjóngír.

**Við þrífum bílana að utan - grill og gos.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Bifreiðaverkstæði KS | Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bílaverkstæði Austurlands |
| Nýbýlavegi 8 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 17 | Fossnesi 14 | Hesteyri 2 | Bæjarflöt 13 | Miðási 2 |
| Kópavogi | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi | Sauðárkróki | Reykjavík | Egilsstöðum |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 455-4570 | Sími: 577-7080 | Sími: 470-5070 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

**Today Tomorrow Toyota**

# Verðandi lagahöfundar óskast




Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Kennarar við lagadeild Háskóla Íslands skrifa nánast allar kennslubækur í lögfræði sem notaðar eru í landinu. Við byggjum framsækið og krefjandi nám á 100 ára hefð við langöflugasta háskóla landsins.

**Engin skólagjöld**

**Skrásetningargjald aðeins kr 45.000**

**Umsóknarfrestur til 5. júní**

HÁSKÓLI ÍSLANDS


**FRÉTTASKÝRING: Hverjir eru í svipaðri stöðu og Steinunn Valdís?**

# Fimm með hærri styrki

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir þingmaður sagði af sér á fimmtudag og sagðist gera það þar sem umræða um styrkjamál yfirgnæfði þingstörf sín. En Steinunn Valdís var ekki frekust til fjörsins í styrkjamálum 2006 og 2007, hvorki í heildina séð né í einstökum styrkjum.**

Steinunn Valdís hefur beðið kjósendur afsökunar á að hafa þegið svo mikla styrki að trausti til hennar væri teflt í tvísýnu.

En fimm kjörnir fulltrúar þáðu hærri styrki en Steinunn í heildina, í prófkjörsbaráttu vegna alþingiskosninga 2007 og borgarstjórnarkosninga 2006.

Sé miðað við forsendur Steinunnar Valdísar í yfirlýsingu hennar ættu því fleiri að víkja sæti, til að „lækna sárin sem hrunið hefur valdið okkur", eins og hún orðar það; eða til að kraftar landsmanna fari í eitthvað nytsamlegra en að ræða um hugsanlega mútuþægni.

Séu styrkir vegna beggja prófkjara Steinunnar lagðir saman þáði hún alls 12.750.000 krónur. Þrátt fyrir það er hún ekki styrksælust frambjóðenda. Þeir Guðlaugur Þór Þórðarson og Illugi Gunnarsson fengu hærri fyrir einar kosningar en Steinunn fyrir tvennar.

„Ég ber virðingu fyrir hennar ákvörðun," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir þingmaður, spurð álits á afsögn Steinunnar. Ragnheiður vill ekki segja hvort fleiri eigi að feta í fótspor Steinunnar og hefur ekki hugleitt að segja af sér.

„Þegar bókhaldið mitt er skoðað sést að það samrýmist þeim lögum sem voru sett ári síðar. Ég ákvað að taka ekki við styrkjum yfir 300.000 krónum," segir hún.

Gísli Marteinn Baldursson segist einnig virða ákvörðun Steinunnar og vonar að henni vegni vel. Spurður hvort hann hafi íhugað afsögn segir Gísli að hann hafi farið mjög varlega í þessum málum. Hæsti styrkurinn hans hafi verið þrefalt lægri en hæsti Steinunnar.

„Hæsti styrkurinn til mín er í nítjánda sæti þegar styrkjunum er raðað eftir upphæðum. Í mínu prófkjöri kom mest frá fjölda einstaklinga, sem hver og einn lagði til litla fjárhæð."

Guðlaugur Þór svarar fyrirspurn blaðsins með tölvupósti, en ekki spurningum blaðamanns. Hann segist hafa verið að vinna að því að fá samþykki styrktaraðila sinna til að birta upplýsingar um hverjir standa að baki framboði hans. Hann ætli að birta gögnin í næstu viku. Ekki náðist í Illuga og Helga Hjörvar.



Klemens Ólafur Þrastarson
klemens@frettabladid.is



## Borgarstjórnarkosningar 2006




## Alþingiskosningar 2007




### Heildartalan segir ekki allt

Styrkir til frambjóðenda eru misjafnir að gerð. Sumir þiggja fáa háa styrki eða einungis frá lögaðilum, svo sem Steinunn Valdís, meðan aðrir eru með marga lága styrki, svo sem Ragnheiður Elín, sem tók ekki við hærri styrkjum en 300.000 krónum, og Kjartan Magnússon, sem fékk 3,7 milljónir frá 47 lögaðilum.

Fleiri settu sér mörk. Dagur B. Eggertsson ákvað til dæmis að taka ekki við hærri styrkjum en sem nemur hálfri milljón og Gísli Marteinn milljón.

Hæstu einstöku styrkir Guðlaugs og Steinunnar námu tveimur milljónum, miðað við þeirra eigið bókhald, en Illugi þáði þrjár milljónir frá Exista. (Landsbankinn telur styrkina öðruvísi fram og reiknar 2,5 milljónir til Steinunnar annað árið). Guðlaugur hefur lítið sagt um hverjir styrktu hann, en viðurkennt aðspurður að FL Group hafi gefið tvær milljónir og Baugur tvær. Í skýrslu rannsóknarnefndar kom svo fram að hann hefði þegið milljón frá Kaupþingi og 1.500.000 frá Landsbanka 2006. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fráfarandi forseti borgarstjórnar, hefur ekki sagt frá styrkjum til sín. Aðrir borgarfulltrúar hafa gefið allt upp, sumir til Ríkisendurskoðunar og aðrir til Fréttablaðsins.


# Kynningarfundur

um stofnun samvinnufyrirtækis um notendastýrða persónulega aðstoð verður haldinn laugardaginn 5. júní á Grand Hótel kl. 14:00

Tilgangur fyrirtækisins er að styðja fatlað fólk við að útvega og skipuleggja persónulega aðstoð þannig það geti stjórnað sínu eigin lífi. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þjónusta sem skipulögð er af notandanum og miðar að því að hann eigi kost á að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á jafnréttisgrundvelli. Hún byggir á:

- að fatlað fólk hafi fulla stjórn á allri aðstoð sem það telur sig þurfa, m.a. með því að ákveða hver, hvar, hvernig og hvenær aðstoðin er veitt.
- að fatlað fólk njóti jafnréttis og taki þátt í samfélaginu.

Fyrirtæknu verður stjórnað af og í eigu fatlaðs fólks sem mun nýta sér notendastýrða persónulega aðstoð.

**Nánari upplýsingar á NPA.is**

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hafnar alræði markaðshyggjunnar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og forræði yfir eigin auðlindum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill binda enda á hersetu í landinu og aðild að hernaðarbandalagi, en leggur áherslu á að eiga gott og friðsamlegt samstarf við allar þjóðir, vernda náttúru og umhverfi landsins ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

# Kæri kjósandi

Í dag göngum við til atkvæða og kjósum sveitarstjórnir um land allt.

Á síðustu misserum höfum við í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði sýnt kjark til að takast á við erfið verkefni og vilja til að vinna með öðrum að úrlausn flókinna mála. Við höfum komið okkar málstað á framfæri og leggjum áherslu á málefnalegar umræður og heiðarlega stjórnmálabaráttu. Við hvetjum þig til að kynna þér áherslur okkar, t.d. á heimasíðunni vg.is.

Sveitarstjórnarkosningarnar eru ekki síður uppgjör við þá frjálshyggju sem leiddi okkur á glapstigu en alþingiskosningarnar voru fyrir ári. Við höfum lagt áherslu á að endurmeta þurfi stefnu og hugmyndafræði sveitarfélaganna og hreinsa til þar sem þess gerist þörf. Heiðarlegt uppgjör við hugmyndafræði hrunsins er nauðsynleg forsenda endurreisnar. Samfélag framtíðarinnar verður að byggja á trausti, virku lýðræði og félagslegu réttlæti.

**Við bjóðum fram víða um land og hvetjum þig til að setja X við V.**

Með kveðju,

Steingrímur J. Sigfússon, formaður

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður




VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

**5 l**

Pinotex

Vnr. 89410150-2650

## Viðarvörn

PINOTEX Classic gegnsæ viðarvörn, glær, svört, tekk eða fura, 6 l.
Aðrir litir 5 l.

**5.990**




**4 l**

Vnr. 86332040-9040

## Viðarvörn

KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.

**4.990**




**5 l**

Vnr. 86363040-550

## Pallaolía

KJÖRVARI pallaolía. Glær, græn, hnota, fura, rauð fura eða rauðviður, 5 l.

**5.990**






**22.900**

Vnr. 50632115

## Gasgrill

COMBO gasgrill með tveimur brennurum, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Mjög einfalt í uppsetningu. Grillflötur 42x35 cm. Stærð uppsett 104x46x33 cm, stærð samsett 10x46x87 cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, hitadreifiplata og lok, 3,6 kW.

**ÓDÝRT**

**Einfalt í uppsetningu, samsetningu og flutningum!**

**Gleðilegt sumar**

Vnr. 50652233

## Ferðagrill

STERLING PORTA CHEF ferðagasgrill með efri grind. Grillflötur 32x48 cm. Slanga og þrýstijafnari fyrir stóra kúta.

**24.990**





Vnr. 50657482

## Taska

Taska fyrir PORTA CHEF ferðagasgrill.

**2.990**




Vnr. 50632108

## Gasgrill

**44.900**

DELUX gasgrill með tveimur brennurum, niðurfellanleg hliðarborð, fitubakki sem auðvelt er að þrífa, hitamælir, neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, efri grind og hitadreifiplata. 4 hjól – mjög meðfærilegt, svart/grátt postulínshúðað lok, 12,3 KW.

Vnr. 0291444

## Girðingareining

**3.690**

VIOLA girðingareining, beint, 800x2000 mm.



# Tré og sumarblóm á frábæru verði

Fást í BYKO Breidd, Kauptúni og Granda





Vnr. 54934019

## Garðverkfæri

**2.690**

DAYE garðverkfæri, 3 stk.

# FRÁBÆRT VERÐ Á PALLAEFNI

| | | Verð |
|---|---|---|
| 0058324 | Fura alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið | 289 kr./lm. |
| 0058504 | Fura alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið | 399 kr./lm. |
| 0058506 | Fura alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið | 579 kr./lm. |
| 0059954 | Fura alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið | 819 kr./lm. |

Vnr. 0058254

## Girðingarefni

Fura, afhefluð, 22x95 mm, A-gagnvarið.

**ÓDÝRT**

**235 kr./lm**


EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Spennandi sumar í BYKO

## Gaman í BYKO!

Pylsa og Pepsi handa öllum og hoppukastali fyrir börnin í dag frá kl. 12-15 í BYKO Breidd, Kauptúni og Granda.

GOÐI

Skipti- og sölumarkaður með tjaldvagna, fellihýsi og þess háttar verður í BYKO Kauptúni 5. júní næstkomandi. Vinsamlegast skráið þátttöku í síma 515-9500 eða á netfangið kauptun01@byko.is og tilgreinið söluvöruna. Öll sala og/eða samningar eru á ábyrgð seljanda og kaupanda.



FYRSTA, ANNAÐ... SLEGIÐ!

## Glæsilegt uppboð í dag kl. 14 í BYKO Kauptúni!

Margar ótrúlega flottar vörur. Skelltu þér á uppboð og gerðu frábær kaup!



| DÆMI UM UPPBOÐSVÖRUR | Lágmarksboð | Fullt verð |
|---|---|---|
| LG 42" LCD sjónvarp – Full HD | 80.000 | 179.995 |
| SONY 32" LCD sjónvarp – Full HD | 70.000 | 179.995 |
| OUTBACK TROOPER PLUS GASGRILL | 20.000 | 59.990 |
| Ferðagasgrill samanbrjótanlegt | 8.000 | 22.900 |
| Garðhúsgagnasett: 4 stólar, borð og sólhlíf | 8.000 | 26.990 |

Gleðilegt sumar



37.990

Vnr. 53323000

### Sláttuvél

**PARTNER sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic mótor. Vélin er 3,5 hestöfl, sláttubreiddin er 51 cm.**

ÓDÝRT



BOSCH

Vnr. 74890323

### Sláttuorf

BOSCH EASYTRIM rafmagnssláttuorf 280W. Sláttubreidd 23 cm. Orfið er aðeins 1,6 kg á þyngd. Kjörið til að slá meðfram beðum og köntum.

5.990



Einhell

Vnr. 74830024

### Sláttuvél

**EINHELL rafmagnssláttuvél 1200W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð 25-60 mm, stærð safnkassa 28 l.**

19.990

Vnr. 55095007/107-8

### Blákorn

Blákorn 5, 10 eða 40 kg.

Verð frá 1.190






Vnr. 55095032

### Túnþökur

330 kr./stk. (1/2 fermeter)

Túnþökur kr./stk, ½ m².
Fermeterinn kostar 660 kr.

BYKO

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR

Þriðjungur kjósenda gerir upp hug sinn rétt fyrir kjördag

# Spá lakari kjörsókn en áður

**Stór hluti kjósenda ákveður hvað hann ætlar að kjósa skömmu fyrir kosningar og 20 til 30 prósent á allra síðustu dögunum. Kjörsókn er almennt mjög mikil á Íslandi en stjórnmálafræðingar búast við heldur minni kjörsókn en vanalega.**

„Það er augljóslega ríkjandi mikið vantraust í þjóðfélaginu núna, vantraust á stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn. Þetta vantraust getur birst á ýmsa vegu og gæti til dæmis birst í því að fleiri ákvæðu að sitja heima en ella, sérstaklega í þeim sveitarfélögum sem þeir hafa ekki annan valkost en fjórflokkinn,“ segir Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Ísland.

Ólafur segir erfitt að spá fyrir um kjörsókn í kosningunum í dag. Baráttan hafi þótt daufleg og heldur lítið farið fyrir kosningaumfjöllun í fjölmiðlum. Minni aðsókn í utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé vísbending um að færri muni mæta á kjörstað. Um kvöldmat í gær höfðu um 7.600 kosið utankjörfundar en 11.900 fyrir fjórum árum. Að mati Ólafs hefur framboð Besta flokksins í Reykjavík og það mikla fylgi sem hann mælist með í könnunum gert það erfiðara að spá fyrir um bæði kjörsókn og niðurstöður kosninga en nokkru sinni fyrr.

**Efast um forspárgildi kannana**

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins sem birt var í gær mælist fylgi Besta flokksins ríflega 40 prósent, og fengi flokkurinn sjö menn í borgarstjórn. „Það er engin leið að vita hvort taka ber þessar tölur alvarlega,“ segir Ólafur. „Vanalega hafa verið gerðar margar kannanir fyrir kosningar og þær hafa gefið býsna góða vísbendingu um úrslit kosninga. Nú getur maður ekkert sagt um forspárgildið því Besti flokkurinn er svo sérstakur. Við höfum enga reynslu af sambærilegum flokkum. Það að hann mælist með rúmlega 40 prósenta fylgi rétt fyrir kosningar eru augljós skilaboð um mótmæli kjósenda gegn fjórflokknum, en hvort þau skili sér alla leið í kjörklefann er ómögulegt að segja. Það ræðst af því hversu reiðir kjósendur eru, hvort þeir fara í kjörklefann og kjósa Besta flokkinn eða skipta yfir í þann flokk sem þeir hefðu kosið annars, eða sitja heima. Það er ómögulegt að spá til um þetta.“

**Minna hringt í kjósendur**

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur er sammála Ólafi um að líklega verði lakari kjörsókn nú en fyrir fjórum árum. „Íslendingar hafa almennt áhuga á því að kjósa en ég myndi telja að kjörsókn yrði lakari en oft áður. Annað er að stjórnmálaflokkar hafa alltaf verið mjög virkir hér að ná í kjósendur, hringt í þá sem eiga kannski ekki heimangengt og lagt mikið á sig að ná í atkvæði. Mér býður í grun að þessi starfsemi sé í lágmarki, stjórnmálaflokkar eru óvinsælir núna og það er frekar hringt í harðasta kjarnann en þá sem eru á jaðrinum í stuðningshópnum,“ segir Stefanía.

**Margir ákveða sig seint**

Ólafur segir rannsóknir sýna að stór hluti kjósenda, allt að helmingur, geri upp hug sinn í kosningabaráttunni og 20 til 30 prósent kjósenda ákveði á allra síðustu dögunum hvert valið verður. „Það er að segja kjósendur eru þá komnir niður á tvo til þrjá flokka og velja á milli á síðustu stundu.“

Rannsóknir sýna enn fremur að sögn Ólafs að málefnaleg afstaða ráði mestu um hvað fólk kýs, hvernig það meti mál á hægri-vinstri kvarðanum. „Besti flokkurinn er hins vegar ekki á þessari vídd þannig að fái hann þetta mikla fylgi er eðlilegast að túlka það sem almenna óánægju,“ segir Ólafur sem segir hið minnsta ljóst að fyrstu tölur í Reykjavík verði afar spennandi.

**Gott veður um land allt**

Veður er annar þáttur sem stundum hefur verið haldið fram að hafi áhrif á kjörsókn og fylgi við ríkjandi öfl. „Menn hafa fundið einhverja fylgni en sveiflurnar í kjörsókn eru það litlar að það hlýtur að vera óverulegt,“ segir Ólafur.

Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands verður gott veður um allt land á morgun. Kjörstaðir opna víðast hvar klukkan níu og eru opnir til klukkan níu annað kvöld. 225.930 eru á kjörskrá samkvæmt Hagstofu Íslands. Kosið verður í 72 sveitarfélögum af 76, listakosning er í 54 en óbundnar kosningar í 18. Sjálfkjörið er í fjórum.



Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is


## Metkjörsókn í spennandi kosningum

1962 – Kjörsókn 84,6%
1963
1964
1965
1966 – Kjörsókn 85,9%
1967
1968
1969
1970 – Kjörsókn 86,6%
1971
1972
1973
1974 – Kjörsókn 87,8%
1975
1976
1977
1978 – Kjörsókn 85,4%
1979
1980
1981
1982 – Kjörsókn 85,1%
1983
1984
1985
1986 – Kjörsókn 81,9%
1987
1988
1989
1990 – Kjörsókn 82,0%
1991
1992
1993
1994 – Kjörsókn 86,6%
1995
1996
1997
1998 – Kjörsókn 82,3%
1999
2000
2001
2002 – Kjörsókn 83,2%
2003
2004
2005
2006 – Kjörsókn 78,7%
2007
2008
2009
2010



**Kjörsókn 87,8%**
Kosið var bæði í sveitarstjórnar- og þingkosningum þetta árið sem var átakaár í pólitíkinni og skýrir það mikla kjörsókn að mati Ólafs Þ. Harðarsonar sem rifjar upp að meðal annars hafi mikið verið tekist á um veru Bandaríkjahers á Íslandi þetta árið. Vinstri ríkisstjórn missti meirihluta en Sjálfstæðisflokkur vann mikinn stórsigur undir forystu Geirs Hallgrímssonar, bæði í sveitarstjórnar- og þingkosningum.



**Kjörsókn 86,6%**
Mikil kjörsókn skýrist meðal annars af mjög spennandi kosningu í Reykjavík þar sem R-listinn, sameiginlegur listi vinstri flokkanna í Reykjavík, bauð fram á móti Sjálfstæðisflokknum sem tapaði þá meirihluta í Reykjavík í annað sinn, fyrra skiptið var 1978. Borgarstjóraefni R-listans, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, skipaði 8. sæti listans og náði kjöri. Tæplega 89 prósenta kjörsókn var í Reykjavík. Ríkisstjórnarflokkarnir Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur töpuðu fylgi á landsvísu miðað við næstu kosningar á undan sem voru þingkosningarnar 1991.



**Kjörsókn 78,7%**
Minni kjörsókn en nokkru sinni fyrr í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi. Minnkandi kjörsókn hér og erlendis hefur verið almenn vísbending um minni áhuga á stjórnmálum en stjórnmálafræðingar ítreka þó að að kjörsókn sé mjög góð á Íslandi og nær 80 prósent þátttaka í sveitarstjórnarkosningum teljist góð.

## Ákveða sig í dag



„Ég er alveg óákveðin ennþá, ég hef ekki náð að kynna mér málin nægilega vel því ég var að klára prófin. En ég ætla að kjósa,“ segir **Sigrún Rúnarsdóttir** átján ára sem ætlar að kynna sér stefnumál flokkanna áður en hún fer á kjörstað.



„Ég hef einhverja hugmynd um hvað ég ætla að kjósa en ekki mikla. Ég er að pæla í Samfylkingunni eða Vinstri grænum eða jafnvel Besta flokknum. Ég ætla að ákveða mig í kvöld [í gærkvöldi]. Ég ætla að skoða stefnumál flokkanna í málefnum ungs fólks,“ segir **Halla Gunnarsdóttir** átján ára.



„Ég held að ég sé búin að ákveða mig þó ég sé ekki alveg viss. Ég held að Besti flokkurinn verði fyrir valinu. Það eru allir orðnir þreyttir á þessu kjaftæði og það er fínt að fá eitthvað nýtt fólk inn. Mér finnst þau í Besta flokknum sniðugust og býst við að þau verði mitt val,“ segir **Þórunn María Einarsdóttir** nítján ára.



„Ég er svona nokkurn veginn búinn að ákveða mig,“ segir **Kjartan Jón Bjarnason** nítján ára. „En ég vil ekki gefa upp hvað ég ætla að kjósa. Ég ákvað þetta í vikunni þegar ég fór að skoða hvað flokkarnir hafa að segja. Ég kynnti mér stefnumálin en ég hef mestan áhuga á því hvernig er farið með miðborgina og skipulag hennar.“



„Ég ætla að kjósa Besta flokkinn því ég vil gefa nýjum frambjóðendum tækifæri. Ég ákvað þetta frekar nýlega, einhverjir aðrir komu til greina en ég vil sjá nýtt blóð í stjórnmálum,“ segir **Haukur Einarsson** átján ára.



„Ég er ekki 100 prósent búinn að ákveða mig. Ég er ekki að spá í Besta flokkinn, mér finnst þeir vera bara brandari. Ég er að spá í að kjósa Samfylkinguna en ég ætla að kynna mér málin aðeins betur á morgun og hvaða stefnu þeir hafa í málefnum unglinga,“ segir **Pétur Jóhann Pétursson** nítján ára sem segir að ef Samfylkingin verði ekki fyrir valinu verði það Besti flokkurinn. „Þótt hann sé brandari. Flestallir sem ég þekki ætla að kjósa Besta flokkinn því það er bara fyndið.“

## Fólk heima að horfa á Eurovision

„Fólk er ekki jafn mikið á ferðinni í ár og til að mynda fyrir fjórum árum, utanlandsferðum hefur fækkað eins og vitað er,“ segir Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur spurð um skýringar á færri utankjörfundaratkvæðum í ár en fyrir fjórum árum. „Svo má búast við því að fólk vilji ekki vera í útilegu vegna Eurovision-keppninnar, það vill horfa á hana. Sumarbústaðafólkið drífur sig kannski á kjörstað í dag [föstudag] enda flestir með sjónvarp í bústaðnum. Það verður örugglega mikil partístemming og þá er spurning hvort fólk sem á eftir að fara að kjósa þegar keppnin hefst nennir að mæta á kjörstað,“ segir Stefanía.

Þess má geta að í þingkosningum 2007 bar Eurovision-keppnina upp á kjördag en þá var Ísland ekki með í úrslitakeppninni. Eiríkur Hauksson og félagar duttu út í forkeppni.











# Kíktu í reynsluakstur í dag

Komdu og prófaðu örugga, sparneytna og skemmtilega bíla. Bílarnir sem við bjóðum eru í fremstu röð varðandi aksturseiginleika, sparneytni og öryggi. ABS hemlalæsivörn, ESP stöðugleikastýring, öryggispúðar og fleiri tækninýjungar hafa fært þessum bílum framúrskarandi stjörnugjöf hjá Euro-NCAP.

Komdu við í HEKLU og prófaðu öruggari og skemmtilegri bíl frá Audi, Volkswagen, Mitsubishi eða Škoda.

**Frír þvottur!**
Við þvoum bílinn þinn meðan þú reynsluekur

**Opið í dag laugardag frá 12-16**

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Landsmenn velja sér sveitarstjórnir í dag.

## Kosið um ábyrgð

Landsmenn ganga í dag að kjörborðinu og velja sveitarstjórn í sínu sveitarfélagi. Það hvernig fólk ráðstafar atkvæði sínu hefur áhrif á nánasta umhverfi fólks, á borð við götur, útivistarsvæði og íþróttaaðstöðu og þá félagslegu þjónustu sem stendur fólki næst, til dæmis grunnskóla, leikskóla og þjónustu við aldraða. Það skiptir máli að fólk kjósi og líka hvernig atkvæðinu er varið.

Nú eru erfiðir tímar hjá flestum sveitarfélögum. Tekjur hafa dregizt saman eftir efnahagshrunið en ýmis kostnaður hækkað, til dæmis vegna aðstoðar við atvinnulausa. Niðurskurður í rekstri er víðast hvar óhjákvæmilegur.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Kjósendur ættu að gjalda varhug við stjórnmálamönnum, sem þrátt fyrir þetta lofa nýjum útgjöldum og framkvæmdum. Þeir lofa peningum, sem eru ekki til. Eina leiðin til að standa við slík kosningaloforð er að taka lán eða hækka skatta. Sveitarfélögin eru flest skuldsett upp í rjáfur nú þegar. Ríkisstjórnin hefur séð um að skattbyrðin er orðin meira en nógu þung, þótt sveitarfélögin bæti ekki nýjum byrðum við.

Þeir sem verðskulda atkvæðin okkar í dag eru stjórnmálamenn sem eru reiðubúnir að axla þá ábyrgð sem í því felst að stjórna sveitarfélagi og taka erfiðar ákvarðanir í því skyni að ná endum saman. Til þess verður fólk að hafa útfærða stefnu og skýra sýn á hvað skiptir mestu máli; flest eða öll sveitarfélög munu þurfa að forgangsraða verkefnum og leggja mesta áherzlu á grunnþjónustuna. Tími gæluverkefnanna verður ekki næstu árin.

Kosningarnar snúast um ábyrgð í fleiri en einum skilningi. Margir eru óánægðir með gömlu fjórflokkana og reiðubúnir að refsa þeim í kosningunum. Fulltrúar í sveitarstjórnum geta að sjálfsögðu þurft að axla ábyrgð á því, sem flokksmenn þeirra klúðruðu á landsvísu. Skoðanakannanir Fréttablaðsins og Stöðvar 2 benda til að meirihlutar í mörgum sveitarfélögum séu í fallhættu eða standi tæpt.

Þeir sem vilja draga fulltrúa gömlu flokkanna til ábyrgðar verða hins vegar að vera vissir um að þeir sem bjóða fram undir nýjum merkjum og framandlegum listabókstöfum séu líka færir um að taka á sig mikla ábyrgð. Eru framboðin sem til er stofnað í nafni gleði og gríns reiðubúin til þess?

Tökum dæmi: Þegar vakin er athygli á stefnu- og reynsluleysi Bezta flokksins, svara forsvarsmenn hans því til að hjá Reykjavíkurborg starfi þrautreynt fólk, embættismenn með mikla þekkingu og reynslu af málefnum borgarinnar. Það er rétt, svo langt sem það nær. En lýðræðislega kjörnir fulltrúar geta ekki afhent embættismönnum stjórnina. Enginn kaus embættismennina og enginn getur dregið þá til ábyrgðar í næstu kosningum.

Til þess eru lýðræðislegar kosningar; að við getum að minnsta kosti á fjögurra ára fresti látið þá axla ábyrgð, sem klúðruðu málum og verðlaunað þá sem hafa staðið sig vel eða eru líklegir til að vera verðugir þess trausts sem við sýnum þeim. Rétt er að hafa það í huga í kjörklefanum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871






AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Kjördagur óánægjunnar

Þrennt einkennir einkum sveitarstjórnarkosningarnar í dag: Í fyrsta lagi eru þær ópólitískari og málefnasnauðari en endranær. Í öðru lagi hafa landsmálin ríkari áhrif en fyrr. Í þriðja lagi eru þær meira bundnar við fortíðina en gengur og gerist.

Þegar spurt er um hvað kosningarnar snúast vandast málið. Ef draga á ályktanir af fylgiskönnunum má svara á tvo vegu. Ekki er ofmælt að þær snúist um Besta flokkinn í Reykjavík. Einnig má segja að þær snúist um leiðindi og vantrú kjósenda. Báðar skýringarnar ríma saman.

Fjölmiðlar og flestir stjórnmálafræðingar hafa skilgreint Besta



ÞORSTEINN PÁLSSON

flokkinn sem grín framboð. Við liggur að hann hafi jafn sterka stöðu og Halldór skopmyndateiknari á því sviði. Frambjóðendur allra flokka mega skopast hver að öðrum. Það breytir hins vegar ekki hinu að sérhvert framboð er tilboð um þjónustu og ábyrgð.

Talsmenn rótgrónu flokkanna hafa allir sem einn mætt framboði Besta flokksins með því að segja að í háðinu liggi skýr skilaboð sem þeir verði að taka alvarlega. Enginn þeirra hefur þó breytt stefnuskrá sinni eða málflutningi. Hvað skýrir það?

Sennilegasta skýringin er sú að í landinu situr ríkisstjórn sem er föst í málefnakreppu. Á sama tíma hefur stjórnarandstöðunni ekki auðnast að byggja upp trúnað um aðrar leiðir út úr efnahagsþrengingunum.

Venjulega eru ríkisstjórnarflokkar í meiri vörn en stjórnarandstaða í sveitarstjórnarkosningum. Nú virðist Besti flokkurinn hins vegar vera eins konar safnþró fyrir óánægju bæði með núverandi ríkisstjórn og þá sem á undan henni sat.

Þó að kosið sé til sveitarstjórna bendir flest til að þetta verði kjördagur óánægju með Alþingi.

## Ekki dagur málefnauppgjörs

Alþingiskosningarnar fyrir ári voru uppgjör við efnahagshrunið en ekki vegvísir til framtíðar. Þessi málefnastaða er enn óbreytt. Þar liggur óánægjuhundur kjósenda grafinn.

Í þessu ljósi kemur á óvart að allir flokkarnir hafa reynt að hafa kosningabaráttuna og stefnuskrárnar eins ópólitískar og kostur er. Það er rétt svo að almenn kennimerki eins og „ábyrg fjármálastjórn“ og „félagsleg ábyrgð“ gefi vísbendingar um mismunandi hugmyndafræði. Frá þessu eru tvær undantekningar:

Annars vegar er loforð frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og víðar að hækka ekki útsvar. Hins vegar eru áform Samfylkingarinnar í Reykjavík og nokkrum stærstu bæjarfélögunum að fara í stórkostlegar lántökur á takmörkuðum lánamarkaði í samkeppni við atvinnulífið í þeim tilgangi að fjölga fremur störfum á ábyrgð skattgreiðenda en fyrirtækja. Að stærstum hluta á að taka þessi lán eftir grísku aðferðinni framhjá bókhaldi viðkomandi sveitarsjóða.

Af hálfu beggja flokkanna er þessi stefnumörkun skýr um afmarkaðan hluta þeirra verkefna sem við blasa. Hún segir hins vegar sína sögu og varpar ljósi á ólík viðhorf gagnvart kröfunni um ábyrga fjármálastjórn.

Fjölmiðlar hafa ekki sýnt þessum stefnuatriðum áhuga með greiningu á ólíkum efnahagslegum áhrifum þeirra. Talsmenn flokkanna hafa heldur ekki sýnt áhuga á að takast á um þessi málefni í rökræðum. Fyrir þá sök hafa kjósendur ekki á tilfinningunni að þetta sé dagur málefnauppgjörs um framtíð borgarinnar og annarra sveitarfélaga og því síður um viðreisn landsins.

## Morgundagurinn

Hvað ber morgundagurinn í skauti sér? Gangi fylgiskannanir eftir munu kosningarnar fyrst og fremst staðfesta þá pólitísku kreppu sem ríkt hefur í landinu í bráðum tvö ár.

Staðbundin sjónarmið ráða yfirleitt meir í minni sveitarfélögum en stærri. Reykjavík endurspeglar eftir þeirri kenningu best pólitísku stöðuna á landsvísu. Úrslitin eru of mikilli óvissu undirorpin til þess að unnt sé að segja fyrir um myndun meirihluta í höfuðborginni. Nokkur viðmið sjást þó:

Fái Besti flokkurinn fjóra borgarfulltrúa eða fleiri felst í því krafa um að hann eigi aðild að meirihlutasamstarfi. Verði hann stærsti flokkurinn er eðlilegt að hann hafi forystu fyrir nýjum meirihluta.

Leiðtogi sjálfstæðismanna hefur lagt til að allir flokkar í borgarstjórn starfi og beri ábyrgð saman. Eigi hann að geta knúið ríkisstjórnarflokkana til samstarfs um óbreytt útsvar þarf hann þó að líkindum betri kosningu en kannanir hafa sýnt. Þá verður ekki séð að Sjálfstæðisflokkurinn geti fallist á lántökufjárhættuspil Samfylkingarinnar.

Lýsi annar hvor ríkisstjórnarflokkanna vilja til að starfa með Sjálfstæðisflokknum rekur hann um leið fleyg tortryggni í stjórnarsamstarfið.

Meðan málefnastaða flokkanna er jafn óskýr gefa kosningarnar enga vísbendingu um framtíð Íslands. Þær ættu hins vegar að vera tilefni til að gefa því viðfangsefni meiri gaum. Kosningarnar sýna einfaldlega að lengur verður ekki undan því vikist. Þegar öllu er á botninn hvolft er meiri þörf á skýrri framtíðarsýn heldur en fleiri afsögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Vinnum saman í Reykjavík
Í dag er kosið til næstu 4 ára.
Framundan eru krefjandi verkefni sem þarf að leysa af ábyrgð og festu.
Í þau tæpu tvö ár sem hef ég fengið að starfa fyrir þig, sem borgarstjóri í Reykjavík, hef ég beitt mér fyrir nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum. Það hefur sýnt sig að með því að nýta krafta allra náum við árangri.
Við hækkum ekki skatta því fjölskyldurnar í borginni mega ekki við meiri útgjöldum og forgangsröðum í þágu barna og menntunar þeirra, eldri borgara og velferðarþjónustu.
Í dag bið ég þig um að veita mér þinn stuðning og stuðla að enn frekari árangri, sátt og stöðugleika.
Vinnum saman í Reykjavík,
Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri
xd.is/reykjavik
× D

# Kjörstaðir í Reykjavík við borgarstjórnarkosningar 29. maí 2010

## 1

### Ráðhús

**1. kjördeild**
Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti 3-51

**2. kjördeild**
Bergstaðastræti 52-86
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhlöðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekkustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgata
Eiríksgata
Fischersund
Fjólugata
Fjölnisvegur

**3. kjördeild**
Frakkastígur
Framnesvegur 1-54
Framnesvegur 56-56a
Framnesvegur 58-58b
Freyjugata
Garðastræti
Grettisgata 2-86
Grjótagata
Grundarstígur
Haðarstígur

**4. kjördeild**
Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Hofsvallagata 1-23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut, sléttar tölur
Hverfisgata

**5. kjördeild**
Ingólfsstræti
Kárastígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 5-100
Leifsgata

**6. kjördeild**
Lindargata
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1-87
Norðurstígur
Nýlendugata

**7. kjördeild**
Nönnugata
Óðinsgata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skothúsvegur
Skólabrú
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10-46

**8. kjördeild**
Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólvallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur
Suðurgata 3-37
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata

**9. kjördeild**
Unnarstígur
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata
Ægisgata
Öldugata

**10. kjördeild**
Ísl. búsettir á Norðurlöndum
Óstaðsettir í hús
Sendiráð

## 2

### Hagaskóli

**1. kjördeild**
Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangi
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2-8

**2. kjördeild**
Eggertsgata 10-34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59-68

**3. kjördeild**
Frostaskjól
Gnitanes
Góugata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Hagamelur 2-35

**4. kjördeild**
Hagamelur 36-53
Hjarðarhagi
Hofsvallagata 49-62
Hringbraut oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur

**5. kjördeild**
Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

**6. kjördeild**
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100-121

**7. kjördeild**
Sörlaskjól
Tómasarhagi
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormóðsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Öldugrandi




## 6

### Breiðagerðisskóli

**1. kjördeild**
Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Breiðagerði
Brekkugerði

**2. kjördeild**
Brúnaland
Búðagerði
Búland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Espigerði
Fossvogsvegur
Furugerði

**3. kjördeild**
Garðsendi
Gautland
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grensásvegur 24-60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði
Heiðargerði
Helluland

**4. kjördeild**
Hjallaland
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður
Hulduland
Hvammsgerði
Hvassaleiti

**5. kjördeild**
Hæðargarður
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kringlan
Kúrland
Kvistaland

**6. kjördeild**
Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði
Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti

**7. kjördeild**
Ofanleiti
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljugerði
Skálagerði
Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur

**8. kjördeild**
Snæland
Sogavegur
Steinagerði
Stjörnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjugerði
Vogaland

## Athugaðu þetta:

- **Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 29. maí kl. 9.00 og lýkur kl. 22.00
- Kjörskrá er aðgengileg á vefnum www.kosning.is
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavík veittar í síma 411-4915
- Yfirkjörstjórn í Reykjavík mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur

## 10

### Íþróttamiðstöðin Austurbergi

**1. kjördeild**
Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikahólar
Blöndubakki

**2. kjördeild**
Brúnastekkur
Depluhólar
Dúfnahólar
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur
Fremristekkur
Fýlshólar
Gaukshólar
Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki 2-12

**3. kjördeild**
Grýtubakki 14-32
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar
Háberg
Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólastekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
Iðufell
Írabakki 2-24

**4. kjördeild**
Írabakki 26-34
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg
Kóngsbakki
Kríuhólar
Krummahólar 1-8

**5. kjördeild**
Krummahólar 9-59
Kötlufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Maríubakki
Máshólar
Möðrufell
Neðstaberg
Norðurfell
Núpabakki
Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki

**6. kjördeild**
Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar
Suðurhólar
Súluhólar
Torfufell 1-32

**7. kjördeild**
Torfufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1-94

**8. kjördeild**
Vesturberg 95-199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell
Þangbakki
Þórufell
Þrastarhólar
Æsufell

# Hvar kýst þú?

**Hægt er að slá inn kennitölu á www.kosning.is og fá upplýsingar um hvar á að kjósa.**

## 3

### Kjarvalsstaðir

**1. kjördeild**
Auðarstræti
Ásholt
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Einholt
Flókagata

**2. kjördeild**
Grettisgata 90-98
Guðrúnargata
Gunnarsbraut
Háteigsvegur
Hátún
Hjálmholt
Hrefnugata
Höfðatún

**3. kjördeild**
Karlagata
Kjartansgata
Langahlíð
Laugavegur 103-178
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún
Mjölnisholt
Njálsgata 90-112
Nóatún

**4. kjördeild**
Rauðarárstígur
Samtún
Skaftahlíð
Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skipholt
Skúlagata 52-80

**5. kjördeild**
Snorrabraut oddatölur
Sóltún
Stakkholt
Stangarholt
Stórholt
Stúfholt
Úthlíð
Vatnsholt
Vífilsgata
Þverholt

## 4

### Hlíðaskóli

**1. kjördeild**
Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1-33

**2. kjördeild**
Drápuhlíð 34-48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1-31

**3. kjördeild**
Mávahlíð 32-48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Víðihlíð

## 5

### Laugardalshöll

**1. kjördeild**
Austurbrún
Álfheimar
Álftamýri 2-32

**2. kjördeild**
Álftamýri 33-75
Ármúli
Ásvegur
Barðavogur
Brekkulækur
Brúnavegur
Bugðulækur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund 2-72

**3. kjördeild**
Efstasund 73-100
Eikjuvogur
Engjateigur
Fellsmúli
Ferjuvogur
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Gullteigur

**4. kjördeild**
Háaleitisbraut
Hjallavegur
Hlunnavogur

**5. kjördeild**
Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrísateigur
Jökulgrunn
Kambsvegur
Karfavogur
Kirkjusandur
Kirkjuteigur
Kleifarvegur
Kleppsvegur 2-14

**6. kjördeild**
Kleppsvegur 16-144
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppsvegur Kleppur
Kleppur starfsmannahús

**7. kjördeild**
Langholtsvegur
Laugalækur
Laugarásvegur
Laugarnestangi

**8. kjördeild**
Laugarnesvegur
Laugateigur
Ljósheimar

**9. kjördeild**
Mörkin
Njörvasund
Norðurbrún
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalækur
Reykjavegur
Safamýri 11-34

**10. kjördeild**
Safamýri 35-95
Selvogsgrunn
Sigluvogur
Sigtún
Silfurteigur
Síðumúli
Skeiðarvogur
Skipasund 1-68

**11. kjördeild**
Skipasund 69-92
Snekkjuvogur
Sólheimar
Sporðagrunn
Starmýri
Suðurlandsbraut 16-62
Suðurlandsbraut Álfabrekka
Sundlaugavegur
Sunnuvegur
Súðarvogur
Sæviðarsund
Vesturbrún

## 7

### Borgaskóli

**1. kjördeild**
Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarimi
Breiðavík 1-16

**2. kjördeild**
Breiðavík 17-89
Brúnastaðir
Dísaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurimi
Flétturimi

**3. kjördeild**
Fróðengi
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarimi
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrimi

**4. kjördeild**
Hulduborgir
Hvannarimi
Jötnaborgir
Klukkurimi
Laufengi
Laufrimi
Ljósavík

**5. kjördeild**
Lyngrimi
Mosarimi
Mururimi
Reyrengi
Rósarimi
Smárarimi
Sóleyjarimi 1-23

**6. kjördeild**
Sóleyjarimi 33-123
Stararimi
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Viðarrimi
Vættaborgir
Æsuborgir

## 8

### Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

**1. kjördeild**
Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Brekkuhús
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Fannafold 1-157

**2. kjördeild**
Fannafold 158-251
Frostafold
Funafold
Funahöfði
Garðhús

**3. kjördeild**
Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklafold
Krosshamrar

**4. kjördeild**
Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

**5. kjördeild**
Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salthamrar
Sporhamrar
Stakkhamrar
Suðurhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlandsbraut Keldur

## 9

### Árbæjarskóli

**1. kjördeild**
Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleikjukvísl
Brautarás
Brekkubær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Dísarás
Eyktarás

**2. kjördeild**
Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-13

**3. kjördeild**
Hraunbær 14-110

**4. kjördeild**
Hraunbær 111-198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lindarvað
Lækjarás

**5. kjördeild**
Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað
Reyðarkvísl
Reykás 1-25

**6. kjördeild**
Reykás 26-49
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlandsbraut
Árbæjarsafn
Suðurlandsbraut Bakkakot
Suðurlandsbraut Hella
Suðurlandsbraut Hólmur
Suðurlandsbraut Litlaland
Suðurlandsbraut Reykhólar
Suðurlandsbraut Sólnes
Suðurlandsbraut Tungufell
Urriðakvísl

**7. kjördeild**
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

## 11

### Ölduselsskóli

**1. kjördeild**
Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkusel
Dalsel
Dynskógar
Engjasel 1-83

**2. kjördeild**
Engjasel 84-87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

**3. kjördeild**
Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógar
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1-48

**4. kjördeild**
Kambasel 49-85
Kleifarsel
Klyfjasel
Kögursel
Lambasel
Látrasel
Lindarsel
Ljárskógar
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel

**5. kjördeild**
Skriðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel
Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

## 12

### Ingunnarskóli

**1. kjördeild**
Andrésbrunnur
Biskupsgata
Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Gerðarbrunnur
Grænlandsleið
Gvendargeisli
Iðunnarbrunnur
Jónsgeisli

**2. kjördeild**
Kapellustígur
Katrínarlind
Kirkjustétt
Klausturstígur
Kristnibraut

**3. kjördeild**
Lambhagavegur
Laxalón
Lofnarbrunnur
Maríubaugur
Marteinslaug
Ólafsgeisli
Prestastígur
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Urðarbrunnur
Úlfarsbraut
Úlfarsfellsvegur
Vesturlandsbraut Engi
Vesturlandsbraut Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Grafarholt
Vesturlandsbraut Lundur
Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlandsbraut Tjarnarengi
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlandsbraut Víðimýri

**4. kjördeild**
Þorláksgeisli
Þórðarsveigur

## 13

### Klébergsskóli

**1. kjördeild**
Álfsnes
og önnur bæjarnöfn
Búagrund
Esjugrund
Furugrund
Helgugrund
Hofsbraut
Jörfagrund
Víkurgrund

# Göngum ábyrg til kosinga

Sveitastjórnarkosningar

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar



Kosningar til sveitarstjórna verðskulda alla okkar athygli. Á vettvangi þeirra er fjallað um málefni daglegs lífs og umhverfið næst okkur sem hefur áhrif á alla velferð og þróun.

Góð þátttaka í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna hefur verið aðalsmerki Íslendinga og við eigum ekki að láta það niður falla. Það er mikil óánægja, ósætti og reiði meðal fólks vegna þess sem misfarist hefur í stjórn þjóðmála á liðnum árum. Það er eðlilegt að menn vilji finna henni útrás við kjörborðið, en muna má einnig það sem hinir eldri sögðu við ungt ákafafólk í mínu ungdæmi að best væri að telja upp að tíu áður en reiðin fengi að stjórna orðum og gerðum.

Uppgjör, uppstokkun og endurreisn tekur tíma, og það er síður en svo að eindrægni ríki í samfélaginu um leiðir til þess að vinna Ísland út úr bankahruni og efnahagsáfalli.

Okkur er þó nauðugur einn kostur að taka á þeim vandamálum sem blasa við, ná tökum á fjármálum hins opinbera, einfalda kerfið í samræmi við fjárhagsgetu og endurreisa skuldsett atvinnulíf. Slík verkefni bíða sveitarfélaga um allt land.

> Síðustu misseri á Íslandi hafa fært okkur heim sanninn um að jafnaðarstefnan á erindi sem aldrei fyrr.

Sem betur fer er margt hæft fólk í framboði til sveitarstjórna og kjósendur ráða því í dag hverjir veljast til vandasamra ábyrgðar- og trúnaðarstarfa fyrir þeirra hönd næstu fjögur árin. Undan dómi kjósenda verður ekki vikist og sveitarstjórnarmönnum ber skylda til þess að vinna úr þeim pólitíska efnivið sem kjörið færir þeim. Sveitarstjórnir verða ekki rofnar á kjörtímabilinu og efnt til kosninga eins og möguleiki er að gera í landsmálum.

Minn flokkur, Samfylkingin, hefur í aðdraganda kosninga lagt fram skýrar tillögur í atvinnumálum þar sem áhersla er lögð á mannaflsfrekar framkvæmdir og flýtingu viðhaldsframkvæmda. Sérstaklega hefur atvinnustefna Samfylkingarinnar í Reykjavík vakið verðskuldaða athygli. Það er skynsamleg hagstjórnarstefna við núverandi aðstæður sem er í takt við áherslur okkar í ríkisstjórn. Atvinna og atvinnuþróun eru lykill að því að við getum tryggt velferð í dag og menntun barnanna okkar sem móta mun atvinnulíf framtíðarinnar.

Á þessu ári er Samfylkingin, sameiningarafl jafnaðarmanna, 10 ára. Flokkurinn heldur fram gildum sígildrar jafnaðarstefnu um jafnrétti, frelsi og bræðralag. Síðustu misseri á Íslandi hafa fært okkur heim sanninn um að jafnaðarstefnan á erindi sem aldrei fyrr.

Göngum ábyrg til kosninga í dag og veljum forystu sveitarfélaganna til næstu fjögurra ára.

# Sekur um bjartsýni

Sveitastjórnakosningar

Árni Sigfússon
bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ



Ég er stoltur af því að við sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ höfðum forgöngu um að kaupa meirihluta í HS veitum og bæjarbúar eiga nú 67% í hitaveitunni.

Ég er stoltur af því að með meirihlutaeign í hitaveitunni, HS veitum, stjórnum við bæði magni og verði á heitu og köldu vatni til íbúa og fyrirtækja, enginn annar.

Ég er stoltur af því að við höfðum forgöngu um að Reykjanesbær hefur keypt land og auðlindir undir virkjunum á okkar svæði til að tryggja að þær séu í höndum íbúa.

Ég er stoltur af því að við höfum haft forgöngu um forvarnir sem skapa fleiri börnum í Reykjanesbæ heilbrigði og hamingju.

Ég er stoltur af því að standa með þeim sem minna mega sína og búa þeim skjól í okkar bæjarfélagi.

Ég er stoltur af árangri íbúa Reykjanesbæjar í íþróttum og aðstöðu íþróttafélaga sem við höfum skapað saman. Tónlist og menning blómstrar í bænum

Ég er stoltur af því að við höfum umbreytt umhverfi Reykjanesbæjar og skapað með því lífsgæði sem allir bæjarbúar geta notið, óháð efnahag og stöðu.

Ég er stoltur af því að þrátt fyrir alvarlegan atvinnumissi við brotthvarf varnarliðsins og mikla varnarbaráttu fyrir íbúa Reykjanesbæjar, skuli eignir bæjarins vera 11 þúsund milljónir kr. umfram skuldir.

Ég er stoltur af því að hafa staðið að atvinnuverkefnum sem geta skilað þúsundum manna vel launuðum störfum og styrkt fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar.

Ég er stoltur af því að hafa staðið gegn andróðri margra stjórnmálaafla sem hafa ráðist á Reykjanesbæ og snúið staðreyndum í þeim eina tilgangi að fella D-lista sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ

Ég er stoltur af íbúum Reykjanesbæjar sem hafa staðið með mér gegn andróðursöflum og barist við hlið mér til að afla alþýðu manna betur launaðra starfa og skapa betra samfélag.

Ég er stoltur af því að kannanir fyrir þessar kosningar sýna að 65% íbúa kjósa að ég verði bæjarstjóri þeirra eftir kosningar.

Ég er stoltur af því að hafa helst til sakar unnið, að mati andróðursafla, að vera bjartsýnn á framtíðina.

Ég geng stoltur með íbúum Reykjanesbæjar til kosninga í dag til að merkja X við D – velja bjarta framtíð fyrir Reykjanesbæ.

Sveitarstjórnarkosningar

Einar Skúlason
oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík



# Þú kýst ekki eftir á

Á morgun verður kosið til borgarstjórnar Reykjavíkur til næstu fjögurra ára. Ný hugsun og endurnýjun í íslenskum stjórnmálum er nauðsynleg og því býð ég mig fram á endurnýjuðum lista Framsóknar og heiti því að vinna af heiðarleika og ábyrgð fyrir ykkur borgarbúa allt kjörtímabilið.

Atvinnumálin skipta okkur framsóknarmenn miklu máli. Við viljum að borgin sé ákjósanlegur valkostur fyrir stór og smá fyrirtæki sem vilja hasla sér völl og stækka. Þannig minnkar atvinnuleysi, tekjur aukast og útgjöld minnka án þess að skattar og gjaldskrár hækki umfram verðlag.

Með skynsamlegri fjármálastjórn og markvissri forgangsröðun, þar sem viðkvæmustu hópar samfélagsins eiga að njóta forgangs, á borgin að geta sinnt velferðar-, skóla-, dagvistunar- og umhverfishlutverki sínu með sóma.

Það er ekki sjálfsagt að þetta mikilvæga verkefni takist vel. Það er því mikilvægt að fulltrúar öfgalausrar miðjustefnu og samvinnu hafi sterka rödd í borgarstjórn og komi að úrlausn vandamála og uppbyggingu í þágu borgarbúa. Þú getur lagt þitt af mörkum með því að mæta á kjörstað og setja X við B í Reykjavík á morgun.

# Borgin þarf Vinstri græn

Borgarstjórnarkosningar

Sóley Tómasdóttir
oddviti Vinstri grænna í Reykjavík



Kjósendur í Reykjavík ganga að kjörborðinu í dag og kjósa um hugmyndafræði, sem verður ríkjandi í borginni næstu fjögur ár. Þetta er óskýrt hjá sumum flokkum sem vilja jafnvel ekki kenna sig við neina hugmyndafræði.

Hún er samt alltaf til staðar. Ákvörðun um að færa auðlindir borgarbúa í hendur útrásarvíkinga byggir á hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins eins og stækkun golfvallar á sama tíma og velferðarmál eru skorin niður. Okkar hugmyndafræði gengur út á að verja almannafyrirtæki og auðlindir þjóðarinnar – og forgangsraða velferð á undan golfvöllum.

Eftir farsakennt kjörtímabil í borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn var til í allt, eru borgarbúar dauðþreyttir. Hugmyndafræði er bannorð og stjórnmálin mega helst ekki snúast um neitt.

En að flýja pólitík er eins og að flýja morgundaginn. Pólitík er alls staðar og kjósendur eiga rétt á að vita fyrir hvað flokkar standa.

Það er pólitík að tryggja aðgang að hreinu neysluvatni. Það er pólitík að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu. Leik- og grunnskólar og almenningssamgöngur eru pólitík, eins og fjárhagsaðstoð, sorpflokkun og gæði andrúmsloftsins. Því lífsgæði borgarbúa eru háð þeirri hugmyndafræði sem ræður ríkjum í ráðhúsinu hverju sinni.

Verkefni næsta kjörtímabils eru risavaxin, vegna þess að sameiginlegir sjóðir okkar hafa verið rýrðir í þágu hugmyndafræði frjálshyggju og afskiptaleysis. Sameiginlegi sjóðurinn okkar er bæði fjármagnaður og nýttur af okkur öllum – við leggjum í hann eftir getu og tökum úr honum eftir þörfum. Skattagrýlan er ekki ljótari en svo.

Eftir óábyrga fjármálastjórn frjálshyggjuafla verðum við að grípa til aðgerða. Borgarsjóður stendur ekki af sér óbreytta þjónustu án þess að tekjur aukist. Til þess eru tvær leiðir: Gjaldskrárhækkanir eða útsvarshækkun.

Augljóst er hvor leiðin er sanngjarnari – gjaldskrárhækkanir leggjast flatt á notendur þjónustunnar, en útsvarshækkun krefst meira af tekjuháum en tekjulágum.

Óábyrg fjármálastjórn hefur ekki aðeins sett velferðarkerfið í hættu. Almannafyrirtæki riða líka á barmi gjaldþrots. Hrægammar sveima yfir landinu og hafa þegar krækt í feitan bita á Suðurnesjum.

Orkuveita Reykjavíkur má aldrei lenda í höndum einkaaðila, hún er undirstaða lífsgæða okkar. Orkuveitan á ekki aðeins að vera í eigu almennings, heldur einnig undir stjórn hans. Öðruvísi verða hagsmunir borgarbúa ekki tryggðir.

Eftir hrunið stendur hugmyndafræði Vinstri grænna ósködduð. Við megum vera stolt. Félagslegt réttlæti, kvenfrelsi og umhverfisvernd á erindi í stjórnmálin nú sem þá – og raunar meira ef eitthvað er.

Við Vinstri græn þorum að glíma við erfiðar aðstæður og erfið verkefni. Við þorum að setja mál á dagskrá – og takast á við kröfuharða sérhagsmunahópa – og halda fram hagsmunum heildarinnar.

Borgin þarf á Vinstrihreyfingunni – grænu framboði að halda. Nú sem aldrei fyrr.

# Þetta er Framsókn

Sveitastjórnakosningar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins



Ef lýðræði á að virka þarf að gera upp á milli flokka. Að undanförnu hefur varla verið talað um stjórnmál öðruvísi en að skella stjórnmálaflokkum saman í einn hóp sem nefndur er fjórflokkurinn eða stjórnmálastéttin. Ef mönnum er alvara með að stjórnmál þurfi að breytast og batna þarf hins vegar að aðgreina fólk og flokka og meta hverjir eru að þróast í rétta átt.

> Ef mönnum er alvara með að stjórnmál þurfi að breytast og batna þarf hins vegar að aðgreina fólk og flokka og meta hverjir eru að þróast í rétta átt.

**Trú á stjórnmálin**

Ég hafði sjálfur misst trú á stjórnmálum og ákveðið að halda mig fjarri þeim. Ég skil því vel fólk sem hefur efasemdir nú. Við efnahagshrunið varð hins vegar ljóst að stjórnmálin þyrftu að leysa vandann sem stjórnmál höfðu átt þátt í að skapa. Frá því að ég sneri mér að stjórnmálum hef ég kynnst hundruðum framsóknarmanna um allt land sem eiga það sameiginlegt að vera reiðubúnir til að fórna frítíma sínum og leggja á sig ómælda vinnu til að gera samfélagið betra fyrir aðra. Fólk með brennandi réttlætiskennd og sterka framtíðarsýn.

**Grasrótin tekur völdin**

Þetta er grasrótin sem stóð fyrir mestu endurnýjun í sögu íslenskra stjórnmála og þurfti ekki að bíða eftir niðurstöðum rannsókna til að sjá að samfélagið hefði farið út af sporinu og róttækar aðgerðir þyrfti til að finna aftur gildin sem samfélag þarf að byggjast á og verið hafa grunngildi flokksins.

Grasrótin krafðist þess að flokkurinn mundi ekki gera það sem væri best fyrir flokkinn á hverjum tíma heldur best fyrir landið og byggja endurreisnina á rökum og fagmennsku sem ekki væri háð sínum flokki eða öðrum.

**Samvinna**

Í öllum málum hafa framsóknarmenn verið reiðubúnir að vinna að góðum tillögum sama hvaðan þær hafa komið og leitað að hugmyndum og ráðgjöf utan flokks ekki síður en innan. Í landsmálunum vörðum við minnihlutastjórn í þeirri trú að allir væru að vinna að sömu hagsmunum og höfum iðulega lagt áherslu á samstarf ólíkra flokka í þinginu. Í sveitarstjórnarmálum hafa menn lýst sig reiðubúna til að taka þátt í að leysa vanda annarra þótt þægilegast hefði verið að sitja á hliðarlínunni. Í Borgarbyggð hefðu framsóknarmenn t.d. getað setið hjá án þess að taka ábyrgð. Þess í stað buðust menn til að leggjast á árarnar og taka þátt í erfiðum ákvörðunum.

**Þetta er Framsókn**

Þetta er fólkið sem hleypur inn í brennandi hús þegar aðrir hlaupa út, fólkið sem gerir þá kröfu til sjálfs sín og annarra að hagsmunir samfélagsins séu settir ofar flokkshagsmunum, fólkið sem finnst skipta meira máli hvað menn gera en hvað þeir segja, þetta er Framsókn.

Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...



# Ólafur og Kolbrún leiða H-lista framboð um heiðarleika

HREINSKILNI - UMHYGGJA - RÉTTLÆTI

# Helstu stefnumál H-listans:

- Forgangsröðun í þágu velferðar og öryggis borgarbúa
- Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni
- Stöðvun rándýrra framkvæmda sérstaklega Orkuveitunnar sem þjóna undir erlend málmbræðslufyrirtæki.
- Tryggt skal að eigur og auðlindir almennings lendi ekki í höndum einkaaðila.
- Forgangsröðun en ekki skattahækkanir, nema á stóreignarfólk og erlend málmbræðslufyrirtæki.
- Lækkun fasteignagjalda fyrir aldraða og öryrkja svo að þeir geti búið sem lengst á sínum heimilum
- Efling heimahjúkrunar og heimaþjónustu.
- Tekið verði á íbúðarmálum borgarbúa m.a. með fjölgun leiguhúsnæðis.
- Lækkun eða niðurfelling gjaldskrár fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.
- Endurskoðun framkvæmda á Tónlistar-og ráðstefnuhúsi við höfnina.
- Menningar- og náttúruverðmæti borgarbúa verði höfð í heiðri og nýtt með sjálfbærum og gjaldeyrisskapandi hætti.
- Ferðaþjónusta og nýsköpunnarverkefni verði stórefld.
- Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Efling almenningssamgangna.
- Frítt í strætó fyir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.
- Íbúalýðræði verði eflt verulega.
- 30 km. hámarkshraði í öllum hverfum borgarinnar
- Styrkir til stjórnmálasamtaka og stjórnmálamanna verði feldir niður og óheimilt verði að þigga kosningastyrki.
- Eitt samfélag fyrir alla.




# Í dag ræður þú

Borgarstjórnarkosningar



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
borgarstjóri

Í dag göngum við til kosninga og veljum borgarstjórn til næstu fjögurra ára. Viðfangsefni borgarstjórnar eru afar mikilvæg og hafa bein áhrif á líf allra borgarbúa á degi hverjum. Skólarnir okkar, leikskólarnir, þjónusta við eldri borgara – allt verður þetta að virka og vera í góðu lagi. Þess vegna eru þessar kosningar mikilvægar, við eigum svo mikið undir því að okkar nánasta umhverfi sé í lagi, ekki síst fyrir þau sem standa hjarta okkar næst.

Ég er stolt af störfum mínum sem borgarstjóri. Við höfum náð miklum árangri. Ég hef beitt mér fyrir nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum og lagt mig fram um að vinna vel með öllum, sama úr hvaða flokki þeir koma. Þessi nýju vinnubrögð hafa skilað farsælum lausnum og árangri fyrir borgarbúa, enda er í mínum huga enginn vafi á því að þannig njóti borgarbúar betur krafta allra borgarfulltrúa en þegar hver höndin er upp á móti annarri.

Skattar hafa ekki verið hækkaðir en þrátt fyrir það stendur borgin sterk fjárhagslega og íbúar geta verið öruggir um að njóta áfram þeirrar grunnþjónustu sem þeir hafa vanist. Borgarsjóður hefur verið rekinn hallalaus. Þessi trausta staða skiptir miklu fyrir börnin okkar og framtíðina. Við höfum forgangsraðað í þágu barna og velferðarþjónustu í borginni. Við höfum tryggt öllum börnum sem verða tveggja ára á árinu leikskólapláss og öllum grunnskólabörnum þjónustu á frístundaheimilum. Að auki eru leikskólagjöld, frístundaheimilisgjöld og matargjöld í grunnskólum með þeim lægstu á höfuðborgarsvæðinu.

Ég er stolt af því að Reykjavíkurborg hefur haldið uppi framkvæmdum, sem veita fjölda fólks atvinnu og stutt við atvinnuskapandi verkefni. Á þessu ári verður framkvæmt fyrir 26 milljarða á vegum Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar en til samanburðar má nefna að ríkið framkvæmir á sama tíma fyrir 18 milljarða.

Ég vona að í dag verði kosið um þessi góðu verk. Reykvíkingar eiga það skilið að hagsmunir þeirra og framtíð séu meginverkefni þessara kosninga.

> Ég hef beitt mér fyrir nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum og lagt mig fram um að vinna vel með öllum, sama úr hvaða flokki þeir koma.

Ég hvet Reykvíkinga til að mæta á kjörstað í dag og bið um stuðning til að gegna áfram störfum borgarstjóra. Atkvæði greitt Sjálfstæðisflokknum er atkvæði til þess og stuðlar að enn frekari árangri, sátt og stöðugleika. Þannig getum við haldið áfram að vinna saman í þágu allra borgarbúa.

# Atvinnan skiptir öllu máli

Borgarstjórnarkosningar



**Dagur B. Eggertsson**
oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík

Kæri borgarbúi!

Í dag er kosið í Reykjavík. Kosningabaráttan hefur verið stutt en áherslurnar eru skýrar. Við í Samfylkingunni viljum að borgin beiti sér af fullu afli gegn atvinnuleysinu. Ástæðan er sú að ef atvinnuleysið fær að aukast þá þarf að skera niður þá þjónustu sem borgin veitir og hækka skatta eða gjaldskrár, til dæmis á leikskólum.

Atvinnan er grunnurinn að öllu hinu. Við höfum lagt fram útfærða aðgerðaráætlun sem virkaði í Árósum og í kreppunni miklu í Bandaríkjunum. Við viljum flýta framkvæmdum, leggja áherslu á viðhaldsverkefni við skóla, leikskóla, þjónustumiðstöðvar aldraðra, sundlaugar og uppbyggingu í hverfum borgarinnar. Við verðum að skapa fjölbreytt störf fyrir ungt fólk og koma af stað fjárfestingu. Þannig komum við vinnufúsum höndum til starfa.

Í skólamálum leggjum við áherslu á að stöðva niðurskurðinn og standa vörð um faglegt starf. Vanlíðan stráka er aðkallandi vandamál sem þarf að veita miklu meiri athygli og einnig þarf að tryggja að ekkert barn sé án hollra skólamáltíða vegna fjárhagsstöðu foreldra.

> Við verðum að skapa fjölbreytt störf fyrir ungt fólk og koma af stað fjárfestingu. Þannig komum við vinnufúsum höndum til starfa.

Samfylkingin sættir sig ekki við sístækkandi raðir eftir matargjöfum hjálparstofnana. Við viljum hækka grunnframfærslu til þeirra sem hafa minnst á milli handanna.

Við viljum líka styrkja frístundakort barna svo ekkert barn hrekist úr íþróttum eða æskulýðsstarfi vegna efnahags. Í þriðja lagi þarf af fjölga öruggum valkostum í húsnæðismálum með því að koma upp almennum leigumarkaði í Reykjavík.

Þessi metnaðarfulla stefna er afrakstur hugmyndavinnu undanfarinna missera sem hefur meðal annars farið fram á tugum heimafunda um alla borg og á Reykjavíkurþingi. Allt er þetta nýbreytni í stefnumótun stjórnmálaflokka í borginni.

Kæru kjósendur. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur hugmyndirnar sem við berjumst fyrir og veita okkur umboð til að hrinda þeim í framkvæmd. Á framboðslista Samfylkingarinnar er úrvalsfólk sem ég er stoltur af enda góð blanda af endurnýjun og reynslu. Þetta er kraftmikill hópur með mikla þekkingu á verkefnum Reykjavíkurborgar. Ég vona að við fáum þinn stuðning.

# Ó, borg mín borg!

Borgarstjórnarkosningar



**Jón Gnarr**
oddviti Besta flokksins í Reykjavík

Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Hún mótaði mig og gerði að því sem ég er í dag. Pabbi var lögga. Mamma vann í mötuneyti Borgarspítalans. Ég safnaði peningum með tombólum, til að láta gott af mér leiða og fá mynd af mér í Vísi. Ég var í Réttó. Ég naglhreinsaði mótatimbrið utan af Seðlabankabyggingunni. Ég fór á tónleika í Hafnarbíó. Ég vann í Hampiðjunni. Ég fór í Iðnó og þar heillaðist ég af leiklistinni.

Ég hef labbað yfirbugaður af ástarsorg frá Lækjartorgi uppí Breiðholt. Ég hef grátið í strætó. Mér fannst ég ekkert vita eða geta fyrstu vaktina mína hjá Bæjarleiðum. Það var erfitt að viðurkenna að ég rataði ekki á Óðinsgötu. En ég fékk hjálp frá „Stöðinni" og smátt og smátt lærði ég að bjarga mér.

Síðustu ár hefur það verið atvinna mín að gleðja fólk með gamanleik en þrátt fyrir það hefur líf mitt ekki verið tómur fíflagangur. Ég hef alið upp fimm börn í þessari borg og þar af er eitt á leikskólaaldri í dag. Ég hef verið með langveikt barn. Ég hef verið atvinnulaus. Ég hef fylgt öldruðum foreldrum mínum í gegnum heilbrigðiskerfið og öldrunarþjónustuna. Ég hef jarðað föður minn og trillað mömmu minni um borgina í hjólastól. En þrátt fyrir erfiðleika hefur þessi borg alltaf séð vel um mig þegar ég hef sýnt áhuga og frumkvæði. Þá hef ég bjargað mér með útsjónarsemi og dugnaði.

Borgin okkar er alltaf að stækka og breytast. Sem krakki fór ég með pabba mínum að tína svartbaksegg uppí Grafarvog. Seinna bjó ég þar. Ég hef fylgst með nýjum hverfum verða að grónum hverfum. Ég elska þessa borg og vil endurgjalda henni allt það sem hún hefur gefið mér. Undanfarin ár finnst mér rangur hugsunarháttur hafa ráðið hér ríkjum. Mér hefur sárnað að horfa uppá það og afleiðingarnar. Mér finnst að ljótir og virðingarlausir hlutir hafi verið gerðir. Hagsmunir borgaranna hafa vikið fyrir hagsmunum einhverra annarra. Tækifæri hafa verið vannýtt. Þess vegna stofnaði ég Besta flokkinn og fékk til liðs við mig fólk sem ég þekki, virði og treysti. Það er fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins.

> Ég elska þessa borg og vil endurgjalda henni allt það sem hún hefur gefið mér.

Reykjavík getur orðið fallegri og skemmtilegri borg sem hefur allt af eitthvað nýtt og óvænt að bjóða upp á. Gott gengi Besta flokksins í borgarstjórnarkosningunum getur markað nýtt upphaf í sögu borgarinnar.

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 1. júní

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**MATSFRÆÐI**

**PEDAGOGISTA**

**HUGVERKARÉTTUR**

**ÞVERFRÆÐILEGT NÁM Í KYNFRÆÐI**

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

Umsagnir fyrrum nemenda:

„Eitt það besta við nám í Endurmenntun er að einungis er tekið fyrir eitt fag í einu og það klárað áður en næsta fag hefst. Ekki skemmir að andinn hjá Endurmenntun er frábær hvort sem er hjá nemendum eða starfsmönnum sem maður þarf að leita til.“

**Laufey Sigurðardóttir, útskrifuð úr Gæðastjórnun**

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru í fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni.“

**Íris Sveinsdóttir, útskrifuð úr Leiðsögunámi á háskólastigi**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

# Verðum aldrei útibú

**Magnús Árni Magnússon** tekur við stöðu rektors Háskólans á Bifröst eftir viku. ***Stígur Helgason*** ræddi við Magnús um framtíð skólans, háskólaumhverfið á Íslandi og kröfur um hagræðingu.

*Þú ert að fara að taka við rektorsstarfi á miklum óvissutímum. Það liggur fyrir að sameiningarhugmyndir eru ræddar af fullri alvöru í stjórnkerfinu og það virðist ekki einu sinni vera víst að Háskólinn á Bifröst verði enn til eftir nokkur misseri. Er þetta ekki dálítið sérstök staða?*

Ég er í sjálfu sér ekki eins svartsýnn á framtíð Háskólans á Bifröst og þessi spurning gefur til kynna. Skólinn er stofnaður 1918 og hefur farið í gegnum margar kreppur og mörg góðæristímabil og alltaf haft sama hlutverkið: að mennta stjórnendur og leiðtoga fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Hann hefur lagað sig að því umhverfi sem hann hefur þurft að vinna í á hverjum tíma.

Árið 1998 héldu til dæmis allir að dagar hans væru taldir þegar, með einu pennastriki í menntamálaráðuneytinu, framlög til hans voru lækkuð um helming. Hann hafði verið sá skóli sem hafði fengið frá ríkinu hvað hæst framlög á hvern nemanda en með einu pennastriki var því breytt í að allir skólar fengu jafnt á hvern nemanda. Bifröst brást við með því að taka upp skólagjöld og gat þannig bætt skaðann sem þar varð, þannig að þeir sem vildu fara á Bifröst og njóta þeirrar sérstöku og einstöku kennslufræði sem þar var í boði greiddu hluta þess kostnaðar úr eigin vasa.

Skólinn er sveigjanlegur – hann er sjálfseignarstofnun – það getur enginn sagt okkur að leggja okkur niður eða sameinast. Það eina sem hægt er að gera er að breyta þeim strúktúr sem fjárframlög til okkar frá ríkinu byggja á og þegar stjórnvöld skoða hvað er þarna í húfi og hvað er búið að byggja upp og hugsa málið gaumgæfilega þá sé ég ekki fyrir mér að Háskólinn á Bifröst verði látinn hætta með þeim hætti.

Og ég vil bæta því við að skólinn stendur ákaflega vel fjárhagslega. Hann á allar sínar skólabyggingar sjálfur og er í sjálfu sér líka minna upp á fjárlög ríkisins kominn en flestir aðrir háskólar á Íslandi. Þannig að við óttumst ekkert eins og staðan er í dag.

*Munt þú sem rektor gera einhverjar breytingar á Bifröst eða muntu halda áfram á sömu braut?*

Ég held að skóli eins og Bifröst hafi lifað af öll þessi ár af því að hann hafi verið tilbúinn til þess að leiða breytingar í íslensku menntakerfi. Nú eru auðvitað, eins og þú bendir réttilega á, óvissutímar og ég held að við verðum að skoða allar leiðir í þeim efnum og ég kem til starfsins með opnum huga, þó algjörlega bjargfastur í þeirri trú að skólinn eins og hann er í dag sé í sjálfu sér góð stofnun og fín. Það er ákveðinn kjarni í þessum skóla sem ég held að sé mjög mikilvægur í flóru íslensks háskólasamfélags og það verður að passa upp á hann. En að sama skapi vera tilbúinn til að skoða hverju má breyta til batnaðar.

*En það er ekkert sem liggur fyrir að þú munir taka til gagngerrar endurskoðunar?*

Ég er náttúrlega ekki búinn að taka við og ég mundi bara vilja gera það í samráði við þetta góða fólk sem þarna vinnur. En hins vegar, í ljósi þessarar heimskreppu sem við erum að ganga í gegnum, þá get ég séð fyrir mér að skólinn þurfi að leggja meiri áherslu á það að verða sínu nærsamfélagi til gagns og koma með öflugri hætti að uppbyggingu atvinnulífs á Vesturlandi, og í rauninni á öllu Norðvesturlandi. Ég sé fyrir mér að efla til mikilla muna samstarfið við sveitarfélög og atvinnulíf á þessu svæði.

*Geturðu skýrt nánar hvernig þú hugsar það?*

Ég sé fyrir mér að skólinn geti komið að því að styðja við frumkvöðlastarfsemi á landsbyggðinni og þjóna sérstaklega því hlutverki að vera faglegur og menntunarlegur bakhjarl þess svæðis sem hann tilheyrir. Milli 50 og 60 prósent af nemendum okkar hafa verið frá höfuðborgarsvæðinu en næststærsti hópurinn hefur verið af Vesturlandi. Við erum mjög stolt af því að við skulum fá fólk úr landshlutanum í nám til okkar, en skólinn má ekki bara sækja fólk til sín, hann þarf líka að koma út í byggðirnar og ég held að skólinn muni núna á næstu mánuðum fá meiri „presens“ í sveitarfélögunum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi.

*Nú ert þú að taka við einkareknum háskóla á tímum þegar vinstri stjórn er við völd í landinu. Heldurðu að stjórnvöldum sé mjög umhugað um að hlúa að einkareknum háskólum?*

Ég hef ekki fundið neitt annað en velvilja og stuðning frá þeim sem skipta máli fyrir umhverfi háskólanna. Mér finnst til dæmis menntamálaráðherra vera mjög jákvæður í okkar garð. Nú verð ég að taka það fram að ég hef svo sem ekki hitt hana sem rektor enn þá, en af því sem hún hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum get ég ekki séð að það andi neitt köldu til þessara háskóla, enda spyr ég nú bara: hvers vegna í ósköpunum ætti það að vera? Bifröst er búin að vera til í næstum heila öld og ég tel að hún hafi sannað gildi sitt og tilverurétt í íslensku samfélagi. Ég held að það hvaða ríkisstjórn er við völd eigi ekki að breyta neinu um það.

*Á Íslandi eru starfandi sjö háskólar. Finnst þér það ekki of mikið? Er ekki alveg ljóst að með því að dreifa kröftunum svo víða þá fara peningar til spillis?*

Hvaða peningar fara til spillis? Það er spurningin. Í sjálfu sér er ekkert dýrara, og í raun hagkvæmara fyrir ríkið, að mennta nemendur á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík heldur en í Háskóla Íslands. Þessir tveir háskólar eru, þegar allt er skoðað, að fá minni framlög á hvern nemanda en Háskóli Íslands. Síðan bjóða þessir skólar upp á aðra aðferðafræði en Háskóla Íslands í kennslu. Þeir kenna greinar sem mjög margir sækja í – fleiri þúsund nemendur á hverjum tíma – og það er ekkert athugavert við það að þær séu kenndar á fleiri en einum stað á Íslandi, alveg eins og að það eru 35 framhaldsskólar á Íslandi.

Svo er þessi umræða um háskólana sjö líka dálítið villandi, því að í samanburðinum er horft á fjölgreina rannsóknarháskóla, skóla sem oft eru með 20, 30, 40 þúsund nemendur, og menn eru að bera þá saman við pínulitlar stofnanir á háskólastigi sem eru allt annað „konsept“. Skóla sem eru að kenna kannski eina eða tvær greinar. Háskólinn á Bifröst er svona; sérhæfður félagsvísindaskóli sem kennir þrjár greinar; lögfræði, almenn félagsvísindi og viðskiptafræði. Þannig að hann er auðvitað ekki sambærilegur við risastóra fjölgreinaháskóla eins og Háskóla Íslands. Það sama má segja um flesta aðra háskóla á Íslandi. Þeir eru mjög sérhæfðir og eru í rauninni bara litlar stofnanir á háskólastigi.

Ef við horfum á höfðatöluna og berum hana saman við það sem sést í Bandaríkjunum þá er þetta mjög svipað og þar. Þar eru hátt í 6.000 stofnanir á háskólastigi og þeir eru um 300 milljónir, þannig að það er sambærilegt við það ef við værum með sex stofnanir á háskólastigi. Það er eins og ég segi: Það er ekki hægt að bera þessa smærri skóla saman við Háskóla Íslands. Þeir eru ekki ljósrit af Háskóla Íslands.

*Það liggur fyrir að það þarf að spara ansi mikið í háskólakerfinu á Íslandi. Stjórnvöld tala um þrjátíu prósent á þremur árum. Félag prófessora við ríkisháskóla hefur komið fram með afar róttækar tillögur um að Háskóli Íslands taki yfir stærstan hluta kennslu í einkaháskólum á Íslandi. Þessu hafið þið mótmælt harðlega og fært fram rök fyrir þeirri afstöðu. En hvernig sjáið þið fyrir ykkur að það væri hægt að ná fram þessari hagræðingu?*

Ég get í sjálfu sér ekki svarað fyrir Háskóla Íslands eða aðra háskóla, en við á Bifröst höfum hagrætt mikið á undanförnum árum og erum í sjálfu sér alveg í stakk búin til að takast á við þrengingar. En ef þú ert að tala um hvernig eigi að spara í háskólakerfinu í heild þá gerist það ekki endilega með því að stofnanir séu sameinaðar, vegna þess að framlög ríkisins fylgja nemendum og það kostar alveg jafnmikið eða meira fyrir ríkið að mennta nemendur í Háskóla Íslands og í Háskólanum á Bifröst. Þau útlát myndu ekki hverfa með því að sameina skólana.

Nú veit ég ekki hversu stór hluti af útgjöldum Háskóla Íslands er til stjórnsýslu eða annarra slíkra þátta, en þar eru hugsanlega tækifæri fyrir þennan stóra skóla til að hagræða hjá sér. Við á Bifröst höfum auðvitað horft fyrst til þess að hagræða þar og látum hagræðinguna bitna síðast á kennslunni og þjónustunni við nemendur. En svo eru auðvitað líka fjöldamörg tækifæri fyrir íslenskt háskólasamfélag til að sækja sér rannsóknarstyrki til útlanda sem við höfum ekki verið að nýta okkur sem skyldi. Þar eru klárlega tækifæri til að vinna meira saman og ég sé fyrir mér að þessir skólar komi til með að gera meira af því. Og hugsanlega mætti líka sjá fyrir sér hagræðingu með því að menn vinni meira saman í tengslum við stoðþjónustu, svo sem eins og öryggisgæslu, ræstingar, húsnæðismál, viðhald, nemendaskráningu og alls konar slíka hluti.

*Hafið þið rætt slíkar hugmyndir?*

Ja, gleymum því ekki að síðasta vetur fóru í raun fram sameiningarviðræður á milli Háskólans

> Það mundi ekki stranda á okkur á Bifröst að taka þátt í einhverju samstarfi ef það væru uppi hugmyndir sem okkur litist vel á í þeim efnum.



## Lýkur doktorsnámi í stjórnmálafræði í ár

**Magnús Árni Magnússon** er 42 ára, með BA-gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands, meistaragráðu í hagfræði frá háskólanum í San Francisco, meistaragráðu í Evrópufræðum frá Cambridge og stefnir á að ljúka doktorsnámi í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands á þessu ári.

Magnús kenndi fyrst við Háskólann á Bifröst árið 2000. Ári síðar varð hann aðstoðarrektor við skólann og gegndi því starfi til ársins 2006 samhliða kennslu og deildarforsæti viðskipta- og félagsvísindadeilda.

Árið 2006 réði Magnús sig til Capacent og starfaði þar í tvö ár, þar til hann tók við sem framkvæmdastjóri Skóla skapandi greina hjá Keili. Ári síðar, í maí 2009, var hann ráðinn forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Magnús Árni er kvæntur Sigríði Björk Jónsdóttur og eiga þau fjögur börn.

í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Listaháskólans. Þær náðu ekki lengra að því sinni en þær voru hugsanlega fyrsta skrefið í þá átt í íslensku háskólasamfélagi. Ég hlakka bara til að koma mér inn í það. Ég er ekkert farinn að ræða af viti við rektora annarra háskóla en það mundi ekki stranda á okkur á Bifröst að taka þátt í einhverju samstarfi ef það væru uppi hugmyndir sem okkur litist vel á í þeim efnum.

Hins vegar verður að taka það mjög skýrt fram að við myndum aldrei fallast á það að Háskólinn á Bifröst yrði útibú frá öðrum háskóla eða einhver útstöð sem væri nýtt í endurmenntunarhelgar eða eitthvað slíkt. Við teljum að hin 50 ára saga skólans á þeim stað sem hann er núna sýni fram á að það sé vel hægt að reka skóla á þessum stað, og að það sé í rauninni skemmtilegt, skynsamlegt og að mörgu leyti hagkvæmt.

*Þú nefndir áðan ríkisstyrkina sem fylgja nemendum. Er eðlilegt að einkareknir háskólar njóti sömu ríkisstyrkja á hvern nemanda og ríkisháskólar, og geti síðan innheimt skólagjöld að auki? Væri ekki tilvalið fyrir ríkið að spara þar?*

Þetta er einmitt spurning sem maður heyrir oft, en svarið við henni er auðvitað bara jafnrétti nemenda. Peningarnir fara ekki í skólana heldur fylgja nemandanum. Þeir fylgja þér sem íslenskum ríkisborgara, sem hefur val um að nema á mismunandi stöðum. Nú er til dæmis gott að vera með börn á Bifröst, leikskólinn er þarna við hliðina og samfélagið heldur utan um barnafólk og er því hliðhollt. Þessi nemandi á þess kannski ekki kost að vera í hefðbundnu námi við Háskóla Íslands og kýs að fara á Bifröst. Af hverju í veröldinni ætti ríkið að borga minna með honum en þeim sem getur, félagslegra aðstæðna sinna vegna, verið í námi í Háskóla Íslands? Þessi nemendi er svo tilbúinn til að leggja fram aukalega peninga úr sínum eigin vasa til að njóta þessarar þjónustu.

Ég spyr miklu frekar: Af hverju fær Háskóli Íslands ekki tækifæri til að taka hófleg skólagjöld til að renna styrkari stoðum undir sína starfsemi? Því skólagjöld eru, þegar upp er staðið, minnsti kostnaðurinn við nám sem nemandi leggur út í.

*Finnst þér ekki mikilvægt að það sé til staðar háskóli sem stendur öllum til boða óháð því hvað þeir hafa á milli handanna?*

Bifröst stendur öllum til boða óháð því hvað þeir hafa á milli handanna vegna þess að við erum með ákaflega öflugt námslánakerfi á Íslandi sem lánar fyrir skólagjöldunum. Ég tek sjálfan mig sem dæmi: Ég er kennarasonur, foreldrar mínir eru grunnskólakennarar og ekkert hátekjufólk. Pabbi varð öryrki þegar ég var tíu ára gamall, þannig að ekki voru miklar tekjur þar. Ég hafði tækifæri til að nema við dýrustu og bestu háskóla í heimi. Ég nam við Cambridgeháskóla af því að kerfið hérna gerði mér það kleift. Það skiptir engu máli hvaða félagslega bakgrunn þú hefur og hvort það eru einhver skólagjöld, þú getur klofið það því það er lánað fyrir skólagjöldunum.

Og staðan er einfaldlega sú að menntun er einhver sú besta fjárfesting sem einstaklingur getur lagt út í og skilar sér margfalt til þeirra í tekjum í framtíðinni. Það er einfalt að sýna fram á það. Hófleg skólagjöld, eins og eru við íslenska háskóla – skólagjöldin á Bifröst eru um 20 prósent af því sem þau myndu vera við sambærilegan skóla í Bandaríkjunum – eru mjög lítil prósent af þeim kostnaði sem nemendur eru að leggja til í sínu námi. Fólk tekur miklu hærri lán fyrir framfærslu en fyrir skólagjöldum við íslenska háskóla. Einhvern tímann var reiknað út að miðað við þann tekjuauka sem meðalnemandinn á Bifröst mætti vænta eftir útskrift þá væri hann, bara með tekjuaukanum, búinn að borga upp skólagjöldin sín á einu ári eftir útskrift.

*Reglulega skýtur upp kollinum gagnrýni á námið á Bifröst – það sé ekki nógu akademískt, of litlar kröfur gerðar til nemenda og svo framvegis. Hvernig svararðu þeirri gagnrýni?*

Gagnrýnin byggir kannski fyrst og fremst á vanþekkingu á þeirri aðferðafræði sem er verið að beita og hinum hefðbundna ríg á milli skóla. Ég þekki líka Bifrestinga sem gagnrýna kennsluna og námskeiðin við Háskóla Íslands án þess kannski að þekkja þau og fyrirkomulagið þar og lesa kannski ritgerð eftir einhvern sem var að útskrifast frá Háskóla Íslands og segja: Nær hann virkilega gráðunni með þessa ritgerð? Þetta er bara hluti af þessum hefðbundna ríg. En ég vísa því algjörlega á bug að það séu ekki gerðar kröfur til nemenda á Bifröst, því það er svo sannarlega gert.

## Skóli með 92 ára sögu

- Háskólinn á Bifröst á rætur að rekja til Samvinnuskólans sem var stofnaður í Reykjavík árið 1918. Skólinn fluttist í Norðurárdal í Borgarfirði árið 1955 og hefur verið starfræktur þar síðan, sem Samvinnuháskólinn, Viðskipta-háskólinn á Bifröst og síðast Háskólinn á Bifröst.
- Skólinn er sjálfseignarstofnun og er stýrt af fimm manna stjórn. Hollvinasamtök háskólans skipa einn, háskólaráð Háskólans á Bifröst einn og Samtök atvinnulífsins þrjá.
- Alls nema nú um 1.300 manns árlega við Háskólann á Bifröst. Það er töluverð breyting frá því sem var fyrir einungis tólf árum, þegar um 120 manns voru þar við nám.



- Háskólinn á Bifröst fær um 333 milljónir króna í framlög frá ríkinu á þessu ári. Þar af eru 50 milljónir til rannsókna. Hinar 283 milljónirnar eru föst framlög á hvert nemendaígildi, sem á Bifröst eru á sjöunda hundrað.


# Einkabankinn í símann þinn á l.is

**Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.**

Farðu inn á l.is og prófaðu Einkabankann í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankann í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.



EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.



Bílabúð
Benna
PORSCHE
Cayenne
SS
Kjörís
Coca-Cola
SigValur


Húsgagnahöllin
TOYO TIRES
Smurþjónusta
CHEVROLET
SPARK
Gerðu þér glaðan dag með okkur!
Bílabúð Benna er 35 ára og býður öllum landsmönnum að mæta í magnaða afmælisstemningu á Vagnhöfða og Tangarhöfða, í dag milli kl. 12 og 16
Fjör, frumsýning og veitingar fyrir alla fjölskylduna:
35 afmælistertur – ein fyrir hvert ár
Ingó Veðurguð mætir á svæðið
Klifurveggur og hoppikastalar fyrir börnin
Grillaðar pylsur frá SS og Coke á línuna
Ís frá Kjörís og blöðrur fyrir alla
Frumsýning á Porsche Cayenne og Chevrolet Spark
Viltu vinna Porsche reiðhjól? Afmælisleikur dagsins.
Allir sem mæta í afmælisboðið geta fyllt út þátttökuseðil á staðnum og farið í pottinn: Glæsilegt Porsche reiðhjól í vinning. Dregið í beinni á Bylgjunni kl. 15:50.
Komdu og njóttu dagsins með okkur, hlökkum til að sjá þig.
1975
Bílabúð Benna
35 ára
www.benni.is

# Súrt seyði neytt í skuldalönd

Nokkur evruríki glíma við alvarlegan skuldavanda. Evrópusambandið var tregt til að veita þeim hjálparhönd þar til verulega syrti í álinn. Þau lönd sem taka líflínuna verða að taka verulega til í ríkisbúskapnum og skera niður útgjöld hins opinbera. Hagfræðingur frá Mexíkó segist í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson* telja Evrópu geta orðið sterkari þegar tiltektinni lýkur.

Alþjóðlegur fjármálaheimur nötraði í vikunni vegna skuldavanda nokkurra evrulanda, sérstaklega Grikklands, Spánar og Portúgals. Þrátt fyrir að Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi samþykkt að leysa tímabundið úr vanda Grikklands með 110 milljarða evra láni er vandinn hvergi nærri leystur enda nær víst talið að Spánn verði næsta ríkið til að lenda í skuldavanda.

Titringurinn hefur smitað út frá sér á hlutabréfamarkaði en helstu hlutabréfavísitölur í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi hafa fallið um rúm þrjú til tæp átta prósent í mánuðinum. Mesta fallið er á Spáni en Ibex-hlutabréfavísitalan þar hefur fallið um tíu prósent frá byrjun maímánaðar.

## Skussum ekki hjálpað

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur leitt þann hóp ráðamanna innan Evrópusambandsins sem tregir hafa verið til að koma þeim löndum til bjargar sem lent hafa í skuldavanda nema þau samþykki að taka rækilega til í ríkisbúskapnum. Sérstaklega var hún á móti því að koma Grikklandi til hjálpar, ekki síst fyrir þær sakir að komið hefur í ljós að grísk stjórnvöld beittu klækjabrögðum til að fá græna ljósið hjá myntbandalaginu til að taka upp evru sem gjaldmiðil og færðu skuldir hins opinbera á félög utan efnahagsreiknings. Við það fóru þau langt út fyrir reglur myntbandalags Evrópusambandsins.

## Veikar stoðir Spánar

Staðan versnaði enn frekar á Spáni í gær þegar alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch lækkaði lánshæfismat spænska ríkisins úr AAA í AA+. Stjórnvöld þar róa að því öllum öllum árum að fá lán úr björgunarsjóði Evrópusambandsins upp á 110 milljarða evra sem ætlað er að koma aðildarríkjum úr skuldaklemmu.

Spænskur þingheimur samþykkti í gær með naumum meirihluta, einu atkvæði, súrt lyf Evrópusambandsins um sáran niðurskurð hins opinbera og það greiðir götu fyrir lánveitingunni. Niðurskurðurinn er þó ekki jafn miskunnarlaus og Grikkir urðu að taka á sig í byrjun mánaðar; Spánverjar lækka laun opinberra starfsmanna um fimm prósent en Grikkir um sextán auk snarpra skattahækkana. Búist er við að fjöldi landa verði að bregðast við með svipuðum hætti.

## Engin hætta á smiti

Þrátt fyrir titring víða um heim vegna skuldavanda evrulandanna hefur James Bullard, bankastjóri bandaríska seðlabankans í St. Louis í Bandaríkjunum, ekki miklar áhyggjur af því að erfiðleikar muni smita út frá sér og draga heimshagkerfið á ný niður í kreppumýri. Hann sagði í samtali við netmiðilinn MarketWatch í vikunni kröfuhafa fyrirtækja í Evrópu flesta á meginlandinu og því um einangraðan vanda að ræða. Líkur séu á að Evrópuríkin snúi bökum saman og vinni bug á vandanum. Björgunarsjóður fyrir ríki í vanda sem Evrópusambandið stendur að baki sé dæmi um slíkt. Þá taldi Bullard jafnframt að evran myndi standa af sér storminn ólíkt því sem margir telja enda skuldir evrulanda í sömu mynt.

## Erfið staða

Svartsýnustu fjármálasérfræðingar segja erfiðan niðurskurð landa í fjárhagsvanda skaðlegan fyrir efnahagslíf evrusvæðisins, sem ætti með réttu að vera að jafna sig eftir heimskreppuna og muni þau glíma við mikið atvinnuleysi um árabil. Aðrir benda á að gengi evrunnar, sem hefur lækkað um sjö prósent gagnvart Bandaríkjadal í mánuðinum, muni blása lífi í útflutning evrulandanna og styðja við efnahagsbatann.

Þeir svartsýnu segja stöðuna í Evrópu um þessar mundir hafa valdið því að fjárfestar haldi að sér höndum og muni þurfa gulrót til að fá þá til að opna veskið – háa vexti á skulda- og fyrirtækjabréf. Þetta getur leitt til þess að erfiðara og dýrara verði fyrir fyrirtæki á meginlandi Evrópu að fjármagna sig en áður nema fyrir það dýru verði.

Gengi evrunnar hefur gefið verulega eftir síðustu tvo mánuði, eða frá því að stoðir Grikklands tóku að titra svo um munaði. Þeir bjartsýnu benda á að lágt gengi geti verið jákvætt fyrir bæði útflutning og ferðamennsku í evrulöndunum. Eric Challier, sjóðsstjóri hjá franska fjármálafyrirtækinu Avenir Finance Investment Mangers, benti á það í samtali við Bloomberg-fréttaveituna á fimmtudag, að reikna mætti með auknum fjölda ferðamanna frá Bandaríkjunum og Asíu til Spánar og Grikklands í sumar auk þess að iðnríki á borð við Þýskaland mættu reikna með því að líf færist í útflutning.

Christoph Kind, kollegi hans hjá Frankfurt Trust í Þýskalandi, er sömuleiðis sannfærður um að efnahagslíf evrulandanna muni standa styrkum fótum þegar þungi niðurskurðarhnífurinn verður lagður á borðið eftir aðgerðirnar og aga verður komið á í hagstjórn landanna.

Dæmi um velheppnaðar aðgerðir af þessu tagi séu Suður-Kórea og Indónesía, sem hafi orðið fyrir miklum búsifjum í gjaldeyriskreppunni sem hrjáði Asíu undir lok tíunda áratugar síðustu aldar. „Vonandi mun sagan endurtaka sig og aðgerðirnar leiða til bata hér," segir hann.

Kind tekur undir með Challier að útflutningsfyrirtæki á evrusvæðinu muni koma vel undan vetri í skugga lágs gengis evrunnar. Þetta muni koma fram í gengi hlutabréfa framleiðslufyrirtækja þegar fram í sækir.

Þetta hefur þegar gengið eftir. Þrátt fyrir almennan skell á hlutabréfamörkuðum á evrusvæðinu gegnir öðru máli um fyrirtæki á borð við raftækjaframleiðandann Siemens en gengi hlutabréfa fyrirtækisins hefur hækkað um tíu prósent frá áramótum. Þrátt fyrir jákvæðar vísbendingar í skugga skuldakreppu telja aðrir að lágt gengi evrunnar sé ekki jafn gott og af sé látið enda greitt fyrir olíu og aðra hrávöru með dölum. Það auki hættuna á því að þótt útflutningur aukist þýði það ekki að meiri peningur skili sér í kassann. Þetta á við um flest evruríkin, ekki síst Þjóðverja, sem eiga að mestu viðskipti við Frakka og gætu því horft upp á að lágt gengi keyri upp rekstrarkostnaðinn.

## HERTAR AÐGERÐIR Í EVRÓPSKUM RÍKISBÚSKAP

Ríkisstjórnir nokkurra landa í Evrópu, þar á meðal í Frakklandi og Þýskalandi, hafa kynnt niðurskurð á fjárlögum til að draga úr halla á rekstri hins opinbera. Aðgerðirnar líta dagsins ljós á sama tíma og Spánn tekur við skuldakeflinu af Grikklandi




**BRETLAND**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum* | 12,0% **163 ma punda** |
| Skuldir hins opinbera | 79,1% |

Spara á 57 milljarða með skattahækkun og niðurskurði á útgjöldum á næstu fimm árum

*Áætlaður halli hins opinbera ásamt skuldum sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2010

**ÍRLAND**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum1 | 1,7% **23,4 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 77,3% |

Stjórnvöld á Írlandi ætla að skera niður um fjóra milljarða evra á þessu ári. Þar á meðal er allt að tuttugu prósenta launalækkun opinberra starfsmanna.

**ÞÝSKALAND**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 5,0% **79,4 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 78,8% |

Stefnt er á lækkun fjárlagahalla um tíu milljarða evra á ári næstu fimm árin. Meðal helstu aðgerða er skerðing atvinnuleysisbóta og aðstoð við atvinnulausa.

**FRAKKLAND**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 7,5% **144,8 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 83,6% |

Útgjöld hins opinbera verða fryst fram til 2013 ef frá eru taldar lífeyris- og vaxtagreiðslur. Stefnt er að því að lækka útgjöld hins opinbera um allt að tíu prósent.

**RÚMENÍA**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 8,3% **40,8 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 30,5% |

Landið hefur fengið tuttugu milljarða evra lán frá AGS. Hluti af skilyrðum er 25 prósenta launalækkun opinberra starfsmanna.

**PORTÚGAL**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 8,5% **15,4 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 85,8% |

Stefnt að því að spara tvo milljarða evra með skattahækkunum og fimm prósenta launalækkun æðstu stjórnenda hjá hinum opinbera.

**SPÁNN**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 8,0% **117,6 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 64,9% |

Stjórnvöld á Spáni verða að skera niður um 65 milljarða. Því verður náð fram með fimm prósenta launalækkun ríkisstarfsmanna.

**ÍTALÍA**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 5,3% **80,8 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 118,2% |

Stjórnvöld vilja lækka útgjöld um 24 milljarða evra. Ítölskum sveitarfélögum í vanda verður ekki hjálpað í bili. Ríkisstarfsmenn fá ekki launahækkun í þrjú ár.

**GRIKKLAND**

| | |
|---|---|
| Halli á fjárlögum | 13,6% **32,3 ma evra** |
| Skuldir hins opinbera | 124,9% |

Grikkland hefur fengið 110 milljarða evra lán frá ESB og AGS. Eitt af skilyrðum lánsins er 35 milljarða evra niðurskurður á fjárlögum og fleiri aðgerðir.

© Graphic news

## Skuldakreppan getur verið jákvæð

„Ég tel að skuldakreppan í Evrópu geti markað jákvætt skref fyrir Evrópu, sem getur orðið sterkari. Þegar storminn lægir verða ráðamenn stærstu landa álfunnar, sérstaklega í Þýskalandi og Frakklandi, að setjast niður og leita leiða til að koma í veg fyrir að svona nokkuð geti endurtekið sig," segir mexíkóski hagfræðingurinn Aldo Mussachio. Hertar reglur um fjármálastöðugleika eru einn mikilvægasti hluti þessa enda geti þær komið í veg fyrir annan skell. „Ég tel ólíklegt að löndin vilji veita öðru landi hjálparhönd í allra nánustu framtíð."

Mussachio bendir á að Evrópuríkin hafi áður sýnt samstarfsvilja og vísar til þess þegar gengi breska pundsins hrundi árið 1992, meðal annars vegna risastórrar stöðutöku ungversk ættaða fjárfestisins George Soros gegn því. Bretar höfðu verið óformlegir aðilar að myntbandalagi Evrópusambandsins í tvö ár þegar þetta var en breska pundið var tengt þýska markinu og mátti muna sex prósentum á gengi myntanna. Erfiður og dýr samruni Austur- og Vestur-Þýskalands fór ekki vel í markið og urðu stjórnvöld á meginlandi Evrópu að hækka stýrivexti til að halda í við gengið. Aðstæður í bresku og þýsku efnahagslífi voru gerólíkar og viðbúið að gengi pundsins myndi lækka verulega eftir tengingu gjaldmiðlanna. Stöðutaka Soros var líkust því að olíu væri skvett á eld. Breskum stjórnvöldum mistókst að halda gengi pundsins innan fráviksmarka og urðu þau að segja sig úr myntbandalaginu í september 1992. Lítill vilji hefur verið til að taka upp myntsamstarf í Bretlandi síðan þá.

Árásin á pundið var fjarri því sú eina í álfunni enda voru myntir Evrópuríkjanna nátengdar og tóku fjárfestar stöður með og á móti þeim flestum. Í kjölfar þessa sneru Evrópuríkin bökum saman og ákváðu hvort tveggja að taka upp aðra mynt, evruna, og setja á laggirnar evrópska seðlabankann, sem jafnframt er lánveitandi evrulandanna til þrautavara.



**HAGFRÆÐINGURINN** Stjórnvöld hér verða að leita eftir myntsamstarfi við Evrópu til að koma á stöðugleika í hagstjórninni, að sögn mexíkóska hagfræðingsins Aldo Mussachio. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mussachio var með erindi í Háskólanum í Reykjavík í gær þar sem hann fjallaði um fjármála- og skuldakreppur í nokkrum löndum, þar á meðal Mexíkó, Argentínu, Asíu og hér. Hann segir margt sameiginlegt með kreppunum. Hið opinbera eigi hins vegar að forðast að sýna of mikla hörku gagnvart kröfuhöfum, eins og að lýsa sig gjaldþrota líkt og Argentína gerði árið 2002. Landið hafi síðan þá ekki getað fjármagnað sig á erlendum vettvangi, nema í Venesúela. Sú leið lokast senn, að sögn Mussachios.

Mikilvægt er að stjórnvöld hér finni lánveitanda til þrautavara, að mati Mussachios. Ein af varanlegustu lausnunum er inngangа í Evrópusambandið, myntbandalagið og upptaka evru sem gjaldmiðils með samþykki bandalagsins. Með upptöku evru fylgi mikið öryggi. „En þið verðið fyrst að leysa Icesave-deiluna. Hún verður að vera forgangsmál. Fjármunirnir sem þar um ræðir skipta svo litlu máli í samanburði við það sem þið fáið á móti," segir hann og bendir á að um leið og málið leysist megi gera ráð fyrir því að trú erlendra fjárfesta á landinu aukist á ný. Það sé mikilvægara en Icesave-málið enda muni efnahagslífið lifna við á ný þegar það verður að baki.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hafnar alræði markaðshyggjunnar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og forræði yfir eigin auðlindum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill binda enda á hersetu í landinu og aðild að hernaðarbandalagi, en leggur áherslu á að eiga gott og friðsamlegt samstarf við allar þjóðir, vernda náttúru og umhverfi landsins ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

# *Kæri kjósandi*

Við óskum eftir umboði þínu í dag til að halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað okkur í borginni. Við erum eini valkosturinn til vinstri. Eins og áður leggjum við áherslu á að bæta kjör þeirra tekjulægstu og verja velferðina. Við tökum ákvarðanir í sátt við umhverfið og höldum auðlindunum í eigu okkar allra.

Við semjum ekki um sölu á Orkuveitunni. Við ætlum að verja grunnmenntun í leik- og grunnskólum enda er markmið okkar að koma velferðarkerfinu ólöskuðu í gegnum kreppuna. Það gerum við með því að fjármagna það úr sameiginlegum sjóðum í stað þess að hækka notendagjöld á barnafólk og þá sem síst mega við því.

**Veldu V til vinstri**

Kær kveðja,

| Sóley Tómasdóttir | Þorleifur Gunnlaugsson | Líf Magneudóttir |
|---|---|---|
| 1. sæti | 2. sæti | 3. sæti |




VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar



**GRÆNT OG BARNVÆNT** Margir sem flytja til Noregs eru ekkert að flýta sér aftur heim. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐA

# Hugsa hlýlega til Íslendinga

Norðmenn eru Íslendingar sem ekki þorðu yfir hafið. Þannig hefst ein norsk blaðagrein um tengsl Íslands og Noregs. Norsarar líta gjarnan á Íslendinga sem skyldmenni. Miðað við óvísindalega könnun ***Hólmfríðar Helgu Sigurðardóttur*** á götum Óslóar telja margir þeirra að norsk stjórnvöld hafi brugðist Íslendingum í hruninu, því sjálfsagt hefði verið fyrir þessa moldríku þjóð að hjálpa betur til. Fjöldi Norðmanna vill sjá löndin sameinast. Íslendingum sem fara utan til vinnu finnst þeim upp til hópa vel tekið og margir þeirra eru ekkert endilega að drífa sig aftur heim.

## HVAÐ SEGJA NORÐMENN?

### Fínt að vinna með Íslendingum

**Katrina Stokke verkfræðingur**



Ég er reyndar ekki alveg með það á hreinu hvað Noregur er þegar búinn að gera fyrir Ísland," segir Katrina Stokke. „En mér er hins vegar mjög minnisstætt að margir vildu bregðast við og hjálpa Íslendingum, eftir að fréttir bárust af því að þeim hefði borist boð um hjálp frá Rússlandi.

Það var svolítið sérstakt. En að mínu mati er það alveg sjálfsagt að við gerum hvað við getum til að hjálpa Íslandi." Ansi margir Íslendingar hafa flust til Noregs að undanförnu, þar á meðal margir verkfræðingar. Katrina hefur ekki farið varhluta af því, enda verkfræðingur sjálf.

„Okkur finnst bara gaman að fá Íslendingana til að vinna með okkur. Við erum vön því að fá Svía hingað að vinna, en það er gaman að sjá Íslendingana bætast í hópinn."

### Finnið þessa menn og dragið þá til ábyrgðar

**Torill Kleive ellilífeyrisþegi**



Við Norðmenn höfum það svo gott, við eigum meira en nóg af peningum og erum upp til hópa heilsuhraust. Auðvitað eigum við að hjálpa meira til en aðrir, þegar önnur lönd eiga í vanda," segir Torill Kleive ellilífeyrisþegi. „Ég held að flestir sem ég þekki séu mér sammála í því að ef Ísland þarf hjálp okkar er sjálfsagt að veita hana. Okkur Norðmönnum líkar vel við Íslendinga. En við getum kannski ekki sagt að okkur líki vel við þá alla. Við erum reið íslenskum bankamönnum, sem bera ábyrgðina á þessu hruni hjá ykkur.

En það er til sjálfselskt fólk í öllum löndum og ekkert við því að gera. Það sem þið þurfið að gera er að finna þessa menn, sem gerðu þetta, og draga þá til ábyrgðar."

### Viðbrögðin mikið rædd í vinahópnum

**Ola Jørgensen, starfsmaður á bókasafni**



Við höfum töluvert rætt málefni Íslands í mínum vinahópi, sérstaklega fyrst eftir hrunið. Okkur þótti skrítið að norska ríkisstjórnin gerði ekki meira til að hjálpa Íslendingum, í ljósi þess hvernig sambandi Íslands og Noregs er háttað, bæði sögulega og menningarlega. Við skildum ekki af hverju Noregur aðstoðaði ekki meira. Á þessum tíma var töluvert rætt um ástandið á Íslandi á opinberum vettvangi en hins vegar fór lítið fyrir rökræðum tengdum þessu atriði. Það var eins og það væri algjör samstaða um það frá upphafi að sérstakur stuðningur Noregs væri ekki til umræðu í ríkisstjórninni."

# Í Noregi öll sín fullorðinsár

Oswald Kratch er þessa dagana á Íslandi. Hann varð 85 ára á þessu ári og af því tilefni blés skátahreyfingin til heljarinnar veislu fyrir hann hér á landi. Langstærstan hluta fullorðinsára sinna hefur Oswald Kratch verið búsettur í Noregi. Hann er hins vegar alinn upp á Íslandi, á íslenska móður og þýskan föður. „Ég kom í fyrsta skipti til Noregs með skátunum árið 1946 og svo aftur árið 1948 á Rover-mót með eldri skátum," segir Oswald, þegar hann er beðinn um að útskýra hvers vegna hann settist að í Noregi. „Eftir það langaði mig alltaf að koma þangað aftur. Ég var orðinn útlærður rakari og farinn að langa til að breyta til þegar ég kynntist Tynes-fjölskyldunni, sem bjó fyrir utan Álasund. Ég fór þangað til þeirra, þar sem mér var útveguð vinna á trésmíðaverkstæði. Ég hjálpaði nú líka til í bakaríinu og hjá rakaranum líka – fékk krónu á hvern haus sem ég klippti."

Næstu árum eyddi Oswald á hárgreiðslustofu í Ósló, síðar fór hann á sjó til þess að safna sér fé til að hann gæti sett upp rakarastofu á Íslandi. Það gerði hann og rak stofuna í fjögur ár, eða þangað til að hann komst að því að hann væri með ofnæmi fyrir hári. Þá var honum útveguð vinna í stálverksmiðju í Høvik í Noregi. „Þar vann ég í tólf ár. Svo fluttu þeir fyrirtækið til Hønefoss og ég fór með. Til samans var ég í þrjátíu ár hjá þessu fyrirtæki," rifjar Oswald upp.

Oswald segist alltaf hafa lagt mikið upp úr því að halda sambandi við aðra Íslendinga og hann hefur verið virkur á vettvangi Íslendingafélagsins í Ósló. Það er líka greinilegt að hann hefur lagt rækt við að viðhalda móðurmáli sínu, enda íslenskan nær lýtalaus og lítil sem engin áhrif frá norskunni að heyra. Hann hefur margsinnis aðstoðað Íslendinga sem hafa flutt til Noregs. Eftir hrun síldarstofnsins á Íslandi, seint á 7. áratugnum, leituðu töluvert margir til Noregs og aðstoðaði Oswald þá nokkra. „Ég man sérstaklega eftir þremur strákum, svona 18 til 19 ára, sem voru að leita sér að vinnu. Þeir höfðu verið rændir öllum sínum farangri og komu á samkomu hjá Íslendingafélaginu og vantaði aðstoð.



**OSWALD KRATCH** Heimsótti Noreg í fyrsta sinn árið 1946 með skátunum og settist þar að nokkrum árum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tveir þeirra fóru nú strax heim en einn varð eftir. Ég bauð honum að sofa á gólfinu hjá mér og fá föt hjá mér. Annars hefði hann orðið að fara heim."

Oswald segir fjölda fólks hafa leitað á náðir Íslendingafélagsins nú, sérstaklega fyrst eftir að fólk fór að flytjast til Noregs eftir kreppuna hér. „Það koma alltaf Íslendingar af og til á skrifstofu Íslendingafélagsins og við reynum að hjálpa þeim. Ég finn til með þessu fólki.

Margt þeirra skuldar svo mikið hér heima og getur einfaldlega ekki verið hér lengur. En það þýðir lítið að fara út með ekkert í höndunum og kunna ekki norsku. Þá er mjög erfitt að fá vinnu."

# Aldrei hvarflað að mér að flytja aftur heim

Það hefur aldrei hvarflað að mér að flytja aftur til Íslands. Ég hef alltaf haft mikla útþrá og ég er mikið borgarbarn. Ég hugsa að ég myndi frekar flytja eitthvert annað en til Íslands ef ég færi frá Noregi," segir Geirný Ósk Geirsdóttir, sem hefur búið í Ósló í tæplega tuttugu ár. Hún flutti þó ekki þangað með það í huga að setjast að, enda ekki nema 19 ára stelpa frá Stokkseyri með mikla ævintýraþrá. Örlögin höguðu málum hins vegar þannig að hún kynntist íslenskum manni sem búsettur var í Ósló. Sá átti síðar eftir að verða maðurinn hennar. „Fyrst hugsaði ég „guð minn góður – Ósló! Mér fannst það ekkert spennandi og sá fyrir mér íþróttatýpur með Fjällreven-bakpoka og í gönguskóm. En svo ákvað ég bara að prófa og flaug út. Þetta var árið 1991 og ég hef búið hér síðan."

Fyrstu árin vann Geirný á skemmtistöðum sem fyrrverandi eiginmaður hennar rak í félagi við bróður sinn. Undanfarin fimmtán ár hefur hún hins vegar unnið hjá SAS við hin ýmsu störf og kann vel við sig þar. Hún segist geta ímyndað sér að það sé erfitt að flytja aftur frá Noregi, þegar fólk er einu sinni búið að koma sér fyrir þar, enda sé þar gott að vera.

Ellefu árum eftir flutningana til Noregs skildi Geirný við manninn sinn. Þau búa samt bæði enn þá í stuttri fjarlægð hvort frá öðru í Ósló, enda eiga þau saman sextán ára dóttur. Sú hefur mjög sterkar taugar til Íslands. „Hún er rosalega íslensk miðað við að hafa aldrei búið að ráði á Íslandi. Þegar gekk sem mest á í sambandi við hrunið á Íslandi var hún rosalega móðguð yfir því hvernig Ísland kom út í fjölmiðlunum. Einhvern tímann á þessu tímabili var hún í búð og þar var starfsfólkið að tala um Ísland og hvað Íslendingarnir væru nú heimskir og gætu sjálfum sér um kennt. Hún tók þetta mikið inn á sig, skammaði fólkið og leiðrétti það. Hún þolir engum að tala illa um landið hennar."



**ÁNÆGÐ Í NOREGI** Geirný Ósk Geirsdóttir var nítján ára þegar hún ákvað að elta ástina til Noregs. Hún hefur aldrei snúið aftur og sér ekki fyrir sér að það muni nokkurn tímann verða. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐA

Viðhorf fólksins í versluninni segir Geirný samt ekki algengt hjá Norðmönnum gagnvart þrengingunum á Íslandi. „Fólk í kringum mig á erfitt með að skilja hvað það var sem gerðist eiginlega. En þegar ég útskýri á einfaldan hátt hvernig lánin hafa hækkað á meðan launin eru þau sömu eða lægri þá bregður því. Hér í Noregi er fólk nefnilega mjög upptekið af því hvernig lánavísitalan sveiflast. Það hugsar til dæmis mikið um það hvort það þoli að taka á sig ef vísitalan hækkar kannski um 1,5 prósent."

Fréttir af flutningum Íslendinga til Noregs segir Geirný hafa verið áberandi og alltaf jákvæðar. „Norðmenn eru svolítið ánægðir með sig, að heyra að Íslendingar velji Noreg fremur en önnur lönd. „Ég hugsa að það sé auðvelt fyrir Íslendinga að setjast að hérna, miðað við margar aðrar þjóðir. En það er hins vegar margt hérna sem er öðruvísi líka, þó að þjóðfélögin séu lík að mörgu leyti."

MEIRA UM NORÐMENN OG ÍSLENDINGA Á SÍÐU 36



12.990
(fullt verð 15.990)





7.990

5.490

**McKINLEY FLOCCUS JACKET**
Útivistarjakki með 5000 mm vatnsheldni. Litir: Svartur, hvítur og rauður. Dömustærðir.

**MCKINLEY OMEGA PANT**
Göngubuxur með skálmum sem renna má af. Litur: Svartar, brúnar. Dömu- og herrastærðir.

**NORTHBROOK POLLY CARGO**
Kvartbuxur úr bómull. Litir: Svartar, hvítar, brúnar. Dömustærðir.

# SUMAR Í INTERSPORT





SVEFNPOKI
10.990

DÝNA
7.490

| Þægilegt | Þægindamörk | Jaðarmörk |
|---|---|---|
| +9°C | +6°C | -9°C |

**McKINLEY / ALPHA 4**
**Innra tjald:** Polyester. **Gólf:** PolyEuretan **Vatnsheldni:** Ytra tjald 3.000 mm, vatnsþétt gólf **Saumar:** Límdir aðalsaumar. **Stangir:** 3 stk. 9,5-11 mm glasfiber. **Hæð:** 180 cm.




ALPHA 4
39.990
(fullt verð 44.990)

**TILBOÐ**
SVEFNPOKI OG DÝNA
14.990
(fullt verð 18.480)

**McKINLEY DALTON TREK**
**Þyngd:** 1500 g. **Fylling:** 580 g. Tecloft. **Ytra byrði:** Polyester. **Stærð:** 225 x 85 cm.

**McKINLEY TREKKER M 25**
Dýna. Lengd: 183 cm. Breidd: 51 cm. Þykkt: 2,5 cm Þyngd: 860 g.



15.990
(fullt verð 18.990)



8.990
(fullt verð 10.990)



**McKINLEY NEVADA 3**
**Ytri dúkur:** Polyester. **Innra tjald:** Polyester. **Gólf:** PolyEuretan. **Vatnsheldni:** Ytra tjald 2.000 mm, vatns-þétt gólf. **Saumar:** Límdir saumar. **Stangir:** 3 stk. 7,9 mm glasfiber. **Hæð:** 125 cm.




NEVADA 3
15.990

**McKINLEY CAMPING SET**
Útilegusett, borð og 4 stólar.

**McKINLEY IMPACT 28**
28 lítra bakpoki hannaður til að fylgja hreyfingum líkamans og sitja þétt við bakið. Air tec kerfi á ólum pokans og baki tryggir loftflæði og minnkar svitamyndun.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 22. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

# X-V

**STRANDABYGGÐ**
Kosningakaffi í félagsheimilinu
á Hólmavík kl. 13-18
Kosningavaka á Café Riis
Akstur og upplýsingar
í síma 451 3474

**ÍSAFJÖRÐUR**
Kosningakaffi Í-listans í Edinborgarhúsinu frá kl. 13
Akstur og upplýsingar í símum 456 5095 og 867 3919
Netfang: hilmar.magnusson@gmail.com

**BORGARBYGGÐ**
Kosningakaffi í Gamla kaupfélagshúsinu
að Egilsgötu 11 kl. 9
Kosningavaka á sama stað
Akstur og upplýsingar í síma 694 1540
Netfang: vgborgarbyggd@gmail.com

**AKRANES**
Kosningakaffi Stillholti 16-18 kl. 10 og fram eftir degi
– hið víðfræga hlaðborð kl. 15
Kosningavaka á sama stað kl. 22
Akstur og upplýsingar í síma 857 6234
Netfang: vgakranes@gmail.com

*Verið kosninga um*

**REYKJAVÍK**
Kosningakaffi í Suðurgötu 10 kl. 11-17:30
Kosningavaka á sama stað frá kl. 22
Akstur og upplýsingar í síma 517 0758
Netfang: reykjavik@vg.is

**MOSFELLSBÆR**
Kosningakaffi í Krónuhúsinu frá kl. 10
Kosningavaka á Draumakaffi kl. 22
Akstur og upplýsingar í síma 896 0878

**KÓPAVOGUR**
Kosningakaffi í Hamraborg 1-3 kl. 10-18
Kosningavaka á sama stað kl. 21
Akstur og upplýsingar í síma 564 0990
Netfang: vgkopavogur@vgkopavogur.is

**HAFNARFJÖRÐUR**
Kosningakaffi í Strandgötu 11 kl. 10-22
Kosningavaka á sama stað
Akstur og upplýsingar í síma 555 6069
Netfang: hafnarfjordur@vg.is

**REYKJANESBÆR**
Kosningakaffi verður í Hafnargötu 36a kl. 11
Kosningavaka á sama stað
Akstur og upplýsingar í síma 846 6732
Netfang: vg.reykjanes@gmail.com

**GRINDAVÍK**
Kosningasúpa að þýskum sið í Hafnargötu 7a
– Mamma Mía kl. 11-21
Akstur og upplýsingar í síma 777 6090
Netfang: gardvi@grindavik.is

**ÁRBORG**
Kosningakaffi frá hádegi í Gömlu
Ljósheimum að Austurvegi 28
Kosningavaka á sama stað
Akstur og upplýsingar
í síma 857 0641
Netfang: vgarborg@gmail.com

náttúruvernd ábyrgð sjálfbærni jöfnuður réttlæti kjarkur

**SKAGAFJÖRÐUR**
Kosningakaffi við Kaupvangstorg kl. 14-18
Kosningavaka á sama stað kl. 20
Kosningakaffi hjá Helgu, Furulundi 4 í Varmahlíð kl. 14
Kosningakaffi hjá Hörpu og Þorgils, Hátúni 7 á Hofsósi kl. 14-16
Akstur og upplýsingar í síma 695 4520
Netfang: vgskagafjordur@gmail.com

**AKUREYRI**
Kosningakaffi í gamla Alþýðuhúsinu (Pengs) kl. 12-17
Kosningavaka á sama stað kl. 21
Akstur og upplýsingar í síma 693 2190
Netfang: katabessa@gmail.com

**NORÐURÞING**
Kosningakaffi í sal stéttarfélaganna
á Húsavík kl. 11
Kosningavaka á sama stað frá kl. 21
Akstur og upplýsingar í síma 864 0759
Netfang: vgnordurthing@vgnordurthing.net

# velkomin á skrifstofur VG allt land

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Kosningakaffi að Norðurgötu 6 kl.10
Akstur og upplýsingar í síma 472 1740

**HÖFN**
Kosningakaffi að Bugðuleiru 6 kl. 10-22
Kosningavaka á Víkinni – 18 ára aldurstakmark
Akstur og upplýsingar í síma 869 1280

## *Gleðilegan kjördag!*

Hér á opnunni finnur þú allar upplýsingar um kosningaskrifstofur Vinstri grænna víðsvegar um landið, þar sem boðið er upp á kosningakaffi, akstur á kjörstað og kosningavökur. Allar nánari upplýsingar á **vg.is**.

kvenfrelsi traust virðing menntun velferð framsýni

**VINSTRI GRÆN**
–vegur til framtíðar

# Heppnasta fólk í heimi

Norski ritstjórinn **Tom Staavi** stakk upp á því í ljósi íslenska hrunsins að hluti olíusjóðsins yrði nýttur til að greiða niður skuldir Íslands. Þannig myndi Noregur í raun kaupa Ísland. Hann segir hugmyndina líklega óraunhæfa en telur einsýnt að Norðurlöndin taki upp nánari samvinnu. *Fréttablaðið* hitti ritstjórann að máli í miðbæ Óslóar.

Tom Staavi, ritstjóri fjármálaritsins Dine Penger, vill gera Ísland að 20. sýslunni í landinu og þeirri fjölmennustu, fyrir utan Óslóar-sýslu. Hann sér íslensku kreppuna sem tækifæri til að reka þjóðirnar á skynsamlegri máta – í sameiningu.

„Þetta byrjaði sem brandari í mötuneytinu okkar og ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekki að fara að gerast. En ég skrifaði um þetta og fékk heilmikil viðbrögð.

Ég er áhugamaður um alþjóðlega samvinnu og trúi til að mynda að Noregur ætti að ganga í Evrópusambandið, þótt það virðist heldur ekki líklegt. Norðurlöndin ættu í það minnsta að vinna meira saman. Við erum sama fólkið.“

Tom tekur dæmi af fjölda Svía, sem heldur til Noregs til vinnu. Þeir samlagist svo vel að fólk hættir í raun að stimpla þá sem „Svía“. Þeir séu frekar fólk sem fæddist hinum megin við landamærin. Sama eigi við um Íslendinga, en ekki til dæmis Bandaríkjamenn eða Þjóðverja.

**Noregur er að einangrast**

„Af hverju stofnum við ekki bandaríki Skandinavíu? Það er margt sem Svíar gera betur en Norðmenn og svo framvegis. Við erum hver þjóð með sinn styrkleika og ættum að snúa bökum saman. En Norðmenn telja sig ekki þurfa á neinum að halda því þeir eru svo ríkir. Noregur er að einangrast vegna þessa, en það er röng hugsun, því það eina sem Norðmenn hafa er olía og fiskur. Ég tel því að þrátt fyrir ríkidæmið myndu Norðmenn jafnvel græða meira á samvinnu en hinar þjóðirnar. Við erum heppnustu fimm milljónir mannkynssögunnar. Þegar landgrunnurinn var rissaður upp munaði engu að fyrsta olíulindin okkar lenti utan svæðisins.

Þrátt fyrir stoltið eru þó margir hér sem gera sér grein fyrir að við erum ekki með svör við öllu. Hvað vorum við að gera þegar Svíar bjuggu til bíla og Finnar Nokia-síma? Við dældum bara upp olíu. Síðan hefur verðið á olíu tífaldast. Og við erum eina vestræna þjóðin sem á heila þjóðarframleiðslu inni á bankareikningi. Þjóðarstolt Norðmanna byggist á heppni.“

**Skynsamleg stýring auðlinda**

Norðmenn geti þó verið stoltir af því hvernig þeir hagnýttu sér auðlindirnar. Þegar olían fannst hafi strax verið ákveðið að skattleggja þær duglega svo ríkið hefði yfirráð og hagnaðinn af svartagullinu.

„Þá kunnum við ekkert á olíu og Ameríkanarnir vildu strax byrja að dæla henni upp. Við skattlögðum þetta upp í rjáfur og höldum bróðurhluta auðsins innanlands. Aðrar þjóðir hafa ekki getað þetta, heldur eru mörg olíulönd sárafátæk. Auðurinn streymir úr landi.“

Ritstjórinn skýtur því að að nú sé verið að rannsaka í Háskólanum í Ósló hvort há skattlagning kunni að vera grunnástæða þess að norrænu samfélögin í heild gangi svona vel. Í Noregi er 35 prósenta skattur á meðallaun (um 450.000 krónur á ári) en rúmlega 48 prósenta skattur á hæstu launin.

Þessi skattlagning auðlinda hefur skilað sér vel, segir Tom.

„Ef það er til dæmis samdráttur í einkageiranum notum við olíupeningana til að fjölga störfum hjá því opinbera. Þannig rekum við þessa búð. Við notum olíupeningana til að keyra hagkerfið áfram, þótt við eyðum aldrei meira en ákveðnu sjálfbæru hlutfalli af peningunum.“

**Norðmenn vilja hjálpa**

Í fyrstu var mikið rætt um íslensku vandræðin í Noregi, en Tom segir að það hafi minnkað, þar sem Íslendingar virðist vera að bjarga sér.

„Þegar íslenska kerfið hrundi var það almenn skoðun hér að við ættum að gera eitthvað og styðja við Íslendinga. Þetta var erfitt að skilja vandræði Íslendinga fyrir venjulegt fólk, sem þekkir ekki alþjóðahagkerfið. Íslenski forsetinn sagði eitthvað á þá leið að Bretar væru að bjarga breskum sparifjáreigendum og rukka Ísland fyrir björgunina. Að Íslendingar ætluðu að borga skuldina, þeir vildu bara gera það á réttum kjörum, svo þeir færu ekki á hausinn. Venjulegt fólk sá að Íslendingar væru í vanda staddir, að þeir skulduðu of mikið, eyddu of miklu og leyfðu bönkunum að gera alls kyns vitleysu en taldi samt að það ætti að hjálpa þeim. Fólk álítur Íslendinga duglega, og borgunarmenn fyrir lánum.“

**Sammála forsetanum**

Tom man ekki eftir ýkja mikilli umræðu um gagnrýni forseta Íslands í garð Norðmanna í blaðinu Aftenposten í mars. Þar sagði Ólafur Ragnar Grímsson að Norðurlöndin hefðu hjálpað Bretum og Hollendingum til að þvinga Íslendinga til að sættast á slæman Icesave-samning.

„Nei, en ég tel nokkuð til í þessu hjá honum. Þetta hlýtur að hafa verið tilfinningin ykkar. Ég tel að við hefðum átt að gera meira.“

> Við erum heppnustu fimm milljónir mannkynssögunnar. Það munaði engu að fyrsta olíulindin lenti utan svæðisins.



**RITSTJÓRINN** Tom stýrir víðlesna viðskiptaritinu Dine Penger sem, eins og nafnið bendir til, einblínir á efnahag almennra borgara. Hann telur að bæði löndin hefðu hag af sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

## Vill borga 14.140 milljarða fyrir Ísland

Fjárhagsstaða hinna stoltu Íslendinga er slæm og framtíðarhorfur ekki sem bestar. Náttúruauðlindir þeirra og mannauður geta komið Norðmönnum vel. Á Íslandi er ekki bara fiskur, heldur orka, sem Norðmenn hafa sýnt og sannað að þeir kunna að höndla með. Að auki er von til að finna olíu og gas á íslensku hafsvæði. Með sameiningu fengju Íslendingar efnahagslegt jafnvægi, lítil sjálfstæð þjóð verður alltaf í meiri áhættu en þjóð í sambandi.

Erfiði bitinn fyrir Íslendinga að kyngja væri að sjá á bak þjóðartáknum. En Ísland yrði næststærsta sveitarfélagið í Noregi, á eftir Ósló. Íslendingar myndu senda þingmenn á Stórþingið og mætti semja um hve marga þeir fengju. Ríkisstjórnin íslenska yrði að eins konar borgríkisstjórn. Í staðinn fengju Íslendingar allar skuldir sínar upp greiddar. Kannski 700 milljarða norskra króna, af 2.600 milljarða olíusjóðnum. Það gera 14.140 milljarða íslenskra króna. Þetta gæti verið allt eins góð fjárfesting og hver önnur, segir Tom Staavi í grein sinni, Tilby Island fusjon med Norge.

## Yfir sjötíu prósent vilja nánara samstarf

Norðmenn virðast ekki með öllu fráhverfir hugmyndinni um að Íslendingar gerist aftur þegnar „gamla landsins“.

Í ljósi skrifa Toms Staavi var fjallað um hugmyndina í norska Dagbladet og skoðanir lesenda kannaðar á vef blaðsins. Samkvæmt könnuninni, með rúmlega 41.000 greiddum atkvæðum, vilja 54 prósent að Ísland verði sýsla í Noregi. Um átján prósent vilja að löndin sameinist á álíka hátt. Afgangurinn sagði svo nei, Íslendingar eiga að redda sér sjálfir eða nei, Íslandi er betur borgið í ESB.

Fiskveiðar eru eitt af mörgu sem Íslendingar og Norðmenn eiga sameiginlegt, enda aðlagast Íslendingar sem setjast að í Noregi samfélaginu jafnan hratt og auðveldlega.



## HVAÐ SEGJA NORÐMENN?

### Skammaðist sín undir ræðu íslenska forsetans

**Cicilie Romundstad, starfsmaður SOS barnaþorpa**



Noregur er þekkt fyrir að leggja mikið af mörkum til alþjóðasamfélagsins, ekki síst víða í þróunarlöndunum. Hvers vegna ættum við þá ekki að veita almennilega hjálp þegar eitt af nágrannalöndum okkar á í hlut?“ segir Cicilie Romundstad, starfsmaður SOS-barnaþorpa.

„Við eigum svo margt sameiginlegt með Íslendingum og svo mikla sögu. Ég held það sé útbreidd skoðun hér í Noregi, að minnsta kosti heyrist mér það af samtölum við fólk sem ég umgengst og almennri umræðu í samfélaginu, að við eigum að hjálpa Íslandi að komast út úr kreppunni.

Ég man vel eftir því þegar forsetinn ykkar steig fram og gagnrýndi Norðmenn fyrir hvað þeir höfðu lítið aðstoðað Íslendinga í kreppunni. Mér fannst það sanngjörn gagnrýni og ég skammaðist mín meira að segja dálítið. Mér fannst þetta sorglegt.“

### Við ættum kannski að kaupa Ísland?

**Thor Eirik Ruud verkfræðingur**



Ríkisstjórnin ykkar ber ábyrgð á því hvernig komið er fyrir ykkur, því hún leyfði nokkrum þegnum sínum að notfæra sér kerfið. Hér í Noregi eru ekki sömu tækifæri til að haga sér svona,“ segir verkfræðingurinn Thor Eirik Ruud. Þrátt fyrir það telur hann að norska þjóðin vilji hjálpa Íslendingum út úr ógöngunum. „Við ættum kannski bara að kaupa Ísland? Ísland hefur alltaf verið Noregi mikilvægt. Okkur finnst í raun að Noregur og Ísland séu því sem næst sama landið. Við erum sama fólkið.“

Thor Eirik segir marga verkfræðinga hafa komið til Noregs til að vinna fyrir sér að undanförnu, sem hann segir gott mál. „Ég hef verið að vinna með einum verkfræðingi frá Íslandi frá því árið 2007. Hann var mjög stoltur af bankakerfinu á Íslandi, kvartaði mikið yfir því hvað norska bankakerfið væri þungt og svifaseint. Upp á síðkastið hefur hann hins vegar lítið tjáð sig um bankamál!“

maí 2010
menning
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]



## Krufning á samfélagi og móral (leysi)

Dómar um barnadiskinn Pollapönk, dansverkið Bræður og kvæðakver Þórarins Eldjárns, Vísnafýsn

SÍÐA 7



## Rannsóknir í hljómheimum okkar daga og fyrri tíða

Meistarar í tónsköpun útskrifast.

SÍÐA 4

# Fjöllistakona FÖST Í ÍSNUM

Bandaríski listamaðurinn Laurie Anderson tróð upp á Vatnasafninu í Stykkishólmi fyrir viku. Uppákoman er stórviðburður hér á landi enda hefur Anderson, sem hefur verið í fremstu röð í bandarískum listaheimi í um fjörutíu ára skeið, aldrei troðið upp hér á landi. Kraftur er í konunni, sem fagnar 63 ára afmæli eftir slétta viku. Sjöunda hljóðversplata hennar kemur út í afmælismánuðinum auk þess sem hún hefur skipulagt tónleika fyrir hunda í Sydney-borg í Ástralíu með eiginmanni sínum, rokkgoðinu Lou Reed.

MENNING JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON

Ég kom hingað út af Roni Horn. Hún bað mig um að koma og ég gerði það," segir bandaríska fjöllistakonan Laurie Anderson í samtali við Fréttablaðið. Hún framdi lágstemmdan en skemmtilegan gjörning ásamt því að segja sögur úr eigin lífi með og án undirspils á Vatnasafninu í Stykkishólmi á laugardag í síðustu viku. Ekki er um margra ára vinfengi að ræða á milli þeirra Laurie Anderson og bandarísku listakonunnar Roni Horn, sem skapaði Vatnasafnið í gamla bókasafninu í Stykkishólmi.

Laurie Anderson kynntist Vatnasafninu í gegnum kanadíska skáldið Anne Carson og tónlistarmanninn Robert Currie, sem bæði höfðu aðstöðu í safninu í fyrra. Anderson féll fyrir hugmyndinni um jöklavatn í glersúlum og leitaði eftir því að koma hingað eftir að hún hitti Roni Horn. Um tveir mánuðir eru síðan ákvörðunin var negld niður. En stoppið var stutt, hún kom á föstudegi og var flogin út á ný tveimur dögum síðar.

Þetta var fyrsta uppákoma Laurie Anderson hér á landi. Lítið fór fyrir henni en viðburðurinn var nær eingöngu auglýstur í staðarblöðum í Stykkishólmi og innan þröngs hóps listamanna og fólks tengdu listaheiminum. Tveir aðrir viðburðir voru honum tengdir; í forrétt hálftíma fyrr var upplestur rithöfundarins Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur, sem aðsetur hefur í safninu í ár, úr bók sinni í Eldfjallasafninu – sem er spottakorn frá Vatnasafninu – en þingmaðurinn og skákkonan Guðríður Lilja Grétarsdóttir bar eftirrétt á borð daginn eftir í formi fyrirlestrar um skák. Stefnt er að því að blása til viðburða sem þessa í safninu í maí ár hvert.

Bresku listasamtökin ArtAngel, sem stóðu fyrir byggingu og fjármögnun Vatnasafnsins, greiddu fyrir komu Laurie Anderson á Vatnasafninu og þurftu þeir almennu gestir sem komust að því aðeins að greiða 1.500 krónur fyrir upplifunina. Fáir komast fyrir á safninu í einu, líklega rétt um hundrað manns, og var viðburðurinn því með afar vinalegu og heimilislegu yfirbragði.

### Frosin á báðum fótum

Uppákoma Laurie Anderson hófst á því að Roni og Ragnheiður Óladóttir, forstöðumaður Vatnasafnsins, studdu listakonuna að litlu borði í einum enda safnsins, sem á var tækjabúnaður hennar. Reyndar var um lánsbúnað að ræða. Hennar eigin sem hún hafði flutt með sér hingað sprakk í loft upp þegar hún stakk honum í samband við íslenskt rafkerfi. Með hjálp góðra manna tókst að útvega ný tæki. Upphafleg tilhögun uppákomunnar tók breytingum í takt við óvænta sprengingu.

Laurie Anderson var íklædd leggjaháum skautum sem stóðu fastir í ísklumpum og takmörkuðu því mjög hreyfingar neðri hluta listakonunnar allan þann tíma sem viðburðurinn varði. Stóð hún því föst í báða fætur en misstyrkum þó á meðan hún sagði sögur úr eigin lífi og spilaði undir á raffiðluna, eitt af kennimerkjum hennar í gegnum tíðina.

FRAMHALD Á SÍÐU 2



Laurie Anderson á tónleikum sínum í Vatnasafninu í Stykkishólmi í síðustu viku

MYND/ ANNA MELSTEÐ

# Sjálfsævisaga Marks Twain

Frásagnir af andláti mínu eru stórlega ýktar, var eitt sinn haft eftir bandaríska skáldinu Mark Twain. Hann er merkilegt fyrirbæri í bandarískri menningarsögu, lagði raunar til verk sem hafa verið grundvöllur í sjálfskynjun bandarískra sagnaskálda og höfunda æ síðan eins og Stikilsberja-Finni og sögunum af Tom Sawyer sem til eru í styttum þýðingum á íslensku.



**Bókmenntir** Mark Twain var brautryðjandi í skáldsagnaritun vestanhafs í fleiri en einum skilningi.

Twain vann síðasta áratuginn að stórri ævisögu sinni og við andlát hans voru fyrirmæli hans virt að hún skyldi ekki koma út fyrr en öld eftir andlát hans. Sá tími er nú liðinn og er brátt að vænta að ævisagan komi út vestanhafs. Fimm þúsund síðna handritið er áætlað til útgáfu í nóvember og verður gefið út í þremur bindum.

Fræðimenn greinir á hvers vegna Twain vildi geyma útgáfu verksins í heila öld: trú og stjórnmál ræðir hann í verkinu af miklu hispursleysi og þá er hann óspar á harða dóma um marga samferðamenn sína. Hluti verksins rekur samband hans við ritara sinn, Isabel Van Kleek Lyon, sem hóf störf hjá honum við fráfall eiginkonu hans 1904. Þau voru svo náin að hún keypti fyrir hann rafdrifið hjálpartæki en eftir fimm ára samvistir sleit hann öllu sambandi við hana og viðbætur við ævisöguna sem hann skrifaði síðasta æviár sitt bera henni ekki góða sögu.

Twain, sem hét réttu nafni Samuel Langhorne Clemens, gerði fyrstu tilraunir til að rita ævisögu sína um 1870 en það var ekki fyrr en 1906 að hann tók að einbeita sér að samningu hennar með því að lesa fyrir ritara. Skoðanir hans á efri árum voru á skjön við ríkjandi hugmyndir: hann efaðist um tilvist guðs, var andsnúinn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og ráðandi þjóðernisstefnu landa sinna. Handritið hefur um langan tíma verið aðgengilegt í handritadeild Berkeley-háskólans og því verið nýtt af fjölda höfunda. Helmingur handritsins hefur þó aldrei komið fyrir augu lesenda né heldur verkið sem heild. Höfundarréttur Twains liggur hjá stofnun sem hefur síðan síðustu ættingjar hans féllu frá styrkt stofnanir og verk sem halda minningu hans á lofti. Útgáfa ævisögunnar bætir þúsundum síðna við mikið og fjölbreytilegt ævistarf hans og styrkir stöðu hans sem föður bandarísku skáldsögunnar.

**menning** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Páll Baldvin Baldvinsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Anna Melsteð **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Tveir fyrir einn
Sér sumartilboð í júní
Morguntímar, hádegistímar, síðdegistímar og kvöldtímar
Yogastöðin Heilsubót
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is




FRAMHALD AF FORSÍÐU

Þetta ku einn þekktasti gjörningur listakonunnar, nefnist Duets on Ice og stimplaði hana inn í bandarískt listalíf árið 1975. Þegar ísinn hefur bráðnað af skautunum er gjörningnum lokið. Laurie gaf áhorfendum á Vatnasafninu skýrt til kynna að hún vissi ekki hvað uppákoma hennar tæki langan tíma. Því hafi hún búið sig undir að þurfa að standa í óratíma með fætur í ísnum og hafði margar sögur í handraðanum.

„Ég er hætt að flytja þennan gjörning. Hann er gamall, frá 1975. Ég ákvað að fremja hann vegna þessara hluta hér, vegna vatnsins, vegna Vatnasafnsins," segir Laurie mér þegar hún hefur gengið frá fiðlunni rúmum klukkutíma síðar. Hún bendir á glersúlurnar með jöklavatninu sem standa á móti okkur. „Vatnið í súlunum er allt á mismunandi stigum í tilverunni. Það virtist góð hugmynd að gera þetta innan um bráðinn ís," segir hún og bætir við að hún sé ekki viss hvaðan ísinn á skautum hennar hafi verið.

Ég bendi henni á að ísinn sé úr Snæfellsjökli, sem hafi verið að gufa upp í tímans rás.

„Ég ætti þá að koma einhverju af … vatninu til baka," svarar hún glettin og virðir fyrir sér litla polla þar sem hún stóð á skautunum.

## Gamlar sögur og tíminn

Sögur Laurie Anderson á viðburðinum á Vatnasafninu fjölluðu öðru fremur um hana sjálfa á ýmsum skeiðum og fólk henni nátengt. Aðrar fjölluðu um Bandaríkin, ein sagan um hryðjuverkin í heimaborg hennar, New York, 11. september 2001. Hún segir sögurnar samtíning um umskipti, innri sem ytri breytingar. Sumar með hraðri framvindu eins og eldgos; aðrar hægari, líkar jöklum. Ljóst er af verkum Laurie Anderson í gegnum tíðina að tíminn er henni hugstæður.

Laurie Anderson sló í gegn í bandarísku listalífi snemma á áttunda áratug síðustu aldar og steig hærra á stjörnuhimninum þegar hún fetaði sig inn í tónlistarheiminn með hljómplötunum Big Science (1982) og Mister Heartbreak (1984). Á fyrrnefndu plötunni er lagið „O Superman," sem lenti í öðru 2. sæti breska vinsældalistans árið 1981. Þetta er jafnframt annað lagið á ferli Laurie Anderson sem hefur lætt sér inn í almenna spilun með þessum árangri. Sjöunda platan er væntanleg í enda næsta mánaðar. Sú heitir Homeland og er fyrsta hljóðversplata Anderson í níu ár. Aðdáendur listakonunnar sem hafa farið á tónleika hennar síðustu ár ættu að kannast við eitthvað á nýju plötunni. Á meðal þeirra sem ljá Anderson tóna er bassagúrúinn Skúli Sverrisson, sem búsettur hefur verið í New York í Bandaríkjunum um margra ára skeið. Hann lagði sömuleiðis hönd á plóg á síðustu plötu Anderson, Life on a String, sem kom út árið 2001.

Laurie Anderson er um þessar mundir á heimstúr sem kallast Delusion. Þar flytur hún verk sem hún frumflutti á viðburði tengdum Vetrarólympíuleikunum í Vancouver í Kanada. Fjöldi fólks tekur þátt í uppsetningunni ytra og nýtir hún bæði brúður og margmiðlun. Því var ekki að skipta hér þar sem Laurie Anderson stóð ein á gólfinu og sá sjálf um að taka föggur sínar saman.

## List fyrir bestu vinina

Laurie Anderson fagnar 63 ára afmæli á laugardag eftir viku. Tímamótunum fagnar hún með tónleikahaldi í óperuhúsinu í Sydney í Ástralíu en þar stendur nú yfir tæplega mánaðarlangur tónlistar- og myndlistarviðburður. Þar flytur eiginmaður hennar, Lou Reed, forsprakki þeirrar goðsagnakenndu hljómsveitar Velvet Underground, jafnframt textalausa hávaðaverkið Metal Machine Music, sem kom út á hljómplötu sama ár og Laurie flutti gjörninginn á skautunum í fyrsta sinn.

Laurie er með tvö sett í Sydney. Hitt er frumflutningur á tuttugu mínútna verki fyrir hunda, sem flutt verður utandyra við óperuhúsið. Listamaðurinn ljómar þegar við komum að þessu efni enda hundar henni afar nákomnir og hefur hún samið um þá fjölda laga. Hún á smáhundinn Lulubelle, sem er af amerísku rat terrier-kyni og var viðfangsefni einnar sagnanna sem hún sagði á Vatnasafninu.

Laurie segir þessa skemmtilegu tilraun hafa orðið til í samræðum við sellóleikarann Yo-Yo Ma. „Við elskum bæði hunda og okkur datt í hug hvort það yrði ekki stórkostlegt að halda tónleika sem aðeins þeir gætu heyrt. Ég hef hvorki hugmynd um það hvernig muni takast til né hvernig hundarnir koma til með að bregðast við tónlistinni. Hún verður á lágstemmdum nótum með sellóum og fiðlum en send út á hátíðni. Ég vona að margir komi. En tveir verða að koma með hverjum hundi, sem verður að vera í bandi. Þetta verður frábært," segir Laurie Anderson.

## VATNASAFNIÐ Í STYKKISHÓLMI

**Vatnasafnið sem opnað** var um mitt ár 2007 er eitt af nokkrum langtímaverkefnum bresku listasamtakanna Artangel en þau hafa haft það að markmiði síðastliðin átján ár að hrinda í framkvæmd óvenjulegum myndlistarverkefnum eftir samtímalistamenn. Á meðal nokkurra verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt eru stór skúlptúrverk á opinberum stöðum, afsteypa af innanverðu raðhúsi í austurhluta London, 25 metra há vera úr heimilisrusli í strandbænum Margate, sem og tímabundnar umbreytingar á ýmiss konar umhverfi. Þá hefur sjóðurinn fjármagnað verk á borð við Cremaster 4 eftir Matthew Barney og marga fleiri.

## HELSTU VERK LAURIE ANDERSON



FRÉTTABLAÐIÐ/JAB

### HLJÓÐVERSPLÖTUR

**Big Science** (1982)
**Mister Heartbreak** (1984)
**Strange Angels** (1989)
**Bright Red** (1994)
**The Ugly One with the Jewels** (1995)
**Life on a String** (1991)

### HLJÓMLEIKAPLÖTUR

**United States Live** (1984)
**Home of the Brave** (tónlist úr samnefndri tónleikamynd Anderson - 1986)
**Live in New York** (1982)

### NOKKUR VERK UNNIN MEÐ ÖÐRUM

**You're the Guy I Want To Share My Money With** unnið með rithöfundinum William S. Burroughs og John Giorno (1981)
**This is the Picture (Excellent Birds)** unnið með tónlistarmanninum Peter Gabriel (1986)
**Zoolook** unnið með tónlistarmanninum Jean Michel Jarre (1984)
**Métamorphoses** unnið með Jean Michel Jarre (2000)
**Plague Songs** (2006)
**The Stone: Issue Three** unnið með tónlistarmönnunum Lou Reed og John Zorn (2008)



# Goran Superform

## brennsla | styrking | liðleiki | þyngdartap

Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

**Superform matartaska**

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árángur í ræktinni.

## Vilt þú:



- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

## Þitt er valið:

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: **29900.-** | Verð án matartösku: **39900.-** | Verð án matartösku: **49900.-** |
| Verð með matartösku: **59900.-** | Verð með matartösku: **79900.-** | Verð með matartösku: **89900.-** |

**Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst 31. maí en þú getur byrjað núna!**

GrandSpa

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is




# HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is



vísir.is
...ég sá það á vísir.is



Meistaranemar í tónsmíðum ásamt kennara sínum: Baldur Baldursson, Kjartan Ólafsson og Andrés Ramon. FRÉTTABLAÐIÐ/XXXX

# RANNSÓKNIR Í HLJÓMHEIMUM

Í vor útskrifast tuttugu og fimm nemendur úr tónlistardeild Listaháskólans og er það stærsti útskriftarhópur deildarinnar til þessa. Í fyrsta sinn útskrifast nemendur með MA-gráðu frá deildinni í tónsmíðum: Andrés Ramón, Áki Ásgeirsson og Páll Ivan Pálsson, en þeir munu halda útskriftartónleika sína í Sölvhól á morgun kl. 15 og 17. Hvað smíða menn í tónlist fyrir okkar tíma?

TÓNLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Meistaranám í tónsmíðum hófst við Listaháskóla Íslands haustið 2008. Námið er tveggja ára 120 ECTS-eininga nám sem er rannsóknartengt meistaranám. Alls stunda núna 6 nemendur meistaranám í tónsmíðum við LHÍ. Námið reynist við eftirgrennslan okkar fela í sér býsna margt og kann ókunnugum að koma á óvart hvað menn eru að fást við: Baldur J. Baldursson er meistaranemi í tónsmíðum á fyrsta ári og vinnur að rannsókn á tónsköpun í tölvuleikjum. Honum eru hæg heimatökin: Baldur er deildarstjóri hljóðdeildar hjá CCP.

Markmið hans í námi og rannsóknum er að kanna leiðir til að láta tónlist stjórnast af dýnamískum gildum í fjölspilunartölvuleik eða MMORPG (Massive Multiplayer Online Role Playing Game). Þar styðst hann við þróun Eve-Online sem hefur verið í gangi síðan 2003 og býr við yfir 300 þúsund áskrifendur, oft með 40-50 þúsund spilara inni í sama heimi í senn. Slíkir leikir eru af svokallaðri „Sandbox“ MMORPG-gerð sem þýðir einfaldlega að hvað sem er getur gerst, það er engin saga, engin aðalsöguhetja (nema spilarinn sjálfur sem tekur á sig hlutverk), eitt lítið atvik getur hleypt stærri atburðarás af stað um allt kerfið – fiðrildaáhrif er það kallað.

Baldur segir um nám sitt: „Ég vinn meðal annars að skilgreiningu og þróun á mismunandi parametrum innan tónlistar í þeim tilgangi að lita og styrkja persónur, umhverfi og framvindu í tölvuleikjaumhverfi. Þar koma einnig fyrir vandamál og spurningar varðandi túlkun tilfinninga ólíkra persóna í mismunandi umhverfi og samskiptum þeirra.“ Aldagömul gildi í tónsköpun eru enn þá sönn og hafa síður en svo minna gildi í dag en áður fyrr. Tónlist sem styrkur undir myndmál er á okkar dögum tíðasta form tónlistarneyslu þótt fáir geri sér grein fyrir því. Og nú er tónlistin að sækja inn í leikina í flóknari gerðum en einföldum áhrifshljóðum.

Andrés Ramon er lengra kominn í sínu námi, hann lýkur meistaraprófi í vor. Verkefni hans er tengt uppruna hans, en Andrés er upprunninn frá Kólumbíu. Meistararannsókn hans í tónsmíðum sem hér um ræðir er sérstök að því leyti að hún er tvíþætt: bæði fræðileg sem og praktísk – listrænt skapandi. Notuð eru bæði klassísk evrópsk hljóðfæri sem og kólumbísk hljóðfæri. Það verður flutt á morgun í Sölvhóli – gömlu landssmiðjunni kl. 17.

Um verkið segir Andres: „Polaroids of Spiritual Landscapes er verk fyrir kammersveit í nokkrum stuttum þáttum sem endurspegla tónlistararf Kólumbíu, en þar er um að ræða ótalmarga tónlistarstíla og hljóðfæri sem hafa mótast af þeirri einstöku blöndun þriggja menningarheima sem hefur átt sér stað í Kólumbíu og í flestum löndum Suður-Ameríku síðan 1500. Hér er átt við arf suður-amerískra indíána sem og afrískra þræla og evrópskra innflytjenda. Þættirnir í verkinu byggja á fjölbreyttum tónlistarstílum og nota hryn og hljóðfæri úr mismunandi svæðum Kólumbíu, en hljóðfæraskipanin samanstendur af hefðbundnum evrópskum hljóðfærum sem og hljóðfærum úr þjóðlagahefð Kólumbíu.“

Um meistaranámið segir Kjartan Ólafsson prófessor: „Tuttugasta öldin einkenndist af markvissari þróun á nýjum rannsóknartengdum aðferðum við tónsköpun og hönnun nýrra hljóðfæra og hljóðgjafa. Notkun stærðfræði og líkindafræði varð stór hluti af framsæknum aðferðum í tónsköpun á síðustu öld, en tónskáld hafa í gegnum tíðina beitt talnabundnum aðferðum við tónsmíðar til að auka fjölbreytileika og úrvinnslumöguleika í tónsköpun. Afraksturinn voru stórstígar framfarir á sviði tónsköpunar, ásamt því að nútíma tölvutækni varð snar þáttur í tónsköpun og tónflutningi. Í dag eru rannsóknir og þróun aðferða við tónsköpun og tónlistarflutning orðinn mikilvægur þáttur í starfi tónskáldsins.

Meistaranám í tónsmíðum skapar einnig möguleika á þverfaglegum rannsóknum innan listageirans, s.s. á sviði tónlistar, myndlistar og hreyfilistar, sem leiðir til enn frekari samruna listgreina og aukinnar fjölbreytni í listsköpun. Námið opnar einnig á tengingu við atvinnulífið með nýjum hætti, ásamt því að gera Listaháskólann hæfari til að taka þátt í fjölþjóðlegum samstarfs- og rannsóknarverkefnum á efri háskólastigum á sviði listrannsókna.“

Tónleikarnir á morgun hefjast kl. 15 og 17.

# Vín&veisla

maí 2010



## Létt og gott kosningasnarl

Oddvitar í Reykjavík gefa góðar uppskriftir.

## Svampterta á norskan máta

Helle Birkeli bakar hefðbundna norska tertu og lagar frískandi límonaði.

## Endurnærandi kokteilar

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og Daníel Ágúst Haraldsson blanda góðan drykk.



### AUÐVELDUR VEISLUKOSTUR

Þegar góða veislu gjöra skal er tilvalið að velja rétti sem er auðvelt og fljótlegt að gera. Tíminn er yfirleitt af skornum skammti í nútímaþjóðfélagi og því er til að mynda ostabakki ljómandi uppástunga sem virkar vel við hvaða tækifæri sem er. Hvort sem það er stúdentsveislan, Eurovision-partí eða kosningavaka, ostabakkinn virkar vel.

Í sérstökum ostabúðum er hægt að kaupa tilbúnar ostakörfur eða velja sjálfur þá osta sem mann langar til að hafa á bakkanum. Gott er að hafa nokkra mismunandi osta, íslenska og erlenda, mjúka og harða. Svo er ekki úr vegi að bera fram með ostunum vínber, kex og sultur og skola því niður með góðu víni.



**HRESST UPP Á BOÐIÐ** Sumar veislur þarf að lífga upp á, til dæmis með leikjum. Einn slíkur er hinn víðfrægi stólaleikur sem hressir mannskapinn. Hér á eftir kemur lýsing á leiknum en taka skal fram að betra er að hafa nóg pláss þegar hann er leikinn.

Raðið stólum í tvær raðir (eða hring) sem snúa stólbökunum saman. Stólarnir eiga að vera einum færri en þátttakendur. Allir raða sér kringum stólana en mega aldrei snerta þá með höndunum. Nú spilar einhver á hljóðfæri eða leikur tónlist. Þá eiga allir að ganga af stað í kringum stólana. Eftir smá stund þagnar tónlistin og þá eiga allir að setjast. Sá sem er úr tekur einn stól úr röðinni um leið og tónlistin byrjar aftur og halarófan gengur af stað. Þannig er alltaf einn úr í hvert skipti sem tónlistin þagnar.



**DJAMMAÐ MEÐ RUSLÖNU** Gott þema er grundvöllur vel heppnaðs Eurovision-partís. Þemað getur verið af ýmsum toga. Til dæmis geta gestir mætt sem fulltrúar einnar þjóðar, klædd í fánaliti eða með fána. Það má einnig fá gesti til að klæðast búningum á borð við þá sem söngvarar hafa komið fram í í gegnum tíðina í keppninni.

Ekki væri amalegt að skemmta sér með Ruslönu, Silvíu Nótt, Eika Hauks og fleiri góðum.



**GERUM EINS OG NORÐMENN** Í tilefni þess að Norðmenn halda Eurovision í ár er um að gera að leita í rann þeirra þegar veisluföngin eru ákveðin. Laxinn er til dæmis einkennandi fyrir Noreg og hæg heimatökin fyrir Íslendinga að nálgast reyktan lax úti í búð.

Reyktur og grafinn lax er veislufæða sem fæstir fúlsa við. Hann hentar því einstaklega vel á hlaðborð veitinga sem boðið verður upp á í fínni Eurovision-boðum.

vín&veisla fylgir laugardagsblaði Fréttablaðsins | **Útgefandi:** 365 miðlar |
**Forsíðumynd:** NordicPhotos/Getty



**EKKERT ÁFENGI** Jóhanna Guðrún er bindindismanneskja en segist skemmta sér jafn vel fyrir það. Reyndar svo mjög að oft líti hún út fyrir að vera undir mestum áhrifum þótt aldrei bragði hún dropa.



**ÓBRIGÐULL** Daníel Ágúst Haraldsson tók þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 1989 með laginu Það sem enginn sér eftir Valgeir Guðjónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Telst til stórslysa að vinna

**Eurovision-fararnir Daníel Ágúst Haraldsson og Jóhanna Guðrún Jónsdóttir þekkja tap og sigur af eigin raun og luma á viðeigandi kokteilum hvernig sem úrslitin fara.**

Ég mæli með Esju-kokteilnum ef illa fer og við vinnum. Það er óbrigðull kokkteill sem styrkir taugarnar, hressir og er mjög hollur. Það þekki ég af eigin raun því ég fékk mér einmitt einn svona eftir að ég lenti í neðsta sætinu,“ segir Daníel sem vermdi neðsta sæti Eurovision-söngvakeppninnar 1989 með tónsmíðinni Það sem enginn sér eftir Valgeir Guðjónsson.

„Ég var mjög hress með þau málalok og hafði engan áhuga á að vinna þessa keppni, var bara feginn. Hápunkturinn fyrir mig var að sjá Dieter Bohlen, annan gauranna úr Modern Talking baksviðs, en hann samdi lög Þjóðverja og Austurríkismanna það árið,“ segir Daníel Ágúst og upplýsir að Eurovision-ferðin sé sú besta af skemmtiferðum hans um ævina.

„Þetta var stórgaman og alveg stórkostleg ferð, en ég var í slagtogi með Valgeiri Guðjónssyni sem er einn af skemmtilegustu mönnum sem ég hef kynnst. Það var því hlegið frá upphafi ferðar til enda,“ segir Daníel Ágúst sem hlustar aldrei á Það sem enginn sér í dag.

Ég horfi alltaf á keppnina með öðru auganu og öðru eyranu, en held það mundi teljast til stórslysa ef við myndum vinna. Við höfum einfaldlega ekki efni á því.“

**ESJA**
Reyka vodki
sódavatn
mulinn ís
límónubátur

### Í SKÝJUNUM MEÐ SHIRLEY TEMPLE

Shirley Temple er víðfrægur óáfengur kokkteill sem ég drakk mikið þegar ég var yngri að syngja í New York og foreldrar mínir og umboðsmaður fengu sér rauðvínstár. Hann hefur því verið í uppáhaldi hjá mér lengi,“ segir söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, sem lenti í öðru sæti Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Is It True fyrir ári.

„Tilfinningin að bíða eftir úrslitunum er afar taugatrekkjandi því á bak við þessar þrjár mínútur liggur þriggja mánaða látlaus vinna. Þess vegna vonar maður af öllu hjarta að hlutirnir gangi upp og þegar úrslit lágu fyrir var maður í skýjunum og þurfti marga daga á eftir til að venjast tilhugsuninni um að hafa gengið svona vel,“ segir Jóhanna sem hafði engin tök á Shirley Temple eftir frækinn árangur í Rússlandi en fékk sér óáfengan Mojito í staðinn, en Jóhanna snertir ekki áfengi.



„Fólk sem drekkur ekki verður oftar en ekki útundan í svona partíum og gleymast þegar allir hinir eru komnir með glös. Því er gaman að gefa uppskrift að þessum góða vinningskokkteil því ef vel gengur hjá Heru er hann afar viðeigandi: freyðandi, bragðgóður og sætur.“

**SHIRLEY TEMPLE**
5 dl Ginger Ale
5 dl appelsínusafi
2 msk grenadine
ísmolar

HÓTEL STJÓRNUN

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Viltu starfa á alþjóðavettvangi?

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum.
Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitingarekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is
og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

Cesar Ritz

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN






BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

A Member of
The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík | Eyrartröð 8, 220 Hafnarfirði | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515





**GUNTRUM – LÆKKAR VERÐ I VINBUÐUM**

Flest þekktustu vínræktarsvæði Þýskalands liggja að fljótunum Rín og Mósel. Öll hafa þau sín sérkenni. Stærstu svæðin – og í raun umfangsmesta vínræktarsvæði Þýskalands – er Rheinhessen.

Vínræktarsvæðið teygir sig yfir svæðið á hæðunum við Rín á milli borganna Mainz og Worms.

Guntrum-fjölskyldan hefur starfað óslitið að vínrækt allt frá miðöldum. Fyrir stuttu tók Konstantin Guntrum við stjórn fyrirtækisins úr hendi föður síns Louis Guntrum og er ellefta kynslóðin nú við stjórnvölinn.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við bakka Rínar sem á sér nokkra sögu. Undir húsinu teygja sig vínkjallarar Guntrum-fjölskyldunnar eina sex hundruð metra, sem er æði stór kjallari í Þýskalandi.
Þetta svæði er fyrst og fremst þekkt fyrir hvítvín en einnig eru ræktuð rauðvín í Rheinhessen. Það eru hins vegar hvítvínin sem mestu máli skipta og þegar um hágæðavín er að ræða er það fyrst og fremst þrúgan Riesling og Sylvaner sem hér er á heimavelli.

Guntrum-vínin eru auðdrekkanleg og þægileg vín sem hægt er að dreypa á í rólegheitum. Frábær í veislur með fingurfæði og salötum.
Með austurlenskum mat fara þau sérlega vel þar sem krydd og vínsætan fara vel saman. Frábær t.d. sem kaldur fordrykkur á sumarkvöldi í góðum félagsskap.

Frá og með 1. júní lækka þau umtalsvert í verði sem ætti að gleðja marga



**GUNTRUM RIESLING**
Fölsítrónugult. Létt fylling, hálfsætt og ferskt með keim af eplum, ferskjum og þrúgum.

**1.499 kr.**
Nú 1. júní lækkað verð
í **1.299 kr.**



**GUNTRUM RIESLING**
Fölsítrónugult. Létt fylling, hálfsætt og ferskt með keim af eplum, ferskjum og þrúgum.

**4.499 kr.**
Nú 1. júní lækkað verð
í **4.199 kr.**



**GUNTRUM HVÍTVÍN**
Fölsítrónugult. Létt fylling, hálfsætt, mild sýra. Epli, léttur ávöxtur, steinefni.

**1.299 kr.**
Nú 1. Júní lækkað verð
í **1199 kr.**



**GUNTRUM HVÍTVÍN**
Fölsítrónugult. Létt fylling, hálfsætt, mild sýra. Epli, léttur ávöxtur, steinefni.

**3.998 kr.**
Nú 1. Júní lækkað verð
í **3899 kr.**

# Kosningasnarl og

**Kosningavökur og Eurovisionpartý verða haldin um allt land í kvöld og nótt. Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningunum fara ekki varhluta af því og því og þrátt fyrir mikla spennu er nauðsynlegt að fá sér eitthvað í gogginn. Því voru oddvitar listanna í Reykjavík fengnir til að greina frá sínu uppáhalds kosningasnarli.**

Helga Þórðardóttir oddviti Frjálslynda flokksins nefnir ídýfu og snakk sem létt kosningasnarl. „Ég geri þetta ef ég þarf að flýta mér sem ég þarf stundum að gera með stóra fjölskyldu og fjögur börn."

Innt eftir uppskrift að ídýfunni segir Helga: „Ég var að kenna strákunum mínum að elda og sagði þeim að þeir yrðu að vera með mér þegar ég elda því ég geri allt eftir tilfinningunni. Þeir eru orðnir snillingar núna. Ég nota mest reynsluna og bragðlaukana."

Helga segir að snarlið sé vinsælt á heimilinu. „Það er alltaf vinsælt að gera sér dagamun," upplýsir Helga og bætir glaðlega við að kannski verði boðið upp á það á kosningavöku Frjálslynda flokksins þar sem hún ætlar að eyða kvöldinu. „Við ætlum að bjóða öllum vinum og vandamönnum og gera okkur glaðan dag."



**VINSÆLT** Helga Þórðardóttir segir ídýfuna vinsæla á heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## *Ídýfa og snakk Helgu:*



**1/2 box Rjómaostur.**
**1 krukka Mexíkóskt salsa.**
**Ostur.**
**Doritos flögur.**

Blandið saman rjómaostinum og mexíkósku salsa. Setjið í eldfast mót og skerið ost yfir. Notið sem ídýfu á Doritos flögur.

# Grípur gjarnan í banana

Ólafur F. Magnússon, oddviti H-lista, framboðs um heiðarleika og almannahagsmuni, segist yfirleitt minnst muna hvað hann borði á Eurovision-kvöldinu síðustu árin þar sem kosningar beri upp á sama dag og því mikið að gera. „Ég hef ekki peninga á bak við mig, er bara með lítinn þéttan hóp sjálfboðaliða og þarf að vinna alla handavinnuna sjálfur. Ég má því þakka fyrir að hafa eitthvað til að borða yfirhöfuð og halda þyngd, ég hef að vísu þegar misst nokkur kíló," segir Ólafur léttur í bragði.

„Ég er hins vegar fagurkeri og finnst yndislegt að eiga stund með góðu fólki og njóta eðalveiga. En óneitanlega tengir maður Eurovision við kosningabaráttuna þótt ég eigi mjög ljúfar minningar um Eurovision frá því að ég var fjölskyldufaðir í Svíþjóð á 9. áratugnum, sérstaklega keppnirnar árin 1983 og 1984, þegar Herreys-tríóið flutti lagið Diggi-Loo Diggi-Ley, það var í miklu eftirlæti."

Ólafur segist þó reyna að borða eitthvað og grípi þá gjarnan til banana. „Ég er mjög meðvitaður um mína andlegu og líkamlegu heilsu og ég bendi fólki á að bananarnir eru mun hollari og fljótteknari inn en snakk og skyndibitarnir."



**HOLLT OG GOTT** Ólafur grípur gjarnan í hollan bita þegar mikið annríki er. Banani verður gjarnan fyrir valinu en Ólafur sló á létta strengi og sagði það væri þó síst hægt að tengja hann við apa með banananum. „Máltækið margur verður af aurum api gildir allra síst um mig."

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dásamlegt sjónvarpssnakk

Baldvin Jónsson, oddviti Reykjavíkurframboðsins, ætlar að taka það rólega á kosningadaginn. „Þá er kapphlaupið búið. Ég býst við að kjósa snemma og eyða svo deginum með börnunum mínum sem ég hef lítið séð af síðustu daga," segir Baldvin sem mun vissulega horfa á Eurovision með fjölskyldunni um kvöldið. „Þó eru skiptar skoðanir um ágæti keppninnar á heimilinu," segir Baldvin glaðlega. Hann bætir við að sér finnist Eurovision hræðilegt útvarpsefni en oft gaman að horfa á það.

Baldvin útbýr fyrir lesendur rétt sem hann kallar Supernachos og er vinsæll við ýmis tækifæri á heimilinu. „Uppskriftin er afar einföld, enda fáir sem hafa talið mér til hróss afrek mín í eldhúsinu hingað til," segir Baldvin og hlær.



**EINFALDUR RÉTTUR** Baldvin Jónsson gæðir sér á Supernachos sem er vinsæll réttur á heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## *Supernachos*

**1 stór poki af Tortilla-flögum, helst bara saltar**
**1 meðalstór krukka af mildri salsa-sósu**
**1 meðalstór krukka af osta-sósu**
**1 heill grillaður kjúklingur**
**vel útilátið af rifnum osti**

Rífið kjúklinginn niður í frekar litla bita. Dreifið flögunum í eldfast mót í þunnum lögum með slettum af salsa og ostasósu á milli, ásamt lagi af kjúklingi.

Hafið um tvö til þrjú lög af sósu og kjúklingi og dreifið svo sósu líka í litlu magni ofan á efsta lagið af flögunum. Setjið svo þétt af rifnum osti yfir allt saman.

Hitið í ofni við ca 200 gráður þangað til osturinn er orðinn vel bráðinn.



**GÖNGUMESSUR** verða haldnar í Breiðholtinu í sumar. Kirkjurnar í hverfinu hafa frumkvæði að þessum gönguferðum sem allar byrja og enda við kirkju. Fyrsta gangan er farin á sunnudaginn. Þá er gengið frá Fella- og Hólakirkju klukkan 10 og gengið að Breiðholtskirkju þar sem verður messað klukkan 11.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









„Ég fylgist með Eurovision af miklum áhuga, en kannski á svolítið öðrum forsendum en margir,“ segir Pétur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Spenntur fyrir kosningum

**Pétur Jónsson, tónlistarframleiðandi og upptökustjóri, sér fram á fríhelgi með fjölskyldunni eftir annasamar vikur undanfarið. Hugur hans reikar til kosninga, Eurovision og ónotaðs líkamsræktarkorts.**

„Fram undan er fríhelgi með fjölskyldunni eftir annasamar vinnuvikur þar sem ég hef verið lokaður inni í hljóðveri,“ segir Pétur Jónsson, tónlistarframleiðandi og upptökustjóri hjá Medialux, sem einnig gengur undir nafninu Don Pedro.

Hann segir fjölskylduna vera mikið fyrir stóra, síðbúna morgunverði sem teygja sig gjarnan inn í hádegið. „Sundstaðir borgarinnar verða væntanlega látnir finna fyrir því, og svo þarf að fara á bókasafnið og endurnýja bókaflotann og kjósa í þessum blessuðu borgarstjórnarkosningum í leiðinni. Ég er svolítið spenntur í þetta sinn, því ég er mjög hlynntur persónukjöri og þessi kosning gæti hrist hlutina nær því að við getum loksins kosið þá sem við treystum til starfa, sama hvaða flokki þeir tilheyra,“ segir Pétur.

Hann hyggst ekki láta Heru Björk og félaga í Eurovision framhjá sér fara. „Ég fylgist með Eurovision af miklum áhuga, en kannski á svolítið öðrum forsendum en margir. Ég sit með fartölvuna opna til þess að flissa yfir hnyttnum og oft meinfýsnum athugasemdum tengdum keppninni á Twitter, með tónlistina lágt stillta. Þetta er algjörlega frábær leið til að njóta keppninnar og síðast hló ég svo mikið að ég fékk harðsperrur. Ég á vini og félaga í íslenska hópnum og mun að sjálfsögðu hvetja þau til dáða, um leið og ég mun halda ótrauður áfram að finnast þessi keppni skemmtilegur skrípaleikur.“

Pétur segir hug sinn örugglega eiga eftir að leita til ónotaða líkamsræktarkortsins síns um helgina og að hann eigi sennilega eftir að taka ákvörðun um að halda áfram að hundsa það. „Hvar sem ég stíg niður um helgina mun ég svo reyna að hafa eintak af Fréttablaðinu meðferðis, svo að ég geti bent fólki í óspurðum fréttum á að ég sé svo merkilegur að fjölmiðlar vilji endilega vita hvað ég geri um helgar. Svona eins og Lindsey Lohan,“ segir Pétur að lokum.

*kjartan@frettabladid.is*



# ;SUMAR

**GAMLI BÆRINN Í LAUFÁSI** Opnar dyrnar upp á gátt á sunnudaginn. Hlaðborð kræsinga verður í boði auk þess sem leiðsögn verður um bæinn. Bærinn er opinn daglega í sumar frá 9 til 18.




**YOGA**

BYRJENDANÁMSKEIÐ HEFST 31.MAÍ
LIFANDI FÆÐI OG YOGA Í JÚNÍ
YOGAVEISLA **2 FYRIR 1** Í JÚLÍ OG ÁGÚST

**Ásta Arnardóttir • 862 6098 • asta@this.is**
**Lótus jógasetur • www.this.is/asta**



VINDHÓLL

**Reiðskólinn Vindhóll Mosfellsdal**

**Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga**

Vikulöng námskeið sem hefjast 8. júní og standa yfir í 8 vikur

Kennt er allan daginn frá klukkan 9-16. Heitur matur í hádeginu

Dagsetningar sem í boði eru:
- 8. júní til 11. júní
- 14. júní til 18. júní
- 21. júní til 25. júní
- 28. júní til 2. júlí
- 5. júlí til 9. júlí
- 12. júlí til 16. júlí
- 19. júlí til 23. júlí
- 26. júlí til 30. júlí



Farið verður vandlega yfir umhirðu hestsins ásamt almennri reiðkennslu. Leiðbeinandi er Anna Bára Ólafsdóttir

**Nánari upplýsingar og bókanir í síma 861-4186**
**www.vindholl.is**




Brynjar Eymundsson og Elsa Guðmundsdóttir, eigendur Hafnarinnar.



Grilluð lambahryggsneið og „frikasse" með humri og dilli ásamt bakaðri kartöflu og hvítum spergli.



Fallegt útsýni er frá veitingastaðnum yfir Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Uppfæra gömul gildi

**Höfnin, nýr veitingastaður við Geirsgötu, var opnaður nýlega. Brynjar Eymundsson eigandi segist leitast við að uppfæra gamla og góða rétti í nútímalegra horf, eins og uppskriftirnar hans sýna.**

„Við leitumst mikið til við að taka gamla íslenska rétti og færa þá til nútímahorfs, en þó með fullri virðingu fyrir sögu þeirra," segir Brynjar Eymundsson sem hefur nýopnað Höfnina, nýjan veitingastað að Geirsgötu 7c.

Hann segir Höfnina leggja mikla áherslu á íslenskt hráefni, meðal annars humar og makríl og nautalundir, og einnig bjóði veitingastaðurinn upp á sinn eigin, séríslenska smurbrauðsstíl, þar sem finna má meðal annars rækjukokkteil í skonsu, grafið nautakjöt og margt fleira.

„Við ætlum að hafa mikið úrval allan daginn. Fólk getur komið hingað í vinnugallanum í hádeginu og líka fínt út að borða á kvöldin," segir Brynjar. *kjartan@frettabladid.is*

## TVEIR GÓMSÆTIR RÉTTIR HAFSINS

Grilluð lambahryggsneið og Skelfiskur og stemning **FYRIR 4**

**Grilluð lambahryggsneið og „frikasse" með humri og dilli.**
8 stk. lambakótilettur
1 kg lambaskankar
8 stk. humrar
1 stk. shallotlaukur
2 stk. gulrætur
½ stk. blaðlaukur
¼ stk. sellerírót
10 stilkar dill
5 stilkar timjan
1 stk. lárviðarlauf
5 stk. piparkorn
3 dl hvítvín
3 dl rjómi
5 dl soðið af skönkunum
8 stk. hvítur spergill
Sítrónusafi

*Sjóðið lambaskanka í vatni þar til kjötið dettur auðveldlega af beinunum, ásamt dilli, timjan, shallotlauk, lárviðarlaufi og pipar. Skrælið og snyrtið grænmetið og bætið út í soðið undir lokin. Sigtið soðið og lagið sósu úr lambasoðinu, hvítvíni og rjóma sem er svo bragðbætt með sítrónusafa, salti og pipar. Pillið kjötið af beinunum og bætið út í sósuna ásamt grænmetinu.*

*Grillið kótiletturnar, humarinn og spergilinn og kryddið með salti og pipar. Raðið réttinum saman og skreytið með fersku dilli.*

**„Skelfiskur og stemning"**
4 kg kræklingur frá Norðurskel í Hrísey
2 stk. shallotlaukar
2 stk. hvítlauksgeirar
3 dl hvítvín
½ búnt steinselja
4 stk. bökunarkartöflur
Sítróna

*Saxið laukinn, hvítlaukinn og steinseljuna og sjóðið í hvítvíninu. Bætið ferskum kræklingnum út í pottinn og lokið pottinum vel aftur.*

*Hvítvínið þarf ekki að fljóta yfir kræklinginn þar sem gufan sér um að sjóða og opna skelina á ca 3-4 mín.*

*Skerið kartöflurnar í fallegar franskar kartöflur og sjóðið þær í létt söltu vatni þar til þær eru alveg mjúkar, þá eru þær þerraðar og svo djúpsteiktar.*


;ALLT HEILSA
Þriðjudaga

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Kaffisala í Vindáshlíð



sunnudaginn 30. maí 2010
kl. 14.00-17.30
guðsþjónusta kl. 14.00

Enn eru laus pláss í eftirfarandi flokka:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | 4. júní - 10. júní | (10-12 ára) |
| 4. | 25. júní - 1. júlí | (9-10 ára) |
| 7. | 16. júlí - 22. júlí | (9-11 ára) |
| 8. | 4. ágúst - 10. ágúst | (14-17 ára). |

KFUM KFUK

KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is




Eftirspurn eftir strætóferðum minnkar yfir sumarið og því fækkar ferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Strætó fækkar ferðum

ÁRLEG SUMARÁÆTLUN STRÆTÓ BS. TEKUR GILDI Á MORGUN.

Strætó fækkar ferðum á níu leiðum á morgun. Vagnar númer 1, 2, 3, 4, 6, 11, 12, 14 og 15 munu aka á 30 mínútna fresti í sumar í stað 15 mínútna. Nokkrar smávægilegar breytingar verða einnig gerðar á öðrum leiðum.

„Eftirspurn eftir þjónustu Strætó er árstíðabundin og á vorin þegar skólastarfi lýkur og sumarfrí eru í nánd dregur umtalsvert úr henni. Við því bregðumst við með fækkun ferða. Þeim verður svo fjölgað aftur í haust," segir Bergdís I. Eggertsdóttir, yfirmaður þjónustuvers Strætó bs. Hún tekur fram að upplýsingar um sumaráætlunina sé að finna á vefnum www.straeto.is og í síma 540 2700. Nýjar leiðabækur eru líka fáanlegar á öllum sölustöðum.



Hér flýgur Gylfi á motocross-hjóli sínu, en hann segir fátt jafnast á við þá skemmtun og sport sem motocross er.

# Stelpur koma sterkar inn

**Motocross nýtur vaxandi vinsælda meðal landsmanna af báðum kynjum og á öllum aldri, allt niður í 5 ára. Hægt er að nema sportið á námskeiðum í allt sumar og gagnlegt til að ná fullu valdi á hjólinu.**

„Strax eftir fyrsta tímann finna nemendur hversu miklu öruggari þeir verða á hjólinu, komast hraðar yfir og keyra hjól sín af minni áreynslu,“ segir Gylfi Freyr Guðmundsson, Íslandsmeistari í motocrossi, en hann hefur haldið úti vinsælum motocross-námskeiðum síðastliðin fjögur ár.

„Undanfarin ellefu ár hef ég æft og keppt í motocrossi með góðum árangri bæði heima og í útlöndum. Því langaði mig að miðla af reynslu minni, auk þess sem ég læri sjálfur heilmikið af því að kenna,“ segir Gylfi og bætir við að bestur árangur í motocrossi fáist með réttri ákvarðanatöku og réttri stöðu á hjólinu, því slíkt dragi úr slysahættui.

„Á námskeiðunum fer ég yfir allt sem tengist motocrossi. Námskeiðin eru fyrir motocrosseigendur á öllum stigum; byrjendur, lengra komna og keppnisfólk,“ segir Gylfi sem á undanförnum sumrum hefur kennt motocrossfólki niður í fimm ára.

„Margir tengja motocross við bílskúrskarla, en þetta er í raun frábært fjölskyldusport. Engin ökuréttindi þarf því hjólin eru keyrð á lokuðum brautum og til eru lítil motocrosshjól með hjálpardekkjum fyrir börn. Þá eru stelpur að koma æ meira inn í sportið og tvær af þeim orðnar með allra bestu ökumönnum landsins, en það eru þær Bryndís Einarsdóttir og Signý Stefánsdóttir sem nú keppa í kappakstri á heimsmeistaramótaröðinni í motocross, fyrstar Íslendinga til að komast í þá keppni.“

„Motocrosshjól eru torfæruhjól sem keyrð eru hratt í hringi á lokuðum brautum. Alls eru fimm brautir í kringum Reykjavík, þar sem fjölbreytt og góð aðstaða er fyrir hendi og á þeim öllum fer námskeiðið fram. .“

Námskeið Gylfa eru haldin í júní, júlí og ágúst. Hvert námskeið stendur í einn mánuð eða 20 tíma í kennslu, kennt tvisvar í viku. Skráning hjá Gylfa í síma 865 8288 eða á rm250cc@mi.is.

*thordis@frettabladid.is*



Gylfi Freyr Guðmundsson er einn af bestu motocross-mönnum landsins og eftirsóknarvert að læra réttu tökin á námskeiðum hjá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Bílabúð Benna býður til afmælishátíðar milli klukkan 12 og 16 í dag.

# Benni býður til hátíðar

**Bílabúð Benna fagnar 35 ára afmæli í dag með afmælishátíð fyrir alla fjölskylduna og frumsýnir meðal annars nýjan Chevrolet og Porsche.**

Benedikt Eyjólfsson hóf viðgerðir á mótorhjólum í litlum skúr á Vagnhöfða 23 undir heitinu Vagnhjólið. Fyrirtækið varð snemma brautryðjandi í jeppabreytingum og nafnið breyttist í Bílabúð Benna. Í dag er Bílabúð Benna umboðsaðili Chevrolet, Ssang-Yong og Porsche á Íslandi.

Um helgina verður smábíllinn Spark, fimm manna borgarbíll, frumsýndur í Chevrolet-salnum á Tangarhöfða en hann hefur farið sigurför um heiminn. Í Porschesalnum verður frumsýning á annarri kynslóð Porsche Cayenne. Afmælishátíðin hefst kl. 12 og stendur til kl. 16. *- rat*




**RITHÖFUNDAR** opna heimili sín um helgina og bjóða til húslestra á Listahátíð í Reykjavík. Sem dæmi má nefna að Sigrún Eldjárn, Guðrún Helgadóttir, Andri Snær Magnason og Vigdís Grímsdóttir munu bjóða fólki heim til sín. www.listahatid.is





Ólöf Elísabet og Ágúst Guðmundsson skelltu sér á Euroclub í Ósló og skemmtu sér með stjörnunum, þar á meðal Eiríki Hauks-syni, þaulreyndri Eurovision-kempu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Gamall draumur rætist

**Ólöf Elísabet Þórðardóttir er mikill aðdáandi Eurovision, svo mikill að brúðkaupsferðinni hennar og Ágústs Guðmundssonar var heitið til Noregs til að fylgjast með keppninni í kvöld.**

„Fyrst var ætlunin að vinahópurinn færi allur til Noregs á Eurovision-keppnina og í brúðkaupsgjöf fengum við meðal annars pening í ferðasjóð og merkta boli,“ segir Ólöf Elísabet þegar hún er spurð hvernig standi á því að brúðkaupsferð þeirra hjóna hafi endað á Eurovision. En eru þau bæði jafn miklir aðdáendur keppninnar?

„Nei, ég er mesta nördið í vinahópnum. Gústi er bara svo yndislegur að leyfa mér að ráða þessu,“ segir Ólöf hlæjandi og lýsir söngvakeppninni sem eins konar keppnistímabili sem hún gangi í gegnum á hverju ári. „Bara eins og HM í fótbolta er fyrir sumum. Hann virðir þetta alveg við mig.“

Þegar blaðamaður náði af þeim tali höfðu þau rétt tyllt sér niður eftir rækilega verslunarferð í H&M. Þannig segjast þau halda upp á brúðkaupsafmælið en þau giftu sig fyrir ári. „Við fórum reyndar líka út að borða og kíktum á Júróbandið spila. Eftir keppnina á fimmtudaginn fórum við á Euroclub og skemmtum okkur með stjörnunum,“ segir Ólöf en hún sótti sérstaklega um VIP-passa svo þau hjónin kæmust inn á viðburði tengda keppninni.

„Borgin er öll undirlögð. Margir barir spila Eurovision-lög og þau hljóma líka í öllum búðum. Svo er sérstakt Eurovision-þorp niðri við bryggju þar sem stjörnurnar koma fram.“

Franska lagið er í uppáhaldi hjá Ólöfu þótt þau hjónin haldi að sjálfsögðu með íslenska hópnum. Þau viðurkenna þó hlæjandi að vonast eftir öðru sætinu. „Maður þorir varla að óska Íslandi sigurs eins og ástandið er.“

Dætur hjónanna, átta og fjögurra ára, ætla að fylgjast með keppninni í sjónvarpinu hjá ömmu og afa og reyna að sjá mömmu og pabba bregða fyrir og Ólöf og Gústi eru þegar komin með fiðring í magann.

„Við fengum reyndar sæti aftast í höllinni því það var svo mikið álag á pöntunarkerfinu. En það gerir ekkert til. Það verður bara frábært að vera á staðnum og upplifa stemninguna. Þetta er gamall draumur að rætast.“ *heida@frettabladid.is*





ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is






Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

NÝ SENDING
SPARIDRESS OG KJÓLAR
Skoðið sýnishornin á laxdal.is
(Formentara)



BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422



Vesturbæingar ættu að nýta helgina vel til sundferða því Vesturbæjarlaug verður lokuð dagana 31. maí til 11. júní vegna viðhaldsmála. Laugin opnar aftur laugardaginn 12. júní.

www.itr.is

Flottir sumarskór úr leðri, mjúkir og þægilegir.



Teg. 2211303
Stærðir: 36 - 41
Verð: 13.950.-

Teg. 1066-26
Stærðir: 37 - 41
Verð: 13.950.-

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

# Snædís Karen trekkir að

**Brestir og gnestir í borgarísjökum og birnan Snædís Karen er meðal þess sem mætir þeim sem heimsækja Hafíssetrið á Blönduósi. Það verður opnað á nýjan leik á morgun eftir vetrarfrí.**



Snædís Karen horfir blíðlega til gesta.

„Ísbjörninn sem gekk á land við Hraun á Skaga 2008 var settur upp hjá okkur í fyrra og dregur að sér athygli flestra gesta. Krakkar sem koma vilja vita allt um hann og spyrja margs,“ segir Katharina Angela Schneider, forstöðumaður Hafíssetursins. Hún er reyndar í fæðingarorlofi í Þýskalandi þegar í hana næst en kemur aftur til starfa í júní.

Katharina segir kafla á sýningunni fjalla um hvítabirni almennt, líf þeirra og hvaðan þeir komi upp að landinu og nefnir líka heimildarmynd sem þar er sýnd og var tekin á Húnaflóa fyrir nokkrum árum þegar hann var fullur af ís.

Hafíssetrið var opnað fyrst árið 2006. Það er í svonefndu Hillebrandtshúsi á Blönduósi sem var byggt á átjándu öld og er eitt af elstu timburhúsum landsins. Það útaf fyrir sig er því safngripur. Gestum hefur fjölgað jafnt og þétt með hverju ári og í fyrra fjölgaði þeim um 50% frá 2008. Það þakkar Katharina meðal annars aðdráttarafli birnunnar Snædísar Karenar og einnig sérstöku svæði sem er ætlað börnum. Það er í risi hússins, uppi á háalofti. „Þangað koma krakkarnir með vasaljós til að leita að hlutum sem tengjast dýrunum á norðurslóðum; refunum, kindunum, selunum, hákörlunum og ísbjörnunum. Þar eru refaskott, ull og alls konar bein. Þetta er svona lítið en ævintýralegt svæði. Nú er búið að setja þar upp hljóðkerfi þar sem heyra má ýmis hljóð tengd hafís og hafísslóðum,“ lýsir Katharina sem hóf störf við setrið árið 2008. Hún segir mörg börn koma með foreldrum sínum og öðrum fullorðnum og skólahópar séu jafnan mikið á ferðinni í maí. „Þó að við séum með formlega sumaropnun nú þá er setrið opnað fyrir hópa allt árið,“ tekur hún fram.

Hafíssetrið verður opið alla daga í sumar frá klukkan 11 til 17. Á opnunardaginn á morgun er frítt inn og allir velkomnir. „Það verður boðið upp á kaffi, kakó, kleinur og pönnukökur og væri gaman að sem flestir létu sjá sig!“ segir Katharina að lokum.

*gun@frettabladid.is*



Böll í tilefni af Eurovision verða á nokkrum stöðum í bænum. Á Nasa verður hið árlega Pallaball þar sem Páll Óskar þeytir skífum. Á Players í Kópavogi verður Stjórnin í stuði með Siggu Beinteins og Grétari í forgrunni sem munu flytja Eurovision-lög í bland við gamla smelli Stjórnarinnar.

www.helgin.is





NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN
Gjafa- og hönnunarvörur fyrir útskriftina, afmælið, skírnina eða brúðkaupið.
au | aurum
Bankastræti 4 • sími 551 2770 • www.aurum.is

FATAHÖNNUNARSKÓLI ÍSLANDS
FRÁ HUGMYND
AÐ VERULEIKA



Nýr einkaskóli í fatahönnun á Íslandi
Fatahönnunarskóli Íslands auglýsir eftir hæfileikaríku fólki til að þroska getu sína til að hanna föt og koma þeirri hönnun á framfæri.

Þeir sem hyggja á nám í skólanum geta farið inn á heimasíðu skólans **www.fai.is** og sótt um skólavist, einnig eru þar nánari upplýsingar um skólann, s.s. umsóknarferlið, aðgangskröfur, skólagjöld, aðstandendur, námskrá, o.s.frv.

Lokafrestur til að sækja um skólavist er 13. júní 2010.

www.fai.is

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!



**68%**
Lesa bara Fréttablaðið

**5%**
Lesa bara Morgunblaðið

**27%**
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir
**95%**
lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




**Allt sem þú þarft...**

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

## Sölu- og markaðsstjóri

**Þekkt og öflugt fyrirtæki í Reykjavík óskar að ráða sölu- og markaðsstjóra.**

**Ábyrgðar- og starfssvið:**

- Stjórnun og gerð markaðs- og söluáætlana
- Umsjón með vöruþróun og markaðsherferðum
- Skýrslugerð og markaðsgreiningar
- Ímyndar- og kynningarmál

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun í viðskipta- eða markaðsfræði
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Hugmyndaauðgi og keppnisskap
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfni
- Lífsgleði og framkvæmdagleði

**Nánari upplýsingar veita:**
Brynhildur Halldórsdóttir, brynhildur@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til 6. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



# Erum við að leita að þér?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði og hjá okkur starfa um 300 starfsmenn, flestir á framleiðslu- og gæðasviðum.

## Störf í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Unnið er á þrískiptum vöktum.

## Störf í töfludeild

Í töfludeild fer fram lyfjablöndun sem felur í sér vigtun, blöndun og frumvinnslu hráefna. Einnig sér töfludeild um framleiðslu á töflum og hylkjum. Í starfinu felst samsetning á vélum, skýrslugerð og skjalfesting. Unnið er á þrískiptum vöktum.

**Ef þú ert…**

- hress og jákvæð/ur
- stundvís
- samviskusöm/samur og getur tileinkað þér nákvæm vinnubrögð
- verklagin/n
- með grunnþekkingu í ensku
- góð/ur í að vinna í hópi

**…þá bjóðum við**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

## Sérfræðingur í framleiðsluteymi

Starfið tilheyrir gæðatryggingardeild Actavis hf. og felur í sér útgáfu og viðhald rannsóknar- og geymsluþolsforskrifta og gæðalýsinga framleiðsluvöru, rýni, yfirferð og samþykkt á framleiðsluskrám. Sömuleiðis þarf viðkomandi að sinna mati á frávikum/utanmarkaniðurstöðum, þátttöku í innri úttektum og eftirliti, gerð og viðhald skriflegra leiðbeininga og þjálfun starfsmanna. Starfið felur í sér talsverð samskipti við aðrar deildir Actavis. Um er að ræða tímabundið starf.

**Við leitum að einstaklingi**

- með háskólamenntun á sviði raunvísinda
- sem býr yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu
- með góða tölvukunnáttu
- sem tileinkar sér hratt ný vinnubrögð og þekkingu

### Gildin okkar hjá Actavis

**Finnum lausnir**
- vísar í þá ögrandi hugsun sem býr innan Actavis

**Hugsum lengra**
- vísar í að við sýnum frumkvæði og grípum tækifærin sem gefast

**Veljum einfalt**
- vísar til þess að við viljum ná hámarks skilvirkni í ferlum og verklagi

**Verum tengd**
- vísar til þess að við vinnum saman til að hámarka árangur okkar

Nánari upplýsingar um störfin veita **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **7. júní nk.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

# mentor

Mentor er þekkingarfyrirtæki sem hefur það meginhlutverk að leggja skólasamfélaginu til lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs.

Framtíðarsýn Mentors er að verða eitt virtasta fyrirtæki Evrópu á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla.

Í boði eru störf í vaxandi og metnaðarfullu fyrirtæki.

Frekari upplýsingar gefur Auðunn í síma: 895 0057

Umsóknir sendist til: starf@mentor.is

Tekið er við umsóknum til 14. júní 2010

Gætt verður fyllsta trúnaðar við meðferð umsókna og fyrirspurna.

AUKINN ÁRANGUR Í SKÓLASTARFI mentor

Rúmlega 900 skólar nýta sér lausnir frá Mentor í þremur löndum, Íslandi, Svíþjóð og Sviss og framundan er innleiðing Mentorkerfisins í fyrstu skólunum í Þýskalandi.

Mentorkerfið er smíðað í ASP.NET C# ofan á Oracle gagnagrunn. Unnið er eftir Agile hugmyndafræði í tveggja vikna sprettum.

Mentor leitar að öflugum forriturum til að vinna að áframhaldandi þróun kerfisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af ASP.NET og C#
- Metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Mentor er notað í fjórum löndum en auk höfuðstöðvanna á Íslandi er fyrirtækið með skrifstofu í Svíþjóð þar sem 15 starfsmenn vinna við ráðgjöf, sölu og þjónustu við sænska viðskiptavini. Á Íslandi starfa 14 starfsmenn þar af eru sjö tölvunarfræðingar sem vinna við þróun kerfisins.

# Hótel GEYSIR

**Hótel, veitingar, bbq hús, náttúruleg hverasundlaug , heitir pottar, Geysistofa-fræðasetur, tjaldstæði, golf , fjórhjólaleiga, hestaleiga, frábærar gönguferðir upp í Haukadalsskóg.**

Vantar mjög duglegan starfskraft í sumar. **Júní - júlí - ágúst**. Verður að hafa reynslu í veitingarsal. Erum með hlaðborð alla daga, Bistróseðil og Ala Cart.

Sendið inn umsókn á **geysir@geysircenter.is** eða hafið samband í síma **480 6800**

Reykjahlíðarskóli

# GRUNNSKÓLAKENNARAR

**Kennara vantar við Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit á næsta skólaári.**

Um er að ræða kennslu á yngsta stigi og heimilisfræði
Skólinn flaggar Grænfánanum fyrir umhverfisstefnu og starfar eftir Olweusaráætlun gegn einelti.
Reykjahlíðarskóli er heildstæður skóli með tæplega 50 nemendur.
Skólinn er staðsettur við þéttbýliskjarnann í Reykjahlíð. Þar er m.a. sundlaug, íþróttahús með tækjasal, tónlistarskóli og leikskóli.
Mötuneyti er fyrir skólana.
Í Mývatnssveit búa um 400 manns.
Sveitarfélagið hefur yfir að ráða íbúðarhúsnæði sem leigist á góðum kjörum.

**Umsóknarfrestur er framlengdur til 4. júní**
**Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.**
**Símar: 464-4376 og 849-7749.**
**Tölvupóstur: soljon@ismennt.is**
**www.myv.is/reykjahlidarskoli**



# Skemmtu þér með okkur í vinnunni!

Nova leitar að fólki í fullt starf í verslanir og þjónustuver. Við leitum að fólki sem vill skemmta sér í vinnunni, er metnaðarfullt og vill ná árangri í starfi.

**Sæktu um fyrir 11. júní á starf@nova.is**

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuver

Starfið felst í símsvörun, sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

Starfið felur í sér sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

**Hæfniskröfur:** Við leitum að hressu starfsfólki í framtíðarstörf með ríka þjónustulund. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Unnið er á vöktum. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í byrjun ágúst. Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið **starf@nova.is** fyrir 11. júní.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

DAGUR & STEINI

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI ÖRYGGISMÁLA

Elkem

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Framleiðsla og starfsemi Elkem er knýjandi afl í vitundarvakningu almennings í umhverfismálum. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

**Elkem Ísland ehf. óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga í starf framkvæmdastjóra öryggismála.**
**Framkvæmdastjóri stýrir stoðeiningu á sviði öryggis-, heilsu- og umhverfismála. Hann heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.**

**Starfssvið**
- Stýring stoðeiningar á sviði öryggis-, heilsu- og umhverfismála
- Mótun öryggis-, heilsu- og umhverfisstefnu ásamt innleiðingu hennar
- Fagleg ráðgjöf og stuðningur við rekstrarsvið fyrirtækisins
- Vinna vegna stöðugra endurbóta í öryggis-, heilsu- og umhverfismálum ásamt vitundareflingu starfsmanna um málaflokkinn

Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verkfræði eða skyldum greinum
- Leiðtogahæfileikar
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í Norðurlandamáli kostur
- Góð tölvukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



capacent



# Erum að bæta við okkur viðskiptavinum. Þurfum líka að bæta við okkur starfsfólki.

Leitum að öflugu fólki til starfa á fjármála- og lögfræðisviði. Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf sem krefjast reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Við kunnum að meta frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnað til að ná árangri í starfi. Við gerum líka ávallt þá kröfu að starfsmenn okkar sýni fagleg og vönduð vinnubrögð.

## Lögfræðingur

**Starfssvið**
- Alhliða starf innan lögfræðiþjónustu bankans þar sem viðkomandi mun starfa með flestum sviðum innan bankans
- Þátttaka í vinnuhópum og samstarfsnefndum
- Miðlun upplýsinga, námskeiðahald og kennsla fyrir starfsmenn bankans

**Hæfni og þekking**
- Kandídats- eða meistaranám í lögfræði
- Reynsla af verðbréfamarkaði æskileg
- Próf í verðbréfaviðskiptum æskilegt
- Mjög góð enskukunnátta

## Sérfræðingur á fjármálasviði

**Helstu verkefni**
- Mánaðarleg- og ársfjórðungsleg uppgjör móðurfélags, dótturfélaga og samstæðu
- Áætlanagerð
- Afkomugreining
- Innleiðing bókhaldsferla

**Hæfni og þekking**
- Viðskiptafræðimenntun
- Starfsreynsla af fjármálasviði
- Góður skilningur og áhugi á bókhaldi
- Góð almenn tölvuþekking
- Kraftur og metnaður til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri, á hildur@mp.is. Umsóknarfrestur er til og með 8. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu MP Banka, www.mp.is, eða senda umsóknir á starf@mp.is.

MP BANKI

Ármúla 13a · Borgartúni 26 · www.mp.is

# Forritarar

**Við óskum eftir forriturum í verkefni tengd þróun og rekstri á nokkrum af stærstu vefsvæðum landsins þar á meðal Tónlist.is.**

Mikið af spennandi verkefnum framundan. Ef þú ert sjálfstæður og metnaðarfullur einstaklingur og vilt vinna hjá ungu og fersku fyrirtæki sem er leiðandi í dreifingu á stafrænu efni, farsímalausnum og veflausnum hafðu þá samband á netfangið **umsokn@d3.is**



**Hæfniskröfur**

Háskólamenntun í tölvunarfræði, sambærilegt nám eða reynsla. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Microsoft .NET C# og þekkingu á gagnagrunnsforritun (T-SQL). Reynsla af svipuðum forritunarmálum kemur til greina.

**Aðrir góðir kostir:** Þekking á HTML, CSS og XML, þekking á hönnun og útfærslu á vefþjónustum, þekking og reynsla af hönnun og útfærslu á lagskiptri högun.

**Tónlist.is**

Tónlist.is er í eigu D3

# Verkefnastjóri í innanlandsdeild Express ferða

**Express ferðir leita að starfsmanni í innanlandsdeild ferðaskrifstofunnar.**

**Starfssvið:**

- Framleiðsla á pakkaferðum til Íslands
- Markaðssetning á ferðum til Íslands
- Umsjón með heimasíðugerð fyrir Express Travel - www.expresstravel.is

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af öllu er lýtur að ferðum og ferðaþjónustu á Íslandi
- Góð tölvukunnátta og reynsla af heimasíðugerð
- Mikil færni í talaðri og rituðri ensku

**Umsóknir sendist á jobs@icelandexpress.is fyrir 4. júní 2010. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf strax.**

Sími 5 900 100
www.expressferdir.is

**Express ferðir**

ellingsen.is

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÚTIVIST?

Ellingsen leitar að áhugasömu og duglegu sölufólki af báðum kynjum í útivistardeild verslunarinnar að Fiskislóð 1. Ellingsen selur útivistarfatnað frá Columbia, Devold og Didriksons. Umsækjendur þurfa að hafa og þekkingu á útivistarbúnaði auk þess að hafa áhuga á og stunda útivist.

**HELSTU VERKEFNI**

- **Sala á útivistarfatnaði, skóm og öðrum útivistarvörum**
- **Ráðgjöf til viðskiptavina um útivist og búnað**
- **Umhirða sölusvæðis**

**HÆFNISKRÖFUR**

- **Áhugi á útivist og heilsu**
- **Áhugi á sölumennsku**

Umsóknir þurfa að berast í tölvupósti til starfsmannastjóra, **rbg@ellingsen.is**, fyrir 3. júní.

Hjá Ellingsen er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, áreiðanleika, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvísir, reglusamir og heiðarlegir í samskiptum.

**Ellingsen**

*– fullt hús ævintýra*

# Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar

**Félagsvísindastofnun er rannsókna- og fræðastofnun innan Háskólans.** Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísindanna.

Nánari upplýsingar um stofnunina eru á www.felagsvisindastofnun.is

**Forstöðumaður** veitir stofnuninni daglega forystu, vinnur með stjórn að stefnumótun, ber ábyrgð á daglegum rekstri og verkefnum, þ.m.t. öflun verkefna og tekna.

Krafist er meistaraprófs í félagsvísindum, góðrar þekkingar á aðferðafræði þeirra greina félagsvísinda sem stofnunin starfar fyrir auk þekkingar á styrkja- og rannsóknarumhverfi félagsvísinda á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Einnig er æskilegt að umsækjendur hafi reynslu af rannsóknum, stjórnun rannsóknarverkefna og hæfni til að sinna rekstri og ráðgjafarverkefnum af því tagi sem stofnunin sinnir. Samskiptahæfni, sjálfstæði í starfi, öguð vinnubrögð og færni í töluðu og rituðu máli eru mikilvægir eiginleikar.

Umsóknarfrestur er til 7. júní nk.

Sjá nánar á www.starfatorg.is
og www.hi.is/skolinn/laus_storf

Við ráðningu í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# www.vinna.is

## Störf hjá ÍAV

ÍAV

**ÍAV óskar eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf við Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu í Reykjavík**

**Kranastjóri**
Óskað er eftir stjórnanda á byggingakrana sem er tilbúinn að vinna vaktavinnu.

**Kranastjóri / Hópbifreiðastjóri**
Skilyrði er að starfsmaðurinn hafi réttindi til hópflutninga ásamt kranaréttindum til að stjórna byggingakrana.

Starfið felst í flutningum með starfsmenn á vegum ÍAV frá heimili þeirra á Suðurnesjum og að starfsstöð í Reykjavík. Þegar á starfsstöð er komið er ætlunin að starfsmaðurinn sinni kranastjórn á verkinu. Æskilegt er að starfsmaðurinn sé búsettur á Suðurnesjum.

*Nánari upplýsingar veitir Elís Björn Klemensson í síma 421 4061. Umsóknum skal skila um heimasíðu ÍAV fyrir 5. júní nk.*



Mynd: Árni Geirsson

ÍAV, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200 iav.is

## Lögfræðingur til Ernst & Young hf.

Ernst & Young hf óskar að ráða drífandi lögfræðing til starfa við fjölbreytt verkefni m.a. á sviði skattaréttar, félagaréttar, viðskiptaréttar ofl. Gerð er krafa um góða íslensku og enskukunnáttu. Reynsla er kostur en ekki skilyrði.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Vinsamlega senda umsóknir ásamt ferilskrá fyrir **10 júní** til axel.olafsson@is.ey.com.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Frekari upplýsingar veitir Axel Ólafsson framkvæmdastjóri í síma 595 2500.

Ernst & Young er í fararbroddi um allan heim á sviði endurskoðunar, skattamála og viðskiptaráðgjafar. Starfsfólk okkar, 144.000 manns um víða veröld, hefur sameiginlegt gildismat og óbilandi áhuga á að veita gæðaþjónustu. Við skiptum máli með því að aðstoða starfsfólk okkar, viðskiptavini og samfélögn sem við störfum í við að nýta möguleika sína.

ERNST & YOUNG
*Quality In Everything We Do*

# VERÐBRÉFAMIÐLARI

## SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKI LEITAR AÐ VERÐBRÉFAMIÐLARA TIL STARFA Á STARFSSTÖÐ BANKANS Í REYKJAVÍK

### HÆFNISKRÖFUR
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Verðbréfamiðlunarpróf
- Öflug enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### STARFSSVIÐ
- Miðlun verðbréfa
- Greining fjárfestingatækifæra
- Samskipti við fjárfesta

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf strax.

Umsókn sem greinir frá menntun, reynslu, fyrri störfum og öðru sem gagnlegt getur talist, sendist á netfangið: **starf@sagacapital.is**, merkt Verðbréfamiðlari, fyrir 5. júní.

Saga Capital Fjárfestingarbanki er sjálfstætt og framsækið fjármálafyrirtæki sem veitir alla almenna fjárfestingarbankaþjónustu svo sem fyrirtækjaráðgjöf, verðbréfamiðlun, eignaumsýslu, skuldabréfaútboð og fjárfestingaráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta.

Saga Capital
FJÁRFESTINGARBANKI

SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKI HF. | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Laust embætti hæstaréttardómara.

Dómaraembætti við Hæstarétt Íslands er laust til umsóknar. Skipað verður í embættið frá og með 1. ágúst 2010.

Umsóknir berist dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu eigi síðar en þann 18. júní nk.

Vakin er athygli á lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipun dómara), er kveða á um nýjar reglur við skipan dómara.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
28. maí 2010

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Við leikskólann Vesturkot eru eftirfarandi stöður lausar;

- **Deildarstjórar**
- **Leikskólakennarar**
- **Matráður**

Allar upplýsingar veitir Særún Þorláksdóttir leikskólastjóri 565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is .
Sjá nánar á heimasíðu www.hafnarfjordur.is/leikskolar

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

---

## Starfsfólk í úrbeiningu

Síld og fiskur óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmenn eða starfsmenn vana kjötskurði í starfsstöð fyrirtækisins að Dalshrauni 9. Upplýsingar um starfið gefur Davíð (david@ali.is) í síma 8203861 eða Sveinn (denni@ali.is) í síma 899 2572

---

## Tónlistarskólinn á Akranesi

### Laus störf

- **Píanókennari 70% starf**
- **Fiðlukennari afleysingastaða frá ágúst til áramóta.**

Nánari upplýsingar veita Lárus Sighvatsson skólastjóri og S. Ragnar Skúlason aðstoðarskólastjóri í síma 433 1900.

Umsóknir sendist larus.sighvatsson@akranes.is eða til TOSKA, Dalbraut 1, 300 Akranes.
Umsóknarfrestur er til 4. júní n.k..

Akraneskaupstaður

---

# Áhættustýring Landsbankans

Landsbankinn

Landsbankinn óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing til starfa í áhættustýringu bankans.

Leitað er að talnaglöggum einstaklingi með mikla greiningarhæfileika.

### Helstu verkefni:

- Útreikningur og greining á áhættuþáttum bankans
- Þróun áhættumælikvarða
- Skýrslugerð til stjórnenda og eftirlitsaðila
- Fylgjast með breytingum á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða raungreinum. Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af greiningarvinnu
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku
- Frumkvæði, samviskusemi og hæfni til að starfa undir álagi
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af bankastörfum eða áhættustýringu er kostur

### Nánari upplýsingar veita:

Perla Ösp Ásgeirsdóttir, forstöðumaður áhættustýringar í síma 410 7228 og Ingibjörg Jónsdóttir á Starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn merkt „Sérfræðingur í áhættustýringu", fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

---

## Lausar stöður

LANGANESBYGGÐ

**við Grunnskólann á Bakkafirði**

**Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk.**

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 11. júní nk.**

**Kennara vantar í almenna kennslu,tungumál, textílmennt, íþróttir og heimilisfræði.**

Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í símum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri, í símum 468 1220 og 821 1646

Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 15 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er verslun. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla staði, í mjög barnvænu samfélagi.

---

## Lausar stöður

LANGANESBYGGÐ

**við Grunnskólann á Þórshöfn**

**Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Þórshöfn frá 1. ágúst 2010**

- **Staða skólastjóra**
- **Kennara vantar í umsjónarkennslu og í almennum greinum**

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 11. júní nk.

Upplýsingar gefa Heiðrún Óladóttir, skólastjóri í símum 468 1164 og 893 5836, heidrun@langanesbyggd.is og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri í símum 468 1220 og 821-1646 sveitarstjori@langanesbyggd.is

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með rúmlega 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum.
Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Á staðnum er öll almenn þjónusta, heilsugæsla, verslun, veitingastaður, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## Grunn- og Tónskólinn á Hólmavík auglýsir

### Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- **Íþróttakennari**
- **Enskukennari**
- **Stærðfræðikennari á unglingastigi**
- **Kennsla á miðstigi og/eða yngsta stigi**
- **Tónlistarkennari í afleysingar vegna fæðingarorlofs á haustönn**
Vegna anna óskum við eftir stýrimönnum, vélstjórum og vélavörðum á skrá hjá okkur. Skráðu þig á www.sjoarinn.is

### Atvinna óskast

Húsasmiður óskar eftir vinnu 25 ára reynsla vanur þak og glugga vinnu uppl: 661 7839.

**Vantar þig smið?**
Húsgagna smiður. Hefur mikla reynslu af trésmíði, þakviðgerðir, parket, inniveggir,sólpallar,mála, ofl. S. 865 7293.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

Halló dömur. Ferðafélagi óskast til Tyrklands í ágúst eða september. Æskilegur aldur milli sextugs og sjötugs. Svar sendist Fréttablaðinu fyrir 6 júní merkt Sól 010.

**Glæný eldheit upptaka**
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klífra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprett. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Glæsilegur sumarbústaður í landi Kiðjabergs**






**Opið hús á sunnudag, frá kl. 14 – 17.**

136,4 fm. sumarbústaður í landi Kiðjabergs, Hestur- lóð nr. 58, Grímsnes- og Grafningshreppi, í um 50 mín. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Ekið er til vinstri framhjá golfskálanum og inn úr. Bústaðurinn er byggður árið 2008 og stendur á 8.100 fm. eignarlóð sem snýr til suðurs á móts við Hvítá og stendur við einn fallegasta golfvöll landsins. Þrjú svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Eldhús og þvottaherbergi með vönduðum tækjum. Arinn. Hiti í gólfum. Flísar og hnotuparket. Marmari á borðum. Rafmagn í gardínum og öll ljós innfelld. Stór verönd umlykur bústaðinn. Heitur pottur.

**Eignin er til sýnis á morgun, sunnudag, frá kl. 14-17.**

**Sjón er sögu ríkari.**

# dvitanna í Reykjavík

## Ódýrasti lúxus sem hægt er að leyfa sér

Það sem er langbest í gogginn við svona tilefni, hvort sem þau heita Eurovision-kvöld, kosninganótt og ég tala nú ekki um heimsmeistarakeppni í knattspyrnu, eru kjúklingavængir í ofni,“ segir Dagur B. Eggertsson, læknir og efsti maður á lista Samfylkingarinnar í borginni. Hann gefur okkur fúslega leiðbeiningar um matreiðsluna og tekur fram að ekki sé um flókna hluti að ræða.

„Maður byrjar á að taka plastpoka og setja í hann eina og hálfa matskeið af hveiti, þó nokkurn slatta af pipar og aðeins meira salt en maður heldur. Svo skolar maður af kjúklingavængjunum, þerrar þá vel með pappír og setur þá ofan í pokann, lokar honum og hristir þannig að hveitið með kryddinu dreifist jafnt og festist utan á bitunum. Smellir þeim svo á plötu og inn í ofn og hefur þá þar þangað til þeir eru orðnir fallega brúnir,“ lýsir Dagur og telur ráðlegt að snúa öllum bitunum einu sinni meðan á steikingunni stendur.

„Kjúklingavængir eru einhver ódýrasti lúxus sem hægt er að leyfa sér og ómetanlegur kostur á sumarkvöldum,“ heldur Dagur áfram og bendir á að með afslætti kosti tíu vængir svona tvö hundruð og fimmtíu kall og hveiti, pipar og salt sé ekkert til að hafa áhyggjur af. „Svo er eldamennskan á allra færi og ég skora á fólk að nota þennan poka utan af ávöxtunum fyrir kryddunina, þá fá þeir svolítið framhaldslíf,“ segir hann og bætir við glaðlega: „Allir sem reyna þennan skyndibita munu ánetjast, þannig að á endanum verð ég líklega gerður að heiðursfélaga í sölusamtökum kjúklingaframleiðenda!“



**ÓDÝRT OG FLJÓTLEGT** Dagur eldhress í eldhúsinu tilbúinn með goggmáltíð á kosninganótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Uppáhaldsréttur strákanna minna

Ég geri ömmu Lillu-réttinn,“ segir Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, inntur eftir auðveldum rétti á kosningakvöldi. „Það er uppáhaldsréttur strákanna minna og er ótrúlega einfaldur.“

Uppskriftin er fengin frá Bóthildi, mömmu Einars, sem kölluð er Lilla. „Hún eldaði þetta fyrir strákana þannig að þeir kalla þetta ömmu Lillu-réttinn. Þetta er mjög vinsælt hérna á heimilinu.“

Einar segist vanalega elda mjög mikið en býst ekki við að tími vinnist til að gera ömmu Lillu-réttinn í kvöld þótt hann sé fljótlegur en Einar hyggst eyða kvöldinu á kosningavöku Framsóknarflokksins. „Ég verð nú bara þar að mestu leyti.“

En ætlar Einar að kíkja eitthvað á Eurovision? „Já, örugglega, svona með öðru auganu. Við erum líka með Eurovision-sérfræðing á listanum hjá okkur. Hann Reyni Þór Eggertsson,“ segir Einar en þeir voru einmitt saman að gefa fólki framsóknarkaffi þegar náðist í hann. „Ég held að hann passi það að við fylgjumst vel með Eurovision.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GÓÐUR** Ömmu Lillu-rétturinn er vinsæll á heimili Einars.

### ömmu Lillu-rétturinn

**Hæfilega mikið af makkarónum**
**1 dós maísbaunir**
**1 Medisterpylsa**
**Fullt af osti**

Sjóðið makkarónurnar í saltvatni. Skerið medisterpylsuna í bita og steikið. Blandið makkarónunum, medisterpylsunum og maísbaununum saman. Setjið ost yfir. Stingið inn í ofn þar til osturinn er bráðinn.



Einar hefur skipt medisterpylsunni út fyrir vínarpylsu eða hakk.

## Boðar fagnaðarerindi svínarifjanna

Það er nú afar ólíklegt að ég nái því að steikja rifin í kvöld, en þessi réttur er eftir uppskrift frá Friðriku Hjördísi Geirsdóttur og hefur slegið í gegn hjá okkur. Útkoman var alveg ný fyrir okkar bragðlauka og við látum fagnaðarerindið út ganga,“ segir Hanna Birna þar sem hún leggur lokahönd á súrsæt svínarif fyrir landsmenn að prófa á þessum mikla hátíðisdegi. „Þetta er hæfilega mikið og passar vel á svona kvöldi; létt en samt með góðri fyllingu.“

Í aðdraganda kosninga hefur borgarstjóri látið í minni pokann fyrir sínum ektamanni í eldhúsinu heima. „Ég er afar áhugasöm um mat og matargerð en undanfarið hefur eldamennskan verið í höndum eiginmannsins. Hann er hrikalega góður kokkur og betri en ég að því leyti að ég er tiltölulega föst í bókstafnum og fylgi uppskriftum eftir í þaula meðan hann hefur þetta í puttunum og galdrar fram kræsingar eftir blæbrigðum skaps og tilfinninga.“

Hanna Birna segir hefðbundið Eurovision-kvöld vera með fjölskyldu og vinum yfir söngvakeppninni þar sem allir leggja eitthvað í púkk og elda saman. „En í kvöld verð ég uppteknari af öðrum kosningum þótt ég muni auðvitað horfa á Heru og styðja hana heilshugar alla leið.“

- þlg



**GÓÐ FYLLING** Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri í blómlegum garðinum heima með nýgrilluð svínarif með sesamfræjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Súrsæt svínarif með gráðostasósu

**1,5 kg svínarif**
**salt og nýmalaður pipar**
**2 ½ msk rifinn engifer**
**3 hvítlauksrif, pressuð**
**4 msk sojasósa**
**4 msk þurrt sérrí**
**4 msk Hoisin-sósa**
**4 msk tómatþykkni**
**2 msk púðursykur**
**1 tsk múskat**
**1/2 tsk kanill**
**1 1/2 msk sesamfræ**

Hitið ofninn í 140 C. Raðið svínarifum í eldfast mót, kryddið með salti og pipar og bakið í 1 ½ klukkustund. Blandið saman afganginum af hráefninu í pott og hitið að suðu. Takið pottinn af hellunni og penslið rifin með sósunni. Hækkið ofnhitann í 180 C og bakið áfram í 25-30 mínútur. Einnig er hægt að grilla rifin, þá eru þau grilluð á meðalheitu grilli í 15 mínútur á hvorri hlið. Stráið sesamfræum yfir rifin áður en þau eru borin fram.

**GRÁÐOSTASÓSA**
**1 dós 10% sýrður rjómi**
**100 g gráðostur**
**salt og nýmalaður pipar**

Hrærið öllu vel saman og berið fram með svínarifjunum.





**HOLLIR** Sóley Tómasdóttir, frambjóðandi VG, grípur kannski í þurrkaða ávexti í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fljótlegt og hollt

Mér finnst ótrúlega gaman að halda veislur og geri það af tiltölulega litlu tilefni. Þó hefur það aðeins elst af mér, ég hef svolitlar áhyggjur af því,“ segir Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í Reykjavík, á léttu nótunum. „Einu sinni hitti þrítugsafmælið mitt á sama dag og Eurovision-keppnin og þá bakaði ég fimm brauð sem mynduðu nafnið JÓNSI en það var árið sem Jónsi í Svörtum fötum keppti.“

Innt eftir því hvernig hún muni eyða kvöldinu og hvað verði á borðum segir Sóley mat ekki ofarlega í huga sér enda verði hún á þönum. „Í kosningabaráttu hugsar maður lítið um hvað maður lætur ofan í sig, þá sjaldan maður fær að borða. Í kvöld mun ég því sennilega bara borða það sem hendi er næst. En dagurinn verður skemmtilegur. Ég mun fá mér tertukaffi með mínu fólki hér á kosningaskrifstofunni og ég mæli frekar með því að fólk hafi það skemmtilegt á kosningavökunni og borði bara eitthvað hollt og gott.“




**SÁTTUR** Jón Gnarr gæðir sér á ljúffengri kökunni.

## Sæla í Vesturbæ

Ég mun bjóða mínu fólki sem verður heima hjá okkur hjónum í Vesturbæ Reykjavíkur í kvöld upp á hjónabandssælu. Við munum gæða okkur á ljúffengum kaffisopa með henni og jafnvel horfa á gamlan Matlock þátt af myndbandsspólu.

### Hjónabandssæla

**500 g spelt**
**500 g lífrænir hafrar**
**500 g púðursykur**
**500 g smjör**
**1 og 1/2 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. salt**

Þurrefnum blandað saman og smjör brætt. Smjörinu hellt saman við og öllu blandað saman, helmingur af þessu sett í stóra ofnskúffu, og þrýst niður, rabbarbarasulta sett ofan á og restinni af blöndunni stráð yfir, bakað í 40 mín. á 180 gráðum.

# SUÐUR-AFRÍKA – VÍN OG LÍKJÖR

## Hitað upp fyrir fótboltann

**Heimsmeistaramótið í fótbolta hefst í Suður-Afríku eftir hálfan mánuð. Spennan liggur í loftinu og fótboltaáhugamenn farnir að pússa glerið á sjónvarpsskjánum. Suður-afríska stemningin er einstök og því um að gera að koma sér í rétta skapið með góðum kokteil eða kaffidrykk. Kristján Nói Sæmundsson, veitingastjóri hjá Argentínu Steikhúsi blandaði nokkra glæsilega drykki með afrísku ívafi.**







**1.**

### Green Elephant

1 cl Amarula
1 cl De Kuyper Creme de Menthe líkjör

### Red Elephant

1 cl Amarula
1 cl De Kuyper Wild Strawberry

### Blue Elephant

1 cl Amarula
1 cl De Kuyper Blue Curacao

Sett saman í tvískipt skotglös ef til, annars haft lagskipt í skotglasi. Amarula-líkjörinn settur síðast.



**2.**

### Amarula Ice Coffe

4 cl Amarula
2 cl Absolut vodka
2 cl Rjómi
6 cl Espresso kaffi
1 teskeið púðursykur

Kaffi-sykur og vodki er hrist saman með klaka, síað í glas. Amarula og rjómi eru léttþeytt saman og hellt varlega yfir.

**3.**

### Blue Heaven

4 cl Amarula
2 cl Absolut Raspberry vodka
1 cl De Kuyper Blue Curaçao

Hrist saman með klaka, síað í glas fyllt með muldum klaka,nokkrum dropum af Blue Curaçao dreift yfir, skreytt með jarðarberi og myntu.

**4.**

### Amarula Sunset

4 cl Amarula
1 kúla vanilluís
1 kúla hindberja sorbet (eða jarðarberjaís)
2 cl rjómi

Hrist saman með klaka, öllu hellt í hátt kokteilglas og ca. 1 cl af De Kuyper Wild Strawberry hellt yfir. Skreytt með jarðarberi.

**5.**

### Amarula Grasshopper

4 cl Amarula
2 cl De Kuyper Creme de Menthe líkjör

Hrist saman með klaka, síað í kokteilglas, fyllt með muldum klaka og súkkulaðispænir settur á toppinn.

**6.**

### Amarula Milkshake

4 cl Amarula
2 cl Absolut Vanilla vodka
1 kúla vanilluís

Hrist saman með klaka, borið fram í háu glasi með muldum ís, gott að setja smá súkkulaðisósu á toppinn.

---



**Drostdy-Hof Sauvignon Blanc** Hefur mjög ljósan grænan lit, angan af sítrus og suðrænum ávöxtum, grænum pipar, greipaldin og stikilsberjum. Nokkuð snarpt og ferskt í bragði. Eftirbragðið hefur ljúfan keim af grasi, melónum og lychee ávexti. Hentar vel með ljósu kjöti, léttreyktu fuglakjöti, svínakjöti, sjávarréttum, marineruðum skelfisk.
**Verð í vínbúð 1.499 kr.**



**Drostdy-Hof Cabernet Sauvignon** Í angan eru sólber, grösugir tónar og krydd. Vínið hefur keim af ólívum, ásamt dökkum berjum og plómum. Mjúkt tannín með mildum ávaxtakeim, eftirbragðið er langvarandi með mjúku kryddi. Hentar vel með lambakjöti, nautakjöti, Carpaccio, kjötforréttum og sem fordrykkur.
**Verð í vínbúð 1.599 kr.**



**Drostdy-Hof Light Natural Sweet White** Vínið hefur mjög ljós-sítrónugulan lit og er fremur sætt enda bara 7,5% að styrkleika. Það hefur fínlegan léttan ávöxt, milda sýru og þægilega ávaxtasætu. Hentar vel ískalt á sólpallinn eitt og sér eða til íblöndunar í sumarbollu svo eitthvað sé nefnt.
**Verð í vínbúð 998 kr.**



**Drostdy-Hof Shiraz** Þroskaður ávöxtur, krydd og reyk má finna í angan. Hefur miðlungsfyllingu, dökka ávexti í bragði, brómber, skógarber, jarðartóna og laufblöð, eftirbragðið mjög mjúkt, kröftugt og nokkuð langt. Fer vel með villibráðinni, hreindýri og rjúpu með villisveppum eða sultuðum ávöxtum, nautakjöti og kröftugum ostum.
**Verð í vínbúðum 1.599 kr.**



**Drostdy-Hof Shiraz** Í angan koma fram dökk ber og sveskjur sem gefa til kynna smásætleika í víninu og vottar fyrir reykjarkeim. Miðlungsfylling með góðri mýkt, vott af sætutón í bragði, kryddi, kaffi og súkkulaðitón. Hentar vel með T- bone steik á grillinu, lambapiparsteik og sætum kartöflum. **Verð 5.699 kr.**



**Drostdy-Hof Steen** Fölsítrónugult með grænum blæ, ríkulegri ávaxtaangan til að mynda plómum- og apríkósum. Nokkuð þurrt og ferskt. Það má finna í bragði rifsber, sítrónu og apríkósu. Það hentar vel með léttu salati, ljósu fuglakjöti, fiskréttum og frábært að dreypa á eitt og sér.
**Verð 3 l box 4.998 kr.**

## Drostdy-Hof

**Vínin frá Drostdy-Hof hafa skemmtilegan kröftugan karakter, og eru frá Cape-höfðanum í Suður-Afríku. Þau eru klassísk en jafnframt ætíð vín samtímans. Víngerðarmenn Drostdy-Hof eru stoltir af hefðinni og því örlæti sem vínin fela í sér, þetta eru vín til að njóta við hin ýmsu tækifæri. Vín Drostdy eru jafnframt þau vinsælustu í sínu heimalandi þar sem hitastig er mun hærra en hér á Fróni að jafnaði og því ætti sumarið hér að vera besti tíminn til að njóta þeirra í góðum félagsskap.**



**Drostdy-Hof Chardonnay Viognier** Angan af lime og sítrónum með melónum í bakgrunni. Þurrt með ferskri sýru. Í bragði kemur vel fram lime, græn epli og greipávöxtur. Gott jafnvægi og mjúkt eftirbragð. Hentar með pastaréttum, hráskinku og melónu, kjúklingasalati satay, grillpinnum í köldum sósum.
**Verð 3 l box 5.599 kr.**



**Drostdy-Hof Cape Red** Vínið hefur miðlungsfyllingu nokkuð þurrt með góða mýkt. Létt og ferskt í bragði þar sem ávöxturinn nýtur sín vel. Hentar vel með Hickory reyktu svínakjöti, lambalærisneiðum og grilluðu meðlæti, jafnvel nýveiddri bleikju með kryddjurtum.
**Verð 3 l box 5.399 kr.**



# Sumarleg svampterta og svalandi norskt límonaði

**Norðmenn fagna Eurovision í kvöld og því er tilvalið að skella í þjóðlega norska svamptertu og rautt límonaði á meðan horft er á keppnina. Helle Birkeli gefur uppskrift að hvoru tveggja.**

„Við hátíðleg tilefni fáum við okkur norska bløtkake sem er svampterta,“ segir Helle Birkeli frá Noregi, sem búið hefur á Íslandi síðustu tvö ár. „Norðmenn gera þessa köku þegar sumarið kemur. Þá er hægt að fá fersk jarðarber, hindber og bláber og kakan lítur mjög sumarlega út.“

Að sögn Helle er kakan oft gerð við sérstök tilefni í Noregi til dæmis í afmælum eða á Eurovision. „Fólk elskar hana. Hún getur þó stundum orðið þreytandi fyrir krakka því það er alltaf þessi kaka í boði,“ upplýsir Helle hlæjandi.

Helle segir að kakan sé vinsæl á heimili hennar en hún fann hana í uppskriftabók með þjóðlega norska rétti. „Við gerum líka stundum límonaði með kökunni. Það er eitthvað sem fólk fær sér á góðum sumardegi og er frábært á meðan horft er á Eurovision. Uppskriftin að því er reyndar fengin frá tengdamóður minni. Ég get ekki eignað mér það.“

Helle hyggst búa til límonaðið og svamptertuna í kvöld þegar hún horfir á Eurovision. Hún segist jafnvel ætla að skreyta tertuna með glimmeri. Helle hefur reyndar hvorki heyrt íslenska lagið né það norska áður. „Ég er að spara þau fyrir kvöldið. Ég hef það frá þeim tíma þegar ekki mátti heyra lögin fyrir sjálfa keppnina,“ segir Helle sem kann þó enn að meta norska lagið frá því í fyrra.

Helle ætlar að horfa á Eurovision ásamt norskum vinum sínum. „Við ætlum auðvitað að horfa á Eurovision á norsku sjónvarpsstöðinni NRK með norskum kynnum. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur,“ útskýrir Helle og bætir við að til langs tíma hafi sami kynnirinn alltaf verið á Eurovision. „Ég held að hann hafi verið rekinn því hann móðgaði drottninguna okkar ef ég man rétt. Það var samt ekki tengt Eurovision. Honum var skipt út fyrir tískugúrú frá Norður-Noregi.“



**NORSKT GÓÐGÆTI** Helle segir að Eurovision sé vinsæla í Noregi núna heldur en síðast þegar það var haldið þar árið 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## *Norsk bløtkake*

**SVAMPTERTA MEÐ MIKIÐ AF RJÓMA OG ÁVÖXTUM**

**6 egg**
**140 g sykur**
**140 g hveiti**

Þeytið eggin og sykurinn saman þar til orðið er stíft. Sigtið hveitið og hrærið saman.

Bakið við 180 gráðu hita í 30 til 35 mínútur í hringlaga formi.

**9 dl rjómi**
**1 vanillustöng**
**Svolítill sykur**

Þeytið rjómann.

Skerið kökuna í þrennt. Fyllið hvert lag með rjóma og ávöxtum eða berjum. Hægt er að setja sultu í rjómann í staðinn.

Efsta lagið er skreytt með rjóma og berjum. Norðmenn elska jarðarber og það er næstum alltaf skreytt með þeim.



Helle ætlar jafnvel að skreyta svamptertuna með glimmeri í kvöld á meðan hún horfir á Eurovision með norskum vinum sínum.

**RAUTT LÍMONAÐI**

**1 kg rifsber**
**1 dl vatn**
**300 g sykur á lítra af límonaði**
**1 tsk. rotvarnarefni**

Setjið rifsberin og vatnið í pott og látið sjóða hægt og rólega. Látið það krauma í 15 mínútur. Safinn er sigtaður í gegnum klút og látinn standa í eina klukkustund. Mælið safann og bætið viðeigandi magni af sykri við. Látið sjóða og svo krauma í 5 mínútur. Takið froðuna af og bætið rotvarnarefninu við. Hellið á hreinar flöskur og setjið tappann á um leið.



**GAMLIR DÚKAR FÁ FRAMHALDSLÍF** Tauservéttur gefa veislunni hátíðlegra yfirbragð þegar lagt er á borð. Þó má draga úr hátíðleikanum án þess að einnota bréfsérvéttur komi til, til dæmis með því að hafa tauservétturnar í mismunandi litum við diskana og lífga þannig upp á veisluborðið.

Til að koma sér upp safni af skemmtilegum tauservéttum í línskúffunni er ráð að nýta gamla dúka og viskustykki sem farin eru að að trosna á köntum eða eru með föstum blettum sem nást ekki úr. Þá eru klipptir ferningar úr þeim hluta efnisins sem er heill, heppileg stærð gæti verið 30 x 30 sentimetrar. Gera skal ráð fyrir 1 sentimetra saumfari allan hringinn og svo eru kantarnir faldaðir í saumavél. Látið tilviljun ráða hvernig blúnda eða mynstur sníðast inn í ferninginn, það er skemmtilegast þegar engin servétta verður eins.


## NÝTT TILBÚIÐ MOJITO

**BACARDI MOJITO**
Mojito frá hinum heimsþekkta rommframleiðanda Bacardi getur ekki klikkað. Hérna ertu með tilbúinn Bacardi Mojito og það eina sem þú þarft til að búa til frábæran Mojito er **klaki og Sprite/sódavatn – Bacardi Mojito „Ready to Serve“.**




## RAUÐVÍN • HVÍTVÍN




Góð kaup

**SUNRISE CABERNET SAUVIGNON**
Frábært vín við flest tækifæri og magnað yfir kosningavökunni – vín fyrir alla. Engin spurning hvað skal kjósa!!!!
**Verð í Vínbúðinni: 5.699 kr.**

Góð kaup

**LA HABANERA TEMPRANILLO**
Eitt af fáum vínum frá Spáni sem eru fáanleg í boxi. Frábært vín með grillmatnum og hentar sérstaklega vel með lambakjöti.
**Verð í Vínbúðinni: 5.499 kr.**







Góð kaup

**ARTHUR METZ RIESLING**
Flauelsmjúkt og frísklegt vín frá Alsace í Frakklandi „Je Ne Sais Quoi“ – frábært vín við flest tækifæri. Fær pottþétt 12 stig.
**Verð í Vínbúðinni: 5.199 kr.**

**CANEPA CLASSICO SAUVIGNON BLANC**
Tært vín með léttri sítrus angan, ferskt og létt í munni með þægilegri sýru. Þessi Sauvignon Blanc gefur svo epla-, ananas- og ferskjutóna sem gerir vínið ákaflega ferskt og þægilegt.
Passar með t.d sushi, hörpuskel, ostrum, grilluðum laxi, kjúklingi og sumarsalötum.

**Prófið einnig Chardonnay eða Reserva Pinot Grigio frá Canepa.**

Verð 1.691 kr.

Góð kaup




**CANEPA CLASSICO CABERNET SAUVIGNON**
Flott angan af plómum, sólberjum og þurrkuðum ávöxtum. Mikil fylling í munni sem brýst út í fersku berjabragði með hóflegu en góðu tanníni. Þægilegt eftirbragð.

Passar með t.d. lambalæri með kraftmikilli sósu, svínakjöti, þroskuðum ostum og meira að segja gráðostum og súkkulaði.

**Prófið einnig Merlot eða Carmenere frá Canepa.**

Verð 1.691 kr.

Góð kaup



# BESTI *bitinn*



**PYLSA Á BÆJARINS BESTU** Besti skyndibitinn er að mínum dómi pylsa á Bæjarins bestu. Það er réttur sem getur ekki klikkað.

*Hilmar Örn Hilmarsson*



**CASTELLO-PITSUR** Pitsurnar hjá Castello á Dalvegi í Kópavoginum eru í uppáhaldi hjá mér. Þær eru langbesti bitinn í bænum að mínum dómi.

*Embla Grétarsdóttir*



**SALSASÚPA** Það fer eftir skapi en Salsaúpan á Kryddlegnum hjörtum er það sem fyrst kemur upp í hugann. Mig langaði þangað í hádeginu í dag en var of langt undan.

*Hjördís Rut Sigurjónsdóttir blaðamaður.*



**HAMBORGARABÚLLAN** „Besti bitinn er ótvírætt búlluborgarinn hans Tomma. Ég vildi gjarnan geta verið frumlegri en svona er þetta bara.“

Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu.



**GLJÁFÆGÐUR SILFURBORÐBÚNAÐUR** Ekki er fyrirhafnarlaust að leggja gljáandi silfurbúnað á borð. Ef fallið hefur á silfrið þarf fyrst að ná svertunni af silfrinu og svo að fægja hvern hlut til að ná gljáa. Ýmis efni eru á markaðnum til að ná svertunni af. Erfitt getur þó reynst að ná henni upp úr munstrinu á silfurmunum. Þá er stundum hægt að leggja silfrið í ílát klætt álpappír og hella heitu vatni og sóda eða salti yfir. Með því næst svertan af en eftir sem áður þarf að fægja hlutinn til að fá gljáa.

**REGLURNAR BROTNAR** Ýmsar reglur eru um það hvernig lagt skuli á borð eftir því hvað er í matinn og í hvaða röð á að borða hann. Reglurnar geta vafist fyrir matargestum og orðið til þess að andrúmsloftið við borðið verður vandræðalegt. Til þess að koma gestunum ekki í bobba en halda í hátíðleik veislunnar má grípa til óhefðbundinna aðferða. Til dæmis má smeygja hnífapörunum í gegnum fallegan servéttuhring svo þau myndi eins og turn ofan á diskinum. Á langborði mynda hnífaparaturnarnir fallegt landslag margir í röð og ekki nema ein leið til að hefja borðhaldið. Gestirnir eru þá lausir við vandræðaganginn sem fylgir því hvaða gaffal skal nota fyrst.








Börkur Jónsson og bak við hann einn gestaleikara Vesturports, Gael Garcia Bernal.

# ÓDYSSEIFUR OG LÉR

**Börkur Jónsson leikmyndahönnuður hefur getið sér gott orð með ágengum leikmyndum hér heima, bæði fyrir Vesturport og stóru leikhúsin. Nú berast fréttir um að hann sé að hasla sér völl víðar.**

MENNING
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Það grípur hann lítillæti þegar í manninn næst. Hann er á leiðinni út en gefur okkur tíma: Í nýju hefti Opera, þess virta blaðs um óperuheiminn, er fjallað um komandi verkefni Ensku Þjóðaróperunnar og þar er talin upp frumsýning hinn 24. mars á nýrri sviðsetningu á Endurkomu Ódysseifs. Leikstjórinn er Benedikt Andrews sem væntanlegur er hingað upp í haust til að sviðsetja Lé konung í Þjóðleikhúsinu. Í greininni í Opera er „Bokur Jonsson" sagður leikmyndahönnuður að óperu Monteverdi frá 1641: „Já hann veðjaði á mig," segir Börkur. Reyndar ekki í eitt verkefni heldur bæði Ódysseif og Lé. Þeir Benedikt, sem er rómaður fyrir sviðsetningar sínar bæði heima í Ástralíu og víða um Evrópu, verða því mikið saman á næstunni. „Við klárum þetta í sumar og erum komnir vel á veg með Lé. Þetta er svona í útlöndum, að menn vinna langt fram í tímann," segir Börkur.

Frami Barkar á erlendri grund hefur að mestu verið bundinn við sýningar Vesturports. Þeir Gísli Örn eru á leið til Málmeyjar að setja Hamskiptin á svið. Hann er nýkominn heim frá sviðsetningu á dansverki, Electric hotel, sem flutt er í gámum á vegum Fuelhópsins og fer nú suður eftir Englandi. Þar sitja áhorfendur úti við með heyrnartól og horfa á verkið í uppstöfluðum gámum. Og talandi um gáma þá eru þeir félagar Gísli Örn og Börkur komnir á fullt með annað verk fyrir gáma, samnorræna sýningu sem á að taka á flóttamanninum í norrænum samfélögum í víðum skilningi, en Vesturport fékk ásamt tveimur norrænum leikhúsum stóran styrk frá norrænu menningarmálanefndinni til að koma þeirri sýningu á koppinn.

Verkefnin eru því ærin. Leikmyndir Barkar hafa um margt skorið sig frá öðrum sem sést hafa hér á landi, einkum í byggingu og efniskennd. Frami hans á erlendri grund er tilkominn fyrir það tengslanet sem byggst hefur upp í kringum starf Vesturports og er nú að leiða til þess að verk þessa unga höfundar eru tekin að sjást víðar á áætlunum virtra leikhúsa og leikflokka Evrópu. Það er fleira útflutningur en ál og fryst flök.


æfingastöðin



OPIÐ HÚS – KOMIÐ OG UPPLIFIÐ!

Við á Æfingastöðinni ætlum að opna dyrnar upp á gátt í dag
**laugardaginn 29. maí frá kl. 13-16.**

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin á Háaleitisbraut 13.

Á Æfingastöðinni er veitt fjölbreytt þjónusta iðjuþjálfa og sjúkraþjálfara. Þjónustan er fyrir börn og ungmenni sem þurfa aðstoð við að bæta færni sína í leik og starfi svo þau geti þroskast, dafnað og notið lífsins.

Komið og upplifið!
- Leikir og þrautabraut
- Stoð- og hjálpartæki
- Myndir úr starfinu
- Leikhópurinn Lotta skemmtir kl.13.15
- Grillaðar pylsur og Svali

Kynningar og fræðsla um:
- Sjúkra- og iðjuþjálfun á Æfingastöðinni
- Iðjuþjálfun í Hafnarfirði
- Þjálfun í daglegu umhverfi
- Hópþjálfun
- Sjúkraþjálfun á hestbaki
- Fjölskyldumiðaða þjónustu

Eftirtaldir kynna einnig starfsemi sína:
- ADHD samtökin
- CP félagið
- Sjónarhóll
- Tölvumiðstöð fatlaðra
- Umhyggja
- Umsjónarfélag einhverfra
- Þroskahjálp

**Við hvetjum alla til að líta við og bjóða ættingjum og vinum með.**

Hlökkum til að sjá ykkur!



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330





HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveina- og matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum vinnustaða og skipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



# Stæltir strákar stíga dans



Glutra karlarnir hinum bjarta heimi úr höndum sér? Þeirra hnöttur er svört lítil kúla. MYND PARS PRO TOTO/ RAKEL BJÖRT JÓNSDÓTTIR

Leiklist ★★★

**Bræður**

eftir Láru Stefánsdóttur og hópinn. Leikstjórn: Ástrós Gunnarsdóttir og Lára Stefánsdóttir. Texti: Hrafnhildur Hagalín. Leikmynd og búningar: Filippía Elísdóttir. Tónlist: Ragnhildur Gísladóttir. Lýsing: Lárus Björnsson og Halldór Örn Óskarsson

Það þarf talsvert áræði til að setja á svið stóra danssýningu eins og Bræður sem frumsýnd var á föstudagskvöld á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Pars pro toto Láru Stefánsdóttur á sér nokkuð langa sögu; fyrstu sýningar hópsins sem Lára kallar krafta í eftir efni og aðstæðum voru að mig minnir á níunda áratugnum. Ég hef ekki tölu á þeim verkefnum sem Lára hefur stofnað til en hún rétt eins og stalla hennar Ástrós Gunnarsdóttir hefur starfað við dans frá blautu barnsbeini. Saman settu þær á svið athyglisverða sýningu fyrir tveimur árum: Systur. Nú er markið sett hærra. Bræður er merkileg tilraun í víðum hugmyndaramma karlmennsku, eins og konurnar sem standa að sýningunni skynja hana og skilja, því auk þeirra tveggja koma að sýningunni fleiri konur: Filippía Elísdóttir gerir sýningunni skynsamlega þrönga sviðsmynd, klæðir rýmið af í ljósum tjöldum og leggur á gólfið spegil, býr til aflukta stúku í sviðsbotni og klæðir karlana í svört föt en þær Láru og Ástrós sem eiga báðar dansparta í sýningunni í liti. Sýningin nýtir síðan textabrot úr munni karlmanna sem þeir flytja dansararnir bæði í dansinum og af bandi, en hljómheimur verksins er skapaður af Ragnhildi Gísladóttur. Öll umgerð var unnin af smekkvísi og vel nýtt þau litlu efni sem verkinu gefast og hentar hún vel til útflutnings sem ég hef grun um að henni muni bjóðast.

Þátttaka leikstjóra og höfunda í verki sem þessu er ekki gallalaus: þeir eru bæði inni og úti. Og þó að þátttaka kvendansara í verki um karlamenningu sé nauðsyn, hvað værum við án kvenna – hálfir menn – þá voru þeir partar í verkinu hálfvolgir, leikur hins falboðna líkama í stúkunni og umklæðning hinnar köldu konu sem er heit að innan og bar þar innyflisbleikan lit væri snjöll hugmynd var dansparturinn ekki fullskýr. Það var aftur greinilegra á mörgum pörtum í beitingu karlahópsins hvað var á ferðinni. Og þá komum við að þeirri dirfskufullu ákvörðun að reyna að setja saman danshóp karla hér í fámenninu. Tveir erlendir gestir voru nánast skraut á tertuna: Jorma Uotinen fór með veggjum en gæddi sýninguna þokka þess brautþjálfaða dansara sem hann er, djöfullegur í fáum skýrum dráttum. Öll hans lögn bar þess merki að hann vissi nákvæmlega hvað þurfti. Líkastil verður hans nafn sýningunni til framdráttar eitt og sér á erlendri grund. Dökkur dansari átti líka nokkra parta og sýndi mikla fimi en hafði ekki þá nærveru sem Jorma skóp. Finninn átti svo djúpa rödd í tónsmíðinni sem gaf mikinn lit.

Tveir leikarar fóru með stóra parta í sýningunni og sýndu að þessi partur leikhússins er þeim jafn opinn og leikverkið: Ívar Sverrisson og Ívar Helgason. Báðir standa sig með prýði. Þá er mest lagt í dansi á Gunnlaug Egilsson og hann settur í stökk og látinn tala á meðan – sem raun sannar að er erfitt, texti hans hvarf, eðlilega. Veikari helmingur flokksins er ekki nýttur nema brýn þörf kalli á enda stenst hann ekki mál í atvinnuflokki.

Þá má spyrja: Því ekki leggja fleiri til en Listahátíð, Leiklistarráð og Þjóðleikhús? Ef á annað borð er ráðist í svona verkefni ætti Íslenski dansflokkurinn að leggja sprotaflokkum til krafta – annað eins skuldar flokkurinn Láru. Og meðan flokkurinn býr við ónóga aðsókn sem hann gerir þá ætti það að vera metnaðarmál liststjóra flokksins að styðja með alefli og mannskap sýningar eins og þessa. Það er skylda bæði Íd og Þjóðleikhúss að standa vörð um þá sprotastarfsemi sem sjálfstæðir danshópar eru, ekki bara af söguleg-um ástæðum, heldur líka af þeim ástæðum að undir væng þessara stofnana á grasrótin líka að blómstra.

Bræður er merkileg tilraun. Sýningin lýsir af metnaði, smekkvísi og vilja til að taka fyrir stórt og flókið viðfangsefni. Seinni sýningin var í gærkvöldi og það er sárt að vita að innan við þúsund gestir munu hafa séð hana.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Merkileg tilraun og metnaðarfull en víða óljós í erindi.



Þórarinn Eldjárn er bæði á dýpt og hæð og margt rúmast í hausnum á honum og hendist sumt út og allt spakt.

# Rím og rúm

Bókmenntir ★★★★★

**Vísafýsn**

eftir Þórarinn Eldjárn

Lítið ljóðakver leit dagsins ljós í vikunni úr myrkum prentvélanna í Odda: Vísnafýsn eftir Þórarinn Eldjárn – 75 síður í snotru broti – og geymir yrkingar af ýmsu tagi, bragfastar en hugdjarfar, sumar í látleysi, aðrar í merkingar- og orðahverfingum. Eins og búast mátti við af Þórarni.

Hann hefur jöfnum höndum lagst í flestar gerðir skáldskapar: smásögur og skáldsögur, leiktexta og söngtexta hefur hann þýtt og frumsamið en ljóðið er hans virki þaðan sem hann hefur sótt á ýmis mið. Hann er braghagur með afbrigðum en ræður ekki síður við texta sem eru lausir við hætti. Í þessum yrkingum sem fylla bókina er hann nær alveg að eltast við hætti af ýmsu tagi. Þeir eru hér fjölbreyttir, stuðlað og rímað en flest af svo mikilli list að málið rennur látlítið og að því virðist fyrirhafnarlaust.

Margt af þessu virkar í fyrstu sem tækifærisskáldskapur, ort af tilefni fundar við orð eða staka hugsun sem fæðir af sér aðra, botnar hana, en þegar svo lesið er í striklotu í annað, þriðja sinn fellur kverið saman í sérkennilega persónulegt stöðumat á lífi hins þroskaða huga, hughreystingar, heilræði, fyrirbænir. Og heimsádeilur, svo sem opnan 30/31 með tveimur smákvæðum sem hæðast kurteislega að háskólaórunum. Því fylgja svo stökur um leikara og myndlist sem FÍL og SÍM mönnum kann að þykja miður.

Og endurnýjaður lestur leiðir í ljós að hér eru á víða ferðinni paradoksar og afórismar, klassísk form sem falin eru í stöku, viskusteinar sem hafa á sér yfirbragð saklausrar hugsunar en eru dýpri, einhvers konar völur sem lesandinn getur velt í lófa hugans, spakmæli sett í hendingar.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Vísnafýsn er hentugt kver fyrir okkar tíma.


Múlalundur hefur flutt að Reykjalundi



Múlalundur framleiðir fjölda vörutegunda m.a:

EGLA bréfabindi
Barmmerki
Ráðstefnu og fundarvörur
Plastmöppur
Sérprentaðar möppur
Gestabækur
Músamottur
Ljósmyndaplöst og bækur
Matseðlar fyrir hótel og veitingastaði
Gatapokar og umslög í öllum stærðum
Sjúkrahúsvörur
Pennahulstur og plast fyrir pennasafnara
Blaðabakkar
Ritföng
Ljósritunarpappír
Fartölvubretti
Bókastandur
Dagblaðabretti

Þarf að undirbúa fund eða ráðstefnu?
Við framleiðum og sérprentum möppur, röðum í þær og gerum klárar fyrir fundinn.
Kynnið ykkur þjónustuna hjá söludeildinni, s: 5628500
Og á vefsíðunni www.mulalundur.is

egla bréfabindi

MÚLALUNDUR
VINNUSTOFA SÍBS


# Sumarsmellir pönkara

Tónlist ★★★★

**Meira Pollapönk**

Pollapönk




Pönkið hefur löngum þótt margslungið fyrirbæri og vafist fyrir mönnum að skilgreina það út í hörgul. Sé farin sú leið að líta á pönk sem ákveðinn hugsunarhátt og viðhorf í efnistökum fremur en sérstaka tónlistarstefnu getur flest undir sólinni hæglega talist pönkað, og er barnaefni ekki undanskilið. Til að mynda ætlar enginn að segja mér að Ryksugan á fullu sé nokkuð annað en hörkufínt pönk. Svipað má svo segja um margar af þeim frábæru barnaplötum sem komið hafa út á Íslandi síðustu ár og áratugi. Margar þeirra höfða líka bæði til barna og fullorðinna, hvort sem sú var ætlunin eður ei, og vera má að það lýsi eigingirni foreldra að líta á slíkt sem risavaxinn kost. Sú er nú samt raunin og Meira Pollapönk smellur eins og flís við rass inn í þann hóp platna sem allir aldurshópar ættu að geta haft af gagn og gaman.

Fyrri Pollapönksplatan kom út fyrir þremur árum og naut hylli, en þar var um að ræða útskriftarverkefni Botnleðjupiltanna Halla og Heiðars við Kennaraháskóla Íslands. Á Meira Pollapönk hefur leikskólakennurunum borist öflugur liðsstyrkur í formi Arnars Gíslasonar og Guðna Finnssonar úr Ensími og Dr. Spock. Bandið er þrusugott og spilagleðin skín í gegnum bráðskemmtilegar útsetningarnar, sem oftast nær keyra á skítugum gítar og hröðum trommuslætti að Botnleðjusið en nýta þó meðal annars blásturshljóðfæri með góðum árangri. Þá finna félagarnir sig vel í söngnum, eru hressir og á köflum kjánalegir í besta skilningi, og ekki yfir neinu að kvarta í þeim efnum.

Umfjöllunarefni textanna bera þess vott að Pollapönkararnir eru beintengdir æsku landsins, enda umkringdir henni flesta daga, og vita hvað fellur í kramið, hverju má gera grín að og á hvaða atriðum má hnekkja án þess að detta í predikunargírinn stórhættulega. Keyrða kynslóðin fær far hvert á land sem er, jafnvel út í næsta hús, heimsókn til tannlæknisins er hvatinn að hugarferðalagi til Kanarí þar sem ekkert spillir gleðinni, jafnvel þótt pabbi hangi brenndur hótelbarnum á og mamma sofi úr sér alla daga. Heimskulegir fordómar fá rassskell í Þór og Jón eru hjón og þjóðargersemin Ómar Ragnarsson er kynnt fyrir yngstu kynslóðinni í samnefndu lagi. Bestur er þó 113 Vælubíllinn, vinsælasta lagið á mínu heimili þessa dagana, sem er þörf og holl ádeila á stór- og smámenni samfélagsins.

Tíminn leiðir í ljós hvort Meira Pollapönk verði sígild í röð íslenskra barnaplatna en hún er framför frá fyrra verki, frábær á flesta kanta og hefur til þess alla burði. Áfram Pollapönk!

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Beintengt barnapönk.



# Við leitum að góðu fólki

**vísir.is** og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **vísir.is**

**ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku**




+



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is

...ég sá það á visir.is

## AÐ TJALDABAKI



**Á föstudagskvöld** eftir tæpa viku verða tónleikar í Salnum þar sem Jóhann G. Jóhannsson, fyrrum bassaleikari í Óðmönnum og lagasmiður með meiru, treður upp á blústónleikum á Jazz- og blúshátíð Kópavogs. Þar rekur hann nokkra staði af ferli sínum, Cream-lög og lög úr söngbók Óðmanna, auk síðari ópusa. Með honum verða í för tveir ungir söngvarar, Björn Thoroddsen á gítar, Jóhann Hjörleifsson trommur, Richard Gillis trompet og Gunnar Hrafnsson á bassann.

**Flutningur á ópusum**
Schuberts hefur tvo síðustu sunnudaga fyllt Fríkirkjuna en þeir Ágúst Ólafsson barítónsöngvari og Gerrit Schuil píanóleikari hafa þar flutt þekktustu ljóðasöngflokka Schuberts auk söngvasafns sem gefið var út að honum látnum. Enginn íslenskur söngvari hefur áður tekist á við heildarflutning þessara söngflokka og hafa þeir hlotið frábærar viðtökur áhorfenda og lofsamlega dóma fyrir flutning sinn og túlkun. Lokatónleikar Ágústs og Gerrits eru á morgun kl. 11 þar sem þeir flytja Der Schwanengesang, Svanasöng, en þeir fluttu Malarastúlkuna fögru og Vetrarferðina síðustu tvo sunnudagsmorgna.



BYRJAÐU AÐ LÉTTAST OG LÍÐA BETUR STRAX Í DAG

4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla



Helga Pálsdóttir, 40 ára og 4 barna móðir
Ráðgjafi hjá Allianz – Missti 8 kg á 9 vikum.
Að vera orkumeiri og léttari er orðinn lífsstíll hjá mér.
Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum

Hjá okkur færðu alltaf þjálfara í æfingunum

Vikulegar mælingar mikið aðhald



Lúxusnámskeið Nordicaspa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 7. júní**
Fyrirlestur 5. júní
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

512 54 01
Auglýsingasími



Allt sem þú þarft...

HASARSÖGUR STÖÐVAR 2 SPORT

2 SPORT besta sætið




2 VILD

**ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD**

- 5-30% AFSLÁTTUR AF ÁSKRIFT
- TILBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU
- FLEIRI STÖÐVAR

**VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR** 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT2 2 SPORT3 2 SPORT4

**512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000**

1930 ÚRÚGVÆ



1938 FRAKKLAND




1974 V-ÞÝSKALAND



1982 SPÁNN



1986 MEXÍKÓ



**HM-TÍÐARANDINN ENDURSPEGLAÐUR** HM-plakötin endurspegla tíðarandann þegar keppnirnar voru haldnar nokkuð vel, að mati Bobbys Breiðholts. Hér má sjá nokkur dæmi um HM-plaköt í gegnum tíðina, meðal annars Art Deco-stílll árið 1930, „fasistamyndmál" 1938 og hið fræga plakat fyrir HM á Spáni 1982, sem hannað var af myndlistargoðsögninni Miró.

# *Knattspyrnan túlkuð í plakötum*

Allt frá fyrstu HM í knattspyrnu sem haldin var árið 1930 hefur FIFA heiðrað þá hefð að gefa út opinbert kynningarplakat fyrir hverja keppni og er færasta fáanlega fólk fengið til verksins hverju sinni. *Kjartan Guðmundsson* fékk hönnuðinn Bobby Breiðholt til að líta á herlegheitin og velja bestu og verstu **HM-plakötin** af þeim nítján sem gefin hafa verið út í gegnum tíðina

Þessi plaköt eru frábært framtak. Það er gaman að fara í gegnum þau og sjá hvernig knattspyrnan hefur verið túlkuð í gegnum tíðina," segir Bobby Breiðholt, grafískur hönnuður hjá Fíton, eftir að hafa litið á plakötin nítján. Bobby gefur sig ekki út fyrir að vera sérstakur áhugamaður um knattspyrnu og vissi ekki af þessari plakata-hefð í tengslum við HM, en segist munu fylgjast með þeim í framtíðinni.



BOBBY BREIÐHOLT

Hann segir það áhugavert-asta við plakötin í gegnum tíðina vera hversu vel þau fanga tíðarandann þegar hver keppni var haldin. „Við höfum hér Art Deco fíling árið 1930, fasistamyndmál 1938 og plakatið fyrir HM í Þýskalandi 1974 er eins og progguð djassplötukápa. Reyndar væri djössuð prog konseptplata um knattspyrnu eitthvað sem ég væri til í að kynna mér," segir Bobby, og bætir við að honum þyki eldri plakötin mun skemmtilegri en þau nýju. „Þessi nýrri eru allt of „hönnunarleg" að mínu mati. Það mætti slökkva á tölvunni og gera þetta meira í höndunum eins og eldri plakötin," segir Bobby Breiðholt.

Um plakatið fyrir HM sem er að hefjast í Suður Afríku segir Bobby það þjóna sínu hlutverki en verði þó varla í minnum haft. „Þetta plakat er bara nokkuð ágætt, þótt ég sé ekkert að drepast úr spenningi. Litirnir eru hressir. Það er nokkuð skapandi hugmynd að sameina Afríku og knattspyrnu á þennan hátt þó að Afríka sé eins og skelkaður drengur að fá bolta í andlitið. En þetta er kannski aðeins of hönnunarstofulegt. Það hefði verið miklu meira gaman ef þetta verið meira afrískt og handgert."




**HM 2010** Svona lítur plakatið fyrir HM í Suður Afríku, sem hefst 11 júní, út. Það er helst til of hönnunarstofulegt að mati Bobby Breiðholts. MYNDIR/AFP

## BESTU PLAKÖTIN

**Mexíkó 1970**
„Afgerandi besta plakatið af þeim öllum. Sýnir bara að fyrir plaköt af þessu tagi er minna alltaf meira. Engin kássa af fánum og merkjum, engin pólitík og engin þjóðremba. Bara ein sterk, næstum abstrakt mynd af því sem skiptir máli. Letrið er líka alveg tryllt á sixtís-hátt."

**Ítalía 1990**
„Eitt af aðeins tveimur plakötum þar sem ljósmynd er notuð," (plakatið fyrir HM í Mexíkó 1986 er einnig ljósmynd). „Mér finnst þetta mjög vel heppnuð blanda af svarthvítu og litagrafík. Fortíð og nútíð mætast og þessir litir passa vel við svarthvítu myndina.

**Sviss 1954**
Af öllum plakötunum sem fara alla leið út í listrænar myndskreytingar finnst mér þetta best. Alveg rosalegur Kaffi Mokka fiftís-stíll sem er í góðu lagi mín vegna. Boltinn teygir á netinu og er við það að springa út úr myndinni. Spennandi, smekklegt og frábærir litir."










## VERSTU PLAKÖTIN

**Brasilía 1950**
„Til að byrja með er aldrei gott að troða of miklu af fánum og merkjum á plakat. En hérna er öxlum bara yppt og fánum allra knattspyrnuhæfra þjóða heimsins er troðið saman… á sveittan sokk! Þetta er skræpótt, skræpótt flík. Ég vorkenni þjóðunum sem eru ofan í skónum."

**Chile 1962**
„Heimsendir!! Þessi mynd er bara sprenghlægileg. Reyndar talar þessi armageddón mynd svolítið til mín. Ég hef afar takmarkaðan áhuga á fótbolta og mér finnst einmitt að HM umturni heiminum eins og loftsteinn á fjögurra ára fresti. En ég efast um að knattspyrnuaðdáendur líti þannig á það. Hringið í Bruce Willis."

**Þýskaland 2006**
„Æi vá, þessi hugmynd er rosalega á seinustu stundu eitthvað. Já ókei, á fjögurra ára fresti koma fótboltastjörnurnar út til að láta ljós sitt skína og fyrirgefðu, en ég sofnaði ofan í súpuna mína. Svo er þetta bara illa gert. Þetta hefði eflaust komið betur út ef þetta væri teiknað í einhverju Avatar forriti, en það bjargar ekki þreyttri hugmynd og úbbs, ég sofnaði aftur."









ellingsen.is

# Hvar verður heitasta Eurovisionpartíið?

**ÞÚ FÆRÐ GASGRILLIÐ SAMSETT OG SENT HEIM Í TÆKA TÍÐ FYRIR EUROVISION**
Heimsending gildir fyrir höfuðborgarsvæðið, og Akureyri.



**GRILLUNUM FYLGIR:**
- 5 kg smellugashylki
- kippa af 2 lítra Coca-Cola
- Lays-flögur

PIPAR\TBWA · SÍA



**ELLINGSEN 2**
Tveir steypujárnsbrennarar, 24.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neista-kveikja. Grillflötur 450 x 467 mm.
**Verð 79.900 kr.**

**13.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**ELLINGSEN 3**
Þrír steypujárnsbrennarar, 36.000 BTU, 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja Grillflötur 633 x 467 mm.
**Verð 109.500 kr.**

**18.250 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**ELLINGSEN 4**
Fjórir steypujárnsbrennarar, 48.000 BTU. 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki, 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind út steypujárni og neistakveikja. Grillflötur 780 x 467 mm.
**Verð 129.900 kr.**

**21.650 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**COLEMAN-FERÐAGASGRILL**
Grillflötur 630x380 mm. 2 brennarar úr ryðfríu stáli, 7 kW. Lok með postulíns-emeleringu, hitamælir og 2 fellanleg hliðarborð.
**Verð 49.900 kr.**

**8.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**CAMIPNGAZ RBS CI GRAND**
Grillflötur 2000 cm2. Keramikbrennarar á hliðum. Lok með glugga, efri grind (hitagrind), hitamælir, neistakveikja og sterk hlíf að framan með hillu.
**Verð 69.900 kr.**

**11.690 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



Grillin eru afgreidd með Smellugasi sem er nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Nánari upplýsingar á **smellugas.is**

Smellugas

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

# Aldarlöng leit að dýrum málmi

Í rúma öld hafa Íslendingar með reglulegu millibili gert út vísindamenn til að grafast fyrir um það hvort **gull** sé hér að finna í vinnanlegu magni. *Svavar Hávarðsson* komst að því að sagan er bæði litríkari og með meiri ólíkindum en margan grunar.

Jarðefnavinnslufyrirtækið Platína Resources Ltd. sótti á vormánuðum um rannsóknaleyfi til gullleitar hér á landi. Allt Austurland er undir. Umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess, auk tæplega 1.300 landeigenda á svæðinu frá Vopnafirði og suður um hafa erindi fyrirtækisins til umsagnar.

Fyrir er í gildi eitt rannsóknaleyfi til gullleitar en handhafi þess er íslenska fyrirtækið Melmi ehf. Íslendingarnir hafa einbeitt sér að rannsóknum sunnan og vestanlands sem skýrir umsókn á rannsóknum á Austurlandi. Starfsemi Melmis ehf. er hluti af rúmlega aldar sögu gullleitar á Íslandi.

**Bara 20 milljón ára**

Flestir hafa gengið út frá því vísu að gull væri einfaldlega ekki til staðar í íslensku bergi. Hvað þá að þessi dýri málmur væri hugsanlega í slíku magni að hægt væri að byggja upp arðbæran iðnað honum tengdum. Ástæðan sem helst er nefnd er einfaldlega sú að í jarðfræðilegum skilningi er bergið allt of ungt og móður jörð hafi ekki gefist tími til að aðskilja dýra málma frá berginu. Á líklegustu svæðunum hér á landi, til dæmis suðaustanlands, er elsta bergið yngra en 20 milljón ára gamalt sem er mjög ungt borið saman við þau svæði sem mest gefa af sér. Þar er bergið nokkurra milljarða ára gamalt, svo samhengis sé gætt.

**Gullmýri**

Þrátt fyrir efasemdir eigum við Íslendingar okkur sögu gullleitarmanna og meira segja gullæðis, eins og það er jafnan skilgreint. Allir þekkja söguna af gullfundinum í Vatnsmýrinni árið 1905. Þá þóttust menn sjá glóa af gulli á bortönn og upphófst reyfarakennd atburðarás sem stóð í fimm ár.

Tilurð málsins var að verið var að bora eftir vatni við rætur Öskjuhlíðar. Járnsmiður nokkur, Ólafur Þórðarson, sem fenginn var til að brýna bortönnina, sagði að svo þykkar hefðu gullskánirnar verið að hann hafi tálgað þær af með vasahnífnum sínum. Gullæði braust út. Fjársterkir menn buðu sig fram og vildu taka þátt í ævintýrinu. Hlutafélagið Málmur var stofnað um gullvinnsluna. Mýrarflákinn í miðjum höfuðstaðnum var nefndur upp á nýtt og var nú kenndur við gull.

Gullleit í Vatnsmýrinni stóð næstu árin en árangurinn var enginn. Nokkur hundruð sýni voru tekin og greind af efnafræðingi ríkisins, Ásgeiri Torfasyni. Sagan segir að eitt þeirra hafi sýnt vott af gulli. Hægt og bítandi rann upp fyrir flestum sú staðreynd að enginn yrði ríkur af því að vinna gull úr bæjarlandinu. Aðrir létu það ekki á sig fá og héldu í trúna um gullfund.

## ELDSTÖÐVAKERFI AUSTAN- OG VESTANLANDS OG GULLLEIT Á ÍSLANDI




Eðalmálma er helst að finna þar sem hiti og þrýstingur hafa með aðstoð tíma náð að skilja þá frá móðurberginu. Slíkar aðstæður er helst að finna í og við gamlar útbrunnar megineldstöðvar. Megineldstöðvar má skilgreina með eftirfarandi eiginleikum: Þar gýs aftur og aftur, í rótum þeirra er kvikuhólf, þar myndast margvíslegar bergtegundir – basískar, ísúrar og súrar – og þar eru iðulega háhitasvæði.
*Kortið sýnir slíkar megineldstöðvar á Vestur- og Austurlandi og tengjast gullleit á árunum 1905 til 1939.*

**Miðdalsjörð til Ástralíu**

Gullleit einangraðist ekki við Vatnsmýrina í Reykjavík á upphafsárum 20. aldarinnar. Einar H. Guðmundsson, bóndi í Miðdal í Mosfellssveit, sendi um svipað leyti sýnishorn úr landi sínu til frænda síns Steingríms Tómassonar, sem hafði um langt skeið fengist við gullleit í Ástralíu og var þar búsettur. Steingrími fannst sýnin álitleg og kom heim árið 1908 til frekari rannsókna að tilstuðlan Einars Benediktssonar, skálds og athafnamanns. Niðurstaða Steingríms var að gull væri vissulega að finna í landi Miðdals og einnig Þormóðsdals, beggja vegna Seljadalsár sem skilur á milli jarðanna tveggja.

Steingrímur dvaldi á Íslandi um skeið og hélt svo aftur til Ástralíu með sýni úr Miðdal. Nákvæmari rannsóknir þar í landi staðfestu að gull væri í nægjanlega miklu magni á jörðunum tveimur til að það borgaði sig að vinna það. Steingrímur sótti um gullleitarheimild til sýslumanns árið 1908, en var þó ekki einn um það. Björn Kristjánsson alþingismaður sótti einnig um heimild til leitar, en hann var einn þeirra sem staðfastlega trúðu á að gull væri hér í vinnanlegu magni. Hann hafði sterkt bakland. Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, Sveinn Björnsson lögmaður og síðar forseti, voru meðal þeirra sem vildu bita af kökunni.

Um þetta leyti voru mældir út námuteigar í landi Þormóðsdals, alls 77 talsins. Á þessum tíma var Einar Benediktsson ekki langt undan og afskipti hans byrjuðu fyrir alvöru eftir að Einar í Miðdal bað nafna sinn um að vera umboðsmaður sinn í Englandi, sennilega 1909.

**Einar Ben**

Fyrstu skjalfestu heimildir um aðkomu Einars Ben að gullleit er skýrsla sem hann skrifar um málið til samstarfsmanna sinna í Englandi árið 1910 auk bréfaskrifta til yfirvalda hér. Kannski var ekki við öðru að búast af Einari en að hann gengi í málið af alefli; það var hans von og vísa. Málflutningur hans til kynningar málsins í fyrrnefndri skýrslu ber af þessu keim en Einar fullyrðir að gullæðin liggi þvert yfir landareignina og reyndar langt út um héraðið.

Hrossakaupin í kringum námurnar í Miðdal og Þormóðsdal væru í dag nefnd „flókin viðskiptaflétta“. Guðjón Friðriksson hefur gert grein fyrir þeim kafla þessarar sögu í ágætri ævisögu skáldsins. Hér er rétt að nefna að árið 1911 komu hingað til lands sérfræðingar á vegum Einars og viðskiptafélaga hans og unnu að víðtækum rannsóknum næstu tvö ár. Voru það bæði verkfræðingar og þaulvanir námuverkamenn víða að úr Evrópu. Þegar stríð braust út í Evrópu 1914 lognaðist verkið út af.

Engin hreyfing var á málum þar til 1921. Tveimur árum síðar kemst Einar í samband við þýskt félag, Nordisce Bergbau Gesellschaft í Hamborg, sem sendi hingað sérfræðinga og lagði til gríðarlega fjármuni til rannsókna. Áhugi þeirra fjaraði þó fljótt út. Einar fann nýjan samstarfsaðila og stofnaði námafélagið Arcturus sem stóð fyrir framkvæmdum árið 1925. Í frétt Morgunblaðsins þetta ár segir að það ár hafi tíu til tuttugu manns unnið við námuna og námugöngin hafi verið orðin um 60 metra löng og tíu metra djúp. Hins vegar fer litlum sögum af árangri gullleitarinnar þessi ár.

**Gullríka kalkið**

Fyrrnefndur alþingismaður, Björn Kristjánsson, einbeitti sér að gullleit í næsta nágrenni, nánar tiltekið í Esjunni við Mógilsá. Í Mógilsá var áhuginn í upphafi tengdur kalknámi. Egill Egilsen, sonur Sveinbjarnar rektors Egilssonar, var upphafsmaður þess upp úr 1870. Egill naut þar aðstoðar Björns sem gerði aðra tilraun til kalknáms árið 1917. Sú tilraun fjaraði út að stuttum tíma liðnum en á sama tíma vaknaði grunur um að gull væri að finna í kalkinu og sýndu efnagreiningar sem Björn lét gera að tíu til 26 grömm voru vinnanleg úr hverju tonni bergs. Þessar niðurstöður voru hafðar að háði og spotti eftir að Björn birti niðurstöður sínar í tímaritinu Vöku árið 1919. Árið 1929 fékk Björn uppreist æru þegar Trausti Ólafsson efnagreindi kalksýni sem staðfestu að niðurstöður Björns voru á rökum reistar.

**Hvað geymir Drápuhlíðarfjall?**

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur skrifaði nýlega stuttan pistil á ágæta vefsíðu sína um gullleit í Drápuhlíðarfjalli á Snæfellsnesi árið 1939. Áttu þar í hlut Magnús G. Magnússon, útgerðarmaður frá Ísafirði, og Sigurður Ágústsson, kaupmaður í Stykkishólmi. Haraldi segist svo frá: „Magnús kemur hingað frá Boston með skip sitt og áhöfn, sérfræðinga og allan útbúnað til gullleitarinnar. Þeir fluttu með sér borvél, vigtir, bræðsluofn, kemísk efni og annan úbúnað til að rannsaka bergið í Drápuhlíðarfjalli. Þá stofna þeir Magnús og Sigurður Hartmansfélagið til gullleitarinnar. Magnús útbjó rannsóknarstofu í eldhúsinu í gamla samkomuhúsinu í Stykkishólmi, […]Mikið var starfað í norðanverðu fjallinu þetta sumar, og aðallega í tveimur giljum fyrir ofan bæinn Drápuhlíð, sem nú er í eyði.“

Vitað er að þeir Magnús og Sigurður fengu jákvæðar niðurstöður í gullleitinni. Taldi Magnús niðurstöður sínar svo góðar að hann taldi að íslenska ríkið „gæti greitt allar sínar skuldir með námuhagnaðinum“. Ýmsir munir hafa varðveist frá gullleitinni og eru sumir þeirra sýndir í Eldfjallasafni Haraldar í Stykkishólmi.

**Ekki fullreynt í „Gullmýrinni“**

Það fylgir ekki sögunni hvað vakti áhuga þeirra Magnúsar og Sigurðar á gullleit árið 1939. Skyldi það hafa verið, eins og fyrr, að menn sóttu á þessum tíma í Vatnsmýrina í Reykjavík í von um dýra málma? Það er því kannski við hæfi að ljúka þessari brotakenndu frásögn um gullleitarmenn fyrri tíma með því að nefna að árið 1937 stóð Helgi H. Eiríksson skólastjóri fyrir því að fenginn var kjarnabor til landsins til þess að gera aðra tilraun í Vatnsmýrinni. Boruð var tæplega 60 metra djúp hola en ekkert fannst gullið, frekar en fyrrum.

## GULLLEIT Á ÍSLANDI 1989-2010 – LEITAÐ AÐ GULLI Á HESTBAKI OG ÞYRLU*

- Gullleit var ekkert sinnt hérlendis í fimmtíu ár en hófst að nýju árið 1989. Frumkvæðið kom frá jarðfræðingum stórs námufyrirtækis sem tengdist Kísiliðjunni í Mývatnssveit og höfðu áður sinnt gullleit.
- Jarðfræðingarnir tóku sýni hérlendis og niðurstaða þeirra var að áhugavert væri að taka málið lengra.
- Iðntæknistofnun og Kísiliðjan lögðust yfir niðurstöður þeirra. Félagið Málmís er stofnað.
- Á þeim tíma höfðu jarðfræðingarnir Hjalti Franzson og Guðmundur Ómar Friðleifsson hugmyndir um gullleit, en þeir höfðu áttað sig á tengslum jarðhitasvæða og uppsöfnun gulls í vinnanlegu magni.
- Árið 1990 fékkst styrkur til rannsókna. Orkustofnun (ÍSOR) kom einnig að þessu verkefni.
- Árið 1995 komu til landsins aðilar frá Kanada og Ástralíu til að vinna áfram með hugmyndina um jarðhita og gull. Hópurinn vann með Málmís, sem fékk leitarleyfi hérlendis.
- Hópurinn samþykkti að koma með fjármagn og eignast sérstakt félag um gullleit. Samningur er gerður við Málmís og félagið Melmi er stofnað um hugmyndina.
- Eftir útboð á kanadíska hlutabréfamarkaðnum hófst mikil gullleit árið 1997. Tíu til tólf svæði voru könnuð og sýnum safnað. Leitin náði til Reykjaness, Þormóðsdals og nágrennis, Norðurlands eystra og Suðausturlands. Jeppar, hestar og þyrlur voru nýttar við gullleitina. Síðar voru gerðar nákvæmari rannsóknir, meðal annars var borað í Þormóðsdal.
- Á sama tíma var annað félag, Suðurvík, að leita að gulli norðanlands og á Vestfjörðum.
- Málmís átti Melmi í upphafi en fjárfestarnir áttu að eignast félagið upp að 75 prósentum með fjárfestingu sinni. Það brást hins vegar og Melmi er nú íslenskt félag að fullu.
- Ekkert gerist þangað til 2005. Þá sýna útlendingar gullleit aftur áhuga. Málmís/Melmi var virkt að nýju. Borað var í Þormóðsdal með nýrri tækni. Niðurstaðan var að vissulega er gull að finna í Þormóðsdal en réttlætir ekki gullnám. Kenningin um að gull safnist saman í vinnanlegu magni á jarðhitasvæðum var sönnuð.
- Félagið sem um ræðir, og heitir Iceland gold, safnar nú fé í Ástralíu til að kaupa sig inn í Melmi. Gullleitarleyfi Melmis er í gildi. Forsvarsmenn Melmis hittu forsvarsmann Platína en fallið var frá samstarfi.

**Byggt á heimildum frá Hallgrími Jónassyni, forstöðumanns RANNÍS, sem hefur komið beint að gullleitarverkefnum á ýmsum stigum.*



**MÓGILSÁ** Áin rennur niður hlíðar Esjunnar og lætur lítið yfir sér. Uppi í gilinu var kalknám. Í ljós kom að töluvert hátt hlutfall gulls var í kalkinu, eða svo mikið sem 20 grömm úr hverju tonni. Eitt til þrjú grömm gulls er talið réttlæta gullnám í stórum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# EUROVISION KVÖLDIÐ BYRJAR HJÁ N1

## GÓÐA SKEMMTUN OG ÁFRAM ÍSLAND!

HJÁ N1 FÆRÐU ALLT SEM ÞÚ ÞARFT TIL
AÐ KOMA EUROVISION-PARTÍINU ÞÍNU
Í SYNGJANDI SVEIFLU




**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum kl.10 í dag
599
KR. KG
BÓNUS VÍNARPYLSUR
25% AFSLÁTTUR 30 KR/STK.
98
KR. PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK.
198
KR. STK
BÓNUS SNAKK 160g
MEST SELDU
PRÓTEINDRYKKIR
Á ÍSLANDI... ÞITT ER VALIÐ
GOUDA OSTUR
MILDUR 26%
Nú með 25% afslætti
25% AFSLÁTTUR
972
KR.KG
Merkt verð 1296 kr.kg.
598
KR. PK
GÓU ÞRENNAN- HRAUN-PRINS-ÆÐI
200 KR. VERÐLÆKKUN
259
KR. STK
ÍTALÍU PESTÓ 180G
KR. STK
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTEBRAUÐ
169
KR. STK
HÁMARK & HLEÐSLA 250ml
198
KR. STK
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270ml
13 KR.STK
198
KR. PK
BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK
198
KR.PK
FREYJU STAURAR 3 STK.
198
KR. STK
VOGA ÍDÝFUR 3 TEG. 175G
229
KR. STK
DORITOS SNAKK 156 G
SÆLGÆTISBARINN
ENGINN AFSLÁTTUR
AÐEINS GOTT VERÐ ALLA DAGA
898 KR.KG
100 GRAMMA POKI
Á AÐEINS 90 KR.
498
KR. PK
PIK-NIK KARTÖFLUSTRÁ 255g
500 ML. 98 KR.
2 LTR. 175 KR.
500 ML. 98 KR.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# Opnum kl.10 í dag

FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G OG 4 BRAUÐ 150 KR. HAMBORGARINN




**599** KR. PK

UNGNAUTAHAMBORGARAR TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR

120G HLUNKUR Í BRAUÐI 171 KR.STK



**1359** KR. PK

FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ




**139** KR. PK

## ÍSLANDSLAMB: GRILL LÆRISNEIÐAR




**1598** KR. KG

ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR




**1998** KR. KG

ÍSLANDSLAMB GRILL *MIÐ*-LÆRISSNEIÐAR

29 KR.STK




**698** KR. PK

BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK

*KS FROSNAR:* LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



**998** KR. KG

*KS FROSIÐ:* LAMBAFILLET



**2698** KR. KG




**149** KR. STK

BÓNUS HRÁSALAT 350g

*BÓNUS: ÞURRKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR*



**1198** KR. KG




**1554** KR. KG

KF VILLIKRYDDAÐAR BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 2220 KR.KG. *30% AFSLÁTTUR*

www.bonus.is

Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?

FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í *BÓNUS* SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: *SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á* WWW.BONUS.IS



BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Buxurnar á hælunum á æfingu

**MYNDBROT ÚR DEGI** **Fimmtudaginn 27 maí** | Myndir teknar á Nkon D50

Eurovision-hópur Íslendinga hefur haft brjálað að gera úti í Ósló í aðdraganda keppninnar í kvöld. Á fimmtudaginn fékk hópurinn hins vegar að leika lausum hala, hvíla sig og undirbúa sig andlega fyrir stóra kvöldið. Pétur Örn Guðmundsson, ein bakraddanna sem standa þétt við bakið á Heru, skrásetti fimmtudaginn samviskusamlega fyrir lesendur Fréttablaðsins.



1 Dagurinn byrjar ekki hjá mér fyrr en ég fæ kaffi. Þarna var kaffivélin biluð og ég því alveg brjálaður. Ég hresstist svo um leið og ég fékk bolla.



2 Þarna erum við Kristján Gíslason í Fram-safninu. Þar er pólskipið Fram geymt í heilu lagi og er þekktast fyrir að hafa farið með Roald Amundsen á suðurskautið fyrstan manna. Friðþjófur Nansen fór einnig á skipinu til norðurpólsins en tókst ekki að komast á pólinn sjálfan. Norður-Pólland hefur ekkert með skipið né jólasveininn að gera. Kristján er með Zoolander-svipinn sinn.



3 Ég fór í Ráðhúsið í Ósló og hitti þar telpurnar í Bobbysocks sem sungu La det swinge hér um árið. Birna Björns var þar einnig ásamt Kristjáni „Zoolander“ Gíslasyni sem veitti mér andlegan stuðning í myndatökunni.



4 Við Örlygur Smári, höfundur Je ne sais quoi, áttum eina góða stund saman. Þetta er hún.

5 Buxurnar duttu niður um mig á æfingu og er ég svo feginn að það hafi ekki gerst í útsendingu. Við Janet Jackson þekkjum þetta „wardrobe malfunction“.




***4% barna fötluð eða langveik***

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun ríkisins frá 18 ára aldri sem nema vegna 100% örorku tæpum 140 þúsundum króna á mánuði (nóvember 2009). Fyrir það fé er ungu fólki ætlað að koma sér þaki yfir höfuðið og lifa sjálfstæðu lífi það sem eftir er ævinnar. Það gefur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á fótum í fjárhagslegu tilliti eru engir. Við áfall sem leiðir til blasir ávallt við nýr raunveruleiki barn eða ungmenni í hlut, fjölskyldan öll frammi fyrir verkefnum og álagi. Fjármál hennar eru þar engin undantekning.








**6** Heiða hjálpaði mér svo það sem eftir lifði dags að halda buxunum á mér uppi og kann ég henni miklar þakkir fyrir það.

Græn skref inn í sumarið
- undirbúum jarðveginn



Íbúar höfuðborgarsvæðisins / garðaeigendur

Við minnum á að endurvinnslustöðvar SORPU taka við flokkuðum úrgangi til endurvinnslu eða endurnýtingar.

**SORPU-moltublanda** er nú til afhendingar á endurvinnslustöðvum SORPU (nema á Kjalarnesi) gegn framvísun inneignarmiða „Inneign á bætt umhverfi"

**SORPU-moltublandan** er einnig seld á meðan birgðir endast.

**SORPU-moltublanda** inniheldur engar matarleifar.

**Endurvinnslustöðvar SORPU**
eru á eftirtöldum stöðum:

- Ánanaustum, Reykjavík
- Jafnaseli, Breiðholti
- Dalvegi, Kópavogi
- Sævarhöfða, Reykjavík
- Blíðubakka, Mosfellsbæ
- Breiðhellu, Hafnarfirði
- Norðurgrund, Kjalarnesi

Nánari upplýsingar um gjaldskrá og afgreiðslutíma á **www.sorpa.is**

sorpa.is

Gangi þér vel

SORPA
Flokkum og skilum

H:N markaðssamskipti / SIA

# 70 ára afmæli



**Ingibjörg Guðjónsdóttir**

Arahólum 2, verður 70 ára 31. maí næstkomandi. Verð með heitt á könnunni í dag, laugardaginn 29.maí milli kl. 14.00 & 17.00 í Félagsheimili Orkuveitunnar í Elliðaárdalnum.

**MARGRÉT SÆUNN FRÍMANNSDÓTTIR ER FÆDD ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1954.**

*„Minn draumur er að upplifa það að konur eigi alveg jafna möguleika í pólitík og karlar.“*

***Margrét hefur verið fiskvinnslukona, kennari og oddviti Stokkseyrarhrepps. Einnig setið á þingi fyrir Alþýðubandalagið og Samfylkingu. Nú er hún fangelsisstjóri á Litla-Hrauni.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 29. MAÍ 1935**

## Lokið við Hoover-stíflu



Byggingu Hoover-stíflunnar í Colorado-fljóti í Bandaríkjunum lauk þennan dag árið 1935. Hún var þá ein hæsta stífla heims, 230 metrar og í hana fóru sex milljónir tonna af steypu. Bygging hennar tók sex ár og kostaði 96 manns lífið.

Aðstæður voru afleitar á byggingarstað. Hitinn fór í 47° og um 60° inni í göngum. Volgt fljótavatn var drukkið við þorsta, vinnuskúrar voru hvorki með rafmagni né sturtum og hjálmar voru ekki til. 7. ágúst 1933 lögðu 400 verkamenn niður vinnu í mótmælaskyni. En 22.000 manns höfðu sótt um. Því ákvað verktakinn, Six Companies, að segja starfsmönnunum upp og ráða nýja.

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Fríðu Áslaugar Sigurðardóttur**

rithöfundar, Eyktarási 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og stuðning.

**Gunnar Ásgeirsson**
**Ásgeir Gunnarsson** **Hugrún Rós Hauksdóttir**
**Björn Sigurður Gunnarsson** **Ragnheiður Lóa Björnsdóttir**
**barnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, afa, sonar og bróður,*

**Skúla Karlssonar**

Bugðutanga 9, Mosfellsbæ.

**Bergrós Hauksdóttir**
**Ásdís Skúladóttir**
**Ingibjörg Sigríður Skúladóttir**
**Skúli Freyr Arnarsson**
**Guðmundur Skúlason**
**Karl Eiríksson**
**Þóra Karlsdóttir**
**Eiríkur Karlsson**

---



*Elskulegur frændi okkar,*

**Jóhann G. Jónatansson**

Vallarbraut 9, Seltjarnarnesi,

lést á Skjóli 24. maí. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu, mánudaginn 31. maí kl. 11.00.

**Systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Okkar ástkæru dóttur, systur og barnabarns,*

**Viktoríu Lindar Hilmarsdóttur**

sem lést á barnaspítalanum við Ullevål 4. maí síðastliðinn verður minnst í Lágafellskirkju í Mosfellsbæ 2. júní kl. 15.00. Allir sem vilja minnast Viktoríu Lindar eru velkomnir í minningarathöfnina.

**Hilmar Þór Sævarsson** **Guðrún Elvíra Guðmundsdóttir**
**Ída María Hilmarsdóttir**
**Emelíana Hilmarsdóttir**
**Guðmundur Eggertsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn**
**Sævar Berg Guðbergsson** **Katrín Klara Björnsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásthildur Þorsteinsdóttir**

ljósmóðir frá Hróarsholti í Flóa, seinna Kaplaskjólsvegi 63,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 27. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 15.

**Ágúst Halldórsson**
**Rannveig Halldórsdóttir**
**Ólöf Halldórsdóttir** **Haraldur Sigurðsson**
**Guðmundur Halldórsson** **Elsa B. Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dóra Skúladóttir**

lést laugardaginn 15. maí á krabbameinsdeild Landspítalans. Útför hennar látnu fer fram mánudaginn 31. maí frá Seljakirkju kl. 13.00.

**Jón B. Sveinsson**
**Sveinn Ragnar Jónsson** **Elín B. Haraldsdóttir**
**Rakel Jónsdóttir** **Birkir Leósson**
**Ólöf Rut Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Elísa Ólafsdóttir**

fyrrverandi varaformaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 1. júní kl. 14.00.

**Ómar Már Magnússon**
**Jóhannes Rúnar Magnússon** **Andrea Guðmundsdóttir**
**Ólafur Sævar Magnússon** **Sólbjörg Hilmarsdóttir**
**Viðar Magnússon** **Emelía Bára Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Móðir okkar,*

**Margrét H. Sigurðardóttir**

viðskiptafræðingur
Hörgshlíð 8, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum þann 26. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 4. júní kl. 13.00.

**Hallgrímur S. Sveinsson**
**Björg Sveinsdóttir**

---



**SÖLU-OG MARKAÐSSTJÓRI** „Starfsmennirnir voru mikið á ferðinni og báru heilu ferðatöskurnar af teikningum og smíðalýsingum á milli landa,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VÉLASALAN:**
FAGNAR SJÖTÍU ÁRA STARFSAFMÆLI

# Tvö hundruð fiskiskip á sjö áratugum

Þjónusta við sjávarútveginn hefur verið hryggjarstykkið í starfsemi Vélasölunnar frá því hún var stofnuð fyrir sjötíu árum. „Nýjasti flokkur útgerðarmanna eru strandveiðifiskimenn og þeir sækja til okkar búnað í sína báta, bæði vélbúnað, rafeindabúnað, siglingatæki og staðsetningartæki,“ segir Kristján Jónsson, sölu og markaðsstjóri. „Iðnaðarfyrirtæki eins og stóriðja hafa líka bæst við viðskiptavinahópinn í auknum mæli,“ bætir hann við og segir fyrirtækið aðlaga sig aðstæðum á hverjum tíma. Starfsmenn nú séu 26 en hafi verið yfir 40 þegar þeir voru flestir.

Vélasalan hefur haft milligöngu um nýsmíði, endurbyggingu og breytingu fleiri skipa og báta erlendis en nokkurt annað einstakt fyrirtæki á landinu, eða um 200 talsins, svo vitnað sé í samantekt eftir Hjört Gíslason sem starfað hefur lengi hjá Vélasölunni: „Fyrst voru smíðuð tréskip í Svíþjóð og Danmörku en síðan hófust umfangsmiklar smíðar stálskipa í Austur-Þýskalandi, meðal annars til að greiða fyrir sölu fiskafurða héðan því Austur-Þjóðverja skorti gjaldeyri til að greiða fyrir fiskinn. Á árunum 1956 til 1967 voru smíðuð 50 skip fyrir Íslendinga í Austur-Þýskalandi, meðal annars hinir svokölluðu tappatogarar. Upp úr 1960 tók Vélasalan að sér umboð fyrir Ankerlökken og Flekkefjörd Slipp og Maskinfabrikk í Noregi. Á rúmlega 30 árum skilaði það samstarf ríflega 30 fiskiskipum til Íslands. Vélasalan sá einnig um smíði fjögurra síðutogara í Vestur-Þýskalandi 1960. Meðal þeirra eru Sigurður VE og Víkingur AK sem eru enn í notkun, en sem nótaskip. Tugir fiskiskipa voru líka smíðaðir í Póllandi fyrir atbeina Vélasölunnar. Ögri og Vigri, fyrstu skuttogararnir með yfirbyggt aðgerðardekk sem smíðaðir voru fyrir Íslendinga voru upphafsverkefnin og síðasta nýsmíðin var Þorlákur ÍS árið 2000.“

Kristján markaðsstjóri kveðst hafa byrjað árið 1993 hjá Vélasölunni. „Þá var nýlega búið að skrifa undir samninga um smíði á Guðbjörginni, einum stærsta og fullkomnasta frystitogara sem smíðaður hefur verið fyrir Íslendinga. Mikill uppgangur var líka í breytingarverkefnum í Póllandi á þessum tíma,“ segir hann.

Telex var aðal samskiptamátinn við útlönd framan af að sögn Kristjáns. „Þegar ég byrjaði var enn verið að nota telex í samskiptum við Austur-Evrópu. Starfsmennirnir voru líka mikið á ferðinni og báru heilu ferðatöskurnar af teikningum og smíðalýsingum á milli landa. Svo tóku við disklingar, síðan geisladiskar og svo USB kubbar.“ Hann ber líka saman bréfasamskiptin þá og nú. „Það gat tekið þrjár vikur að fá svar til Póllands við einhverju atriði sem þurfti að bera undir útgerðarmanninn. Núna taka menn ljósmynd, skrifa nokkrar línur, senda á þann sem ræður og það er komið svar eftir fáa klukkutíma. Ég var staddur í Póllandi í febrúar 1997 þegar GSM samband komst á þar og fyrst var hægt að tala í farsíma milli Póllands og Íslands. Þá var friðurinn líka úti!“

gun@frettabladid.is



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Álfar Jónsson**
Grænumörk 2, Selfossi,

andaðist á Ljósheimum 22. maí. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 1. júní kl. 13.30.

**Unnur Einarsdóttir**
**Einar Gunnarsson** **Kristín Álfheiður Fjeldsted**
**Jón S. Gunnarsson** **Elínborg Högnadóttir**
**Gunnar Páll Gunnarsson** **Steinunn H. Sigurðardóttir**
**Ingunn Gunnardóttir** **Ari Björn Thorarensen**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðmunda Katrín Jónsdóttir**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 21. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 31. maí kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Kristbjörg Þorsteinsdóttir**
**Sigurður Þorsteinsson** **Gislea Lobers**
**Erlingur Þorsteinsson** **Kristín Pálsdóttir**
**Þorsteinn Gísli Þorsteinsson**
**og barnabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Bjarna Ólafssonar**
fv. stöðvarstjóra Pósts og síma í Ólafsvík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi fyrir einstaka alúð og umönnun í veikindum hans.

**Marta Kristjánsdóttir**
**Vigdís Bjarnadóttir** **Einar S. Sigurjónsson**
**Kristján Bjarnason** **Steinunn Tryggvadóttir**
**Kristbjörg Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og bróðir,*

**Michael Dean Ford**
tæknimaður og tónlistarmaður, Laugavegi 58 í Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans þann 25. maí.
Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn 2. júní kl. 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar og hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut. Þeim sem vilja minnast Michael er bent á Minningarsjóð Landspítala.

**Anna Heiður Oddsdóttir**
**Justin Michael Ford**
**Fjóna Fransiska Ford**
**Alexandra Ýrr Ford**
**William Søren Ford**
**Ísak Hólm Ford**
**Sharon Zerbel**
**Terrell Ford**
**Nancy Anderson**
**Karen Burke**
**Cynthia Ford**
**Barbara Kuttruff**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Sigríður Helgadóttir**
Kringlumýri 12 Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 27. maí.

**Jóhann Sverrisson** **Ásta Hansen**
**Svanfríður Sverrisdóttir** **Jón Á. Eyjólfsson**
**Jón Haukur Sverrisson**
**Elísabet Sverrisdóttir** **Sigfús Ó. Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Huldu Sigríðar Guðmundsdóttur**
Efstasundi 92, Reykjavík.

**Guðmundur Páll Ásgeirsson** **Anna Sjöfn Sigurðardóttir**
**Margrét Ásgeirsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Ólafur Gunnar Sigurðsson (Óli í Ásgarði)**
Heiðarbraut 7, Garði, síðast til heimilis að Vatnsholti 7a, Reykjanesbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði, mánudaginn 24. maí. Útförin fer fram frá Útskálakirkju, miðvikudaginn 2. júní kl. 15.00.

**Soffía G. Ólafsdóttir og Sæmundur Kr. Klemensson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, systur og ömmu,*

**Margrétar Gunnlaugsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks A2 á Grund fyrir góða umönnun.

**Sigríður Lóa Jónsdóttir, Sigurður Ingi Ásgeirsson, Gunnlaugur Björn Jónsson, Kristrún Jónsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Ingólfsson, Sigrún Jónsdóttir, Gunnlaugur Gunnlaugsson og barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Eggertsdóttir**
Gullsmára 7, Kópavogi, áður til heimilis að Kotárgerði 22, Akureyri,

er látin. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 31. maí kl. 13.00.

**Sigtryggur Þorbjörnsson**
**Ingibjörg Sigtryggsdóttir** **Aðalbjörn Þorsteinsson**
**Stefán Sigtryggsson**
**Eggert Már Sigtryggsson** **Guðbjörg Björnsdóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir** **Hermann Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, afi og bróðir,*

**Eysteinn Gísli Thordarson**
fv. framkvæmdastjóri, Angles Camp, Kaliforníu, Bandaríkjunum,

lést á heimili sínu á aðfangadagskvöld.
Jarðsetning duftkers og minningarathöfn verður í Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 4. júní kl. 14.00.

**Pamela Thordarson**
**Gunnar Thordarson**
**Leifur Thordarson**
**Elise Thordarson**
**Stefán Thordarson**
**Jón Þórðarson**
**Sigurður H. Þórðarson**
**Ármann Þórðarson**
**María Sigríður Þórðardóttir**
**Svanberg Þórðarson**
**og fjölskyldur.**



*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Árna Theódórssonar,**
Brennistöðum,Flókadal.

Starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi færum við bestu þakkir fyrir frábæra ummönnun.
Einnig starfsfólki Sjúkrahúss Akraness fyrir einstaka alúð og hlýju í erfiðum veikindum hans.

**Vigdís Sigvaldadóttir**
**Steindór R. Theódórsson** **Brynja Bjarnadóttir**
**Bjarni Árnason** **Emelía Sigurðardóttir**
**Sigvaldi Árnason**
**Steinunn Árnadóttir**
**Þóra Árnadóttir** **Hafsteinn Örn Þórisson**
**Kristín Birgisdóttir** **Heiðar Sigurðsson**
**Sigurbjörn Birgisson** **Helga Sigurðardóttir**
**Guðgeir Eyjólfsson** **Kristín I. Geirsdóttir**
**Kjartan Örn Einarsson**
**afa og langafabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir og unnusti,*

**Marís Þór Jochumsson**

sem lést af slysförum 23. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 2. júní kl. 15.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðrún Marísdóttir og Daði Elfar Sveinbjörnsson.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar B. Kvaran**
kaupmaður, Skipholti 15, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 23. maí.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 1. júní kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Bertha G. Kvaran,**
**Ragna Elíza Kvaran,**
**Thelma Kristín Kvaran,**
**tengdasynir og barnabörn.**

# GRILL & ALL

V·S·O·P·
vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott
LAMBAKJÖT
SS



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

EINGÖNGU Í HAGKAUP

VSOP LAMBALÆRI
1.942 kr/kg.
Merkt verð 2.428.-

VSOP er einungis úr sérvöldu dilkakjöti; vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott eru einkunnarorð VSOP. Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður. Hið einstaka bragð næst með úrvals koníaki og kryddblöndum sem eru sérlagaðar fyrir VSOP.

VSOP lambakjöt fæst í Hagkaup



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

EINGÖNGU Í HAGKAUP

VSOP LAMBA LÆRISSNEIÐAR
2.262 kr/kg.
Merkt verð 2.828.-



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

EINGÖNGU Í HAGKAUP

VSOP LAMBA TVÍRIFJUR
1.998 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

## spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!



Bökunarkartöflur | Beikonfylltar kartöflur | Maísstönglar | Balsamikmarinerað grænmeti | Berjabomba m/kókosbollum | Sveppir með ostafyllingu



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI
SPARIÐ 3000.-

Grand
**FERÐAGASGRILL ER8108**
- 2,5Kw brennari
- Eldunarsvæði: 44,5 x 31cm
- Samfellanlegir fætur
- Elektrónísk kveikja
- Þrýstijafnari og slanga

**9.999.-**
v.á. 12.999.-



Grand
**GASGRILL ER8102H-2**
- 4,3Kw, tveggja brennara
- Eldunarsvæði: 45 x 35cm
- Efri grind: 40 x 20,5cm
- Hjól til að auðvelda tilfærslu
- Hliðarborð
- Elektrónísk kveikja
- Þrýstijafnari

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI
SPARIÐ 5000.-

**24.999.-**
v.á. 29.999.-



Grand
**GASGRILL ER7802A**
- 5,5Kw, tveggja brennara
- Eldunarsvæði: 47,3 x 37,3cm
- Efri grind: 48,5 x 10,4cm
- Hliðarborð
- Elektrónísk kveikja
- Innbyggður hitamælir
- Áhaldabakki framan á grilli
- Hjól til að auðvelda tilfærslu
- Þrýstijafnari

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI
SPARIÐ 10.000.-

**39.999.-**
v.á. 49.999.-

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Hagkaup | heim
heimsendingarþjónusta
- sími 563-5000
- heim@hagkaup.is

Gildir til 30. maí á meðan birgðir endast.

# T Á GRILLIÐ






NÝTT í Hagkaup

**Lambaprime**
í mangó kryddlegi




**Nautakótiletta**
í kryddlegi að hætti Jóa Fel




**Svínarif**
í Jack Daniel´s marineringu



AMERÍSKAR
# BBQ
SÓSUR

## GÓMSÆTUR KJÚKLINGUR Á GRILLIÐ!







**Kjúklingaleggir**
í Texas kryddlegi




**Kjúklingabringur**
í hvítlauk & rósmarín
eða í Texas kryddlegi




**Kjúklingalundir**
á spjóti indverskar
eða ítalskar

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð




Livostin verkar innan 15 mínútna

Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastíni. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastíni. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastíni eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

30 DAGA
hreinsun á mataræði

DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Gott tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu!



Miðvikud. 2. júní

Heilsuhúsinu Lágmúla kl. 19-21

Glæsileg handbók fylgir með öllum upplýsingum sem þarf.
Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.
Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.

Rúmlega 1000 manns hafa nú lokið 30 daga heinsun!

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Kjördagur

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Í dag er kjördagur, bjartur og fagur eins og brúðkaupsdagur í Möttubókunum. Kjósendur streyma glaðir í bragði á kjörstaði til að taka þátt í lýðræðinu, sem þeir njóta þeirra forréttinda að búa við. Sumir nota atkvæðið sitt til að sýna sitt álit á því hvernig til tókst á síðasta kjörtímabili. Þeir velja þá sem þeim finnst hafa staðið sig skást og þeir treysta best til að fara með völd. Aðrir kjósa alltaf sama flokkinn án nokkurs tillits til þess hvort frambjóðendur hans hafi orðið uppvísir að mútuþægni eða ekki. Þeir halda með sínum flokki, hvað sem á dynur, rétt eins og íþróttafélaginu sínu. Enn aðrir nota atkvæðið sitt til að hafna fólki, sem hefur þegið allar skoðanir sínar beint frá flokknum, í trausti þess að hinn kosturinn geti ekki verið verri. Þetta er það dásamlega við lýðræðið. Hver og einn ræður því sjálfur hvað hann kýs og hvers vegna. Enginn þarf að verja þá ákvörðun fyrir öðrum.

**KOSNINGABARÁTTAN** í Reykjavík hefur verið óvenjulega skemmtileg. Uppáhaldsbrandarinn minn var þegar Hanna Birna Kristjánsdóttir, sem gerði Ólaf F. Magnússon að borgarstjóra, hélt því blákalt fram að henni væri best treyst-andi fyrir borginni. Eitt augnablik hélt maður að henni væri alvara, en svo setti hún upp brosið sitt og maður fattaði grínið. Þessi brandari hefur ekki verið toppaður enn. Hanna Birna mætti reyndar sýna kjósendum þá sjálfsögðu tillitssemi, sem Jón Gnarr hefur tamið sér, að segja „djók“ þegar hún hefur látið út úr sér einhverja svona fáránlega vitleysu.

**EINNIG** hefur mér þótt mjög gaman að fylgjast með því hve öll rök gegn Besta flokknum hafa verið átátlega máttlaus. Jafnvel hefur verið fullyrt að Silvio Berlusconi hafi byrjað sem grín, eins og það kæmi málinu nokkuð við þótt það væri satt. Eða hefur Jón Gnarr dælt milljörðum í kosningabaráttu um hagsmuni sína og völd fjölmiðlarisans síns? Eins gott að Jón skuli borða kjöt, annars hefði það áreiðanlega verið dregið fram í dagsljósið að Adolf Hitler var grænmetisæta.

**ÞAÐ** besta við niðurstöðu kosninganna í kvöld verður vonandi að stjórnmálamönnum verður sýnt að þeir eru ekki áskrifendur að völdum. Þeir þiggja völd sín frá fólkinu og fólkið getur svipt þá þeim um leið og því sýnist svo. Reynslan af stjórnmálaflokkunum er þess eðlis að engan þarf að undra að tæpur helmingur reykvískra kjósenda vilji gefa þeim frí.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes



**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Velkomin í
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Frestur til að sækja um grunnnám er til 5. júní.
Þá rennur einnig út umsóknarfrestur um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta HÍ.
www.hi.is
HÁSKÓLI ÍSLANDS
PIPAR\TBWA • SÍA • 101314

**!** **ath. á morgun kl. 16**
*Benedikt Erlingsson fjallar um leikgerð sína á Íslandsklukkunni á morgun í Gljúfrasteini. Íslandsklukka Benedikts var frumsýnd 22. apríl síðastliðinn. Benedikt mun gefa tæknilega sýn inn í þá vinnu sem leikhús og leikstjórar þurfa að vinna til þess að koma skáldverki á svið.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Síra Jón sem tríó

Á morgun kemur ný súpergrúppa fram í fyrsta sinn: Tríó Sírajón. Í því eru Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanóleikari, Einar Jóhannesson klarínettuleikari og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari. Tónleikarnir verða á tónlistarsetrinu að Selalæk og flytur tríóið verk eftir Jan Valhal, Wolfgang Amadeus Mozart, Frédéric Chopin, Robert Schumann og Igor Stravinskí.



**TÓNLIST** Einar, Anna og Laufey við æfingar. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

Anna Áslaug píanóleikari er í hópi fjölmargra tónlistarmanna sem hófu tónlistarnám sitt á Ísafirði en hún hefur starfað sem einleikari og meðleikari bæði hér á landi og erlendis.

Einar Jóhannesson er leiðandi klarínettuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur komið fram sem einleikari eða meðleikari á fjölda tónleika á Íslandi og erlendis og er stofnfélagi Blásarakvintetts Reykjavíkur. Þá er Einar félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules og hefur auk þess stjórnað vinsælum útvarpsþáttum um tónlist.

Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari hefur í mörg ár leikið í Sinfóníuhljómsveit Íslands og jafnframt verið ötul við flutning stofutónlistar bæði innanlands og utan. Hún er listrænn stjórnandi hinna árlegu tónlistarhátíða „Músík í Mývatnssveit“ og „Afmælisdagur Mozarts“.

Allt er þetta listafólk er rómað fyrir frábæra smekkvísi og áhrifaríka túlkun. Miðapantanir í símum 487 5512 og 864 5870. Kaffiveitingar verða á tónleikunum.

**> Ekki missa af …**

Stillum, ljósmyndasýningu Báru Kristinsdóttur í sýningarsal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu, Miðbakkamegin. Myndirnar eru teknar í vetur og lýsa á óvenjulegan hátt ótryggri ögurstund í lífi borgar, lands og þjóðar. Síðasti sýningardagur er á morgun.







http://conference.inotherwords.is

Art in Translation
International Conference on Language and the Arts

**Fimmtudagur, 27. maí**
17:30 *Norræna húsið:*
Fyrirlesari: Guðbergur Bergsson, "Is the bad translation in art the best translation?"

**Föstudagur 28. maí**
09:00 Fyrsti hluti
*Askja 130:* Representation, Language, and Identity
*Askja 131:* Art in Two Tongues
10:30 Kaffihlé
11:00 Aðal umræður
*Norræna húsið:* The Poems of Ossian: An Artful Creation?
12:30 Hádegishlé
14:00 Annar hluti
*Askja 130:* New Strategies and Technologies for Translation
*Askja 131:* Tvöfalt pallborð
Language at Its Limits og Reframing (Re)presentation
*Norræna húsið:* Translation into Film, Translation Between Films
15:30 Kaffihlé
16:00 *Norræna húsið:* Aðalumræður listamanna: The Unspoken Odd
20:00 Háskólabíó: Kvikmynd eftir Guy Maddin: Tales from the Gimli Hospital

**Laugardagur 29. maí**
09:00 Þriðjihluti
*Askja 131:* Narrative Influences
*Norræna húsið:* Arts Education and Production in the Public Sphere
10:30 Kaffihlé
11:00 Fjórðihluti
*Askja 131:* tvöfalt pallborð
The Language of the Land og Overcoming Hegemonies
*Norræna húsið:* Tvöfalt pallborð
Subjectivity, Text, and the Body og Misunderstanding as Understanding
12:30 Hádegishlé
14:00 Fimmtihluti
*Askja 131:* Problems in Pedagogy
*Norræna húsið:* New Voices in New Languages
15:30 Kaffihlé
16:00 *Norræna húsið:* Tónleikar: Billie Holiday in Norwegian
16:45 *Norræna húsið:* Fyrirlesarar: Lea and Pekka Kantonen,"Translation Tours: Artist as Translator"

NORRÆNA HÚSIÐ · HÁSKÓLI ÍSLANDS · UNIVERSITY OF MANITOBA · LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · FRAFL




**HÖNNUN** Um miðjan dag á miðvikudag var allt á fullu við frágang opnunarsýningar Hönnunarsafns Íslands við Garðatorg en forstöðumaður þess er Harpa Þórsdóttir. Safnið var svo opnað með viðhöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# Hönnunarsafnið opnar sem nýtt

**Hönnunarsafn Íslands var opnað formlega í gær í nýju og stærra húsnæði í Garðabænum með nýrri sýningu sem kallast Úr hafi til hönnunar en sýningin spannar mjög breitt svið hönnunar með fiskleður, frá bæði innlendum og erlendum hönnuðum.**

Þar má sjá bæði roðskó frá fyrri tíð, fiskleðurshönnun íslenskra hönnuða nútímans sem og hátískuhönnun frá heimsþekktum hönnuðum á borð við Karl Lagerfeld, Christian Dior og Donnu Karan. Að auki verður sýnt úrval gripa úr safneign safnsins, en Hönnunarsafn Íslands verður 12 ára á árinu.

Hönnunarsafn Íslands hefur fengið aðstöðu í stórum hluta gamla Hagkaupshússins við Garðatorg og hefur nú til umráða yfir 500 fermetra rými fyrir safnið auk um 1.000 m$^2$ geymslurýmis fyrir safngripi. Sýningasvæði safnsins er á efri hæð hússins, það er stórt og bjart til sýningahalds, alls tæpir 400 m$^2$ en inngangur, anddyri, kaffiveitingar, barnakrókur og verslunin Kraum eru staðsett á neðri hæð. Arkitektastofan Kanon hefur séð um teikningu og hönnun á nýja safninu og er framkvæmdum að ljúka.

„Úr hafi til hönnunar“ sýnir hvernig roðið sem hráefni er nýtt nú og fyrr. Íslenskir og erlendir hönnuðir og listhandverksfólk nota það í nokkuð ríkum mæli. Roðið, eða fiskleðrið eins og farið er að kalla roðið, þegar búið er að súta það, er feiknarsterkt. Það er þunnt og þjált og hægt að lita í ótal afbrigðum og velja á það ólíkar áferðir. Á sýningunni er sýndur vinnsluferill hráefnisins í sútunarverksmiðju Sjávarleðurs á Sauðárkróki ásamt því að sýndir eru valdir munir sem endurspegla fjölbreytileika efnisins og möguleika þess.

Elstu hlutirnir á sýningunni eru roðskór úr hlýra og steinbítsroði sem minna á að roðið var ekki aðeins borðað fyrr á tíðum heldur einnig þurrkað og sniðið í skó. Steinbítsroð mátti nota til bókbands og á sýningunni má einnig sjá húsgögn með þessu slitsterka áklæði.

Nytjahlutir svo sem skálar og púðar hafa verið áberandi í íslensku handverki og skór eftir íslenska og erlenda skóhönnuði endurspegla þá staðreynd að fiskleður er sterkt og endingargott. Fatnaður eftir íslenska og erlenda hönnuði er einnig sýndur og má þar sjá bæði klassísk snið og djarfa meðhöndlun á leðrinu. Meðal þeirra sem eiga hluti á sýningunni: Nikita, Farmer‘s Market, STEiNUNN, Arndís Jóhannsdóttir, Anna Gunnarsdóttir, María K. Magnús, Dýrfinna Torfadóttir, Helga Mogensen, Sruli Recht, Donna Karan, Christian Dior, Salvatore Ferragamo, Kobenhagen Fur, Eggert Feldskeri, Ecco, Nike.

Hönnunarsafn Íslands var stofnað í lok árs 1998. Það er rekið af Garðabæ samkvæmt samningi bæjarfélagsins við Menntamálaráðuneytið. Í safninu er lögð áhersla á að safna, rannsaka og miðla íslenskri hönnun og handverki frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag. Safnið er hið eina sinnar tegundar á Íslandi og á vegum þess hafa verið haldnar sýningar á íslenskri og alþjóðlegri hönnun. Safneign safnsins samanstendur nú af um 1.000 munum og eru íslensk húsgögn meginhluti safneignarinnar. Safnið á að auki töluvert af hlutum úr öðrum greinum hönnunar og handverks, svo sem leir- og glermuni, fatnað og grafíska hönnun. Forstöðumaður safnsins er Harpa Þórsdóttir.

pbb@frettabladid.is

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Vegna endalausra áskoranna

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu – sýnt í takmarkaðan tíma

Uppselt – 1. 2. 6. 8. 9. 13. júní    Laus sæti – Aukasýningar – 15., 18., 19., 20. júní

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

### > Bloggari hannar boli

Hin þrettán ára gamla Tavi Gevinson hefur slegið rækilega í gegn með tískubloggi sínu, Style Rookie. Stúlkan var nýlega fengin til að hanna stuttermabol í samstarfi við bolaframleiðandann Borders&Frontiers. Innblástur sinn sótti stúlkan í haustlínu Yves Saint Laurent árið 2008 og selur hún þá á bloggsíðu sinni.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Flottan hlébarða eyeliner Frá Helenu Rubenstein. Það skemmir aldrei fyrir ef snyrtivörur manns eru í flottum og skemmtilegum umbúðum sem þessum. Smellpassar í hvert snyrtiveski í sumar.

## OKKUR LANGAR Í ...



Kraga frá Áróru. Kragi sem þessi hentar við öll tilefni og fæst í versluninni Mýrinni í Kringlunni.



Sandala. Nú er sumarið komið og þess vegna gott að lofti um tærnar í fallegum sandölum sem þessum sem fást í versluninni Kaupfélagið í Kringlunni.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
SARA MCMAHON

## *Tískuleg svartsýni*

Fyrsta sólardag sumarsins ákvað ég að klæða mig samkvæmt veðri, fara í eitthvað létt og litríkt og helst sandala við. Þegar ég opnaði fataskápinn blasti við mér heldur sorgleg sjón því þar inni var lítið um sumarlega liti eða flæðandi efni. Þar sem ég stóð og starði inn í svartan fataskápinn ákvað ég að arka niður í bæ, um leið og tími gæfist, til þess að kaupa mér fallega sumarflík.

Vinkona mín fékk nasaþef af áformum mínum (reyndar bað ég hana að koma með) og ákvað að halda í bæinn með mér. Leiðangurinn hófst snemma að laugardagsmorgni í blíðskaparveðri. Markmið mitt var að kaupa hina fullkomnu sumarflík, svart var á algjörum bannlista! Markmið hennar var að kaupa hina fullkomnu svörtu flík, litir voru á algjörum bannlista! Af stað héldum við, þrammandi úr einni verslun í þá næstu og tókum okkur aðeins stutt hlé til þess eins að matast. Að deginum loknum kvöddumst við, nokkuð sáttar, og héldum heim á leið. Afrakstur dagsins var þó ekki alveg í samræmi við þau markmið sem við höfðum sett okkur í upphafi dags því ég kom heim með tvær svartar flíkur ásamt einum bláum kjól. Svarta flíkin sem vinkonan ætlaði að kaupa sér varð heldur ekki svo svört, þó að vísu hafi kjóllinn verið með svörtum röndum.



Ég vil þó ekki dæma verslunarferðina misheppnaða þrátt fyrir þetta. Það er augljóst af þessu að erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja og það er hægara sagt en gert að breyta persónulegum smekk fólks með aðeins einni verslunarferð. Þótt ég hafi gaman af ólíkum straumum og stefnum í tískunni þá virðist ég eiga eitthvað erfitt með að brjótast út úr „svartsýni“ – vandi sem ég held ég deili með mörgum öðrum konum og körlum. Nema auðvitað þessari einu vinkonu minni. Svart er einfaldlega svo praktískt, klassískt, nothæft og óháð tískustraumum frá ári til árs. En, svo má alltaf reyna að breyta út af vananum og prófa eitthvað nýtt.



**KLASSÍK** Gegnsæjar flíkur hafa rutt sér til rúms í haust, sú stefna virðist ætla að halda áfram inn í sumarið að mati Max Azria. NORDICPHOTOS/GETTY



**NÚ ER ÞAÐ GRÁTT** Gráir tónar og fisléttar flíkur frá hönnuðinum Maz Azria. NORDICPHOTOS/GETTY

# ALLT LEYFILEGT Í SUMAR

**Sumarið er komið með blóm í haga, fagra sólardaga og fuglasöng. Séu sumarlínur ýmissa hönnuða fyrir sumarið 2010 skoðaðar virðist allt vera leyfilegt í sumar. Allt frá villtu hlébarðamynstri í anda safaríferða, litríkra fylgihluta til leikandi léttra grárra og hvítra tóna.** - sm



**FLOTTUR SUNDBOLUR** úr sumarlínu Von Furstenberg. Litríkt skart og skrautlegar töskur gerðu hverja flík líflegri á sýningu hennar. NORDICPHOTOS/GETTY



**LJÓSBLÁAR GALLABUXUR** og gallaskyrta við frá Chloé gefa afslappað útlit í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY



**GLAÐLEGT** Sumarlína Diane Von Furstenberg var glaðleg og litrík líkt og sjá má. NORDICPHOTOS/GETTY

**VILLT** Hlébarðamunstur og hermannagrænir litir voru einnig áberandi hjá Von Furstenberg. NORDICPHOTOS/GETTY




# Sumarleikur Freyju




## Þú gætir unnið stórglæsilega vinninga!

Verslaðu þér Rís, Drauma, Buffaló eða Rexkassa frá Freyju, skafðu af skafmiðanum sem þú finnur inni í kössunum, og þú gætir átt einstaklega gott sumar.

3x Stafræn Olympus myndavél

3x United 7" Ferða DVD spilari

5x Philips MP3 spilari

5x Tasco 10x25 sjónauki

150x kassar með 25 Rex stykkjum



## > FÓR UPP Á SVIÐ



Leikarinn Tom Cruise birtist óvænt uppi á sviði með hljómsveitinni Black Eyed Peas í London fyrir skömmu. Undir lok tónleikanna þegar sveitin var að syngja hið vinsæla I've Got A Feeling var Cruise allt í einu mættur með bros á vör og hélt í höndina á söngkonunni Fergie. Hljóp hann með henni eftir sviðinu og hoppaði með þegar hún söng viðlagið. Reyndi hann meira að segja að lauma inn einum og einum tón við misjafnar undirtektir.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hobbitanum frestað um óákveðinn tíma

Kvikmyndinni Hobbitanum hefur verið slegið á frest um óákveðinn tíma. Þetta staðfesti leikstjóri myndarinnar, Guillermo Del Toro, í samtali við vefsíðuna comingsoon.com. Myndin segir söguna á undan Hringadróttinssögu og aðdáendur bókanna eftir J. R.R Tolkien hafa beðið spenntir eftir útfærslunni á hvíta tjaldinu. Þeir verða að bíða enn um sinn en ekki liggur fyrir hvenær og hvort haldið verði áfram með framleiðsluna. Peter Jackson, framleiðandi myndarinnar, hafði áður lýst því yfir að ekki væru neinir erfiðleikar með myndina enda hefði ekki verið tilkynnt hvenær hún yrði frumsýnd.

Aðalástæðan fyrir þessari óvissu er sögð vera bagaleg fjárhagsstaða MGM-kvikmyndaversins. Þetta fornfræga fyrirtæki var auglýst til sölu á síðasta ári en mikið tap hefur verið á rekstri þess. Enn hefur ekki fundist neinn kaupandi að fyrirtækinu og á meðan eru verkefni þess í uppnámi. Del Toro segir að um leið og vandamál MGM verði leyst geti þeir hafist handa við tökur því allri undirbúningsvinnu sé lokið. „Við höfum hannað allar skepnunnar, leikmyndir og búninga. Við verðum því tilbúin þegar kallið kemur."

Hobbitinn er ekki fyrsta stórmyndin sem lendir í vandræðum vegna fjárhagsvanda MGM. Nýjustu Bond-myndinni hefur einnig verið frestað þar til að tekist hefur að greiða úr fjárhagsflækjum MGM.



**VANDRÆÐI** Guillermo Del Toro hefur staðfest að Hobbitanum hafi verið frestað. Hið sama gildir um James Bond en fjárhagsvandræði MGM eru aðalástæðan fyrir þessum töfum.

# Nýir þættir á flugvelli

**Matt Lucas og David Walliams úr þáttunum Little Britain eru að hefja vinnu við nýja gamanþætti fyrir BBC sem hafa fengið vinnuheitið Come Fly With Me. Þættirnir verða sex talsins og gerast á fjölförnum flugvelli. Matt og David leika allar persónurnar, auk þess sem gestaleikarar koma við sögu.**

**„Það er frábært að næsti stóri þáttur Matts og Davids verði hjá BBC One. Þeir eru gífurlega hæfileikaríkir handritshöfundar og leikarar og Come Fly With Me er virkilega spennandi hugmynd," sagði Jay Hun, yfirmaður BBC One.**

**Þættirnir verða frumsýndir síðar á þessu ári.**

# Of gömul fyrir nekt



Leikkonan Kim Cattrall úr þáttunum og kvikmyndunum Sex and the City er hætt að fækka fötum fyrir kynlífsatriði. Ástæðan er sú að hún er orðin 53 ára og telur það ekki lengur vera við hæfi. „Þegar ég varð fimmtug ákvað ég að ég vildi ekki láta mynda mig framar nakta," segir Cattrall sem leikur í framhaldsmyndinni Sex and the City 2. „Þið sjáið mig eiginlega ekki nakta í nýju myndinni. Ég sést kannski í kynlífsathöfnum en ég er aldrei nakin. Ég lít annars á þessi kynlífsatriði sem grín því allt sem Samantha gerir í rúminu er fyndið. Atriðin snúast frekar um útlit og samtöl en kynlífsathafnirnar sjálfar. Þannig hefur það alltaf verið," sagði hún.

**KIM CATTRALL** Kim er hætt að fækka fötum vegna kynlífsatriða í Sex and the City.



**NAFNAÞJÓFUR** Einhver óprúttinn aðili hefur skrifað athugasemdir á netinu undir nafni Bjartmars Guðlaugssonar. Nú hefur tónlistarmaðurinn fengið nóg og ætlar að kæra málið til lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Bjartmar kærir nafnaþjóf á netinu

**Bjartmar Guðlaugsson er kominn með IP-tölu net-níðings sem hefur verið að rífast við fólk á bloggsíðum síðan í mars undir hans nafni.**

„Það er einhver api sem er að misnota nafnið mitt, vitnar í textana mína sem sína og skrifar í fyrstu persónu Bjartmars Guðlaugssonar," segir tónlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson. Hann stendur í sérkennilegu stappi. Einhver, undir hans nafni, hefur verið að pesta bloggara á netinu og stofna til illdeilna og rifrilda. Bjartmar hyggst bregðast við þessu, hefur fengið IP-tölu netníðingsins hjá tónlistarsérfræðingnum Jens Guð og ætlar að kæra málið til lögreglu. „Hann er augljóslega að þykjast vera ég, það er enginn annar Bjartmar Guðlaugsson sem hefur texta á borð við Fúll á móti."

Tónlistarmaðurinn segir þetta vera einstaklega hvimleitt fyrir sig vegna þess að hann hafi aldrei á ævi sinni skrifað athugasemd við bloggfærslu, hann sé ekki einu sinni með bloggsíðu sjálfur og þaðan af síður Facebook. „Ég er ekkert á netinu, ég er miklu meira fyrir blekpenna en lyklaborð. Ég les blogg og mér finnst það góður vettvangur fyrir lýðræðið en ég þoli ekki þegar menn skrifa undir fölskum formerkjum." Tónlistarmaðurinn segir það hafa verið ótrúlegt að lesa skrif nafnaþjófsins. „Mér er bara meinilla við þetta."

Bjartmar upplýsir þar að auki að ef hann fyndi hjá sér þörf til að segja honum til syndanna myndi hann ekki gera það í gegnum netið. „Það yrði bara gert undir fjögur augu, ekki í athugasemdakerfi á netinu. Það myndi bara ekki samræmast mínu eðli."

freyrgigja@frettabladid.is




# Heiðraður með Bafta

Idol- og X-Factor dómarinn Simon Cowell fær afhent heiðursverðlaun á Bafta-sjónvarpshátíðinni sem verður haldin í London í næsta mánuði. Verðlaunin fær hann fyrir framlag sitt til tónlistar- og sjónvarpsheimsins og fyrir að hafa komið ungu hæfileikafólki á framfæri. Stutt er síðan Cowell kom fram í síðasta American Idol-þættinum sínum. Næst á dagskrá hjá honum er bandarísk útgáfa af X-Factor þar sem hann verður vafalítið jafnumdeildur og í Idolinu. Síðar á þessu ári fær Cowell afhent önnur verðlaun, eða alþjóðleg Emmy-verðlaun fyrir sjónvarpsstarf sitt.



**SIMON COWELL** Cowell fær Bafta-verðlaun í næsta mánuði fyrir framlag sitt til tónlistar- og sjónvarpsheimsins.


VERUM
GRILLUÐ
STÓRMARKAÐSVERÐ Á ÖLLU GRILLKJÖTI
10 11
...grillbúðin þín

# Leo vill bjarga tígrisdýrunum

Leikarinn Leonardo DiCaprio hefur stofnað samtök sem berjast fyrir tígrisdýr í útrýmingarhættu. Í samstarfi við World Wildlife Fund-samtökin hefur hann stofnað önnur samtök, Save Tigers Now, og vill safna fyrir þau tuttugu milljónum dollara.

DiCaprio er þessa dagana staddur í Asíu að kynna sér hversu alvarlegt vandamálið er. Hann vonast til að fjöldi tígrisdýra í heiminum tvöfaldist fyrir árið 2022. „Tígrisdýr eru í útrýmingarhættu og þau eru nauðsynleg fyrir mörg af mikilvægustu lífríkjum heimsins,“ sagði DiCaprio. „Með því að leggja hart að sér er hægt að bjarga tígrisdýrunum úr útrýmingarhættu og vernda í leiðinni sum af síðustu villtu lífríkjum jarðar og bjarga þeim samfélögum sem hafa verið myndað í kringum þau.“

DiCaprio er þekktur umhverfisverndarsinni. Síðast lét hann til sín taka sem þulur heimildarmyndinnar 11th Hour sem fjallaði um umhverfismál.



**LEONARDO DICAPRIO** Leikarinn vinsæli hefur stofnað samtök sem berjast fyrir tígrisdýrum í útrýmingarhættu.



**TÍGRISDÝR** Tígrisdýrin hafa fengið ungan baráttumann með sér í lið.






Gallerí Fold • þar sem verkin seljast

Daði Guðbjörnsson

Listamannaspjall

í dag 14–16

Allir velkomnir

Uppboð í júní

Síðustu forvöð að koma verkum inn á næsta listmunauppboð

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


# Eurovision alltaf verið hommahátíð

**Lokatakturinn verður sleginn í Eurovision-lagakeppninni í kvöld þegar 25 þjóðir keppa um hylli Evrópubúa. Keppnin á sér dygga fylgismenn sem fylgja henni hvert á land sem er. Og þeir eru nánast undantekningarlaust hommar.**

Páll Óskar Hjálmtýsson, einn fremsti Eurovision-spekingur þjóðarinnar, segir engan einn atburð hafa orðið til þess að hommar hafi tekið ástfóstri við keppnina. „Hún hefur eiginlega alltaf verið homma-hátíð og er eiginlega í svipuðum flokki og gömlu söngva- og dansmyndirnar sem sýndar eru á TCM,“ útskýrir Páll. Hann bendir þó á að keppnin sem slík hafi ekki gert neitt til að bæta réttarstöðu samkynhneigðra í Evrópu, það sé kannski einna helst ef einhver keppandi sé opinberlega kominn út úr skápnum að keppnin skipti einhverjum sköpum fyrir baráttu þeirra.

Páll segir það ekkert laungarmál að keppnin sé mikil hommahátíð. Þeir sem mæta á svæðið, ár eftir ár, séu hálfgerðar Eurovision-bullur, rétt eins og áhangendur knattspyrnuliða. „Þetta eru Eurovision-pílagrímar, þeir elta hana á röndum, eyða lífeyrinum sínum, fara á hverju ári og eru kannski með herbergi veggfóðrað af fánum og myndum af keppendum,“ segir Páll. Hann tekur þó fram að Eurovision sé ekki bara keppni fyrir homma. „Þetta er margþætt áhugamál. Ef þú hefur gaman af tónlist þá hefurðu nóg að gera því níutíu prósent af lögunum er drasl, fimm prósent eru gullmolar. Áhugafólk um búningahönnum og hárgreiðslu frá helvíti fær líka eitthvað fyrir sig og svo eru það þeir sem geta hlegið upphátt að þjóðarrembingnum, stjórnmálum og rembingi eins og að Grikkir gefa Kýpur alltaf tólf stig.“



**ALLTAF VERIÐ HOMMAHÁTÍÐ** Páll Óskar Hjálmtýsson segir Eurovision hafa verið hommahátíð frá upphafi, ekkert eitt atriði eða viðburður hafi orðið til þess að hommar flykkjast á Eurovision, elta keppnina á röndum og haga sér svipað og boltabullur knattspyrnuliða þegar stóra stundin rennur upp.

Páll segir einfaldast að flokka Eurovision sem menningarfyrirbærið „camp“. Slíkt hafi alltaf átt upp á pallborðið hjá hommum enda hafi þeir alltaf fattað hvað byggi þar að baki.

„Þetta eru listamenn sem halda að þeir séu vinsælli en þeir hafa efni á eða stærri en þeirra eigið líf.“

freyrgigja@frettabladid.is

## MENNINGARFYRIRBÆRIÐ CAMP

Að mati Páls Óskars tilheyrir Eurovision svokallaðri Camp-menningu. Samkvæmt enskri orðabók er um að ræða eilítið róttæka, litaglaða og pólitíska menningu sem gerir yfirleitt grín að viðteknum venjum í samfélaginu. Eina íslenska orðið yfir camp er að sögn Páls yndi en þeir listamenn sem myndu falla í þennan flokk væru inverska Leoncie, Kraftwerk, Grace Jones, Divine, Silvía Nótt og Eurovision. Þar að auki myndu gamlar dans- og söngvamyndir frá Hollywood falla undir þennan flokk.


Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



TILBOÐSPAKKI

47.990

TRAMPÓLÍN, 3,6 M + ÖRYGGISNET

• Trampólín í stöku, kr 34.990
• Öryggisnet í stöku, kr 21.990



1290

GRÓÐURMOLD

• 50 ltr



3 ltr

1990

VIÐARVÖRN

• 3 ltr
• Pensill, kr 499



3990

BLÓMAKASSI

• 100 cm úr smíðajárni
• Innikassi, 90 cm, kr 990

www.europris.is

ÍSLENSK HOLLUSTA ER Á MATSEÐLI BESTA VEITINGAHÚSS Í HEIMI!



Viðurkenning VERÐLAUNASJÓÐUR IÐNAÐARINS 2009

Íslensk hollusta framleiðir hágæða hollustuvörur úr gnægtarbrunni íslenskrar náttúru. Veitingahúsið NOMA í Kaupmannahöfn, sem nýlega var kosið besta veitingahús í heimi, notar eingöngu söl frá okkur.

íslensk hollusta –frá náttúrunnar hendi!

www.islenskhollusta.is

# Aguilera dýrkar latex

Christina Aguilera hreinlega dýrkar að klæðast þröngum fötum úr latexi, þrátt fyrir að þau valdi henni kláða. Í nýjasta myndbandi söngkonunnar klæðist hún alls konar ögrandi fatnaði. „Ég fór ekki að sofa fyrr en fimm um morguninn vegna þess að upptökurnar stóðu svo lengi yfir. Rigningin var ísköld og ég var í rauðum latexgalla. Þetta var algjör kvöl og pína," sagði hún og viðurkenndi að hafa fengið útbrot vegna gallans. Engu að síður hefur hún virkilega gaman að þessum þrönga klæðnaði og bætir við að eiginmaður sinn hafi mjög gaman af að horfa á hana í latexi.



**CHRISTINA AGUILERA** Söngkonan hreinlega dýrkar að klæðast þröngum fötum úr latexi.

# Ófrísk og trúlofuð

Söngkonan Alicia Keys hefur tilkynnt að hún eigi von á sínu fyrsta barni með unnusta sínum, upptökustjóranum Swizz Beatz. Þau eru einnig trúlofuð og ætla að ganga upp að altarinu síðar á þessu ári.

„Þau eru mjög hamingjusöm. Alicia er með manni sem hefur veitt henni mikinn innblástur, meðal annars við gerð plötunnar The Element of Freedom," sagði fulltrúi þeirra. Söngkonan, sem er 29 ára, sýndi þó engin merki um að hún væri ófrísk á dögunum því hún þótti fara á kostum á tónleikum sínum í O2-höllinni í London. Stutt er síðan hún lýsti yfir áhuga á að stofna fjölskyldu. „Ég hef mikinn áhuga á að stofna fjölskyldu. Það er ein yndislegasta reynsla sem til er og ég hlakka mikið til þegar rétta stundin kemur," sagði hún.



**ALICIA KEYS** Alicia á von á barni með unnusta sínum, Swizz Beatz.

# Glasser hitar upp á Evróputúr Jónsa

Bandaríska hljómsveitin Glasser með söngkonuna Cameron Mesirow í fararbroddi hitar upp fyrir Jónsa í Sigur Rós á tónleikaferð hans um Evrópu sem hófst fyrir skömmu.

Mesirow fæddist í Boston og faðir hennar er meðlimur í hljómsveitinni Blue Man Group sem er starfrækt í Berlín. Hún er mikill aðdáandi Joni Mitchell og kemur stundum fram með grímu á tónleikum. Glasser spilar rólega og draumkennda tónlist og mun hita upp fyrir Jónsa og hljómsveit hans fram til níunda júní.

Tónleikaferð Jónsa um Evrópu stendur yfir þar til í lok nóvember, með stoppi í Ástralíu og Japan í ágúst. Að loknum tónleikunum í Japan spilar hann á Norðurlöndunum, meðal annars á staðnum Vega í Kaupmannahöfn 17. ágúst. Hljómsveit Jónsa er annars skipuð Alex Somers kærasta hans, Úlfi Hanssyni, Þorvaldi Þór Þorvaldssyni og Ólafi Birni Ólafssyni.



**GLASSER** Cameron Mesirow er forsprakki bandarísku hljómsveitarinnar Glasser sem hitar upp fyrir Jónsa.

Þeim félögum var vel tekið á nýafstaðinni tónleikaferð þeirra um Kanada og Bandaríkin. Samkvæmt heimasíðu Jónsa voru tónleikagestir sammála um að hann hefði staðið fyllilega fyrir sínu þrátt fyrir að félagar hans í Sigur Rós hafi verið fjarri góðu gamni.

# Minnist McQueen

Leikkonan Sarah Jessica Parker mun minnast tískuhönnuðarins Alexander McQueen í næsta mánuði. Þá veita samtök bandaríska fatahönnuða honum heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tískunnar. McQueen framdi sjálfvíg í íbúð sinni í London í febrúar síðastliðnum og voru tíðindin mikið áfall fyrir tískuheiminn. Sarah Jessica, sem hefur vakið athygli fyrir klæðaburð sinn í þáttunum Sex and the City, starfaði lengi með McQueen á meðan hann lifði.



**SARAH JESSICA PARKER** Minnist tískuhönnuðarins Alexander McQueen í næsta mánuði.


THULE SWEDEN

Taktu hjólið með í vinnuna

Stilling 55 ára



Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is
Stilling

Costa del Sol
8. júní og 22. júní í 14 nætur
frá kr. 119.940
allt innifalið




Heimsferðir bjóða frábær tilboð í 14 nátta ferðir til Costa del Sol í sumar. Í boði er frábær sértilboð á El Griego, Roc Flamingo og Puente Real með allt innifalið. Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum. Fyrstur kemur, fyrstur fær!
*Griptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumar á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.*

Verð kr. 119.940.- með allt innifalið.
**Ótrúlegt verð.** Netverð á mann, m.v. flug og gistingu fyrir tvo fullorðna og tvö börn í fjölskylduherbergi á Roc Flamingo *** eða El Griego *** Mar í 14 nætur. Annað hvort 8 – 22. júní eða 22. júní – 6. júlí.

Verð kr. 138.340.- með allt innifalið.
**Ótrúlegt verð.** Netverð á mann, m.v. flug og gistingu fyrir tvo fullorðna og tvö börn í fjölskylduherbergi á Puente Real ***+ í 14 nætur. Annað hvort 8 – 22. júní eða 22. júní – 6. júlí.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...




Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 29. maí 2010

**➜ Tónleikar**

**09.00** Maraþontónleikar **Kársneskóranna** verða haldnir í Salnum við Hamraborg í Kópavogi þar sem 400 börn standa fyrir samfelldri söngdagskrá kl. 9-16. Nánari upplýsingar á **www.salurinn.is**

**15.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika í garðinum hjá Ófeigi gullsmið að Skólavörðustíg 5. **Enginn aðgangseyrir!**



**16.00 Diddi Fel** kynnir nýja plötu á sumartónleikum hjá Havarí við **Austurstæti 6.**

**➜ Örnámskeið**

**14.00** Boðið verður upp á örnámskeið fyrir börn á grunnskólaaldri í tengslum við sýningu á verkum Friederike von Rauch sem nú stendur yfir í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.hafnarborg.is.

**➜ Síðustu Forvöð**

Í sýningarsal Íslenskrar grafíkur við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin), stendur yfir ljósmyndasýning **Báru Kristinsdóttur** en henni lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 14-18.

**➜ Dansleikir**

Hljómsveitin Dísel verður á Salthúsinu að Stamphólsvegi í **Grindavík.**

Óli Ofur og Oculus verða á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu.

Stjórnin verður á Players við **Bæjarlind í Kópavogi.**

**➜ Dagskrá**

**Háskólinn í Reykjavík** og Samtök fyrirtækja í leikjaiðnaði á Íslandi standa fyrir tölvuleikjadegi í húsnæði HR við **Nauthólsvík kl. 14-17**. Dagskráin fer fram í í salnum þar sem flutt verða stutt erindi um tölvuleikjaiðnaðinn. Nánari upplýsingar á www.ru.is. **Allir velkomnir.**

**➜ Leikrit**

**15.00** Sólveig Simha og hljóðfæraleikarar flytja tónævintýrið um **herra Pott og ungfrú Lok** í Kúlunni, sýningarými Þjóðleikhússins við Lindargötu. Nánari upplýsingar á **www.leikhusid.is.**



**20.00 Þórunn Clausen** flytur einleikinn „Ferðasaga Guðríðar" eftir Brynju Benediktsdóttur í Víkingaheimum við Víkingabraut í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar á **www.midi.is.**

**➜ Listamannaspjall**

**14.00** Daði Guðbjörnsson myndlistarmaður stendur fyrir listamannaspjalli á sýningu sinni „Lífseggið" í Gallerí Fold við Rauðarárstíg.

**➜ Markaðir**

Markaður verður haldinn í dag og á morgun að Hávallagötu 16 (**bakvið Landakotskirkju**) kl. 11.30-17. Allur ágóði rennur til viðgerðar orgels og kórstarfsemi Kristkirkju.

### Sunnudagur 30. maí 2010

**➜ Tónleikar**

**16.00 Ásgerður Júníusdóttir** messósópran og **Jónas Sen** píanóleikari flytja lög Bjarkar Guðmundsdóttur, Gunnars Reynis Sveinssonar og Magnúsar Blöndal Jóhannssonar á tónleikum á menningarsetrinu **Skriðuklaustri í Fljótsdalshreppi.**

**16.00 Kvennakórinn EMBLA** heldur vortónleika í Glerárkirkju við Bugðusíðu á Akureyrir. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir Báru Grímsdóttur, Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Leifs og Monteverdi.

**➜ Leikrit**

**13.00 og 15.00** Tvær sýningar verða á tónævintýrinu um herra Pott og ungfrú Lok sem Sólveigar Simha flytur ásamt hljóðfæraleikurum. **Sýningar fara fram í Kúlunni**, sýningarými Þjóðleikhússins við Lindargötu. Nánari upplýsingar á **www.leikhusid.is**

**➜ Leiðsögn**

**14.00 Þóra Þórisdóttir** verður með leiðsögn um sýningu á verkum **Cindy Sherman** sem nú stendur yfir á Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

**14.00 Aðalsteinn Ingólfsson** listfræðingur verður með leiðsögn um sýningu fimm textíllistakvenna sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjanesbæjar, Duushúsum við Duusgötu í Reykjanesbæ. **Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.**



**15.00 Jón B.K. Ransu** verður með leiðsögn um yfirlitssýningu Hafsteins Austmanns sem nú stendur yfir í Gerðarsafni við Hamraborg í Kópavogi. **Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.**

**➜ Fyrirlestrar**

**16.00** Benedikt Erlingsson fjallar um leikgerð Þjóðleikhússins á Íslandsklukkunni í húsi skáldsins að Gljúfrasteini í Mosfellsdal. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



076 986583IS
BROIL KING
SIGNET 90
Verð áður 124.979 kr.
Tilboðsverð
99.983
- 13.2kW / 44,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 2.7kW / 10.000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli
- 5,25kW / 15.000 BTU bakbrennari fyrir grilltein
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Rotisserie grillteinn
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ rafrænt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum



076 53603IS
BROIL KING
GEM
Verð áður 39.998 kr.
Tilboðsverð
31.998
- 8,8kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ rafrænt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

076 986553IS
BROIL KING - SIGNET 20
Verð áður 99.980 kr.
Tilboðsverð
79.984
- 13.2kW / 44,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ rafrænt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

ATH. Grillin eru ósamsett

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
N1 stórverslun Bildshöfða 9, opið 10-14
N1 Ártúnshöfða og N1 Lækjargötu Hafnarfirði, opið allan sólarhringinn



**WYCLEF JEAN** Hefur hvatt vini sína, Brad Pitt og Angelinu Jolie, til að ættleiða barn frá Haítí. NORDICPHOTOS/AFP

# Vill að Brangelina ættleiði barn

**Söngvarinn Wyclef Jean hefur hvatt vini sína, leikaraparið Brad Pitt og Angelinu Jolie, til að ættleiða barn frá Haítí.**



Pitt og Jolie eiga þrjú ættleidd börn og þrjú börn sem þau eignuðust sjálf og vill Wyclef að þau bæti einu í viðbót frá heimalandi sínu í sarpinn.

„Brad og Angie, gerið það! Ættleiðið barn frá Haítí,“ sagði Wyclef en mikill jarðskjálfti gekk yfir landið í janúar. Skömmu síðar gáfu Pitt og Jolie eina milljón dollara til hjálparstarfsins í gegnum samtökin Læknar án landamæra.

„Ég á marga fræga vini sem hafa stutt málstað okkar mikið. Okkar verkefni er að hjálpa þessum krökkum og gefa þeim aukin tækifæri. Ef við hlúum að þeim þá líður þeim betur á morgun,“ sagði Wyclef, fyrrum liðsmaður Fugees.

Pitt og Jolie hafa áður látið hafa eftir sér að barn frá Haítí sé ekki á dagskránni hjá þeim. „Ég er alltaf opin fyrir börnum víða að úr heiminum. Við erum þannig fjölskylda. Ég og Brad tölum um svona hluti. En við erum ekki að spá í þetta núna,“ sagði Angelina skömmu eftir jarðskjálftann.

# Bono óttaðist að enda í hjólastól

Hinn bakveiki Bono, söngvari U2, dró það mjög á langinn að fara til læknis áður en hann loksins lét verða af því. Þegar honum var sagt hversu alvarleg bakmeiðsli væru komst hann í mikið uppnám og óttaðist að enda í hjólastól.

Bono, sem er fimmtugur, var að undirbúa sig fyrir tónleikaferð U2 þegar hann meiddist í bakinu. Sveitin átti að spila á Glastonbury-hátíðinni á Englandi og í Bandaríkjunum en varð að aflýsa tónleikunum vegna veikinda söngvarans.

„Sem betur fer áttaði hann sig á því þegar hann gat ekki lengur gengið að hann yrði að fara til læknis. Hann hafði ekki gert neitt í málinu og þetta hefði getað orðið alvarlegt og jafnvel langvarandi,“ sagði The Edge, gítarleikari U2. „Hann þjósnaðist of mikið á þessu og meiddi sig. Hann var í miklu uppnámi vegna þess hve alvarleg meiðslin voru.“

The Edge telur að hvíldin sé góð fyrir Bono og hann verði að passa sig í framhaldinu. „Þetta er líklega mesta hvíldin sem Bono hefur fengið í nokkra áratugi. Ég þekki hann og veit að hann vill stytta sér leið og hann gæti auðveldlega farið fram úr sjálfum sér.“



**BONO** Söngvari U2 dró það mjög á langinn að leita sér læknishjálpar vegna bakverkjanna. NORDICPHOTOS/GETTY






# Stieg Larsson
## á tilboði í Hagkaup!




HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## 13 DAGAR Í HM

Ítalski markvörðurinn **Walter Zenga** setti met á HM 1990 á Ítalíu sem enginn hefur slegið síðan. Zenga hélt þá marki sínu hreinu frá fyrsta leik fram í undanúrslitaleikinn á móti Argentínu eða alls í 517 mínútur. Argentínumaðurinn Claudio Caniggia varð fyrstur til að skora hjá honum þegar hann tryggði Argentínu framlengingu með jöfnunarmarki 23 mínútum fyrir leikslok. Argentína komst síðan í úrslitaleikinn eftir sigur í vítakeppni.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÍSLENDINGUR VERÐUR EVRÓPUMEISTARI Í DAG:** BJÖRGVIN PÁLL HJÁ KADETTEN MÆTIR LOGA OG VIGNI Í LEMGO

## *Keyrum okkur út í síðasta leik tímabilsins*

Þýska liðið Lemgo heimsækir Kadetten í Sviss í dag í öðrum úrslitaleik félaganna um EHF-bikarmeistaratitilinn. Logi Geirsson og Vignir Svavarsson leika með Lemgo en Björgvin Páll Gústavsson með Kadetten. Lemgo vann fyrri leikinn 24-18. „Við byrjuðum hræðilega og töpuðum þessu á fyrstu 17 mínútunum þar sem við skoruðum bara tvö mörk," segir Björgvin sem varði þó 20 skot í leiknum. „Við skutum mjög illa á markið. Kannski var það reynsluleysið sem kom í ljós, kannski stress hjá þeim yngri í liðinu. En þetta er ekkert sem við getum vælt yfir." Hann segir leikinn í dag verðugt verkefni. „Það er jákvætt að vandamálið hafi legið í sókninni. Við þurfum bara að spila okkar bolta í leiknum og ekki vera að horfa neitt á töfluna. Þetta er rosalegt verkefni en við höfum klárað þau öll hingað til. Við töpuðum með einu fyrir Flensburg úti en unnum svo með þremur heima, svo töpuðum við með fimm fyrir Göppingen en unnum með fimm heima," segir Björgvin og nefnir að heimavöllurinn sé mjög sterkur.



„Við höfum ekki tapað á heimavelli í vetur, hann er frábær þegar við erum með fullan kofa. Það segi ég í bókstaflegri merkingu þar sem húsið er hálfgerður kofi," sagði markmaðurinn. Íslendingarnir voru að fara að fá sér kaffi saman þegar Fréttablaðið ræddi við Björgvin í gær, eftir síðustu æfingu hans á tímabilinu.

„Líkaminn minn er eiginlega alveg búinn eftir tímabilið. Þessi vika hefur verið mjög erfið og við höfum verið að spila þétt undanfarið. En við keyrum okkur út í þessum leik og svo fáum við smá frí. Ég ætla að vera í viku í fríi áður en ég hitti landsliðið," segir Björgvin sem er bjartsýnn fyrir leikinn.

„Þetta verður stór dagur. Það er fyrir öllu að vinna leikinn en pressan er samt ekki á okkur. Það óraði engan fyrir því að við gætum náð svona langt. Við erum stoltir af árangrinum og við höfum engu að tapa," sagði Björgvin Páll. Úrslitaleikurinn hefst klukkan 12.10 að íslenskum tíma og verður sýndur beint á vefsíðunni SportTv.is



**RÓBERT GUNNARSSON** Fyrirliði Evrópumeistara Gummersbach. MYND/GETTY IMAGES

Róbert Evrópumeistari:

## Átta íslenskir titlar á 5 árum

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson varð í fyrrakvöld fyrsti íslenski handboltamaðurinn til þess að vera fyrirliði Evrópumeistaraliðs þegar hann leiddi lið Gummersbach til sigurs í Evrópukeppni bikarhafa.

Gummersbach vann titilinn þrátt fyrir 33-37 tap í seinni leiknum á móti spænska liðinu Granollers en liðið vann fyrri leikinn 34-25 í Þýskalandi. Róbert skoraði 5 mörk í seinni leiknum en hann varð þarna Evrópumeistari annað árið í röð með félaginu þar sem Gummersbach vann EHF-bikarinn í fyrra.

Íslenskir handboltamenn hafa verið einstaklega sigursælir í Evrópukeppnum undanfarin ár því Íslendingar hafa alls unnið átta Evrópumeistaratitla á undanförnum fimm árum.

Þegar er orðið öruggt að það bætist við Evrópugull um helgina þegar Lemgo og Kadetten mætast í úrslitaleik EHF-bikarsins en þar spilar Vignir Svavarsson með Lemgo og Björgvin Páll Gústavsson með Kadetten. Þá geta Alfreð Gíslason og Aron Pálmarsson líka unnið Meistaradeildina með Kiel um helgina en Kiel mætir Ciudad Real í undanúrslitunum í Köln í dag og úrslitaleikurinn er síðan á morgun. - óój

# Ungir fá nú tækifæri til að sanna sig

**Ísland mætir í dag Andorra á Laugardalsvellinum. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari mun stilla upp ungu liði í dag en hann segir leikinn mikilvægan þátt í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM 2012.**

**HANDBOLTI** Ísland og Andorra mætast í vináttulandsleik á Laugardalsvellinum í dag. Það liggur ljóst fyrir að Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari mun stilla upp ungu liði en margir af leikreyndari landsliðsmönnum Íslands eru fjarverandi í dag.

„Ég er að leita að 20-30 manna hópi til að fara með mér í næstu undankeppni. Í þessum leik fá strákarnir nú tækifæri til að sýna og sanna að þeir eigi heima í þeim hópi," sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Alls eru níu af nítján leikmönnum sem verða í landsliðshópnum í dag enn gjaldgengir í u-21 landslið Íslands. Sá tíundi, Aron Einar Gunnarsson, meiddist á æfingu í fyrradag og verður því ekki með í dag. Þess fyrir utan eru margir leikmenn með liðinu nú sem eiga ekki marga landsleiki að baki.

„Þessir leikmenn hafa spilað í yngri landsliðum Íslands og staðið sig vel með sínum félagsliðum. Ég fæ ekki betur séð að þeir bíði nú eftir tækifærinu að fá að spila með A-landsliðinu og ég sé á þeim að þeir eru mjög spenntir fyrir þessu tækifæri," segir Ólafur.

Hann á von á því að allir leikmenn fái tækifæri í leiknum á morgun en þetta er aðeins tveggja vináttulandsleikja sem eru á dagskrá áður en undankeppni EM 2012 hefst í haust. Ólafur segist vera byrjaður að hugsa um þá keppni.

„Í síðustu undankeppni bjó ég mér til kjarna leikmanna sem fylgdu mér í gegnum keppnina. Ég mun gera það sama nú. Auðvitað verða þó alltaf einhverjar breytingar milli leikja eins og gengur og gerist en ég á von á því að það verði fleiri ungir strákar í kringum landsliðið en verið hefur."



**SÝNDI GAMLA TAKTA** Ólafur Jóhannesson sýndi ungu landsliðsstrákunum að hann kann enn sitthvað fyrir sér í boltanum á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landslið Andorra er ekki hátt skrifað í knattspyrnuheiminum og hefur Ólafur hagað undirbúningi liðsins í samræmi við það.

„Oft hefur okkur gengið illa að stjórna leikjum gegn andstæðingi sem við eigum að vinna. En ég veit að leikmenn Andorra eru grófir og við þurfum að mæta þeim á því sviði og taka vel á móti þeim í upphafi leiks. Við þurfum að sýna þeim klærnar. Við ætlum líka að setja á þá háa bolta og setja þá undir pressu. Svo mun okkur gefast tími til að taka boltann niður og spila honum enda margir af okkar leikmönnum mjög góðir á bolta," segir Ólafur.

Hann hvetur einnig áhorfendur til að fjölmenna á völlinn á morgun. „Ég veit að það er stór dagur á morgun, kosningar, Eurovision og svo er Addi vinur minn sextugur," segir hann og hlær. „En þetta er frábært tækifæri til að sjá þessa ungu stráka spila saman og ég get lofað því að margir þeirra verða fastamenn í landsliðinu eftir ákveðinn tíma og um ókomin ár."

eirikur@frettabladid.is


**pepsi deildin**

**Sunnudagurinn 30.maí**

**ÍBV – Breiðablik** kl. 16:00
*Hásteinsvöllur*

**Keflavík – Selfoss** kl. 19:15
*Njarðtaksvöllurinn*

**Valur – Fylkir** kl. 19:15
*Vodafonevöllurinn*

**Mánudagurinn 31.maí**

**Fram – KR** kl. 19:15
*Laugardalsvöllur*

**Stjarnan – Haukar** kl. 19:15
*Stjörnuvöllur*

**FH – Grindavík** kl. 19:15
*Kaplakrikavöllur*


Grindvíkingar að ganga frá ráðningu eftirmanns Lúkasar Kostic:

# Ólafur Örn tekur líklega við í dag

**FÓTBOLTI** Að öllu óbreyttu verður Ólafur Örn Bjarnason ráðinn þjálfari Grindavíkur í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Grindavík náð samkomulagi við Brann, félag Ólafs Arnar í Noregi í flestum aðalatriðum og líklegt er að hægt verði að ganga frá ráðningu Ólafs Arnar í dag.

„Ég veit hver staðan er í Grindavík og hvað hefur verið að gerast þar síðustu daga," sagði Ólafur Örn í samtali við Fréttablaðið í gær. Samningur hans við Brann rennur út að tímabilinu loknu og áætlaði hann að koma aftur til Íslands þá. Nú er útlit fyrir að heimkoman verði fyrr en áætlað var.

Ólafur Örn mun einnig spila með Grindavík en hann mun ekki fá leikheimild með liðinu fyrr en 15. júlí, í fyrsta lagi, þegar félagaskiptaglugginn opnast. Það gæti þó tafist eitthvað þar sem félagaskiptagluginn í Noregi opnast ekki fyrr en 1. ágúst. Þá er ekki ólíklegt að Ólafur Örn spili einn leik til viðbótar með Brann, gegn Álasundi um næstu helgi. Eftir það er gert hlé á norsku úrvalsdeildinni í mánuð.



**ÓLAFUR ÖRN**
*Á leið aftur til Grindavíkur.*
NORDIC PHOTOS/AFP

Grindavík er nú í neðsta sæti Pepsi-deildar karla og er enn stigalaust eftir fyrstu fjórar umferðirnar. Liðið hefur aðeins skorað eitt mark í þessum fjórum leikjum en fengið á sig níu.

Stjórn knattspyrnudeildar Grindavíkur ákvað því á miðvikudagin að reka Lúkas Kostic, þjálfara liðsins, en hann tók við liðinu af Milan Stefán Jankovic sem hætti eftir aðeins þrjá leiki á síðasta tímabili.

Þetta er í fjórða sinn á síðustu sex árum sem Grindvíkingar skipta um þjálfara á miðju tímabili.

Ólafur Örn hefur verið á mála hjá Brann síðan 2004 en þar áður lék hann með Grindavík og Malmö í Svíþjóð. Alls á hann að baki 123 leiki með Grindavík í efstu deild og hefur hann skorað í þeim átján mörk. Hann hefur þar að auki leikið 27 leiki með íslenska landsliðinu á ferlinum. Ólafur Örn varð norskur meistari með Brann árið 2007 og hefur verið í lykilhlutverki með liðinu undanfarin ár. - esá



**RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR** Átti besta sund gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrri dagur bikarkeppni SSÍ:

## SH-karlar og Ægiskonur efst

**SUND** Karlalið SH og kvennalið Ægis eru í efsta sæti eftir fyrri dag í Bikarkeppni SSÍ í Vatnaveröld í Reykjanesbæ.

Ægiskonur hafa 335 stiga forskot á heimastúlkur í ÍRB en í 3. sætinu er lið ÍA. Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR átti stigahæsta sund fyrri hlutans.

Karlalið SH er með 283 stiga forskot á Ægi en í 3 sætinu eru heimamenn í ÍRB. Davíð Hildiberg Aðalsteinsson úr ÍRB átti stigahæsta sund karla. Bikarkeppnin klárast í dag. - óój



**KARAKTERSIGUR** Leiknismenn voru færri í 70 mínútur en unnu 1-0 sigur á Skagamönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## 1. DEILD KARLA

| | |
|---|---|
| Þór-Víkingur R. | 4-3 |
| 0-1 Walter Hjaltested (5.), 0-2 Egill Atlason (9.), 1-2 Atli Sigurjónsson (26.), 2-2 Jóhann Helgi Hannesson (40.), 2-3 Viktor Örn Guðmundsson (82.), 3-3 Jóhann Helgi Hannesson (90.+), 4-3 Nenad Zivanovic (90.+). | |
| Njarðvík-KA | 1-1 |
| Einar Helgi Helgason (15.) - Dean Martin (75.) | |
| Leiknir R.-ÍA | 1-0 |
| 1-0 Helgi Pétur Jóhannsson (82.). Leiknismenn voru manni færri í 70 mínútur í leiknum. | |
| HK-ÍR | 0-0 |
| Fjölnir-Þróttur R. | 3-0 |
| 1-0 Aron Jóhannsson (9.), 2-0 Pétur Markan (27.), 3-0 Guðmundur Karl Guðmundsson (60.) | |

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍR | 4 | 3 | 1 | 0 | 6-3 | 10 |
| **Leiknir** | **4** | **3** | **0** | **1** | **5-2** | **9** |
| Þór Ak. | 4 | 2 | 1 | 1 | 9-5 | 7 |
| **Víkingur** | **4** | **2** | **1** | **1** | **9-8** | **7** |
| HK | 4 | 2 | 1 | 1 | 4-3 | 7 |
| **Fjölnir** | **4** | **1** | **3** | **0** | **8-5** | **6** |
| Þróttur | 4 | 2 | 0 | 2 | 5-7 | 6 |
| **KA** | **4** | **1** | **2** | **1** | **5-5** | **5** |
| Fjarðabyggð | 3 | 1 | 0 | 2 | 6-7 | 3 |
| **Grótta** | **3** | **0** | **1** | **2** | **3-5** | **1** |
| ÍA | 4 | 0 | 1 | 3 | 5-8 | 1 |
| **Njarðvík** | **4** | **0** | **1** | **3** | **2-9** | **1** |

**Upplýsingar** um markaskorara eru fengar af vefsíðunni fótbolti.net.

Ísland mætir Austurríki í kvöld í hreinum úrslitaleik um sæti í lokakeppni EM:

# Úrslitastundin runnin upp

**HANDBOLTI** Í kvöld leikur íslenska kvennalandsliðið mikilvægasta leik sinn frá upphafi. Það mætir Austurríki í hreinum úrslitaleik um laust sæti á Evrópumótinu sem fer fram í desember. Vinni Ísland, geri jafntefli eða tapi með minna en fjórum mörkum kemst það áfram þar sem það vann fyrri leikinn gegn Austurríki með fjögurra marka mun.

Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari segir stemninguna í liðinu góða. Stelpurnar hafi verið vonsviknar með tapið gegn Frökkum í vikunni en allir séu einbeittir á verkefnið fram undan.

„Stelpurnar hafa verið einbeittar og rólegar allan tímann, alltaf með hugann á verkefninu. Við þjálfararnir erum búnir að undirbúa okkur vel, nú snýst þetta bara um að koma skilaboðunum til leikmannanna," sagði Júlíus við Fréttablaðið í gær.

Hann segist ætla að koma Austurríki á óvart í leiknum. „Við spiluðum 5+1 vörn gegn þeim hér heima og 6-0 vörn gegn Frökkum á miðvikudaginn. Ég hef ekki ákveðið endanlega útfærslu núna en stefnan er að koma með áherslubreytingar á okkar leik og koma andstæðingnum á óvart. Þær eru mjög sterkar á heimavelli og hafa endurheimt mjög sterkan leikmann sem var meiddur í fyrri leiknum. Þetta verður erfiður leikur," segir landsliðsþjálfarinn.

Það hefur verið nóg að gera hjá liðinu. Í gær hélt það tvo fundi þar sem farið var yfir myndbönd auk þess sem það æfði um kvöldið. Júlíus ætlar að hafa létta æfingu í dag og tvo fundi til viðbótar. „Stelpurnar fá aðeins að fara út í sólina í göngutúra og svona en annars er full einbeiting í hópnum fyrir leikinn. Mestum tíma eyðum við á hótelinu og í höllinni."



**EINBEITTUR OG RÓLEGUR** Júlíus er bæði einbeittur og rólegur fyrir leikinn gegn Austurríki í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Staðan á leikmannahópnum er góð, allir eru heilir og líður vel. Júlíus segir að stelpurnar hafi mikla trú á verkefninu en íslenskt kvennalandslið hefur aldrei komist í lokakeppni stórmóts. „Það var ekki erfitt að gíra stelpurnar upp í þennan leik. Þær hafa verið einbeittar að þessum verkefnum þær vikur sem við höfum verið saman. Það hefur gengið vel að stilla þær saman, við höfum undirbúið okkur vel," segir þjálfarinn.

> Við höfum rætt um hvernig þetta er raunverulegur möguleiki og nú er komið að úrslitastundinni.
>
> **JÚLÍUS JÓNASSON** LANDSLIÐSÞJÁLFARI

Júlíus segir EM-drauminn hafa kviknað um leið og dregið var í riðla og um helgina gæti hann orðið að raunveruleika. „Frá því að við sáum mótherjana settum við markið á að komast í lokakeppnina. Liðið hefur verið að eflast og það er alltaf að spila betur og betur. Við höfum rætt um hvernig þetta er raunverulegur möguleiki og nú er komið að úrslitastundinni," sagði Júlíus. **- hþh**



**ÓSÁTTIR** Keflvíkingar eru ósáttir við ákvörðun KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keflvíkingum hafnað:

# Setjum ekki krakka í markið

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar verða án aðalmarkmanns síns, Ómars Jóhannssonar, næstu fjórar til fimm vikurnar. Þeir leituðust eftir því að fá undanþágu frá félagaskiptareglum til að fá markmann að láni en þeirri beiðni var hafnað.

Árni Freyr Ásgeirsson mun því verja mark Keflvíkinga í næstu leikjum. Keflvíkingar eru mjög ósáttir við ákvörðun KSÍ. Þorsteinn Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði að varamarkmaður Árna væri nýorðinn sextán ára. „Hvað gerum við ef Árni meiðist? Við setjum ekki krakka í markið hjá okkur."

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að Keflvíkingar séu klárlega með varamarkmann og að undanþágan sé aðeins veitt í neyðartilfellum. „Það verður að treysta því að Keflvíkingar treysti þessum markverði til að taka við ef hinn meiðist. Þeir eru klárlega með varamarkmann," sagði Þórir. **- hþh**





Keppt verður í eftirfarandi flokkum:

Bílar:
- RS – rally sport
